**HALLDÓRA BJÖRNSDÓTTIR**

*Hugsar allt upp á nýtt*

Nám Bílar Ferðir

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



**ÍSLAND - SVÍÞJÓÐ**

*Kveða strákarnir Svíagrýluna í kútinn?*

Sérblað um landsleik Íslands og Svíþjóðar

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. október 2006 — 272. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## MIÐVIKUDAGUR



### Sjón orðinn teiknimyndafígúra

Vonast til að fá hlutverk í Toy Story 3.

TILVERAN 16

### Sviðsetning hins óafturkræfa



Ólöf Ingólfsdóttir danshöfundur semur verk fyrir Íslenska dansflokkinn og Norræna músíkdaga.

MENNING 28

### Hrafninn floginn

Leikstjórinn er farinn til Argentínu, þar sem hann verður heiðursgestur á kvikmyndahátíð.

FÓLK 42



### Fleiri kaffihús áformuð

Friðrik Weisshappel skoðar opnun fleiri kaffihúsa í Kaupmannahöfn og Ósló.

FÓLK 42



### Fluttur á spítala

Veigar Páll Gunnarsson landsliðsmaður var fluttur á sjúkrahús eftir svimakast.

ÍÞRÓTTIR 36

## VEÐRIÐ Í DAG




**VINDASAMT** Í dag verður allhvöss norðaustanátt sunnan og vestan til, annars heldur hægari. Víða skúrir í fyrstu en vaxandi rigning um allt land þegar líður á síðdegið og kvöldið. Hiti 3-12 stig, mildast sunnanlands.

VEÐUR 4

**> Markaðurinn**

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

**FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG**


MARKAÐURINN

Iceland gæti skilað 30 milljarða arði

Hagnaðarmet í uppsiglingu



**RÁÐIST Á DANSKA SENDIRÁÐIÐ Í TEHERAN** Eldar loguðu í höfuðborg Írans eftir bensínsprengjur sem mótmælendur köstuðu í danska sendiráðið. Myndband af ungliðum danska Þjóðarflokksins að teikna skopmyndir af Múhameð spámanni var sýnt í Danmörku í vikunni í kjölfar fréttar Nyhedsavisen af uppátækinu og hefur það vakið reiði meðal múslima. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS/AFP

# KB banki hagnast um 245 milljónir á dag

**Greiningardeildir spá KB banka 35 milljarða króna meðaltalshagnaði fyrir þriðja ársfjórðung. Þetta þýðir að bankinn hefur hagnast um 67 milljarða á fyrstu níu mánuðum ársins sem er methagnaður hjá íslensku fyrirtæki.**

**VIÐSKIPTI** Greiningardeildir Glitnis og Landsbankans spá KB banka 35 milljarða króna meðaltalshagnaði fyrir þriðja ársfjórðung, sem lauk í lok september. Þetta þýðir að samanlagður hagnaður bankans á fyrstu níu mánuðum ársins verði um 67 milljarðar króna; 245 milljónir króna á dag.

Gangi spáin eftir fellur bæði hagnaðarmet á einum ársfjórðungi, sem Burðarás setti á öðrum ársfjórðungi 2005, sem og Íslandsmet Exista fyrir hagnað á einu ári, sem sett var í fyrra. Hagnaðarmet Burðaráss nemur tæpum tuttugu milljörðum króna en met Exista er 50,3 milljarðar króna.

**MESTI HAGNAÐUR Á ÁRI**

| Upphæð* | Félag | Ár |
|---|---|---|
| 50,3 | Exista | 2005 |
| 49,3 | Kaupþing | 2005 |
| 28,0 | Baugur Group | 2005 |
| 26,7 | Straumur-Burðarás | 2005 |
| 25,0 | Landsbankinn | 2005 |
| 24,5** | Burðarás | 2005 |
| 19.1 | Glitnir | 2005 |

* Í milljörðum króna
** Sex mánuðir

„Aðalskýringin er gengishagnaður af seldum og óseldum bréfum í Exista. Síðan getum við sagt að annar álitlegur gengishagnaður komi til á tímabilinu vegna hækkana á hlutabréfamörkuðum innanog utanlands," segir Jónas Gauti Friðþjófsson, sérfræðingur hjá Greiningu Glitnis, spurður um ástæður þessa mikla hagnaðar.

Hann segir að ef horft sé framhjá þeim hagnaði sem falli til vegna Exista hafi síðasti ársfjórðungur verið góður hjá bankanum. Þóknunartekjur hafi verið háar, hreinar vaxtatekjur háar í sögulegu samhengi og lág vanskil.

Fjármálafyrirtækjum og fjárfestingarfélögum er annars almennt spáð góðri afkomu fyrir þriðja ársfjórðung. Fimm félög munu skila yfir fimm milljarða króna hagnaði á tímabilinu en þau eru Exista, FL Group, Glitnir, Landsbankinn og Straumur-Burðarás.

**- eþa / sjá Markaðinn**

Réttað yfir Saddam Hussein:

## Saddam hent út í fjórða skiptið



SADDAM HUSSEIN

**ÍRAK, AP** Saddam Hussein var rekinn úr réttarsal í fjórða skiptið á örfáum vikum í gær. Í þetta sinn vísaði yfirdómari Hussein út eftir að hann hrópaði vers úr kóraninum þar til slökkt var á hljóðnemanum, að því er segir á heimasíðu BBC.

Saddam Hussein og sex aðrir sakborningar eru lögsóttir vegna morða á allt að 180.000 kúrdískum borgurum meðan á Anfal-aðgerðinni stóð á níunda áratugnum. Búið er að rétta yfir Hussein vegna morða á 148 sjíum í Dujail árið 1982 og er dómsúrskurðar beðið.

**- sdg**

Heilsuvakning í Evrópu á þátt í aukinni eftirspurn eftir íslenskum fiski:

# Met slegin í sölu fiskmetis

**SJÁVARÚTVEGUR** Slegin hafa verið nokkur met í sölu fiskmetis hjá íslenskum fiskmörkuðum á síðustu mánuðum. Í ágúst var meðalverðið á fiskmörkuðum 142,36 krónur hvert kíló, sem er hæsta meðalverð sem sést hefur í ágústmánuði, og verðmæti sölunnar var rúmur milljarður, sem er það langmesta frá upphafi fiskmarkaðanna árið 1992. Í september nam sala fiskmarkaðanna einum milljarði og 117 milljónum betur, sem einnig er langmesta verðmæti í þeim mánuði frá upphafi.

Bjarni Áskelsson, almannatengslafulltrúi hjá Íslandsmarkaði, segir að skýringa á mikilli eftirspurn og háu verði sé helst að leita í jákvæðri gengisþróun. Vegna heilsuvakningar í Evrópu sé eftirspurn eftir fiski jafnframt hugsanlega meiri nú en stundir en hún hafi oft verið. „Samkvæmt upplýsingum frá söluaðilum erlendis er vaxandi eftirspurn og hækkandi verð um alla Evrópu og allt bendir til þess að verð muni haldast hátt. Víða er hvatt til neyslu á fiskafurðum og tengist það heilsuvakningu fólks."

Að sögn Bjarna er verð helst hátt á þeim tegundum sem sendar eru ferskar á Evrópumarkað með flugi. Þar eru þorskur, ýsa og skötuselur þær tegundir sem hafa hækkað mest. Verð á saltfiski fer einnig hækkandi og eftirspurnin hefur aukist.

**- shá**

**SÖLUVERÐMÆTI Í ÁGÚSTMÁNUÐI 2000-2006**

| Ár | Upphæð* |
|---|---|
| 2000 | 525 |
| 2001 | 821 |
| 2002 | 748 |
| 2003 | 657 |
| 2004 | 732 |
| 2005 | 752 |
| 2006 | 1.087 |

* í milljónum króna

Heimild: ÍSM-fréttir




**SPURNING DAGSINS**



*Siggi, hvað gerið þið nú fyrst forgarður helvítis hefur verið afnuminn?*

„Við reisum við helvíti og hellum því yfir páfagarð. Og við gerum það á föstudaginn því þá eru tónleikar.“

Siggi Pönk er söngvari hljómsveitarinnar Forgarðs helvítis en Benedikt páfi íhugar um þessar mundir að láta fjarlægja forgarð helvítis úr kennisetningum kaþólsku kirkjunnar.

Lögmaður ÖBÍ vill að ráðherra, ráðuneytisstjóri og starfsmenn víki sæti:

# Óeðlileg tengsl við lífeyrissjóð

**STJÓRNSÝSLA** Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður Öryrkjabandalags Íslands, fer fram á að Árni Mathiesen fjármálaráðherra, Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóri og allir starfsmenn sem undir ráðuneytisstjóra falla víki sæti við meðferð máls sem ÖBÍ höfðar nú vegna skerðingar og afnáms lífeyrisgreiðslna úr lífeyrissjóðum til öryrkja. Er óskað eftir að málið verði falið fjármálaráðherra sem til þess verður skipaður, svo og ráðuneytisstjóra og starfsmönnum sem sérstaklega verði til þess skipaðir.

Kemur þessi krafa til af því að Baldur er jafnframt stjórnarformaður Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, sem er einn þeirra fjórtán lífeyrissjóða sem um ræðir. „Ráðherra er vanhæfur þar sem hann skipar ráðuneytisstjóra sem formann þessa lífeyrissjóðs. Þannig eru tengslin milli ráðherrans og lífeyrissjóðsins,“ segir Ragnar. „Starfsmenn teljast einnig vanhæfir samkvæmt stjórnsýslulögum þar sem ráðuneytisstjórinn hefur boðvald yfir starfsmönnum sínum.“

Árni Mathiesen fjármálaráðherra segir allt of langsótt að ætla honum vanhæfi vegna skipunar stjórnarformannsins. „Undirmaður gerir yfirmann ekki vanhæfan. Og ég skipa ekki meirihluta stjórnar heldur er hún skipuð samkvæmt tilnefningu.“ Árni segist efa mjög að vanhæfi geti átt við aðra starfsmenn en ráðuneytisstjórann en málið verði skoðað í ráðuneytinu. - sdg



**LANGSÓTT AÐ MATI RÁÐHERRA** Árni M. Mathiesen efast um að vanhæfi geti átt við aðra starfsmenn ráðuneytisins en Baldur Guðlaugsson.



**FRATTINI OG DAVIS** Skýrðu fjölmiðlum frá ákvörðun um að herða baráttu gegn dauðarefsingum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Evrópusambandið:

## Berst gegn dauðarefsingu

**BRUSSEL, AP Evrópusambandið ætlar að herða baráttu gegn dauðarefsingu og reyna eftir megni að sannfæra Bandaríkin, Kína og fleiri ríki um að afnema hana.**

**Franco Frattini, dómsmálastjóri Evrópusambandsins, og Terry Davis, aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins, skýrðu frá því að þeir myndu efna til alþjóðlegrar ráðstefnu um dauðarefsingar á næsta ári.**

**Frattini sagði afar mikilvægt að sannfæra þau ríki sem enn beita dauðarefsingu um að hætta því.** - gb

Jesus ekki lengur í farbanni:

## Þarf að leggja fram tryggingu

**DÓMSMÁL** Farbannsúrskurður yfir Jesus Sainz, einum af fimm fyrrverandi starfsmönnum Íslenskrar erfðagreiningar sem hafa verið ásakaðir um iðnaðarnjósnir hjá fyrirtækinu, var í gær felldur úr gildi af Hæstarétti. Þess í stað hefur honum verið gert að setja fram tryggingu að fjárhæð 4 milljónir króna fyrir því að hann mæti þegar hann er boðaður til lögreglu vegna rannsóknar málsins. Þangað til hann hefur greitt trygginguna má hann þó ekki yfirgefa landið. - þsj

# Kannað hvort símar ráðherra séu hleraðir

**Sérfræðingar norsku öryggislögreglunnar koma reglulega til Íslands til að kanna hvort skrifstofur og símar ráðherra séu hleraðir. Engar vísbendingar eru um hleranir. Jón Baldvin Hannibalsson segir að hlustað hafi verið á símtöl hans.**

**HLERANIR** Erlendir sérfræðingar hafa undanfarin ár farið skipulega í ráðuneyti hér á landi og kannað hvort skrifstofur og símar ráðherra séu hleraðir. Hefur embætti Ríkislögreglustjóra haft yfirumsjón með þessu verki enda hlutverk þess að gæta að öryggi æðstu handhafa ríkisvaldsins. Síðustu ár hefur þetta verkefni verið á höndum norsku öryggislögreglunnar. Ekki hafa fundist vísbendingar um að utanaðkomandi aðilar hafi hlustað á ráðherra á skrifstofum sínum eða í síma, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Úttekt erlendu öryggissérfræðinganna hefur verið bundin við forsætisráðuneytið, utanríkisráðuneytið og dómsmálaráðuneytið. Sérstakar öryggisreglur gilda um þau ráðuneyti, enda innan þeirra höndlað með upplýsingar sem varða þjóðaröryggi og viðkvæm persónuleg málefni. Er þessi ráðstöfun því liður í að tryggja öryggi viðkvæmra trúnaðarupplýsinga.

Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi utanríkisráðherra og formaður Alþýðuflokksins, heldur því fram að sími á skrifstofu hans í utanríkisráðuneytinu hafi verið hleraður. Hann hafi árið 1993 fengið kunningja sinn, sem hann segir að hafi haft undir höndum til þess gerðan búnað, til að kanna hvort síminn í ráðuneytinu hefði verið hleraður.

„Ég tók þá ákvörðun í tilefni af umræðu sem þá fór fram um alla Evrópu um njósnastarfsemi, að láta kanna hvort síminn minn væri hleraður. Niðurstaðan var að svo



**SKIPST Á LYKLUM Á SKRIFSTOFU FORSÆTISRÁÐHERRA** Í ráðherratíð Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar var reglulega kannað hvort símar á skrifstofum þeirra væru hleraðir. Þá eins og nú sjá sérfræðingar norsku öryggislögreglunnar um framkvæmdina að beiðni Ríkislögreglustjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

væri,“ segir Jón. Hann viti ekki hverjir hafi verið þarna að verki. „En þarna voru Sovétríkin fallin og líkur mestar á því að það hafi verið bandaríska leyniþjónustan. Þá hafði ég ekki hugmynd um að það væri íslensk leyniþjónusta en hún kemur auðvitað alveg til greina.“

Spurður af hverju hann hafi ekki tilkynnt þetta á sínum tíma og látið gera ráðstafanir til að tryggja öryggi upplýsinga í ráðuneytinu spyr Jón á móti: „Hverjum átti ég að tilkynna um þetta?“ Ástæðan fyrir því að hann hafi greint frá þessu nú sé einfaldlega sú að hann hafi verið spurður.

bjorgvin@frettabladid.is sdg@frettabladid.is



> Hverjum átti ég að tilkynna um þetta?
>
> **JÓN BALDVIN HANNIBALSSON** FYRRVERANDI UTANRÍKISRÁÐHERRA



**HÁTÍÐ Í NORÐUR-KÓREU** Því var í gær fagnað að 61 ár var liðið frá því Kommúnistaflokkur landsins var stofnaður. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hafna viðræðum við N-Kóreu:

## Óstaðfest hvort þetta var kjarnorkusprengja

**WASHINGTON, AP** Bandaríkjamenn hafa hafnað beinum viðræðum við Norður-Kóreumenn um kjarnorkuvopn og ítrekuðu þá afstöðu sína í gær. Norður-Kóreumenn hafa árum saman viljað beinar viðræður við Bandaríkjamenn um deiluna, sem náði hámarki þegar Norður-Kóreumenn sprengdu öfluga sprengju, hugsanlega kjarnorkusprengju, í byrjun vikunnar.

„Ef þeir vilja tala við okkur þurfa þeir ekki annað en að kaupa sér flugmiða til Peking,“ sagði John Bolton, sendiherra Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum.

Norður-Kóreumenn fullyrða að sprenging sem mældist á jarðskjálftamælum aðfaranótt mánudags hafi verið kjarnorkusprenging. Bandarísk stjórnvöld sögðu í gær hugsanlegt að aldrei yrði hægt að staðfesta það. - gb

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Handtekinn með hass

Lögreglan í Reykjavík tók á mánudagskvöld mann sem reyndist hafa í fórum sínum 200 grömm af hassi. Um hefðbundið eftirlit fíkniefnadeildar lögreglu var að ræða. Ljóst þykir að eitthvað af þessu magni hafi verið ætlað til sölu.


BÍLL DAGSINS
SUBARU LEGACY GL
Nýskr. 11.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 17 þús. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Kaupmenn og hagfræðingur Bændasamtakanna um lækkun matarverðs:

# Útfærslan á lækkun tolla óljós

**MATVÖRUVERÐ** Erfitt er að segja til um áhrif fyrirhugaðrar tollalækkunar stjórnvalda á matvöru, að sögn Ernu Bjarnadóttur, hagfræðings Bændasamtaka Íslands.

Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar verða tollar á kjötvörum lækkaðir um allt að 40 prósent. Erna segir að eftir sé að útfæra þessa tollalækkun. Landbúnaðarráðherra hafi boðað nefnd þriggja ráðuneyta til að vinna þá útfærslu og hún þurfi að liggja fyrir fyrir áramót til að breytingin geti tekið gildi 1. mars. Lítið sé hægt að segja um áhrifin en væntanlega geti breytingin komið fram í verðlækkunum til bænda á innanlandsmarkaði.

„Bændur munu augljóslega leggja eitthvað af mörkum en við vitum ekki enn hvað þetta þýðir fyrir þeirra tekjur því að það veit enginn hvað allt að fjörutíu prósent þýðir,“ segir hún.



**VERSLUN KRÓNUNNAR** Framkvæmdastjóri Kaupáss segir mjólkina þegar selda undir kostnaðarverði í Krónunni.

Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, segist einnig vilja sjá hvernig þessi 40 prósenta tollur verði útfærður. Almennt segir hann ákvörðun ríkisstjórnarinnar vera jákvætt skref.

„Þetta á eftir að skipta heimilin miklu máli en maður spyr sig að því hvernig þessi afsláttur á landbúnaðarvörum eigi eftir að líta út,“ segir hann.

Sturla Eðvarðsson, framkvæmdastjóri Samkaupa, segir að fyrir utan lækkun virðisaukaskatts sé ýmislegt óljóst.

„Ég hef ekki séð neina útfærslu á tollalækkuninni en við munum skila þessari skattalækkun út í matvöruverðið. Við fögnum þessu útspili og viljum leggja okkar af mörkum,“ segir hann.

Sigurður Arnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kaupáss, fagnar því að matvælaverð lækki. Hann telur mikilvægt að samhliða þessu verði fylgst með samkeppnisumhverfinu á matvörumarkaðnum. Hann telur að lækkunin hafi til dæmis ekki nein áhrif á mjólkurverð í Krónunni því þar sé mjólkin seld undir kostnaðarverði. - ghs




# Þarftu betri bíl?

Þarftu stærri, nýrri, lengri eða einfaldlega betri bíl?
Hjá Lýsingu bjóðum við þér sniðuga lausn til þess að eignast draumabílinn.

Þú getur nálgast bílafjármögnun Lýsingar hjá bílaumboðum, bílasölum og ráðgjöfum okkar.

**Bílasamningur // Bílalán // Einkaleiga**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

## GENGIÐ 10.10.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,73 | 69,05 |
| Sterlingspund | 127,76 | 128,38 |
| Evra | 86,27 | 86,75 |
| Dönsk króna | 11,568 | 11,636 |
| Norsk króna | 10,319 | 10,379 |
| Sænsk króna | 9,306 | 9,36 |
| Japanskt jen | 0,5757 | 0,5791 |
| SDR | 100,89 | 101,49 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
119,4339

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tveir litháískir menn ákærðir fyrir innflutning á tólf kílóum af amfetamíni:

# Sarunas og Varunas neita sök

**DÓMSMÁL** Mál á hendur tveimur litháískum ríkisborgurum á fertugsaldri, þeim Sarunasi Budvytis og Varunasi Kavalciukas, var þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Mönnunum er gefið að sök að hafa í hagnaðarskyni reynt innflutning á rétt tæpum tólf kílóum af amfetamíni til Íslands, ætluðu til söludreifingar.

Mennirnir eru sagðir hafa falið efniðeldsneytistanki Volkswagenbifreiðar sem þeir voru á um borð í farþegaferjunni Norrænu. Efnin fundust við komu mannanna til Seyðisfjarðar þar sem ferjan leggur að.

Málið er eitt hið stærsta sinnar tegundar sem komið hefur upp hér á landi því það magn fíkniefna sem fannst í bifreiðinni er það langmesta sem vitað er um að reynt hafi verið að smygla með Norrænu. Talið er að heildarsöluverðmæti efnanna geti hlaupið á mörgum tugum milljóna króna.

Báðir mennirnir neituðu sök fyrir héraðsdómi í gær. Aðalmeðferð í máli þeirra hefst mánudaginn 30. október næstkomandi. - þsj



**Í HÉRAÐSDÓMI REYKJAVÍKUR** Sarunas og Varunas við þingsetninguna í gær. Þeim er gefið að sök að hafa flutt til landsins tólf kíló af amfetamíni.

Almenningssamgöngur:

## Farþegum í strætó fjölgar

**STRÆTÓ** Farþegum Strætó bs. fjölgaði í september um 45.801 farþega, um 6,8 prósent miðað við sama mánuð í fyrra. Farþegum strætó hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu mánuðina og er aukningin 3,5 prósent fyrstu níu mánuði ársins miðað við sama tíma í fyrra.

Ásgeir Eiríksson, framkvæmdastjóri Strætó bs., segir farþegafjölgunina ánægjulega og að hún bendi ótvírætt til þess að þær breytingar sem gerðar hafa verið á leiðakerfinu mæti þörfum viðskiptavinanna. „Almenningur er að átta sig á því að strætó er raunhæfur kostur á höfuðborgarsvæðinu.“ - hs



**CHAD HURLEY OG STEVEN CHEN** Google keypti af þeim YouTube fyrir nærri 115 milljarða. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Google kaupir myndvefsíðu:

## Seldu YouTube á 115 milljarða

**SAN FRANCISCO, AP** Vefrisinn Google keypti á mánudaginn vefmiðilinn YouTube af tveimur ungum athafnamönnum og greiddi þeim jafnvirði 115 milljarða króna.

Þeir Chad Hurley og Steven Chen höfðu samt í byrjun ekki reiknað með því að hafa tekjur af YouTube. Þeir höfðu einfaldlega dottið niður á hugmynd sem myndi gera fólki auðveldara að skiptast á stuttum myndskeiðum.

Hugmyndin sló aldeilis í gegn og núna eru notendur YouTube yfir 70 milljónir. Allt starfsfólk YouTube heldur vinnunni, og þeir Hurley og Chen halda einnig sínum störfum. - gb

### LEIÐRÉTTING

Í frásögn af afmælisveislu Stöðvar 2 í blaðinu á mánudag birtist mynd af þeim Jóni Óttari Ragnarssyni, Valgerði Matthíasdóttur og Hans Kristjáni Árnasyni. Í myndatexta láðist að geta um aðkomu Hans Kristjáns að stofnun stöðvarinnar en hann var annar aðalstofnandi hennar og stjórnarformaður.



**HEYSKAPUR Á ÁLFTANESI** Hráefni til etanólframleiðslu lífmassaverksmiðja, sem Íslenska lífmassafélagið hyggst reisa á næstu árum, er hey sem keypt verður af bændum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Íslenskt hey gæti lækkað bensínkostnað um milljarð

**Íslenska lífmassafélagið er að ljúka arðsemismati á tveimur lífmassaverksmiðjum sem framleiða eiga etanól til íblöndunar í bensín. Slík íblöndun er bæði umhverfisvæn og hagkvæm fyrir samfélagið.**

**ORKUMÁL** Íslenska lífmassafélagið ehf. er að ljúka arðsemismati á tveimur lífmassaverksmiðjum sem ætlunin er að reisa á Suður- og Norðurlandi á næstu fjórum árum. Ef fyrirætlanir félagsins ganga eftir verða verksmiðjurnar teknar í gagnið árið 2010 með framleiðslugetu upp á 30 milljónir lítra af etanóli á hverju ári. Etanólið verður nýtt til eldsneytisíblöndunar en uppistaða lífmassans sem notaður verður við framleiðsluna er gras.



**VÍGLUNDUR ÞORSTEINSSON**

Víglundur Þorsteinsson, stjórnarformaður Íslenska lífmassafélagsins, segir áætlanir fyrirtækisins helgast af því að íslensk stjórnvöld hafi sett það markmið að hafa fimmtán prósenta etanólblöndun í bensín árið 2010. „Við áætlum að ljúka arðsemismati verksmiðjanna í febrúar næstkomandi og ekki frá-

> Í Bandaríkjunum er etanólíblöndun í bensín um fimmtán prósent en hún er ekki hafin á Íslandi ennþá.
>
> **VÍGLUNDUR ÞORSTEINSSON**
> STJÓRNARFORMAÐUR LÍFMASSAFÉLAGSINS

leitt að við hefjum að reisa verksmiðjur sem taki til starfa árið 2010.“

Etanól er hreinn vínandi sem brennur án þess að menga umhverfið og kemur í staðinn fyrir metýl-tert-bútýleter (MTBE) sem notað hefur verið í staðinn fyrir blý í bensín til að halda uppi brennslugildi. „Þetta efni er að hverfa úr bensíni alls staðar í Vesturheimi en það er þrávirkt og langtímamengandi í jarðvegi. Í Bandaríkjunum er etanólíblöndun í bensín um fimmtán prósent en hún er ekki hafin á Íslandi ennþá,“ segir Víglundur.

Víglundur segir að ef þrjátíu milljónum lítra af etanóli verði blandað í bensín hérlendis þurfi að kaupa sem því nemur minna af bensíni til landsins. „Síðast þegar ég var að skoða tölur var olíutunnan á 70 dollara á heimsmarkaði og þrjátíu milljónir lítra af bensíni myndu þá lækka bensíninnflutning um tólf til fjórtán hundruð milljónir.“

Víglundur segir að til falli mun meira framleiðsluvirði en það sem sparist við íblöndunina sjálfa. „Það falla til prótín og kolefni sem nýtast í iðnaði, til dæmis við sementsframleiðslu, og því geta lífmassaverksmiðjurnar með þessa framleiðslugetu haft framleiðsluvirði í kringum þrjá milljarða á ári. Ekki er óvarlegt að áætla að það muni síðan sexfaldast í framtíðinni og þá erum við að tala um framleiðsluvirði stóriðjufyrirtækis í dag. Hagur bænda mun líka vænkast þar sem allt hráefni verður keypt af þeim.“

Framleiðsla etanóls úr lífmassa verður kynnt á Orkuþingi 2006 á morgun en Orkuþing stendur daganna 12. og 13. október á Grand hóteli í Reykjavík. svavar@frettabladid.is




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ÞRÓUNIN Í DAG**

Það er úrkomusvæði að nálgast landið og nær suðurströndinni fyrir hádegi í dag. Síðan mjakast þetta úrkomubelti inn á landið vestanvert og síðdegis í dag verður komin rigning um allt sunnan og vestanvert landið en úrkomuminna verður á Norður- og Austurlandi til kvölds. Það er talsverður vindur samfara þessari úrkomu og verður allhvasst og sums staðar hvassviðri síst norðaustan til.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Norðaustan 8-15 m/s hvassast í kvöld. Skúrir og síðar rigning. Milt.

um hádegi »




» á morgun




5-15 m/s, hvassast á Vestfjörðum.

» föstudagur




5-10 m/s.

um hádegi »

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18°C | hálfskýjað | London | 19°C rigning | Alicante | 28°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 13°C | skúrir | París | 21°C hálfskýjað | Mallorca | 23°C hálfskýjað |
| Osló | 10°C | hálfskýjað | Frankfurt | 20°C heiðskírt | Algarve | 24°C rigning |
| Stokkhólmur | 12°C | hálfskýjað | Friedrichshafen | 22°C heiðskírt | Krít | 26°C skúrir |
| Gautaborg | 14°C | hálfskýjað | Berlín | 20°C hálfskýjað | Las Palmas | 28°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.


120 1886 2006
Farandleikhús Landsbankans
HÁTÍÐARSTEMNING
HRINGINN Í KRINGUM LANDIÐ
Frumsýning miðvikudaginn 11. október í **Aðalbankanum**, kl. 11:30 og í **Akureyrarútibúi** kl. 16:00.
Við fögnum áfram **120 ára** afmæli okkar og höldum hátíð í útibúum Landsbankans, hringinn í kringum landið, dagana 11. október til 7. nóvember.
Farandleikhús Landsbankans sýnir:
**Brot úr sögu banka**, leikdagskrá í léttum dúr þar sem rakin er saga Landsbankans, árin 1886–2006, í tónum og tali.
Handrit: Felix Bergsson. Leikstjóri: Valur Freyr Einarsson. Leikarar: Björgvin Franz Gíslason, Jakob Þór Einarsson og Kristjana Skúladóttir. Valdimar Kristjónsson stjórnar lifandi tónlist.
Nánari upplýsingar um tímasetningar annarra útibúahátíða er að finna á **www.landsbanki.is**. Aðeins verður ein sýning í hverju útibúi.
Veitingar í boði og allir hjartanlega velkomnir.
Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár
**Sproti** laumar sér með í farandhópinn og syngur, dansar og skemmtir börnunum að sögusýningunni lokinni.

**KJÖRKASSINN**



*Tekur þú slátur?*

| | |
|---|---|
| Já | 18,1% |
| Nei | 81,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Manstu eftir leiðtogafundinum í Höfða 1986?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Undirritun varnarsamkomulags Íslands og Bandaríkjanna í Washington:

# Fundur með Rice verður í dag

**UTANRÍKISMÁL** Jörundur Valtýsson, ráðgjafi utanríkisráðherra, sem staddur er í Washington, kannast ekki við að undirritun varnarsamkomulags Íslands og Bandaríkjanna hafi verið frestað vegna annríkis Condoleezzu Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, eins og hermt var á vef Ríkisútvarpsins í gær. Hann segir að aldrei hafi verið dagsett nákvæmlega hvort af undirritun yrði í gær eða í dag en nú liggi staðfestur tími fyrir.

Jörundur segir að fundurinn með Rice verði í dag klukkan 12 að staðartíma og skrifað verði undir samninginn í kjölfar hans. Einnig að Geir Haarde og Valgerður Sverrisdóttir hafi ráðgert marga aðra fundi meðan á dvöl þeirra í Washington stendur, til dæmis fund með viðskiptafulltrúa Bandaríkjanna í dag og fund við Donald Rumsfeld varnarmálaráðherra á morgun klukkan 13.30.

Til stendur að ræða samskipti ríkjanna í öryggis- og varnarmálum við Rumsfeld, sérstaklega um útfærslu varnarsamningsins hvað heræfingar hérlendis og ýmislegt samráð varðar, en engin formleg dagskrá liggur fyrir. **- kóþ**



**UTANRÍKISRÁÐHERRA BANDARÍKJANNA** Rice hittir Valgerði Sverrisdóttur og Geir Haarde um hádegisbilið að staðartíma í Washington. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Útlendir fangar í Bretlandi:

# Styrktir til að fara úr landi

**LONDON, AP Bresk stjórnvöld hafa sett fram áætlun um að veita erlendum föngum, sem sitja í breskum fangelsum, margvíslega fyrirgreiðslu ef þeir fallast á að afplána dóm sinn erlendis.**

**John Reid innanríkisráðherra skýrði frá þessum hugmyndum á mánudaginn. Samkvæmt þeim geta fangar frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins meðal annars fengið fjárhagslegan stuðning til þess að stunda nám og reka fyrirtæki fari þeir úr landi.**

**Þeir fá þó engar beinar peningagreiðslur í hendurnar, heldur aðeins staðfestingu frá stjórnvöldum. - gb**



**ANNA POLITKOVSKAJA BLAÐAMAÐUR**

Rússneska sendiráðið:

## Jarðarförin í sjónvarpinu

**RÚSSLAND** Rússum á Íslandi gefst ekki kostur á að lýsa yfir samúð sinni vegna morðsins á rússneska blaðamanninum Önnu Politkovskaju með því að skrifa nafn sitt í bók í rússneska sendiráðinu í Reykjavík. Anna var jarðsungin í gær og var jarðarförin sýnd í rússneska sjónvarpinu.

Sendiráðsstarfsmenn segja að morðið sé harmleikur og allir séu miður sín yfir því en leitin að morðingjanum sé hafin. Anna hafi hins vegar ekki gegnt opinberu embætti, en samkvæmt prótókól sé það skilyrði fyrir því að minningarbækur séu lagðar fram. **- ghs**

# Jón Ásgeir og Tryggvi kæra til Mannréttindadómstólsins

**Kæra var send til Mannréttindadómstólsins í Strassborg 3. október síðastliðinn vegna málsmeðferðar í Baugsmálinu. Afskipti setts saksóknara vegna skipunar dómara í málinu eru sérstaklega tiltekin í bréfi.**

BAUGS MÁLIÐ

**BAUGSMÁL** Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group, og Tryggvi Jónsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Baugs, hafa lagt fram kæru gegn lýðveldinu Íslandi á grundvelli 6. greinar mannréttindasáttmála Evrópu. Byggir kæran öðru fremur á því að Jón Ásgeir og Tryggvi hafi ekki notið „réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli“, eins og segir orðrétt í bréfi sem sent var til Mannréttindadómstóls Evrópu í Strassborg 3. október síðastliðinn.

Í bréfinu eru málsatvik rakin stuttlega frá þeim tíma er starfsmenn efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra gerðu húsleit í höfuðstöðvum Baugs 28. ágúst 2002. Gerð er grein fyrir annmörkum á málsmeðferð Baugsmálsins í fjórum köflum í bréfinu, og þar sérstaklega hugað að lengd málsmeðferðar, ónægs réttaröryggis, yfirlýsingum Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra um málið og afskiptum setts saksóknara, Sigurðar Tómasar Magnússonar, af skipun dómsins. Er þar sérstaklega vitnað til þess er Sigurður Tómas átti fund með Helga I. Jónssyni, dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur, 31. mars síðastliðinn, og tjáði honum að hann myndi kalla til vitni fyrir dóminn sem leiða myndi til vanhæfis Péturs Guðjónssonar dómara vegna fjölskyldutengsla. Arngrímur Ísberg var í kjölfarið skipaður dómari í málinu.

Efnismeðferð vegna þeirra átján ákæruliða sem eftir standa af Baugsmálinu hófst formlega í gær. Lagði Sigurður Tómas Magnússon fram nýjan vitnalista í málinu sem samtals telur 82 vitni. Hefur hann verið endurnýjaður töluvert frá fyrri stigum málsins en í málflutningi vegna málsins fyrr á þessu ári kom fram í máli Sigurðar Tómasar að um helmingur vitna á lista yfir rúmlega sjötíu vitni væri vegna fyrsta ákæruliðsins, sem nú hefur verið vísað frá dómi. Meðal þeirra sem bæst hafa á vitnalistann eru lögreglumenn frá Færeyjum og Lúxemborg.

Sérstakt þinghald verður haldið vegna vitnalistans 20. nóvember og verður þá farið nákvæmlega yfir það hvernig hvert og eitt vitni tengist ákæruliðunum átján sem eftir standa.

Óvíst er ennþá hvenær aðalmeðferð í málinu fer fram en verjendur Jóns Ásgeirs og Tryggva Jónssonar komu þeim sjónarmiðum á framfæri að þeir teldu eðlilegast að aðalmeðferðin hæfist ekki fyrr en niðurstaða Hæstaréttar í fyrra Baugsmálinu væri ljós. Í því máli sýknaði Héraðsdómur ákærðu í þeim átta ákæruliðum sem eftir stóðu, eftir að 32 ákæruliðum af 40 hafði verið vísað frá.

Samkvæmt upplýsingum frá Hæstarétti verður málið ekki tekið fyrir þar fyrr en í janúar á næsta ári.

Sigurður Tómas vill koma þeim sjónarmiðum á framfæri fyrir hönd ákæruvaldsins að aðalmeðferð geti farið fram innan skamms hans vegna. **magnush@frettabladid.is**





## Gögn lögð fram

Gestur Jónsson, lögmaður Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, færði Sigurði Tómasi Magnússyni, settum saksóknara, gögn er lögð voru fram þegar Baugsmálið var tekið fyrir í gær. Meðal gagna sem verjendur lögðu fram var matsgerð vegna tölvupósta sem lagðir hafa verið fram í málinu en Tryggvi Jónsson kannast ekki við að hafa sent. Á myndinni að ofan sést Sigurður Tómas láta Gest og Jakob Möller fá gögn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigurður Tómas Magnússon og Gestur Jónsson tókust á um málsmeðferð:

# Telur óþarft að bíða dómsins

**BAUGSMÁL** Gestur Jónsson og Sigurður Tómas Magnússon deildu um það fyrir dómi í gær hvort bíða þyrfti niðurstöðu í fyrra Baugsmálinu í Hæstarétti, áður en aðalmeðferð þess máls sem nú hefur verið tekið til efnismeðferðar fer fram.

Sagðist Sigurður Tómas ekki líta svo á að rökrænt samhengi væri á milli málanna tveggja. „Í Hæstarétti er verið að fjalla um aðra ákæruliði en í þessu máli, og Hæstiréttur sagði í úrskurði sínum í fyrra málinu að ekki væri ástæða til þess að bíða eftir nýrri ákæru vegna þess að þetta væru alveg sjálfstæð sakarefni. Á þeim forsendum er það mat ákæruvaldsins að það þjóni engum sérstökum tilgangi að bíða dóms Hæstaréttar um önnur sakarefni.“

Gestur Jónsson segist hins vegar telja eðlilegt að bíða eftir dómsúrskurði. „Í Hæstaréttarmálinu eru ákæruliðir sem varða ætluð brot á lögum um ársreikninga og þar reynir á skýringar ýmissa lagaákvæða sem eru þær sömu eða nátengdar þeim lögum sem reynir á í þessu nýja máli. Á þeim forsendum teljum við óskynsamlegt að bíða ekki niðurstöðu Hæstaréttar um skýringu á þessum lagareglum sem um ræðir, áður en farið verður að dæma um sambærileg atvik í þessu nýja máli.“ **- mh**


**BOÐEIND.IS**

**í 19 ár - Þar sem verð og gæði fara saman**

**Fáðu faglega ráðgjöf og kauptu vandaða fartölvu á góðu verði**

**Nú færð þú 20 þúsund krónur í afslátt**

Vaxtalaust lán !
Verð kr.119.900,- staðgreitt
eða
aðeins kr.10.342 á mánuði
Vaxtalaust tilboð miðast við 12 mánaðarlegar jafnar greiðslur á Vísa með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann
Staðgreiðslulán fáanleg til allt að 36 mánaða

Asus A6VM



**Verð áður kr. 139.900,-**

**Skjár:** 15.4" WXGA (Glare type)
**Örgjörvi:** Intel Mobile Pentium 1.7GHz
**Skjákort:** Nvidia Geforce Go 7300 256MB
**Vinnsluminni:** 1GB DDR2 / mest 2GB
**Harður diskur:** 100GB
**Netkort:** LAN 10/100/1000
**þráðlaust netkort:** 802.11a/b/g
**Geisladrif:** 8x dual layer DVD brennari
**Vefmyndavél:** 1.3Mega Pixla m.hljóðnema
**Stýrikerfi:** Windows XP Professional
**Rafhlaða:** 8 Cells - Allt að 3,5 klst. ending
**Abyrgð:** 2ja ára alþjóðleg ábyrgð

**Fartölvutaska & optical USB mús fylgir fritt með ásamt öflugum hugbúnaðarpakka. Allar fartölvur frá Boðeind koma með Microsoft XP Professional stýrikerfi og eru Microsoft Vista tilbúnar.**



Boðeind ehf. - Mörkin 6 - 108 RVK - S: 588 2061
Opið alla virka daga frá kl. 10:00 - 18:00 - sala@bodeind.is
Boðeind býður upp á viðurkennda verkstæðisþjónustu - thjonusta@bodeind.is

Síminn




**Betri leið í GSM** hjá Símanum. Veldu þá leið sem hentar þér best.

| Góður | Betri | Bestur | Langbestur |
|---|---|---|---|
| GSM 35 | GSM 100 | GSM 160 | GSM 280 |
| 35 mín / 20 sms | 100 mín / 60 sms | 160 mín / 90 sms | 280 mín / 180 sms |
| 990 kr. á mán. | 1.990 kr. á mán. | 2.990 kr. á mán. | 4.990 kr. á mán. |

**Veldu Betri leið í GSM hjá Símanum og þú borgar 0 kr. fyrir öll símtöl innan fjölskyldunnar.** Öll símnotkun fer á einn reikning og fjölskyldan getur verið af ýmsum stærðum og gerðum, frá þremur einstaklingum upp í sex. Þjónustan er fyrir áskrifendur að Betri leið í GSM en í hverri fjölskyldu geta þar að auki verið tveir með Frelsi og einn í fyrirtækjaáskrift.
Treystum fjölskylduböndin! **Kynntu þér málið www.siminn.is.**

Þjónustan verður virk 1. nóvember og eftir það verða allir dagar fjölskyldudagar!

## VEISTU SVARIÐ?



**1** *Hver eru eftirlætis bítlalög borgarstjóra Reykjavíkur?*

**2** *Hvenær verður matarskattur lækkaður?*

**3** *Hvað þýddi orðið limbó upphaflega í kaþólskri kenningu?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Hæstiréttur staðfesti úrskurð um gæsluvarðhald yfir konu á þrítugsaldri:

# Skipulagði stórfellt smygl

**DÓMSMÁL** Kona á þrítugsaldri, sem grunuð er um að hafa átt stóran þátt í skipulagningu á smygli tæplega tveggja kílóa af kókaíni hingað til lands, hefur verið dæmd í Hæstarétti í áframhaldandi gæsluvarðhald til 16. nóvember. Hæstiréttur staðfesti þar með úrskurð héraðsdóms.

Efnin voru tekin í farangri stúlku innan við tvítugt í Leifsstöð 9. ágúst. Í för með henni var karlmaður, sem var handtekinn í flugstöðinni eftir að hann hafði farið í gegnum hlið tollgæslunnar. Þau voru að koma frá Spáni. Í kjölfarið voru svo þrír aðrir, þar á meðal sú sem á ráðin hafði lagt, handteknir.

Stúlkan reyndist vera burðardýr og var henni fljótlega sleppt, eftir að hennar þáttur í málinu taldist upplýstur. Maðurinn sem kom með henni til landsins, svo og ofangreind kona, eru þau einu sem enn sitja inni vegna málsins.

Í greinargerð lögreglu til héraðsdóms segir meðal annars að konan hafi játað þátttöku sína í smyglinu, sem hún segir tilkomna vegna þess að hún skuldi manni, sem hún hefur ekki viljað nefna, peninga vegna fíkniefnaviðskipta. Hún er sú eina af fimmmenningunum sem handteknir voru sem áður hefur komið við sögu lögreglu vegna fíkniefnabrota. **- jss**



**HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS** Staðfesti gæsluvarðhaldsúrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur.

Bílvelta á Holtavörðuheiði:

# Valt í mikilli hálku og vindi

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn sluppu ómeiddir þegar bifreið sem þeir óku valt á Holtavörðuheiðinni seint á mánudagskvöld.

Að sögn varðstjóra hjá lögreglunni í Borgarnesi var bifreiðin á lélegum sumardekkjum og misstu mennirnir vald á henni, en mikil hálka og vindur var á heiðinni. Bifreiðin valt út fyrir veg og niður háan kant. Hún er gjörónýt. Sjúkrabíll og læknir voru kallaðir á staðinn en mennirnir reyndust eins og fyrr segir ómeiddir.

Lögreglan beinir því til ökumanna að fara varlega í umferðinni því á þessum árstíma geti verið hált víða. **- þsj**









**LAGANNA VERÐIR** Lögreglufylgd Pútíns í gær fyrir utan hótelið í Dresden sem forsetinn og fylgdarlið gisti í. Gríðarleg öryggisgæsla var í kringum heimsóknina.

Pútín Rússlandsforseti hitti Merkel kanslara í Dresden:

# Leiðtogafundur í skugga morðs

**DRESDEN, FRÉTTABLAÐIÐ** Morðið á blaðamanninum Önnu Politkovskaju í Moskvu á laugardag varpaði skugga á fund Vladimírs Pútín Rússlandsforseta með Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, í Dresden í Saxlandi í gær. Leiðtogarnir hittust þar í tilefni af sjötta tvíhliða samráðsfundi Þjóðverja og Rússa, en þetta reglulega samráð er kennt við Pétursborg og er ætlað að efla pólitísk, viðskipta- og menningarleg tengsl milli stórþjóðanna tveggja.

Morðið á blaðamanninum Politkovskaju, sem var þekkt fyrir gagnrýna umfjöllun um stríðsreksturinn í Tsjetsjeníu, hefur beint athygli umheimsins að því hvernig Pútín-stjórnin hefur þrengt að prentfrelsi í Rússlandi og jók mjög þrýstinginn á Merkel að gera mannréttindi í Rússlandi að umræðuefni á fundinum.

Fyrir fundinn lét þýski innanríkisráðherrann Wolfgang Schäuble hafa eftir sér að Merkel hefði „bundið enda á þá öfugsnúnu stefnu Schröders [fyrirrennara Merkel] að láta sem við [Þjóðverjar] ættum ekki í betri tengslum við nokkurt land annað en Rússland.“

Frá Dresden heldur Pútín í opinbera heimsókn til Bæjaralands. Í heimsókninni mun Pútín bjóða þýskum iðnfyrirtækjum til samstarfs; þau fái forgangsrétt að rússneska markaðnum gegn því að rússnesk (ríkis-)fyrirtæki fái að fjárfesta í þeim. **- aa**



# 74 dagar til jóla!






## GLERSKRAUT

Glæsilegt glerskraut til að skreyta borð eða hengja á jólatré. Margar gerðir fáanlegar, komið og skoðið úrvalið!




## JESÚBARN Í JÖTU

María og Jósef með Jesúbarn í jötu ásamt vitringunum og húsdýrum. Stærð: 38,5 x 14,5 x 22,5 sm.




## JÓLAHÚSAÞYRPING

Falleg jólahús „polystone" með ljósum.
Stærð: 25 x 13 x 18 sm




## JÓLAKÚLA

Glæsileg jólakúla með ljósum sem hægt er að hengja upp. Stærð 15 sm í þvermál.




## JÓLATRÉ

Glæsileg jólatré með seríu, einnig fáanlegt í rauðum og bláum lit og í 2 stærðum. Stærð 90 sm verð aðeins: **3.990,-**




## HREINDÝR

Glæsileg hreindýr með seríu, margar stærðir fáanlegar. Hæð: 45 sm.




## JÓLAÞORP

Fallegt jólaþorp úr „polystone" með ljósum.
Stærð: 59,5 x 15,5 x 20,5 sm




## 6 stk. JÓLATRÉ

Lítil og falleg jólatré með ljósum til að hafa inni eða úti.
Stærð: 6 x 30 sm. 120 perur samtals.

## JÓLATRÉ

Glæsileg jólatré með seríu, einnig fáanlegt í rauðum og bláum lit og í 2 stærðum. Stærð 45 sm verð aðeins **1.990,-**
Stærð 90 sm verð aðeins: **3.990,-**

-góð kaup

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

BREYTTUR OPNUNARTÍMI ÚTIBÚA

Nú eru útibú bankans opin frá kl. 9.00 - 16.00 alla virka daga.

Opið í Kringluútibúi frá kl. 10.00 - 18.00 alla virka daga

KB BANKI

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Kostnaður vegna hækkunar nefndarlauna í Fjallabyggð kominn í ljós:

# Hækka um sex milljónir

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Áætluð nefndarlaun í sveitarfélaginu Fjallabyggð fyrir árið 2007 eru sex milljónum hærri en samanlögð nefndarlaun voru árið 2005 í sveitarfélögunum Ólafsfirði og Siglufirði. Þetta kom fram í svari til Egils Rögnvaldssonar, bæjarfulltrúa í Fjallabyggð, á síðasta bæjarráðsfundi.

Launaútgjöld til allra nefnda hækka, utan sameiningarnefndar, en áætluð nefndarlaun þeirrar nefndar munu lækka um rúma milljón. Þá er hækkun vegna setu í hafnarnefnd óveruleg á milli ára.

Mestu munar um hækkun launa fyrir setu í bæjarstjórn, um rúmar fjórar milljónir, en í bæjarstjórn sitja níu fulltrúar. Þá eru samanlögð nefndarlaun fyrir setu í fræðslunefnd og menningarnefnd rúmlega sex hundruð þúsund krónum hærri en var fyrir setu í skóla- og menningarnefnd árið 2005. Svipuð hækkun er einnig fyrir setu í skipulags- og umhverfisnefnd, sem áður hét tækni- og umhverfisnefnd. Hlutfallslega er reiknað með mestri hækkun vegna atvinnu- og ferðamálanefndar, úr 14.034 í 315.248 krónur.

Þórir Kristinn Þórisson bæjarstjóri segir nefndarlaunin hafa verið hækkuð þar sem þau hafi verið mun lægri en tíðkist í öðrum sveitarfélögum. - ss



**ÞÓRIR KRISTINN ÞÓRISSON** Bæjarstjórinn segir nefndarlaun í sveitarfélaginu hafa verið mun lægri en tíðkist annars staðar á landinu.

Norðmaður dæmdur:

## Fimmtán ár fyrir barnaklám

**NOREGUR** Tuttugu og átta ára gamall Norðmaður hefur verið dæmdur í fimmtán ára fangelsi í Bandaríkjunum fyrir að hafa auglýst eftir og geymt barnaklám í tölvunni sinni. Þetta kemur fram í frétt norska blaðsins Aftenposten.

Maðurinn hafði farið frá heimabæ sínum í Austur-Noregi til Iowa í Bandaríkjunum þar sem hann hóf hnykklækninganám. Lögreglan handtók hann eftir að hann auglýsti á netinu eftir barnaklámi og við leit á heimili hans fundust 300 barnaklámsmyndir á tölvu hans, sem hann er sakaður um að hafa deilt með öðrum.

Norðmanninum var jafnframt gert að vera undir ströngu eftirliti yfirvalda í tíu ár eftir að hann hefur afplánað dóminn. - smk



**FLUGSLYS Á STORÐ** Eldur kom upp í leiguvél frá færeyska flugfélaginu Atlantic Airways á Storð í Noregi í gærmorgun með þeim afleiðingum að fjórir fórust.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Fjórir fórust í flugslysi

**Fjórir manns týndu lífi en tólf björguðust þegar færeysk vél með sextán manns innanborðs brotlenti við lendingu á eyjunni Storð í Vestur-Noregi.**

**NOREGUR** Þrír farþegar og einn áhafnarmeðlimur fórust þegar vél færeyska flugfélagsins Atlantic Airways hlekktist á við lendingu á norsku eyjunni Storð í gærmorgun. Svo virðist sem flugmönnunum hafi ekki tekist að stöðva vélina við lendingu.

Tólf manns tókst að komast út úr vélinni. Margir þeirra voru slasaðir og brenndir, en enginn lífshættulega, að sögn Frode Johannessen læknis á blaðamannafundi í gær. Fólkið var allt flutt á sjúkrahús.

„Lík þeirra sem fórust fundust inni í vélinni,“ hafði norska blaðið Aftenposten eftir Einar Knudsen hjá Almannavörnum Suður-Noregs.

Lögregla tilkynnti upphaflega að þrír hefðu farist en þrettán hefðu komist út úr vélinni, en skömmu síðar varð ljóst að eins manns var saknað.

Töluvert fát komst á björgunarmenn, því í fyrstu tilkynnti Atlantic Airways að eingöngu fimmtán manns hefðu verið um borð, en eftir að það var leiðrétt uppgötvaðist að þeir sem tóku á móti hinum eftirlifandi höfðu merkt við nafn manns sem reyndist svo ekki vera meðal þeirra.

Leitað var að honum fyrir utan vélina og í hafinu við enda brautarinnar, en flugbrautin á Storð liggur við sjó. Lík mannsins fannst að lokum inni í vélinni.

Vélin, sem var af tegundinni British Aerospace BAe 146 og tók 83 farþega í sæti, var á leið frá Stafangri til Molde og millilenti á Storð við vesturströnd Noregs þegar slysið varð klukkan 7:45 að staðartíma. Verið er að rannsaka tildrög slyssins, en að sögn sjónarvotta rann vélin út af brautinni á nokkurri ferð og skömmu síðar sáust eldtungur stíga upp úr henni.

Björgunarmenn náðu tökum á eldinum um klukkutíma síðar, en hitinn í brakinu hægði á björgunarstarfsemi, að sögn Fritz Arne Lilleskog, talsmanns lögreglunnar á Storð.

Samkvæmt upplýsingum flugfélagsins voru þrír áhafnarmeðlimir færeyskir og einn danskur, en meðal farþeganna voru ellefu Norðmenn og einn „útlendingur“. Nöfn og þjóðerni hinna látnu höfðu ekki verið tilkynnt þegar blaðið fór í prentun í gær.

Allir farþegarnir voru á leið til vinnu í skipasmíða- og byggingafyrirtækinu Aker Kværner, staðfesti Stein Inge Liasjø, upplýsingafulltrúi Aker Kværner. Vélar Atlantic Airways þurftu tvisvar í síðasta mánuði að nauðlenda í Björgvin vegna bilunar í hemlunarkerfi, kom fram á fréttavef norska blaðsins Dagbladet.

smk@frettabladid.is

Arctic Trucks jeppamiðstöð

Nýr Nissan Patrol Elegance AT35

Verð 5.890.000

Glæsilegur bíll á frábæru verði.

Til afhendingar strax.




ARCTIC TRUCKS

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is




06-0047 KC

Stjórn VG í Skagafirði ályktar:

## Tvískinnungur frambjóðanda

**STJÓRNMÁL** Nýverið samþykktu sveitarstjórnarfulltrúar meirihluta Framsóknarflokks og Samfylkingar að setja bæði Villinganesvirkjun og Skatastaðavirkjun inn í aðalskipulag sveitarfélagsins. Daginn eftir samþykktina lýsti Anna Kristín Gunnarsdóttir alþingismaður, sem einnig skipar sæti á framboðslista Samfylkingarinnar, því yfir að hún væri alfarið á móti öllum hugmyndum um virkjanir í jökulsánum.

Stjórn VG í Skagafirði telur það lýsa tvískinnungi að samþykkja eitt á sveitarstjórnarfundi og koma svo í fjölmiðla og segjast á móti viðkomandi gjörningi. - hs

Nýmæli í prófkjörsbaráttu Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi:

# Óheimilt verður að kaupa auglýsingar

**STJÓRNMÁL** Allir nítján frambjóðendurnir í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi hafa skrifað undir yfirlýsingu um að kaupa ekki auglýsingar í prófkjörsbaráttunni. Kristján Guðmundsson, formaður kjördæmisráðs Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi, segist ekki vita til þess að þetta hafi verið gert með þessum hætti áður.


KRISTJÁN GUÐMUNDSSON

„Það er vissulega margt á gráu svæði í svona löguðu en við erum að miða við miðla á borð við dagblöð, tímarit, sjónvarp, útvarp, flettiskilti og fleira því um líkt.“

Kristján segir gríðarlegan kostnað við prófkjörsbaráttu kominn út í öfgar og segir að sumir hugsi sig tvisvar um að fara í prófkjör vegna þess. „Það voru auðvitað skiptar skoðanir um þetta en engin háværmótmæli.“

Frambjóðendur munu fá kost á því að kynna sig og sín stefnumál í landsblaði Samfylkingarinnar og kjördæmisblaði sem munu bæði koma út í október. Einnig er öllum frjálst að gefa út bæklinga og dreifibréf að sögn Kristjáns, sem telur ekki ósennilegt að þetta sé það sem koma skuli. „Það er ógerningur fyrir fólk að standa persónulega bak við svona og því verður það óbeint háð styrktaraðilum, sérstaklega fyrirtækjum.“ - sdg


**MERKI SAMFYLKINGARINNAR SETT UPP** Prófkjör Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi fer fram 4. nóvember og sækjast 19 frambjóðendur eftir sæti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


**HANDSALA SAMNING** Ellert Eiríksson, stjórnarformaður HS hf., og Kristján Pálsson, formaður Ferðamálasamtaka Suðurnesja, í gær.

Hitaveita Suðurnesja:

## Samningur um verndun náttúru

**UMHVERFISMÁL Hitaveita Suðurnesja (HS) og Ferðamálasamtök svæðisins undirrituðu í gær samning um verndun umhverfis og náttúru á Reykjanesskaga auk varðveislu og viðhalds á 22 fornum þjóðleiðum sem liggja um skagann. Meðal þess sem kemur fram í samningnum er að mannvirki hitaveitunnar utan þéttbýlis verði eins lítið áberandi og mögulegt er. Harpa Sævarsdóttir, talsmaður HS, segir samninginn vera hluta af þeirri viðleitni HS að vinna enn frekar í umhverfismálum á svæðinu.** - þsj

Prófkjör Samfylkingarinnar:

## Býður sig fram í 3.-4. sæti

**STJÓRNMÁL** Hörður Guðbrandsson, fyrrverandi forseti bæjarstjórnar Grindavíkur, hefur ákveðið að bjóða sig fram í 3.-4. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi, en prófkjörið fer fram 4. nóvember.


HÖRÐUR GUÐBRANDSSON

Hörður hefur gegnt mörgum trúnaðarstörfum fyrir Samfylkinguna, nú síðast sem forseti bæjarstjórnar Grindavíkur frá 1999-2006 utan eins árs. Þá var hann í stjórn Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum og Sorpeyðingarstöð Suðurnesja frá 2002-2004. - ss

Lögreglan í Reykjavík:

## Piltur hótaði öðrum með exi

**LÖGREGLUMÁL Lögregla þurfti að hafa afskipti af tveimur ungum piltum, 16 og 17 ára gömlum, í fyrrinótt þegar deilur þeirra vegna kvennamála urðu til þess að annar piltanna greip exi og hótaði hinum líkamsmeiðingum með henni. Hann stóð ekki við stóru orðin en lögreglan handtók piltinn og lagði hald á vopnið. Móðir piltsins sótti hann á lögreglustöð eftir að honum var runnin mesta reiðin og telst málinu lokið.** - þsj




Góðæri er öllum í hag

Sumir rugla saman þenslu og góðæri. En góðæri er ekki vertíð og hagfræðilögmálin eru ekki algild. Við hjá SPV trúum því að samtímis sé hægt að slá á þenslu og viðhalda góðæri. Góðæri er góð tíð sem birtist meðal annars í því að almenningur geti viðhaldið verðmætum sínum og aukið við þau. Hvort sem það er heilsan, heimilið, sumarbústaðurinn, bíllinn eða tölvan og allt sem henni fylgir. Rýrnun verðmæta er engum í hag. Komdu í SPV í dag.

- Við lánum svo þú getir aukið verðmæti eigna þinna.
- Það er góð hagfræði.
- Góðæri er góð tíð. Framlengjum góðærið saman.

Komdu til okkar í SPV.

spv

Vertu með SPV og ánægðustu viðskiptavinunum
Borgartúni 18 – Síðumúla 1 – Hraunbæ 119 – www.spv.is
Þjónustuver, sími 575 4100 – Skiptiborð, sími 575 4000

1.sæti í Ánægjuvoginni sjöunda árið í röð!

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



**GRASKER, GRASKER** Nú er tími graskeranna runninn upp í Bandaríkjunum og var þessi gutti afar kátur með hlut sinn í Santa Fe í Nýju-Mexíkó á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leynileg sýnataka úr ítölskum neðrideildarþingmönnum:

# Þriðjungur neytir eiturlyfja

**ÍTALÍA** Þáttagerðarmenn vinsæls ítalsks sjónvarpsþáttar hafa uppgötvað meinta víðtæka eiturlyfjaneyslu þingmanna ítalska þingsins. Þáttagerðarmenn létu taka leynileg lífsýni úr fimmtíu neðrideildarþingmönnunum og reyndust sextán þeirra, eða tæpur þriðjungur, hafa neytt kókaíns eða kannabisefna á síðustu 36 klukkustundunum fyrir prófið, kemur fram á fréttavef breska ríkisútvarpsins BBC.

Þátturinn La Lene (Hýenurnar) er vel þekktur fyrir ýmiss konar prakkarastrik og gerir óspart gys að frægu fólki. Í þetta sinn fengu þáttargerðarmenn fréttamann til að fara í neðri deild þingsins og ræða við þingmenn um fjárlagafrumvarp næsta árs. Með í för var sminka sem strauk svitann af enni þingmannanna undir því yfirskini að lagfæra andlitsmálningu þeirra fyrir myndavélina. Hún var hins vegar að safna lífssýnum.

Af þingmönnunum sextán höfðu fjórir neytt kókaíns og tólf kannabisefna. Ráðamenn þáttarins hafa ekki gefið upp nöfn þeirra.

Le Lene er sýndur á Italia Uno, sjónvarpsstöðinni sem tilheyrir fjölskyldu fyrrum forsætisráðherra Ítalíu, Silvio Berlusconi. - smk



**EITURLYF** Tólf ítalskir þingmenn höfðu notað kannabisefni og fjórir kókaíns.

Harmleikur í Bandaríkjunum:

# Barði kærasta með barninu

**ERIE, AP** Tæplega þrítug kona barði unnusta sinn með fjögurra vikna gömlu barni þeirra beggja með þeim afleiðingum að drengurinn litli höfuðkúpubrotnaði og það blæddi inn á heilann.

„Ég hef aldrei nokkurn tímann orðið vitni að öðru eins," sagði Bradley Faulk, héraðslögmaður í bænum Erie í Pennsylvaníu.

Stjórnvöld fjarlægðu fjögur önnur börn af heimili konunnar og komu þeim til barnaverndaryfirvalda.

Litla barnið var flutt á barnasjúkrahús í Pittsburgh. - gb



**NÝR FORSÆTISRÁÐHERRA** Surayud Chulanont tók við embætti forsætisráðherra nokkrum dögum eftir valdaránið.

Konungur Taílands:

# Ný ríkisstjórn tekin við

**TAÍLAND, AP** Konungur Taílands veitti nýrri ríkisstjórn umboð á mánudag, þremur vikum eftir valdarán stjórnarhersins. Hagfræðingar, háttsettir opinberir starfsmenn og tveir fyrrum herforingjar tóku við ráðherraembættunum.

Gert er ráð fyrir að nýja stjórnin sitji þar til kosningar fara fram í október á næsta ári.

Surayud Chulanont forsætisráðherra tók við embætti nokkrum dögum eftir valdaránið, þegar fyrrum forsætisráðherra Thaksin Shinawatra var steypt af stóli meðan hann var erlendis. Thaksin var sakaður um víðtæka spillingu. - smk

# Sprenging á vinnumarkaði

**Sprenging hefur orðið á vinnumarkaði á þessu ári. Talið er að um sjö þúsund erlendir starfsmenn hafi komið til landsins það sem af er árinu. Erlendir starfsmenn voru tæplega fjögur þúsund í fyrra.**

**VINNUMARKAÐUR** Tæplega fimm þúsund erlendir starfsmenn hafa verið skráðir inn á íslenskan vinnumarkað það sem af er árinu, flestir nú í september. Þetta er meira en allt árið í fyrra. Til viðbótar eru tvö þúsund starfsmenn enn óskráðir.



**BALDUR AÐALSTEINSSON**

Baldur Aðalsteinsson, deildarsérfræðingur hjá Vinnumálastofnun, segir að sprenging hafi orðið á vinnumarkaði á þessu ári. Allt árið í fyrra hafi Vinnumálastofnun gefið út 3.700 atvinnuleyfi en á fyrstu níu mánuðum þessa árs séu skráningarnar komnar vel yfir þá tölu.

Alls hafa rúmlega 4.700 útlendingar verið skráðir á vinnumarkað á þessu ári, þar af eru um 2.700 fyrstu fjóra mánuði ársins og 2.400 frá 1. maí þegar för var gefin frjáls. Flestir hafa verið skráðir í september; tæplega tólf hundruð manns.

Baldur segir að vinnuveitendur viti ekki og hafi ekki vitað nógu vel hvernig eigi að standa að skráningum erlends starfsfólks. „Við höfum átt við það að stríða að fólk vissi ekki hvað það ætti að gera og hvernig ætti að standa að málum. Þetta fór því rólega af stað," segir hann.

Í september breyttist ástandið hins vegar þegar starfsmannastjórar og aðrir stjórnendur fyrirtækja mættu aftur til vinnu eftir sumarleyfi og losnaði um stífluna hjá Þjóðskránni við afgreiðslu á kennitölum. „Fólk skilaði sér illa inn í kerfið en með lækkandi sól, umræðu í fjölmiðlum og átaki hjá okkur fór þetta að skila sér," segir Baldur.

Tölvukerfið hjá Vinnumálastofnun er beintengt við Þjóðskrána og því sjá starfsmenn Vinnumálastofnunar hversu margir eru á utangarðsskrá hjá Þjóðskránni á hverjum tíma og eru þeir um tvö þúsund talsins í dag. Það hafa því verið samtals um sjö þúsund erlendir starfsmenn í landinu á árinu. Beintengingin gerir það að verkum að um leið og starfsmenn eru skráðir hjá Vinnumálastofnun detta þeir út af utangarðsskrá.

„Langstærsti hlutinn er frá Póllandi og svo eru þetta líka Litháar og Lettar. Flestir eru í byggingaiðnaði og fiskvinnslu en líka á hótelum, lager og í fleiri störfum."

ghs@frettabladid.is



**NÁNAST TVÖFÖLDUN** Um sjö þúsund erlendir starfsmenn, fyrst og fremst frá Póllandi en líka Litháen og Lettlandi, hafa verið við störf hér á landi á árinu. Þetta er nánast tvöföldun frá því í fyrra og árið þó ekki búið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Mörg börn með Downs-heilkenni hafa hjartagalla:

# Foreldrar vilja aukinn stuðning

**HEILBRIGÐISMÁL** Á ráðstefnu um Downs-heilkenni sem haldin var fyrir skömmu kynnti Ingólfur Einarsson, barnalæknir á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, niðurstöður könnunar sem hann gerði á meðal fjölskyldna barna með Downs-heilkenni.

„Það var mat þeirra sem svöruðu að misvel væri staðið að greiningarferlinu en nú er í bígerð að gera verklagsreglur fyrir fæðingardeildir í landinu um hvernig upplýsingum skuli komið á framfæri. Þá finnst mörgum foreldrum vanta upp á stuðning í kjölfar greiningar og vilja fá viðtöl við fagaðila."

Í könnun Ingólfs kom í ljós að líkamlegir kvillar eru algengir hjá þessum börnum. „Þannig greindust meðfæddir hjartagallar hjá 60 prósentum þeirra barna sem könnunin náði til og þurfti meirihluti þeirra að fara í aðgerð vegna þessa."

Könnunin sýnir einnig að það hefur áhrif á félagslegt og fjárhagslegt umhverfi foreldra að eignast barn með Downs-heilkenni. „Yfir 50 prósent svarenda töldu umönnun barnanna íþyngjandi en hegðunarerfiðleikar eru algengir hjá börnum með Downs-heilkenni. Þá kom í ljós að mæður þessara barna þurfa undantekningarlaust að minnka við sig vinnu tímabundið vegna breyttra aðstæðna. Feðurnir unnu hins vegar undantekningarlaust fullan vinnudag og jafnvel meira." - hs



**INGÓLFUR EINARSSON** Unnið er að verklagsreglum fyrir fæðingardeildir um hvernig upplýsingum skuli komið á framfæri.

66 ára tekin fyrir hraðakstur:

## Á tvöföldum hámarkshraða

**LÖGREGLUMÁL** 66 ára gömul kona var ein þeirra fjölmörgu sem voru gripin við hraðakstur í umdæmi lögreglunnar í Reykjavík á mánudag og þriðjudag. Konan var stöðvuð við Arnarbakka í Breiðholti á meira en tvöföldum leyfilegum hámarkshraða en hún ók á 67 kílómetra hraða þar sem hámarkshraði er 30.

Alls voru 25 ökumenn teknir fyrir hraðakstur á rúmum sólarhring. Þá stöðvaði lögregla þrjá ökumenn sem þegar var búið að svipta réttindum en höfðu ekki látið sér segjast. Þeir mega eiga von á hárri sekt. **- þsj**

Danska stjórnin framfylgir stefnu um sameiningu háskóla:

# Kaupmannahafnarháskóli verður stærstur

**DANMÖRK, AP** Danska ríkisstjórnin hefur ákveðið að hrinda í framkvæmd stórtækum áformum um sameiningu háskóla landsins. Við breytingarnar verður Kaupmannahafnarháskóli stærsti háskóli Norðurlandanna.

Alls verða tíu minni skólar sameinaðir stærstu skólunum þremur; háskólunum í Kaupmannahöfn og Árósum auk Tækniháskólans DTH. Um tveir þriðju allrar akademískrar rannsóknarstarfsemi í Danmörku mun framvegis fara fram innan þessara þriggja skóla.

Lyfjafræðiháskóli Danmerkur og danski landbúnaðarháskólinn verða sameinaðir Kaupmannahafnarháskóla, einum elsta háskóla Evrópu, sem margar kynslóðir Íslendinga hafa numið við. Eftir breytingarnar verða um 5.500 akademískir starfsmenn við skólann og um 36.000 nemendur.

Að sögn Helge Sander, vísinda- og tæknimálaráðherra, munu breytingarnar hámarka nýtingu þeirrar rannsóknaraðstöðu sem fyrir hendi er í landinu. Breytingarnar taka gildi um næstu áramót. **- aa**



**GAMLI GARÐUR** Við breytingarnar verður Kaupmannahafnarháskóli stærsti háskóli Norðurlanda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ELFA DÖGG S. LEIFSDÓTTIR, VERKEFNASTJÓRI HJÁLPARSÍMANS.**

Hjálparsími Rauða krossins:

## Vilja minna á úrræði í boði

**FÉLAGSMÁL Hjálparsími Rauða kross Íslands stendur fyrir átaki vikuna 9. til 16. október í tengslum við Alþjóða geðheilbrigðisdaginn sem haldinn var í gær. Tilgangurinn er meðal annars að minna þá sem þjást af sálrænum kvillum á þann stuðning sem þeim stendur til boða með því að hringja í Hjálparsímann 1717 og hvetja til umræðu um málefni geðfatlaðra hér á landi. Á síðasta ári bárust sextán þúsund hringingar. „Fólk þekkir oft ekki úrræðin sem eru í boði. Það er þá gott að geta hringt í eitt númer til að fá fræðslu um þau,“ segir Elfa Dögg S. Leifsdóttir, verkefnastjóri Hjálparsímans. - kdk**



**GEISLADISKAR** „Verið að mismuna menningargeirum,“ segir Gunnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri SFH.

Hljómplötuframleiðendur:

## Ekki lækkun á geisladiskum

**SKATTAMÁL** Virðisaukaskattur verður lækkaður úr fjórtán prósentum í sjö prósent á bókum, tímaritum, blöðum, húsihitun og hótelgistingu, en ekki geisladiskum. Gunnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka flytjenda og hljómplötuframleiðenda, SFH, segir þetta hróplegt óréttlæti.

„Við furðum okkur á þessu. Með þessu er verið að mismuna menningargeirum og við munum tvímælalaust koma þeim skilaboðum á framfæri við stjórnvöld. Við teljum það brot á jafnræðisreglum að tónlistin sitji ekki við sama borð og aðrar listir.“ **- ghs**

**DÓMSMÁL**

### Skattabrot

Tekið verður til efnismeðferðar í Hæstarétti í dag mál ákæruvaldsins gegn Árna Þór Vigfússyni, Kristjáni Ragnari Kristjánssyni, Ragnari Orra Benediktssyni og Stefáni Hjörleifssyni fyrir brot á lögum um vörsluskatta. Þeir voru fundnir sekir í héraðsdómi.




NÝHERJI BÝÐUR TIL NÁMSSTEFNU

IT Service Management & Information Lifecycle Management

**Nýherji býður til námsstefnu á Nordica þann 12. október um þjónustustjórnun (ITSM) og meðhöndlun og varðveislu gagna (ILM).**

Námsstefnan tekur á tveimur að helstu viðfangsefnum fyrirtækja og stofnana við rekstur tölvukerfa. Annars vegar standa fyrirtæki frammi fyrir því að þurfa að lækka kostnað við rekstur tölvukerfa sinna á sama tíma sem þau þurfa að viðhalda eða auka þjónustustigið sem er megin inntakið í ITSM. Samhliða þessu eykst gagnageymsluþörf fyrirtækja árlega um 20% með tilheyrandi aukningu í kostnaði við utanumhald þeirra gagna.

Nýherji hefur fengið þrjá helstu sérfræðinga frá IBM til landsins til að kynna þessi hugtök og lausnir.

Á fyrri hluta námsstefnunnar er farið yfir ITSM og seinni hlutann farið yfir ILM.

**Um er að ræða viðburð sem tæknimenn og stjórnendur tölvudeilda ættu ekki að láta fram hjá sér fara.**

**Aðgangur er ókeypis.**

Nánari upplýsingar á www.nyherji.is

Skráning fer fram á ver@nyherji.is

DAGSKRÁ

| | |
|---|---|
| 12:00 | **Setning**<br>*Þorvaldur Jacobsen, framkvæmdarstjóri Kjarnalausna Nýherja* |
| 12:15 | **Introduction to IBM IT Service Management Strategy**<br>*Lewis Troke - Tivoli Software Pan EMEA PACO Team Leader*<br>Learn how IBM Tivoli's new IT Service Management solutions can help you efficiently and effectively align IT performance to business goals. |
| 13:15 | **Enabling IBM IT Service Management**<br>*Lewis Troke - Tivoli Software Pan EMEA PACO Team Leader*<br>Get a better overview and obtain integration and automation of IT management processes across the organization. |
| 14:15 | **Kaffihlé** |
| 14:30 | **Introduction to Information Lifecycle Management**<br>*Claudio Christensen - Head of Tivoli Storage & TotalStorage Software – Nordic Region*<br>Learn how your company can get more out of its information and hear about the business advantages within Information Lifecycle Management. |
| 15:00 | **Information Lifecycle Management Components**<br>*Robert Hockey – IBM Consulting IT Specialist*<br>Learn more about the software and hardware components behind a successful Information Lifecycle Management solution. |
| 16:00 | **Get a Good Start With Information Lifecycle Management – a practical example**<br>*Robert Hockey – IBM Consulting IT Specialist*<br>A practical example of how you get successfully started with a Information Life Cycle Management |
| 16.45 | **Q&A on IT Service Management & Information Lifecycle Management**<br>*Robert Hockey og Lewis Troke*<br>Get the opportunity to ask questions and get answers from IBM's best IT Service Management and Information Lifecycle Management experts. |
| 17:00 | **Umræður og léttar veitingar** |

NÝHERJI

Tivoli software

Nýherji hf. • Borgartúni 37 • 105 Reykjavík • Sími 569 7700 • www.nyherji.is


Á morgun
kl. 10:00 tökum við umbúðirnar
utan af stærstu verslun á Íslandi.
IKEA, Kauptúni í Garðabæ.
NÝ VERSLUN
12.10.2006




© Inter IKEA Systems B.V. 2006

## „ORÐRÉTT“

### *Það er eins gott, því við borgum*

**„Þetta verður ljóssúla en ekki steypt mannvirki og ég held að fólk eigi eftir að kunna að meta þetta á endanum.“**

VILHJÁLMUR VILHJÁLMSSON BORGARSTJÓRI UM FRIÐARSÚLU YOKO ONO SEM KOSTAR UM 30 MILLJÓNIR.

**Fréttablaðið 10. október.**

### *Ha, ekki Revolution number 9?!*

**„Sjálfur held ég mest upp á Michelle og Yesterday.“**

VILHJÁLMUR VILHJÁLMSSON BORGARSTJÓRI SEGIR FRÁ UPPÁHALDS BÍTLALÖGUNUM SÍNUM, BÁÐUM EFTIR MCCARTNEY.

**Fréttablaðið 10. október.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÓTTAR FELIX HAUKSSON ÚTGEFANDI

## *Til Kína með Róbertínó*



„Það er helst að frétta að ég er að ljúka við að ganga frá nýjum diski með Jóhanni Helgasyni,“ segir Óttar Felix Hauksson, útgefandi hjá Zonet. „Eins og fólk veit er Jóhann einn af þeim stóru sem komu upp úr bítlabylgjunni. Hann á mörg lög sem allir þekkja en aðrir hafa sungið, lög eins og Söknuður og Karen Karen, en á þessum diski syngur hann lögin sjálfur. Hann er einlægur og mjúkur og það verður mikill fengur að þessari plötu. Á föstudaginn fer ég svo til Sjanghæ í Kína og fylgi þar eftir listamönnum sem spila á áttundu listahátíðinni þar. Þetta eru djasskvartett Sigurðar Flosasonar og Jóels Pálssonar og svo Róbertínó, sem er orðinn nokkuð stórt númer í Kína. Ég er búinn að gefa út tvær af plötum hans í Kína og sú þriðja er á leiðinni. Við erum kannski ekki að tala um milljónasölu enda hafa fæstir Kínverjar svo mikið sem séð geislaspilara. En þetta er gífurlega vaxandi markaður og er núna níundi stærsti geisladiskamarkaður heims. Ég hef farið tvisvar áður á listahátíðina í Sjanghæ, með Guitar Islancio og KK sem þeir voru mjög ánægðir með, og núna treystu þeir mér fyrir því að velja listamenn á hátíðina. Ég hlakka mikið til að koma til Sjanghæ aftur. Það er mikil orka í loftinu og gríðarlegur vöxtur. Sjanghæ er ný borg í hvert skipti sem maður kemur þangað.“

## LEIKFÖNG:
### PLAYMO-KARL Í RUSLINU



Playmobil-karlarnir komu á markað 1974 og síðan hafa í kringum tveir milljarðar playmo-karla dvalið í barnaherbergjum um víða veröld. Hægt er að fá karlana í ótal útgáfum, til dæmis sjóræningja og fótboltamenn, en einnig eru til jarðbundnari týpur eins og karl sem keyrir sementspoka í handlyftara, kona með fatlaðan karl í hjólastól og playmo-ruslakarl sem kemur með opnanlegri ruslatunnu. Nú er vonandi að Playmo setji á markað playmo-karl með bindi sem situr við tölvu svo börnin læri nú snemma að meta hvað bíður þeirra.

## SJÓNARHÓLL
LÆKKUN MATARVERÐS



PÉTUR GUÐMUNDSSON VERSLUNARSTJÓRI

### *Betra seint en aldrei*

„Að sjálfsögðu fögnum við kaupmenn lækkun virðisauka á matvæli og niðurfellingu vörugjalda og lækkun tolla á innfluttum kaupvörum,“ segir Pétur Guðmundsson, verslunarstjóri í Melabúðinni, um tillögur ríkisstjórnarinnar til lækkunar matarverðs, sem taka eiga gildi 1. mars nk. „Það er spurning hvað er í inni í þessu, t.d. hvort ávaxtasafar falli undir „önnur matvæli“ og virðisaukaskatturinn lækki þá úr 24,5 prósent í sjö prósent af þeim. Svo finnst mér að það mætti leggja af uppboð á kvótum af innfluttum kjötvörum og ostum svo jafnræðis gæti með fyrirtækjum. Neytendur þurfa ekki að hafa áhyggjur af því að kaupmenn og heildsalar skili þessu ekki til þeirra. Þessar aðgerðir hefðu auðvitað mátt koma fyrr en það er betra seint en aldrei.“

# Jafnast á við góðan sálfræðitíma

**Haukur Heiðar Ingólfsson og Árni Scheving hafa gert fimm geisladiska með „huggulegheita“ (e. easy listening) tónlist síðan árið 1984. Nú eru diskarnir í fyrsta skipti allir fáanlegir á sama tíma. Haukur og Árni segja „lyftutónlist“ ekki vera skammaryrði í þeirra eyrum.**

„Diskarnir hafa klárast og aldrei verið allir til í einu áður. Það hefur lengi staðið til að þetta yrði allt fáanlegt enda er fólk sem á kannski einn eða tvo diska oft að spyrja okkur hvar það geti fengið hina diskana,“ segir Haukur Heiðar Ingólfsson píanóleikari.

Árni Scheving er verkstjóri á diskunum, útsetur og velur lögin ásamt Hauki, en fjölmargir aðrir koma við sögu, meðal annars Vilhjálmur Guðjónsson gítarleikari og Einar Valur Scheving slagverksleikari. „Þetta eru allt lög sem fólk þekkir. Þau hafa verið vinsæl sem sungin lög en eru í leiknum útgáfum hjá okkur,“ segir Haukur og Árni bætir við: „Þetta er stúdíótónlist fyrst og fremst og það sannast á þessum diskum að „less is more“. Það reynir á að melódíurnar njóti sín .“

Samvinna félaganna hófst árið 1984 með plötunni Með suðrænum blæ en Suðrænar perlur kom rúmum tíu árum síðar. „Á þessum tveimur diskum er helmingur laganna sunginn, meðal annars af þeim Björgvini Halldórssyni og Agli Ólafssyni, en á diskunum sem eftir komu er eingöngu leikin tónlist,“ segir Haukur. Það eru diskarnir Á ljúfum nótum (1999), Mánaskin (2001) og sá nýjasti, Glitra gullin ský (2004).

Haukur hefur spilað á Broadway síðastliðin 15 ár á undan sýningum. „Allur píanóleikur Hauks er tekinn upp í Broadway á flyglinum þar,“ segir Árni. „Bæði er hann vanur þessum flygli og svo sándar hann vel. Gunnar Smári Helgason hefur tekið allar þessar plötur upp og það má segja að hann sé hluti af batteríinu með okkur.“ Þrátt fyrir náið samstarf í plötugerð hafa Haukur og Árni sárasjaldan spilað saman á tónleikum og segja það allt of mikið fyrirtæki að koma saman bandi til að spila þessa tónlist „læf“.

Félögunum finnst það ekkert niðrandi þótt stimpilinn „lyftutónlist“ sé settur á tónlist þeirra, en það er kannski ekki nógu góð skilgreining því lyftur á Íslandi fara ekki nógu hátt til að það taki því að spila tónlist í þeim. „Það kemur oft fyrir að það er leikið af diskunum þegar maður hringir eitthvert og er settur á bið. Það jafnast á við góðan sálfræðitíma að hlusta á þetta í síma,“ segir dr. Haukur, sem er starfandi heilsugæslulæknir. En er hann ekkert að spila þessa huggulegu tónlist fyrir sjúklingana? „Tja, þær spila þetta stundum stúlkurnar í biðstofunni, en það er ekki að mínu frumkvæði,“ fullyrðir doktorinn.

gunnarh@frettabladid.is



**HUGGULEGHEITATÓNLISTARMENNIRNIR ÁRNI SCHEVING OG HAUKUR HEIÐAR INGÓLFSSON** Fimm diskar á tuttugu árum og nú loksins allir fáanlegir í einu.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


Tölvunám

Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt og markvisst námskeið ætlað þeim sem hafa einhvern tölvugrunn að byggja á eða eru að vinna við tölvu og vilja auka við þekkingu sína hraða og færni. Mikið lagt uppúr vinnusparandi aðgerðum í tölvu.



- Windows skjalavarsla
- Word
- Excel
- Internet
- Outlook tölvupóstur og dagbók

Kennsla hefst 17. október í Reykjavík og 24. október á Akureyri.
Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga, morgun- og kvöldnámskeið.
Lengd 63 std. Verð kr. 39.900,-
Allt kennsluefni innifalið.

VAKTAVINNUFÓLK
Flest námskeið skólans geta hentað ykkur sérstaklega vel þar sem möguleiki er að skipta milli morgun- og kvöldtíma eftir vöktum án þess að missa úr á stærri námskeiðum.

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
FAXAFEN 10 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS SKOLI@TSK.IS | SÍMI: 544 2210

Tölvuskólinn þinn


Sjón orðinn teiknimyndafígura í Önnu og skapsveiflunum:

# Bíður eftir tilboðunum

Teiknimyndin Anna og skapsveiflurnar var forsýnd í Tjarnarbíói um helgina á Kvikmyndahátíð í Reykjavík. Þetta er tæplega hálftíma löng teiknimynd sem Gunnar Karlsson hjá Caoz leikstýrði eftir handriti Sjóns. Sjón er sögumaður myndarinnar og vappar þar um sem teiknimyndafígúra.

„Ég er mjög ánægður með að vera orðinn teiknimyndafígúra og bind miklar vonir við að fá fleiri tilboð sem slík,“ segir Sjón. „Ég vona að stórfyrirtæki sjái hversu sniðug þessi týpa er og bjóði henni hlutverk í væntanlegum stórmyndum. Ef ég mætti ráða vildi ég helst fá að vera í Toy Story 3, því hinar myndirnir tvær eru með því allra besta sem Hollywood hefur sent frá sér á síðari árum.“

Jóhann Sigurjónsson talar fyrir sögumanninn sem Sjón „leikur“, en í ensku útgáfunni talar Terry Jones, meðlimur Monty Python-hópsins, fyrir sögumanninn. „Það stóð til að fíguran yrði byggð á útliti Terrys, en þegar ég mætti einn daginn niður í Caoz var Gunnar Karlsson búinn að teikna mig inn í verkið. Það kom mér á óvart en ég er mjög ánægður með það.“

Anna og skapsveiflurnar byrjaði sem saga eftir Sjón og tónverk eftir Julian Nott sem Brodsky-kvartettinn flutti á tónleikum í Englandi með leiklestri Sjóns. „Þá fínpússuðust týpurnar, en svo var þetta auðvitað endurskrifað og aðlagað fyrir stuttmyndina,“ segir Sjón.

Hann talar fyrir brjálaðan lækni sem foreldrar Önnu senda hana til, bæði í íslensku og ensku útgáfunni, en Björk talar fyrir Önnu í ensku útgáfunni. „Í íslensku útgáfunni talar hins vegar Ólafía Hrönn fyrir Önnu, enda er hún „hin íslenska Björk“,“ segir Sjón og er skemmt.




**SJÓN SKRÍPÓ** Vonar að hann fái hlutverk í Toy Story 3.

Anna og skapsveiflurnar verður tekin til almennra sýninga eftir áramótin og Sjón segist bara liggja með tærnar upp í loft þessa dagana. „Það er engin bók fyrir jól og ég hef það bara náðugt. Mig langar dálítið til að vinna söngleik upp úr sögunni um Önnu og skapsveiflurnar, enda er margt í tónlistinni hans Julians sem hægt er að taka lengra,“ segir skáldið.

- glh

# VERKFÆRI
# Á „VITLAUSU“ VERÐI

## Alltaf góð kaup hjá okkur!




**Kr. 3.498,-**

NOVA 18V Batterísborvél + 3,6V Skrúfvél, borar og skrúfbitar



**Kr. 3.498,-**

NOVA Batterísborvél 18V + 91 stk. verkfæri



**Kr. 3.498,-**

Verkfærasett 133 hlutir með borvél




**Kr. 1.295,-**

NOVA 4,8V Skrúfvél og skrúfbitar



**Kr. 1.245,-**

Verkfærasett. 55 hlutir




**Kr. 1.965,-**

Verkfærasett 33 hlutir




**Kr. 475,-**

Verkfærasett 5 hlutir



**Kr. 575,-**

4 tangir

Verkfærasett 84 hlutir

**Kr. 1.480,-**



LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Meiri gæði
Lægra verð

MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*Byggingavöruverslunin í Árbænum*

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

*Akureyri - Húsavík*

**Opið mán. - fös. 8-18, laugardaga 9-17**

## Svona erum við

> Áfengisneysla léttra vína á hvern íbúa 15 ára og eldri




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** MORÐIÐ Á RÚSSNESKA BLAÐAMANNINUM ÖNNU POLITKOVSKAJU:

# Villimannleg útrýming í Tsjetsjeníu

Útför rússneska blaðamannsins Önnu Politkovskaju fór fram í Moskvu í gær. Blaðamenn á ritstjórnum á Norðurlöndunum, þar á meðal á Fréttablaðinu, og annars staðar í Evrópu heiðruðu blaðamanninn með mínútu þögn og sýndu líka með þeim hætti stuðning sinn við blaðamenn víðs vegar um heiminn sem vinna við erfiðar þjóðfélagsaðstæður. Vladimír Pútín, forseti Rússlands, hefur lofað því að finna morðingjann.

**Hver var Anna Politkovskaja?**
Anna var 48 ára gamall blaðamaður á blaðinu Novaja Gazeta sem fjallaði með gagnrýnum hætti um stríðið í Tsjetsjeníu en hún er ein talin hafa unnið svipað afrek í Rússlandi og hópur bandarískra blaðamanna gerði með umfjöllun sinni um Víetnamstríðið. Anna gerði löndum sínum grein fyrir því að stríðið í Tsjetsjeníu væri villimannleg útrýmingarherferð með nauðgunum og pyntingum þar sem verslun með lík og gísla væri daglegt brauð.



Anna sagði að hermennirnir væru fullir af minnimáttarkennd. Þetta væru menn sem kæmu frá fátækum fjölskyldum en í Tsjetsjeníu fengju þeir á tilfinninguna að þeir væru hálfgerðir guðir sem hefðu vald til að ákveða hverjir skyldu lifa og deyja. Loksins gætu þeir þénað peninga.

Anna fjallaði um spillingu í Rússlandi og veitti valdhöfum þar í landi mikið aðhald. Hún var kölluð helsti óvinur Pútíns. Henni hafði margoft verið hótað lífláti, meðal annars opinberlega þegar nokkrir hermenn skrifuðu grein í blað og lýstu því yfir að Anna væri föðurlandssvikari og að þeir færu eftir lögum stríðsins. Margoft hafði verið reynt að ráða hana af dögum, meðal annars með eitri.

**Hvað með fjölskyldu hennar?**
Hún var tveggja barna móðir en maður hennar skildi við hana árið 1999 vegna vinnu hennar. Sonur Önnu átti erfitt með að skilja hvers vegna hún pirraði rússnesk stjórnvöld þar til hann kom eitt kvöld heim eftir að hafa neyðst til að borga umferðarlögreglunni fyrir að nauðga ekki kærustunni sinni.

## SPURT & SVARAÐ
ÞUNGLYNDI

### *Bjóðum aðstoð okkar*



ELFA DÖGG S. LEIFSDÓTTIR STARFSMAÐUR HJÁLPARSÍMANS

Alþjóðlegi geðheilbrigðisdagurinn var haldinn í gær. Í tilefni þess stendur Hjálparsími Rauða krossins fyrir átaki fram á næsta mánudag sem á að beina sjónum fólks að þeim sem berjast við þunglyndi. Elfa Dögg S. Leifsdóttir starfar við Hjálparsímann 1717.

**Hvernig er hægt að berjast gegn þunglyndi? Það er til að mynda hægt með forvörnum frá bernsku. Fólk er hvatt til að ræða líðan sína við aðra. Þegar fólk finnur sig í öngstræti er svo mikilvægt að það leiti sér hjálpar hjá fagaðila, heilsugæslu eða annars staðar.**

**Hvernig er árangur ykkar? Hjálparsímanum bárust sextán þúsund hringingar á síðasta ári, þegar öll símtöl voru talin. Það er erfitt að mæla árangur þessara símtala en þau símtöl sem við höfum fengið frá fólki sem hefur viljað þakka okkur seinna segja okkur töluvert.**

**Hvað getur maður sjálfur gert fyrir aðra? Ef maður veit af einhverjum sem maður veit að líður illa er rétt að hvetja hann til að ræða málin, leita sér aðstoðar eða jafnvel að bjóðast til að fara með viðkomandi að leita sér aðstoðar.**

# Íslandssaga fyrir Ronald Reagan

**Áður en til leiðtogafundarins í Höfða kom árið 1986 var Ronald Reagan Bandaríkjaforseti fræddur um land og þjóð, til að hann gæti haldið uppi léttum samræðum við helstu leiðtoga Íslands. Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur skoðaði minnisblað Reagans.**

Ronald Reagan Bandaríkjaforseta líkaði sjaldnast að lesa langar skýrslur eða greinargerðir í forsetatíð sinni. Á ferðum til útlanda gat komið fyrir að vanþekking forsetans á staðháttum kæmi honum í koll en langoftast réð sjarmi hans því að gestgjafarnir fyrirgáfu honum ef hann lét einhverja vitleysu út úr sér. Þar að auki rífast menn ekki svo glatt við forseta voldugasta ríkis í heimi.

Best var auðvitað að Reagan væri vel undirbúinn og kynni línurnar eins og hann hafði farið létt með á löngum og farsælum leikaraferli í Hollywood. Þegar fyrir lá haustið 1986 að leiðtogafundur hans og Gorbatsjovs yrði á Íslandi þurfti starfslið forsetans að útbúa minnisblað með helstu staðreyndum um landið. Hann myndi hitta helstu ráðamenn hér; Vigdísi Finnbogadóttur forseta, Steingrím Hermannsson forsætisráðhera og Matthías Á. Mathiesen utanríkisráðherra, og þyrfti því að geta haldið uppi léttum samræðum um land og þjóð.

### Fimm málsgreinar duga

Minnispunktum fyrir fund Reagans með þessum þremur Íslendingum var komið fyrir í fimm málsgreinum á hálfri A4 síðu. Þar sagði fyrst að allir töluðu þeir ensku. Vigdís Finnbogadóttir hefði verið kjörin forseti árið 1980 en embætti hennar væri að mestu táknræn tignarstaða. Pólitísk völd lægju hjá forsætisráðherranum. Hann héti Steingrímur Hermannsson og væri formaður Framsóknarflokksins sem væri í samsteypustjórn með stærri flokki, Sjálfstæðisflokknum. Utanríkisráðherrann kæmi úr þeim flokki.

### Traustum bandamönnum þakkað

Reagan átti að geta hrósað ráðamönnum fyrir góðan árangur á sviði efnahagsmála. Ríkisstjórn Íslands væri líka traustur bandamaður innan NATO, „þrátt fyrir langa hefð einangrunarstefnu og hlutleysi í utanríkismálum“ á Íslandi. Minnisblaðinu lauk svo með þessari „línu“ fyrir Bandaríkjaforseta:

„Þú munt vilja þakka ríkisstjórn Íslands fyrir allt sem hún hefur gert til að tryggja að fundurinn með Gorbatsjov fari vel fram. Önnur umræðuefni gætu verið samskipti austurs og vesturs og samskipti við Ísland; til dæmis samkomulag um herflutninga og farþegaflug. Ekki er búist við því að Íslendingarnir veki máls á viðamiklum málefnum á meðan á kurteisisheimsókn þinni til þeirra stendur.“

### Tveggja síðna upprifjun á sögunni

Ronald Reagan fékk svo líka í hendur tveggja blaðsíðna „Background Paper“ um Ísland. Þar var farið yfir sögu landsins og helstu þjóðareinkenni, auk þeirra mála sem höfðu sett mark sitt á samskipti Íslands og Bandaríkjanna undanfarin ár. Hér er stiklað á stóru í þeirri lýsingu:

Ísland er eitt smæsta og fámennasta ríki Evrópu. Ísland á aðild að NATO en er ekki í Efnahagsbandalaginu. Íslendingar eru norrænir að upplagi og lífsgæði eru jafngóð og annars staðar í Norður-Evrópu. Íslendingar eru mjög stoltir af landi sínu og sögu og taka það óstinnt upp ef þeim finnst að þeir njóti ekki tilhlýðilegrar virðingar.

Í seinni heimsstyrjöld hernámu Bretar Ísland. Bandaríkjamenn tóku við af þeim og komu í veg fyrir að þessi mikilvæga eyja félli í hendur nasista (ekki var tekið fram að munur var á hernámi Breta og herverndarsamningnum við Bandaríkin, enda vart rúm til þess). Íslendingar eru sérlega stoltir yfir þeim fórnum sem þeir færðu í stríðinu og benda á að hlutfallslega hafi fáir bandamenn misst jafnmarga í stríðinu og þeir.

### Bandarísk vernd landsins

Eftir stríð gekk Ísland í NATO og árið 1951 fóru ráðamenn bandalagsins fram á að Íslendingar gerðu ráðstafanir til að tryggja varnir sínar. Bandaríkin og Ísland gerðu því með sér varnarsamning (aftur var sagan flóknari en þetta!). Í dag eru um 3.000 bandarískir hermenn í landinu. Bandaríkin borga enga leigu fyrir land undir varnarstöðina í Keflavík eða aðrar bækistöðvar. Þótt varnarsamningnum megi segja upp hvenær sem er eru engin ákvæði um reglulega endurskoðun hans.



**RONALD REAGAN OG VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR** Reagan fékk að vita að staða Vigdísar væri að mestu táknræn tignarstaða. Pólitísk völd lægju hjá forsætisráðherra.

### Öflugur kommúnistaflokkur

Stjórnmálavettvangurinn á Íslandi nær frá íhaldsflokknum til hægri að litlum en öflugum kommúnistaflokki (það er að segja Alþýðubandalaginu). Núverandi samsteypustjórn sýnir hagsmunum Bandaríkjanna og NATO mun meiri velvilja en síðustu ríkisstjórnir. Því hefur tekist að hefja nauðsynlegar umbætur á varnarstöðinni eftir langt hlé. Samt sem áður gætir ætíð talsverðrar andstöðu á Íslandi við umsvif Bandaríkjanna. Það er því mjög mikilvægt að huga ætíð vel að samskiptum okkar við Ísland.

Þótt núverandi ríkisstjórn sé vinveitt Bandaríkjunum hafa ýmis vandræði komið upp undanfarin ár. Þau vekja litla athygli í Washington en teljast til mikilvægustu mála í utanríkisstefnu Íslands.

### Deilan um herflutninga erfiðust

Deilan um herflutninga hefur verið erfiðust að eiga við. Íslensk stjórnvöld neita að lúta bandarískum lögum frá 1904 um einkarétt Bandaríkjamanna á flutningum fyrir herlið þeirra. Núna í september var undirritað samkomulag um sérstaka undanþágu fyrir Ísland í þessum efnum.

Bandarísk lög um efnahagsþvinganir gegn þeim þjóðum sem stunda hvalveiðar hafa einnig valdið usla. Íslendingum finnst að Bandaríkjamenn séu að hlutast til um þeirra innanríkismál og þeir benda á að sjávarafurðir nemi um 80 prósentum alls útflutnings þeirra. Stærsti markaðurinn er í Bandaríkjunum.

Undir lok áttunda áratugarins og í byrjun þess níunda lenti Ísland í efnahagskreppu eins og flest önnur lönd í Vestur-Evrópu. Núverandi ríkisstjórn hefur aftur á móti tekist einstaklega vel að hafa hemil á verðbólgu og náð henni úr 80 prósentum fyrir þremur árum niður í um það bil 10 prósent. Atvinnuleysi þekkist vart og hagvöxtur nær líklega 3,5 prósentum þetta ár. Þessi hagstæða þróun mun styrkja stöðu Sjálfstæðisflokksins við næstu kosningar, sem verða haldnar í síðasta lagi næsta vor.

Svo mörg voru þau orð. Ronald Reagan kom til Íslands, ræddi við gestgjafa sína og var skemmtilegur í allri viðkynningu. Ekki er víst að hann hafi munað allt sem hann átti að læra; um þjóðina stoltu, mikilvægi landsins fyrir Bandaríkin, deiluefnin undanfarin ár og efnahagsárangur ríkisstjórnarinnar. Þingkosningarnar 1987 fóru síðan á allt annan veg en hinir bandarísku leiðbeinendur Reagans sáu fyrir, og gátu varla ímyndað sér að maðurinn sem tók það sama ár við formennsku í „Kommúnistaflokki Íslands“ yrði tæpum áratug seinna forseti Íslands.

töfrandi
jól 2006
AVEDA
the art and science of pure flower and plant essences



Við bjóðum upp á spennandi jólagjafir fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Gjafir og verð sem henta öllum.

Fáðu sendar upplýsingar um innihald og verð eða skoðaðu heimasíðuna okkar www.aveda.is

Sendu fyrirspurn á heimir@aveda.is

# TOSHIBA

WHAT HI-FI? · WhatPlasma · BEST BUY What Video · WhatPlasma EDITOR'S CHOICE · WHAT HOME CINEMA BEST BUY · HOME cinema EDITOR'S CHOICE

MARGVERÐLAUNUÐ HÁGÆÐA SJÓNVARPSTÆKI






| 42" TOSHIBA 42WL58PG | |
|---|---|
| Upplausn | 1366 x 768 |
| Contrast | 550:1 |
| Birta | 500 ccl/m² |
| Svartími | 10 ms |
| HD ready | 3 scart<br>2 HDMI<br>1 Component Video |
| Tilboð: | 349.900 stgr. |

| 37" TOSHIBA 37WL58PG | |
|---|---|
| Upplausn | 1366 x 768 |
| Contrast | 800:1 |
| Birta | 500 cd/m² |
| Svartími | 10 ms |
| HD ready | 3 scart<br>2 HDMI<br>1 Component Video |
| Tilboð: | 199.900 stgr. |

| 32" TOSHIBA 32WL58PG (video TESTSIEGER) | |
|---|---|
| Upplausn | 1366 x 768 |
| Contrast | 800:1 |
| Birta | 500 cd/m² |
| Svartími | 10 ms |
| HD ready | 3 scart<br>2 HDMI<br>1 Component Video |
| Tilboð: | 169.900 stgr. |

Öll tækin má festa á vegg

Eigum einnig glæsileg sjónvarps- og hljómtækjaborð

Skoðið nýja heimasíðu:

www.ef.is

P VIÐ DYRNAR

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Símar: 520 7901 & 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Sögulegur fundur í Höfða:

# Kalda stríðið í túnfætinum heima

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Um þessar mundir er þess minnst að tveir áratugir eru liðnir frá því að fundur Reagans, forseta Bandaríkjanna, og Gorbatsjovs, aðalritara sovéska kommúnistaflokksins, var haldinn í Höfða. Framtíðin var þá í höndum þessara tveggja þjóðarleiðtoga. Það var enn kalt stríð.

Mála sannast er að það voru ósmá tíðindi að leiðtogar stórvelda heimsins skyldu velja Reykjavík til þess að drepa niður fæti og takast á um þau viðfangsefni sem heitast brunnu á þeim tíma. Samningaviðræður þeirra sem öllu réðu um afvopnun og hugsanlega þíðu í alþjóðasamskiptum voru í einu vetfangi komnar í túnfótinn hér heima.

Við vorum aðeins áhorfendur og gestgjafar. En rás þessara viðburða hafði með þessum fundi færst nær okkur. Ísland var ekki einangrað eyland heldur hluti af alþjóðlegu samfélagi. Örlög okkar voru háð tali gestanna með sama hætti og örlög annarra.

Fundurinn varpaði vissulega kastljósi á Ísland. En vel má vera að hann hafi einnig opnað augu okkar sjálfra fyrir stærri tækifærum í hinum stóra heimi. Fyrst leiðtogar Bandaríkjanna og Sovétríkjanna gátu lagt leið sína út hingað átti okkur ekki að vera skotaskuld að leggja land undir fót og láta reyna á gagnvegi alþjóðasamskipta.

Fundarstaðurinn var viðurkenning fyrir Ísland. Ímynd landsins var vegna þessa einstaka atburðar um margt sterkari þegar hagkerfið opnaðist og alþjóðavæðingin varð möguleg. Óneitanlega hafði fundurinn því margvísleg áhrif hér í túnfætinum heima. Sumt af því kom í ljós síðar.

Það var eins með efnislegan árangur fundarins. Hann varð mönnum ekki almennt ljós fyrr en síðar. Fyrst í stað voru lok hans flestum vonbrigði. Eftirá þykjast menn hins vegar greina að Höfðafundurinn hafi þvert á fyrstu ályktanir markað þáttaskil.

Í stuttu viðtali sem Auðunn Arnórsson, blaðamaður Fréttablaðsins, átti við Gorbatsjov í Dresden í Þýskalandi nú í vikunni rifjar hann þennan tíma upp og segir að þeir Sovétmenn hafi reyndar frá upphafi litið svo á að þáttaskil hafi orðið og mikill árangur náðst.

Gorbatjsov segir: „Við sögðum strax að loknum fundinum að miklum áfanga hefði þar verið náð og tímamótasamkomulagi um að draga úr kjarnorkuvopnavánni í heiminum, í átt að því að binda enda á kalda stríðið.“

Bandaríkjamenn komu ugglaust til fundarins með stífari kröfur, ekki síst um skýrar skuldbindingar af hálfu Sovétríkjanna og um virkt eftirlit. Þeir vildu ná meira fram og gátu ekki lýst yfir sömu ánægju. Það verður að meta í því ljósi að staðfesta Reagans og Atlantshafsbandalagsríkjanna hafði knúið fram þá taflstöðu sem upp var komin.

En trúlega er það ekki fjarri lagi sem Gorbatsjov segir í þessu viðtali við Fréttablaðið að Bandaríkjamenn hafi þrátt fyrir allt og einkum eftir yfirlýsingar hans gert sér grein fyrir því hér að honum var full alvara og við hann var hægt að semja.

Í sögulegu samhengi má því vissulega líta á Höfðafundinn sem góðum áfanga að lokum kalda stríðsins. Aukheldur var hann góð upplifun hér í túnfætinum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Prófkjörsgleraugu

Tími prófkjara er genginn í garð. Það hefur í för með sér aukið álag á ljósmyndadeildir dagblaða. Frambjóðendur, sem flestir hafa áður verið nokkuð í fjölmiðlum, vilja skipta gömlum myndum í myndasöfnun út fyrir nýjar. Ekkert er við það að athuga. Hins vegar eru sumar breytingar forvitnilegar. Nú birtast til dæmis myndir af Helga Hjörvar með dekkri gleraugu en venjulega. Helgi hefur frá barnæsku háð baráttu við arfgengan augnsjúkdóm og getur rétt ratað í björtu. Undanfarið hefur hann notað venjuleg gleraugu og á stundum engin. Var svo komið að stór hópur trúði því varla að hann væri nánast blindur. Þá dugði bara eitt ráð fyrir Helga; að setja upp dökku gleraugun aftur.



### Hverjir voru hvar

Nú hafa helstu frambjóðendur í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík opnað kosningaskrifstofur sínar. Það er nokkuð vinsæl iðja að lesa út úr því hver mætir á hvaða opnun. Þannig flutti Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri ræðu bæði við opnun hjá Birni Bjarnasyni og Guðlaugi Þór Þórðarssyni. Ástríður Thorarensen, eiginkona Davíðs Oddssonar, mætti hjá Illuga Gunnarssyni og Sigurði Kára Kristjánssyni. Hjá Birgi Ármannssyni voru Vilhjálmur Egilsson og Jónmundur Guðmarsson mættir. Vilhjálmur hélt líka ræðu hjá Ástu Möller. Vert er að hafa í huga að fjölmargir kíkja inn á fleiri en eina kosningaskrifstofu.



### Í bakkgír

Þeir sem þekkja til í bílakjallara Seðlabanka Íslands vita að þar er oft þröng á þingi. Í fordyrinu leggja bankastjórarnir bílum sínum. Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar, var á dögunum að bakka bíl sínum út úr stæðinu. Vildi ekki betur til en svo að hann bakkaði á svo á bílnum sást. Það getur komið fyrir á bestu bæjum enda oft skuggsýnt í kjallaranum. En til að tryggja að þetta komi ekki fyrir aftur hefur bílstjóri Seðlabankans tekið að sér að bakka bíl Davíðs út úr stæðinu fyrir hann – og snúa í akstursátt. Öruggara getur það ekki verið.

bjorgvin@frettabladid.is

# Ótti á tímum friðar

Þessi árin eru einhver hin friðsömustu í sögu mannkynsins. Ef ekki væri fyrir blóðbaðið í Kongó, sem nánast engin áhrif hefur utan þess hrjáða lands, væru þessi ár nánast stríðslaus. Sennilega hefur þó almenn tilfinning um óöryggi sjaldan verið meiri á síðustu áratugum. Margir efast því vafalítið um þá staðhæfingu að samtíðin einkennist af meiri friði en menn hafa yfirleitt þekkt. Staðreyndin er þó sú að óvíðar er barist en oftast áður og færri falla. Þótt enn geysi bardagar í Kongó, fjöldamorð standi yfir í Súdan og Írak sé á barmi borgarastyrjaldar deyja líklega færri vegna ofbeldis þetta árið en flest ár tuttugustu aldar. Í samtímanum eru minni líkur á stríði á milli ríkja en oftast fyrr og því að nútímaleg ríki urðu til. Færri búa líka við ógn um ofbeldi frá ógnarstjórnum en oftast áður. Flóttamönnum frá stríðsátökum og vondu stjórnarfari hefur fækkað. Ef við lítum til baka sjáum við samhengið. Á fyrri hluta tuttugustu aldar dóu líklega meira en 100 milljónir manna af völdum stríðs og fjöldamorða. Eftir heimstyrjöldina kom stóra stökkið í Kína sem kostaði milljónir lífið; stríðið um Kóreu og stríðið í Indókína sem kostaði þrjár milljónir mannslífa; hroðalegar styrjaldir í Mósambik og Angóla; þrjú stríð á milli Indlands og Pakistan og þannig mætti áfram telja. Á þrjátíu ára tímabili sem lauk um svipað leyti og kalda stríðinu voru að minnsta kosti þrjár milljónir manna myrtar í fjöldamorðum í Indónesíu, Kambódíu og Mið-Ameríku. Blóðbaðið tengdist kalda stríðinu sem var óvíða kalt nema í okkar heimshluta. Stórstyrjöld á milli



JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

Í DAG | Alþjóðamál

Íran og Írak kostaði milljón manns lífið.

Þorri þess fólks sem hefur fallið í stríðsátökum á undanförnum árum dó í Kongó. Í samanburði við stríðsátök síðustu aldar og mannfallið í Kongó geta stríðin í Írak, Afghanistan og Líbanon ekki talist sérlega blóðug. Kongó er hins vegar ekki í fréttum, þar er engin olía, landið tengist hvorki heimsviðskiptum né alþjóðlegum stjórnmálaheimi og erfitt er fyrir fjölmiðla að fylgjast með málinu. Því eru atburðir ólíklegir til að hafa áhrif á öryggistilfinningu fólks utan Mið-Afríku. En hvers vegna þá þessi djúpa tilfinning um óöryggi á einhverjum friðsamasta tíma í þekktri sögu?

Skýringarnar á henni eru líklega margar. Tilraunir Norður-Kóreu með kjarnorkuvopn minna á nokkrar þeirra. Eitt er að alþjóðavæðing síðustu ára hefur það í för með sér að staðbundin fyrirbæri geta umsvifalaust haft áhrif um allan heim. Áhrifin geta verið raunveruleg í þeim skilningi að efnahagslíf heimsins er svo samþætt að truflun á einum stað hefur áhrif um allan heim og um leið ímynduð í þeim skilningi að heimurinn hefur skroppið saman og allt virðist mun nær en áður. Í tilviki Norður-Kóreu bætist svo við óttinn við það óþekkta. Ríkistjórn landsins er ekki aðeins skelfileg, hún er líka undarleg og torskilin. Um leið óttast menn kjarnavopn meira en önnur vopn þótt þau hafi tiltölulega fáa drepið á síðustu öld.

Líklega er meginskýringarnar á öryggisleysi almennings að finna í samspili á milli hnattvæddrar fjölmiðlunar og sérstaks óhugnaðar sem fólk í friðsömum löndum finnur til varðandi hryðjuverk. Góð frétt blæs upp óvæntan atburð og tengir hlustandann við hann. Fáir deyja vegna hryðjuverka. Tíu sinnum fleiri létust úr fátækt en hryðjuverkum daginn sem árásin var gerð á New York. Árásin á London kostaði lítið fleiri lífið en bílslys þann dag í Englandi. Það er auðvitað þekkt staðreynd að oft og einatt er lítið samhengi á milli ótta og veruleika. Fólk óttast oft hið ólíklega en er kærulaust um það líklega. Margir sem reykja óttast til dæmis að deyja í flugslysi eða vegna hryðjuverka.

Mesta hætta í heiminum þessi árin stafar ekki af hryðjuverkum eða útlagaríkjum heldur af röngum viðbrögðum leiðandi ríkja. Til dæmis er vitað að Norður-Kóreumenn hófu þróun kjarnavopna eftir langt hlé í beinu framhaldi af ræðu George Bush um öxulveldi hins illa. Eftir innrásina í Írak, eitt öxulveldanna, setti hin skelfilega ógnarstjórn í Pyongyang svo fullan kraft í málið. Innrásin í Írak var líka álíka gáfuleg sem aðgerð gegn hryðjuverkum og íkveikja til að forða bruna. Skeytingarleysi gagnvart mannréttindum í baráttu gegn hryðjuverkum er sömu ættar.

# Vesturlandsvegur – umferðaröryggi

UMRÆÐAN

Öryggi á vegum landsins

Banaslys á þjóðvegum landsins voru 179 í 152 slysum á árunum 1998-2004. Á þessu ári eru þau orðin 30. Vissulega eru slys oft vegna þess að akstur er ekki í neinu samræmi við aðstæður, að ekki sé talað um kappakstur á vegum.

Lélegir og ólýstir vegir eru samt sem áður ein meginástæða slysa, þó sem betur fer sleppi fólk oft ótrúlega úr bílveltum og árekstrum. Sá sem þetta ritar hefur bæði lent í bílveltu fyrir ekki svo löngu síðan, og þakkaði guði að ná að lenda uppfyrir veg en ekki sjávarmegin í Siglufjarðarskriðum, og síðan því að keyra á svart hross í myrkri norður á Ströndum, sem alls ekki sást fyrr en alltof seint. Maður lærir af slíkri reynslu.



GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON

Ég sat afar fróðlegan fund með íbúum Kjalarness fimmtudagskvöldið 5. okt. sl. þar sem íbúarnir gerðu grein fyrir þeim algjöra skorti á bættu umferðaröryggi á Vesturlandsvegi sem að þeim sneri sem íbúum og foreldrum, búandi sitt hvoru megin við Vesturlandsveginn. Lagfæringar og endurbætur (nýr vegur) á Kjalarnesi og í Kollafirði hefur að sjálfsögðu orðið bitbein. Verið settur til hliðar í þeim deilum sem verið hafa í nokkur ár milli samgönguráðherra og fyrrum stjórnanda Reykjavíkur um Sundabraut. Seinkun framkvæmda á Vesturlandsvegi frá Hvalfjarðargöngum í Kollafjörð getur ekki beðið, þar þarf að hefjast handa strax við gerð aðreina og lýsinga svo forða megi því sem íbúar óttast fyrr en seinna, ef ekki verður að gert, að mjög alvarlegt slys, jafnvel hópslys, verði á Kjalarnesi.

Rök íbúanna fyrir því að krefjast lagfæringar strax eru algjörlega rétt. Umferð er nú orðin sú mesta á landinu um þennan vegarkafla og við hver vegamót án nokkurrar aðreinar þar sem hámarkshraði er 90 km á klst. Lýsingu vantar á veginn og sums staðar mjög dimmt. Það voru skynsamlegar og sjálfsagðar tillögur um úrbætur strax sem þarna voru kynntar. Ég hvet íbúasamtök Kjalarness til þess að fylgja málinu eftir og fá íbúa byggðanna norðan Hvalfjarðar til þess að sameinast með þeim í þrýstingi á stjórnvöld og borgaryfirvöld að hefja þegar framkvæmdir í öryggismálum umferðar á þessum hluta Vesturlandsvegar eins og Magnús Þór Hafsteinsson þingmaður lagði til á fundinum, og margir tóku undir. Meðan Sundabraut er ennþá í sínum furðulanga meðgöngutíma á að hefja endurgerð eða/og nýlagningu vegar ofar en núverandi vegur liggur, með tvisvar sinnum tvær aðskildar akreinar í báðar áttir. Við sjáum reynsluna af slíkum vegum á Reykjanesbraut og verðum að horfa til framtíðaröryggis í sífellt vaxandi umferð á Íslandi.

*Höfundur er formaður Frjálslynda flokksins.*



Staða Íslands á alþjóðavettvangi

Fundur um **ESB**, **útrásina**, **varnarmálin** og **öryggisráðsframboðið** í kosningamiðstöð **Illuga Gunnarssonar** að **Suðurlandsbraut 14 í dag, miðvikudaginn 11. október klukkan 17:30.**

Framsaga og opnar umræður.

**Allir velkomnir!**

*stuðningsmenn Illuga*

Ný verkefni • Nýjar áherslur • Illuga í 3. sæti

**Prófkjör okkar sjálfstæðismanna í Reykjavík er 27. og 28. október 2006.**



Eitt flottasta
úrval landsins
SÉR-
TILBOÐ!
ROBBIE
K-C06
B-19
KENT
GAVIN 2
Verð frá
11.900
DEAN
CINDY
TINA
CAESAR
HANDLAUGAR Á BORÐ Mikið úrval
K-C03
K-C18
LES
CARL 2
B-31
B-27
Verð frá
8.900
Með lyftitappa
Há blöndunartæki fyrir handlaugar
Verð frá
3.250
Lág blöndunartæki fyrir handlaugar
Verð frá
6.900
SMÁHLUTIR Á BAÐHERBERGI Fjölbreytt úrval
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
www.i-t.is
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# Virkjanir, auðlindir og Ómar

**UMRÆÐAN**
Náttúruvernd


ÓLAFUR ARON SVEINSSON

Virkjunarframkvæmdirnar fyrir austan hafa verið mikið í deiglunni og ekki síst það reipitog sem hefur verið manna á milli vegna ósamstöðu skoðanna er lúta að þessum framkvæmdum. Sjónarmiðin beinast í ýmsar áttir og hagsmunagildin eru mismunandi. Ómar Ragnarsson hefur verið í broddi fylkingar þeirra manna sem hafa viljað standa andspænis öflum þeim sem standa fyrir virkjuninni. Hugsjónir og efnahagstefna mættust á miðri leið með tilheyrandi hvelli og lýsti forsetinn yfir áhyggjum sínum um ósamstöðu manna í umhverfismálum.

Menn eru ekki á allt sáttir við framkvæmdirnar sem nú hafa litið dagsins ljós. Jökulsá á Dal er nú þegar farin að fylla uppí Hálslón þar sem víðfeðmt og fallegt land mun enda á botni gruggugs jökulvatns. Nú standa einnig til framkvæmdir um að reisa álver fyrir austan knúið af afli þessa mikla mannvirkis. Allt í nafni frekari efnahagsuppbyggingar í landinu.

Er það þess virði? Hugsanlega. Í metnaðarfullum stóriðjuframkvæmdum finnst mér við stundum gleyma mestu auðlindinni sem er mannfólkið sjálft, hugsjónirnar og samheldnin. Væri ekki hollt fyrir okkur sem þjóð og sem heild að beina lónsvatninu í annan farveg? Einblína á annars konar virkjunarframkvæmdir, virkjun fólksins í landinu, sem uppsprettu auðs og farsældar allra til handa. Oft finnst manni eins og þorri fólks hafi misst trúna á sjálfu sér og hugsjónum sínum, þó að Ómar Ragnarsson sé sannarlega ekki í þeirra hópi, en oft finnst manni eins og við eigum erfitt með að stíga skref fram á við, gera eitthvað nýtt og öðruvísi og fylgja hugsjónum okkar eftir.

*Oft finnst manni eins og þorri fólks hafi misst trúna á sjálfu sér og hugsjónum sínum, þó að Ómar Ragnarson sé sannarlega ekki í þeirra hópi.*

Burtséð frá ágæti Kárahnjúkavirkjunar þá virðast aðilar báðum megin við borðið sitja með dálítið sárt enni, sennilega vegna ósamhljómsins sem skapast hefur við þessar aðstæður. Framkvæmdaraðilar mega vera stoltir af afrekinu sem virkjunin er í sjálfu sér, en lítið virðist hafa borið á hrósi af hálfu almennings, sem allir eiga skilið að fá fyrir vel unnin störf. Hvers vegna? Er það ekki vegna þess að í gegnum nið fallvatnsins bergmálar óánægjan? Sumir halda því fram að meirihluti þjóðarinnar sé óánægður með framkvæmdirnar og hefur mikið bál verið tendrað og kannski var Ómar með eldspýturnar, en eldiviðurinn hlýtur að hafa verið til staðar fyrir.

Er þessi óánægja ekki einfaldlega þroskamerki þjóðarinnar? Er fólk ekki farið að sjá betur að endalaus efnahagsuppbygging og peningahyggja er ekki endilega málið? Er fólk ekki að vakna til vitundar um ábyrgð á lífríkinu í kringum okkur sem hluta af okkur sjálfum?

Að mínu mati hefur Ómar að mörgu leyti rétt fyrir sér, með fullri virðingu fyrir ráðamönnum þjóðarinnar og framkvæmdaraðilum Kárahnjúkavirkjunar. Hann benti m.a. á þá ábyrgð sem við höfum gagnvart hinum komandi kynslóðum og náttúrunni sem slíkri. Það er ekki síst í ljósi þess eins og mörgum sinnum hefur verið bent á áður þá stafar lífríkinu á jörðinni hætta af hirðuleysi manna gagnvart náttúrunni. Losun gróðurhúsalofttegunda, eyðing skóga, mengun vatns og útrýming dýrastofna; allt er þetta þegar fram líða stundir sóun og eyðing á mikilvægum og dýrmætum auðlindum jarðarinnar. Þurfum við að útrýma þessum auðlindum áður en við komum auga á hversu dýrmætar þær eru í raun og veru og hversu miklir hagsmunir búa í þeim; þarf að vera hægt að breyta hlutunum í steypu, rafmagn og málma til að það sé hægt að tala um auðlind?

Með hag náttúrunnar, auðlinda hennar og þar afleiðandi hag manna sem hluta þessa lífríkis að leiðarljósi eru Kárahnjúkavirkjun og álversframkvæmdirnar sem í kjölfarið fylgja fyrir mér á vissan hátt merki um gleymsku sem hefur átt sér stað á ríkidæmi Íslendinga á hreinni náttúru, hreinu lofti og vatni. Þetta eru auðlindir sem fara sífellt dvínandi í heiminum og við erum svo gæfusöm að búa við hér á landi. Hví ekki að virkja þessar auðlindir enn frekar og sjá hagsmunina sem við höfum í slíkum auðlindum?

Hugmyndir Ómars um að láta Kárahnjúkavirkjun standa sem minnisvarða hefur af mörgum verið umdeild og harla óhugsandi. Fannst mér hann tala um hugmynd sína þannig að virkjunin yrði minnisvarði um ákvörðunina um að axla ábyrgðina gagnvart jörðinni og börnum framtíðarinnar og vera öðrum þjóðum fyrirmynd með virðingu og aðhaldi lífríkisins, náttúrunnar og hreinleikans fyrir brjósti. Hugmyndin og hugsjónin á bak við hana er því fjarri lagi að vera galin að mínu mati.

Við vitum ekki hver ávöxturinn hefði orðið ef hugmyndir Ómars hefðu orðið að veruleika, hver heildræna uppskeran hefði orðið ef þær hefðu fengið að bera sína ávexti, fræjunum hefði vissulega verið dreift dálítið út fyrir landsteinana, sem fyrirmynd til annarra þjóða, manna og áminning um gildi náttúrunnar og hreinleikans. Ef þessi hugmynd hefði gengið í garð, væru á ferðinni annars konar virkjunarframkvæmdir, virkjun hugsjóna og fólksins og svo ekki sé talað um listrænt innsæi Ómars að skella listaverki á stífluna og að boða svo fólk til neðanjarðarmaraþons.

Þrátt fyrir allt er Hálslón nú orðið að veruleika og margir eru svekktir og óánægðir, aðrir eru ánægðir með sinn hlut og sjá fram á bjarta framtíð í atvinnuuppbyggingu Austurlands.

Að lokum án þess þó að flagga sérstöku réttmæti sjónarmiða hér, er mín trú samt sem áður sú að til lengri tíma litið þá mun hrein náttúra hér á landi skila meiri arði og uppbyggingu en Kárahnjúkavirkjun mun að endingu gera. Svo ekki sé talað um frekari virkjun fólksins í landinu. En ekki er öll nótt úti enn hvað það varðar og verður athyglisvert að sjá hvað framtíðin ber í skauti sér, hvað Kárahnjúkavirkjun snertir og aukinnar vakningar hjá fólki gagnvart sjálfu sér, hugsjónum og sönnum náttúruauðlindum.

# Ástarsamband Bolla

**UMRÆÐAN**
Þróun Laugavegs


GUÐJÓN FRIÐRIKSSON

Í Fréttablaðinu 7. október síðastliðinn er viðtal við Bolla Kristinsson kaupmann þar sem hann lýsir „ástarsambandi“ sínu við Laugaveginn. Hann segir þar að rekja megi upphaf hnignunar Laugavegs til þess „þegar Torfusamtökin unnu slag við borgina fyrir um þrjátíu árum um að Bernhöftstorfan fengi að standa“. Þarna finnst mér Bolli skauta nokkuð létt yfir ýmsar sögulegar staðreyndir og vil því leggja orð í belg.

Gamli Miðbærinn (Kvosin) og Laugavegur í beinu framhaldi af honum var, eins og kunnugt er, þungamiðja stjórnsýslu, verslunar og þjónustu allan fyrri hluta 20. aldar. Með mikilli landfræðilegri þenslu Reykjavíkur eftir miðja 20. öld tók þetta smám saman að breytast. Verslunarmiðstöðvar (moll) tóku t.d. að myndast í einstökum borgarhverfum (Glæsibær, Austurver o.s.frv.). Með afléttingu hafta eftir 1960 fóru kaupmenn og heildsalar að reisa nýjar verslunarhallir. En í stað þess að reisa þær í gamla Miðbænum, þar sem þeir höfðu áður verið til húsa, voru þær nú reistar innan við Hlemm, við Laugaveg og í framhaldi af honum við Suðurlandsbraut og síðan Ármúla og Síðumúla og hverfunum þar í kring. Þetta var meðal annars kleift vegna þess að bílaeign varð nú sífellt algengari. Auðvitað lögðu skipulagsyfirvöld Reykjavíkur blessun sína á þessa þróun og var það kyrfilega staðfest með fyrsta lögformlega samþykkta heildarskiplagi Reykjavíkur sem átti að gilda á árunum 1962-1983. Í því skipulagi var gert ráð fyrir „nýjum miðbæ“ í Kringlumýri. Meðan þessu fór fram var gamli Miðbærinn algerlega vanræktur, bæði hvað varðaði endurnýjun og viðhald þeirra mannvirkja sem þar voru fyrir. Ég átti heima í Austurstræti á árunum 1968 til 1972 og þá var ennþá mikið líf í Miðbænum. Þar voru allir helstu skemmtistaðirnir og verslun enn í góðu gengi. Mjög mikið var þó um niðurnídd hús og var t.d. Bernhöftstorfan og Grjótaþorpið gott dæmi um það en einnig gömlu timburhúsin niður í sjálfri Kvosinni og inn eftir öllum Laugavegi. Almennt viðhorf var að sá byggingararfur, sem fælist í þessum gömlu húsum, væri einskis virði enda var búið að afskræma þau mörg. Timburhús voru einnig rifin í stórum stíl en yfirleitt ekkert byggt í staðinn. Aðeins á árinu 1968 voru um 50 timburhús, mörg gamlar glæsibyggingar, rifin, flest til að rýma fyrir hraðbrautum sem átti að leggja þvers og kruss um gamla Miðbæinn samkvæmt aðalskipulaginu 1962-1983. Ég flutti frá Reykjavík 1972 og kom aftur til baka 1976. Þá var Miðbærinn einfaldlega steindauður. Dregið hafði mátt úr verslun þar og skemmtistaðir og kaffihús höfðu lagt upp laupana hvert af öðru. Aðalskemmtistaðirnir voru komnir í úthverfin (Broadway í Breiðholti, Hollywood við Ármúla, Sigtún við Suðurlandsbraut og Klúbburinn við Borgartún). Eitt helsta kaffihúsið sem eftir var í Kvosinni, Hressingarskálinn, var lokað á kvöldin. Þá var ekki sála á ferli um Miðbæinn.

Þegar Torfusamtökin fengu því loks framgengt árið 1979 að Bernhöftstorfan fengi að standa og fengu leyfi til að gera húsin upp hófst endureisn gamla Miðbæjarins en ekki hnignun hans. Í Bernhöftstorfuhúsunum, sem áður höfðu staðið auð árum saman, voru opnaðir tveir glæsilegir veitingastaðir og síðan hefur Miðbærinn verið á hægri uppleið þó að verslun hafi þar látið undan síga. Í staðinn hafa komið veitingastaðir, kaffihús og hótel en í tengslum við þau síðastnefndu sjást nú merki þess að sérvöruverslun sé aftur að taka við sér í gamla Miðbænum. Félagið Minjavernd sem rekið hefur Bernhöftstorfuhúsin um áratugaskeið, og er skilgetið afkvæmi Torfusamtakanna, á heiðurinn að uppbyggingunni við Aðalstræti sem áhugamenn um Laugaveginn, eins og Bolli Kristinsson, geta tekið mið af í stað þess að einblína á niðurrif og byggingu stórra steinsteypukassa. Minjavernd stóð að flutningi Ísafoldarhússins úr Austurstræti í Aðalstræti 12, uppbyggingu og endurgerð húsanna við Aðalstræti 2 þar sem Höfuðborgarstofa er til húsa, byggingu Hótels Reykjavíkur Centrum á lóðunum Aðalstræti 14-18 og loks gamla Innréttingarhússins í Aðalstræti 10. Aðalstræti hefur nú fengið þann virðuleika og sögulega sess sem því ber sem elstu götu borgarinnar því að fullt tillit hefur verið tekið til þess sem fyrir var þar og hlúð að því jafnframt því sem nýbyggingar hafa verið reistar í samræmi við hið gamla. Þar er nú komið líf og fjör í stað doða og hrörnunar. Til samanburðar skulu menn horfa á nýbygginguna sem nú hefur risið á svokölluðum Stjörnubíósreit við Laugaveginn. Það er ljót og löng kassalaga bygging sem ég vona að Bolli Kristinsson sé ekki í ástarsambandi við. Í raun og veru ættu Laugavegssamtökin að fá Minjavernd í lið með sér til að hefja endurreisn Laugavegs. Með því má fá nokkra trygggingu fyrir því að virðing sé borin því, sem fyrir er, jafnframt því sem mikil uppbygging getur hæglega átt sér stað.

*Í raun og veru býr Laugavegurinn yfir miklum endurnýjunarmætti en þá má ekki gefa hann algerlega á vald óprúttnum verktökum og fasteignabröskurum.*

Það voru ekki Torfusamtökin heldur tveir atburðir sem veittu Laugaveginum tímabundin áföll og ollu hnignun hans um skeið. Hinn fyrri var opnun Kringlunnar sem var skilgetið afkvæmi heildarskipulags Reykjavíkur 1962-1983. Þangað fóru þá fimm milljónir viðskiptavina eins og Bolli segir. Laugavegurinn náði sér þó á strik. En þá kom seinna áfallið, opnun Smáralindar. Þessar tvær risastóru verslunarmiðstöðvar hafa þó ekki gert Laugaveginum meira ógagn til lengri tíma en það að nú er hann iðandi af lífi. Það er ekki að þakka kössum eins og þeim sem nú hefur risið á Stjörnubíósreitinum heldur gömlum þokka og hefðum. Það er ekki heldur að þakka risastórum verslunarhúsum, eins og Bolli Kristinsson hefur greinilega mætur á, heldur miklu fremur litlum verslunum, sem líka eiga rétt á sér, og kaffihúsum.

Það má líka segja að tómlæti borgaryfirvalda um margra áratugaskeið, hvort sem þau voru kennd við hægri eða vinstri, um uppbyggingu og viðhald í gamla Miðbænum og þar með Laugaveginum, hafi verið Akkilesarhæll gömlu Reykjavíkur allt frá því um 1960. Í raun og veru býr Laugavegurinn yfir miklum endurnýjunarmætti en þá má ekki gefa hann algerlega á vald óprúttnum verktökum og fasteignabröskurum. Í gömlum miðbæjarkjörnum í nálægum löndum er mjög strangt eftirlit með nýbyggingum og þess gætt í hvívetna að þær séu til sóma og falli vel að eldri byggð. Í gömlu Kaupmannahöfn hefur ekki verið rifið hús um áratugaskeið en gömlu húsin gerð upp hvert af öðru og þess vandlega gætt að nýbyggingar eða viðbyggingar falli vel að gömlu byggðinni. Danir eru vel meðvitaðir um sjarma gömlu Kaupmannahafnar. Við eigum öðruvísi byggingarhefð en það er okkar byggingarhefð, okkar sérstaki og séríslenski arfur. Hans þurfum við að gæta. Hætt er við að öðruvísi „ástarævintýri“ verði bara skyndikynni.

*Höfundur er sagnfræðingur.*



**TÓKÝÓ Á EINUM DEGI**
Höfuðborg Japans hefur upp á margt að bjóða
FERÐIR 3





**SKEMMTILEGUR SKÓLADAGUR**
Sportbíladagur Audi á Gotlandi reyndist lærdómsríkur
BÍLAR 6





# allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ


## ALLT HITT

[ NÁM FERÐIR BÍLAR ]

**Dr. Penelope Lisi** menntunfræðingur flytur fyrirlesturinn „Jafnrétti kynjanna, er því náð?“ miðvikudaginn 11. október kl. 12.15 í Norræna húsinu. Sjá nánar á www.hi.is

**Ný vefsíða** um London, www.superhighstreet.com, hefur verið tekin í gagnið. Þar er hægt að skoða götur, en með því að smella á framhliðar verslana er farið inn á vefsíðu þeirra. Væntanleg er síða um New York.



**Sandspyrna** verður haldin að Hrauni í Ölfusi laugardaginn 14 okt. Skráning er á icesaab@simnet.is þar sem nafn keppanda, kennitala, símanúmer, flokkur og ökutæki verða að koma fram. Sjá www.kvartmila.is.

**Einfalda** leiðin er yfirskrift fyrirlesturs í Yggdrasli í kvöld kl. 20. Inga Kristjánsdóttir næringarþerapisti er með það efni. Hún segir misskilning að erfitt sé að skipta úr tilbúna pakkamatnum í eitthvað betra. Á námskeiðinu kennir hún fólki hvernig það getur flýtt fyrir sér í eldhúsinu en einnig ætlar hún að útrýma fitufóbíu sem margir eru haldnir.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 11. október, 284. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.05 | 13.14 | 18.22 |
| Akureyri | 7.54 | 12.59 | 18.03 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Halldóra hefur fengist mikið við barnabókaútgáfu síðustu árin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Allt hugsað upp á nýtt

***Halldóra Björnsdóttir hóf nám í starfstengdri siðfræði nú í haust. Hún segir að siðfræðin kveiki ýmsar spurningar.***

Halldóra er lærður leikskólakennari en hefur fengist við ýmislegt síðustu árin. „Ég hef starfað við viðskipti, hönnun og barnabókaútgáfu,“ segir hún. Halldóru hafði lengi langað til þess að fara aftur í nám en hún hafði ekki fundið neitt sem kveikti í henni. „Það var svo eiginlega bara fyrir tilviljun að ég frétti af þessu námi í vor og það var strax á hreinu að þetta var það sem ég vildi.“

Starfstengd siðfræði skiptist niður í fjögur svið; viðskiptasiðfræði, siðfræði lífs og heilsu, umhverfis- og náttúrusiðfræði og siðfræði og menntun. „Ég hef mestan áhuga á viðskiptasiðfræði og siðfræði og menntun og svona miðað við minn bakgrunn þá hentar það mér best þó að þetta sé allt mjög spennandi,“ segir Halldóra. Diplómanám í starfstengdri siðfræði tekur eitt og hálft ár en þeir sem vilja geta haldið áfram og klárað mastersgráðu og Halldóra hefur hugsað sér að gera það.

Halldóra segir að nemendur í starfstengdri siðfræði séu á öllum aldri og umræður oft mjög líflegar í tímum. „Þetta eru alveg stórkostlega skemmtilegir tímar,“ segir hún og hlær og bætir við að hún sé mjög ánægð með námið. „Þetta tengir saman allt sem ég hef verið að gera. Ég hef fengist við viðskipti en hef líka mikinn áhuga á siðfræði og samskiptum fólks og hef hug á að starfa sem ráðgjafi í framtíðinni.“

Siðfræðin kveikir ýmsar spurningar að sögn Halldóru og kemur ákveðnu hugsanaferli af stað aftur. „Hver einasta grein sem maður les getur orðið að umræðuefni heima hjá manni og maður fer að hugsa allt upp á nýtt. Þegar komin er rútína á lífið hættir maður oft að velta alls konar hlutum fyrir sér og það er ótrúlega skemmtilegt að byrja á því aftur og finna að maður er fær um það.“ *emilia@frettabladid.is*


**Þau hafa lengt sinn sólarhring!**

“Ekki eingöngu les ég hraðar. Ég les með ...margfalt meiri skilning.”
**Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.**
“...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í læknadeild í vor.”
**Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.**
“...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ...”
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

**NÝTT!!** 6. vikna hraðlestrarnámskeið **7. nóv.**
**NÝTT!!** 3 vikna hraðnámskeið **10. nóv.**
**AKUREYRI** – 3 vikna hraðnámskeið **2. nóv.**

**Skráning á hraðlestrarnámskeið er hafin**
á **www.h.is** og í **síma 586-9400**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.





**Haustin eru góður tími til helgarferða innanlands.** Hægt er að leigja sumarbústaði fyrir sanngjarnt verð eða bregða sér í menningarferð til dæmis til Akureyrar, Ísafjarðar eða Reykjavíkur.



# Airwaves eftirsótt

***Miðasala á Iceland Airwaves hefur gengið vonum fram á erlendum sölustöðvum Icelandair.***

Sölumet hefur verið slegið hjá Icelandair í Skandinavíu, það er Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Ákvörðun hefur verið tekin um að senda stærri flugvél til og frá London til að anna eftirspurn. Þá er næstum því uppselt á Airwaves í Bandaríkjunum.

Miðasala hefur aukist í Finnlandi og í fyrsta sinn hefur ferð á hátíðina verið skipulögð í Japan. Sala í Þýskalandi og Frakklandi er aftur á móti svipuð nú og í fyrra.

Um það bil helmingur innlendra miða hefur þegar selst, en miðað við aðsókn á hátíðina síðastliðin tvö ár má búast við að þeir seljist upp. Frá þessu er greint á heimasíðu Icelandair, það er www.icelandair.is.

Nánar um dagskrána á www.icelandairwaves.com



Leik- og söngkonan Juliette Lewis kom fram með hljómsveit sinni Licks á síðustu Airwaves hátíð. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Helgarferð til Luxemburg

***Icelandexpress býður upp á skipulagða ferð til Luxemburg dagana 13.-16. október.***

Föstudaginn 13. október er flogið kl. 15.15 til Frankfurt Hahn, þar sem áætlunarbíll mun flytja farþega á Hotel Nobilis, fjögurra stjörnu hótel í miðbæ Luxemburg þaðan sem stutt er í verslanir og veitingahús.

Laugardag geta ferðalangar nýtt til að skoða sig um í borginni en á sunnudag er boðið upp á siglingu á Mósel með leiðsögumani, Farþegum gefst kostur að skoða bæi á leiðinni. Þetta er einstakt tækifæri fyrir þá sem vilja smakka á vínuppskerunni.

Mánudagur er frjáls en lagt verður af stað til Frankfurt Hahn kl. 17.00 og flogið til Íslands kl. 20.20. Sjá nánar á www.icelandexpress.is



Express ferðir bjóða upp á ferð til Luxemburg um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Tökum náð á flughræðslu

***Álfheiður Steinþórsdóttir sálfræðingur kennir flughræddum að sigrast á ótta sínum á námskeiðum sem haldin eru á vegum Icelandair.***

„Flughræðslunámskeiðið er fyrir alla sem upplifa að kvíði truflar þá áður en haldið er í flug," segir Álfheiður Steinþórsdóttir, en hún er einn af leiðbeinendum á námskeiðum sem haldin eru fyrir flughrædda. „Þessi kvíði getur verið frá því minnsta yfir í það versta. Allt frá því að vont veður eða töf á flugi veldur óróleika yfir í að fólki kvíðir fyrir flugferðinni margar vikur fyrir og festir varla svefn."

Á námskeiðunum kennir Álfheiður fólki að takast á við kvíðann sem fylgir því að fljúga. „Námskeiðin eru í raun tvískipt. Ég kenni flughræddum að ná tökum á kvíða og stjórna honum og fer líka í hvernig breyta má ranghugsunum sem fólk hefur varðandi áhættuna við að fljúga. Síðan fer Páll Stefánsson flugstjóri yfir allt sem tengist sjálfu fluginu. Hann fer yfir hversu mikið vélin þolir, öll þau hljóð sem heyrast, af hverju ókyrrð er aldrei hættuleg þó hún sé óþægileg, breytilegt veður og fleira. Páll tekur fyrir ytri aðstæður og ég tek fyrir innri aðstæður."

Álfheiður segir kvíða fólks oft magnast við aðstæður sem það þekkir ekki til. „Fólk hefur tilhneigingu til, af því það er kvíðið og hefur ekki þekkingu á því sem er að gerast, að túlka allt sem gerist á leiðinni sem hættu. Ókyrrð er tengd við eitthvað hættulegt og fólk spyr sig „þolir vélin þetta, hrapar hún?". Einnig ef fólk finnur einhverja lykt „getur þá verið að það sé kviknað í?". Ef það er áhyggjusvipur á flugfreyjunni þá veit hún að það er ekki allt í lagi og vélin þarf að nauðlenda. Allar þessar túlkanir byggjast oft á því að maður veit ekki hvað er um að vera."

Námskeiðið sjálft tekur fjögur kvöld og endar á flugferð til einhvers af áætlunarstöðum Icelandair í Evrópu. Með í ferðinni eru Álfheiður og Páll og þau leiðbeina fólki alla ferðina. Farið er yfir þau hljóð sem heyrast og annað er tengist vélinni og Álfheiður æfir með flughræddum að bregðast við kvíða. „Eftir þessa flugferð eru nemendurnir orðnir sérfræðingar í flugi," segir Álfheiður. „Það er áberandi hvað fólki líður miklu betur með að ferðast eftir þessi námskeið. Margir tala meira að segja um sem þeir séu að öðlast nýtt frelsi."

Næstu námskeið verða haldin 16., 19., og 24. október og 1. nóvember. Flugferðin er farin 3. nóvember. Skráning á námskeiðin fer fram á skrifstofum Icelandair.

*johannas@frettabladid.is*



Álfheiður Steinþórsdóttir sálfræðingur segir flughræðslu vera þungan bagga að burðast með, en sem betur fer er flughræðsla eitthvað sem má ná tökum á. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR




Þýskaland er land jólamarkaðanna og bjóðum við nú jólaferð til Würzburg sem er einstaklega heillandi borg og skartar sínu fegursta í desember. Hrein upplifun er að fara á jólamarkaðina sem geyma ótal jólagjafahugmyndir; bragða á jóladrykknum „Glühwein" og jólastemmingin eykst á hverju horni. Úrval veitingastaða er gott, hótelið þægilegt og staðsett miðsvæðis. Spennandi skoðunarferð til Rothenburg ob der Tauber.

**Verð kr. 64.900 á mann í tvíbýli**

Innfalið: Flug, skattar, gisting í tveggja manna herbergi á 3* hóteli með morgunverði í 3 nætur, ferðir milli flugvallar og hótels, skoðunarferð til Rothenburg ob der Tauber og íslensk fararstjórn.

KYNNTU ÞÉR SÉRFERÐIR FERÐAÞJÓNUSTU BÆNDA

www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR



Skálinn við Strút hentar þeim sem ferðast á jeppum, vélsleðum eða gönguskíðum yfir veturinn.

# Skálar Útivistar til útleigu í vetur

***Ferðafélagið Útivist hefur ákveðið gjaldskrá í skálum félagsins fyrir árið 2007.***

Almennt gistiverð í skálum Útivistar í Básum, Strúti og á Fimmvörðuhálsi verður 2.000 krónur á næsta ári en 1.700 krónur í skálunum við Sveinstind, í Skælingum og við Álftavötn. Verð til félagsmanna í Útivist verður 1.200 krónur fyrir nóttina í öllum skálum.

Miðað er við að tekjur af skálum standi straum af rekstri þeirra og að áfram sé hægt að sinna góðu viðhaldi þeirra en rekstrarafkoma sé sem næst núlli.

Töluverð aðsókn er að skálum Útivistar yfir vetrartímann. Sérstaklega er vert að benda á skálann við Strút sem hentar sérlega vel hvort heldur ferðast er á jeppum, vélsleðum eða á gönguskíðum. Búið er að undirbúa skálana fyrir veturinn og læsa þeim en þeir sem hyggjast nýta þá í vetur geta bókað gistingu á skrifstofu félagsins og er þeim þá afhendur lykill að viðkomandi skála.

Skálavarsla verður hins vegar í Básum til 15. október en vegna mikillar aðsóknar er ferðamönnum bent á að bóka gistingu. Síminn á skrifstofu Útivistar er 562 1000, hún er opin frá 10-17 alla virka daga.

## Norðurljósin seld

TÍMARITIÐ ASTRONOMY Í BANDARÍKJUNUM ER BYRJAÐ AÐ AUGLÝSA NORÐURLJÓSAFERÐIR TIL ÍSLANDS Í MARS Á NÆSTA ÁRI.

Eitt stærsta stjörnufræðitímarit heims, Astronomy, stendur fyrir norðurljósaferðum til Íslands í mars á næsta ári. Fólkið kemur til landsins 16. mars og dvelur hér í 5 nætur. Innifalið í ferðinni er flug til og frá landinu, rúta og fimm nætur á Hótel Nordica í Reykjavík og er morgunmatur innifalinn en ferðin kostar alls 150 þúsund krónur. Farið verður í dagsferð um borgina, Bláa lónið og Gullfoss, Geysir og Þingvellir skoðaðir. Þá mun fólkið hlýða á stjörnufræðifyrirlestra og fara út fyrir bæinn til að skoða norðurljósin.
Þá er bara að vona að það verði heiðskýrt þegar ferðalangana ber að garði. *- jóa*



Tímiritið Astronomy auglýsir ferðir til Íslands þar sem megintilgangurinn er að skoða norðurljósin.



Gatnamótin fyrir framan Shibuya-lestarstöðina eru ein þau annasömustu í heimi. Mikill fjöldi verslana er í hverfinu sem er mjög vinsælt meðal ungra Japana. Þar er hægt að finna fatabúðir á mörgum hæðum sem selja eingöngu föt fyrir unglingsstúlkur en auk þess ægir saman miklum fjölda lífsstílsverslana, raftækjaverslana og karókísöngstaða.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Tókýó á einum degi

***Icelandair rekur skrifstofu í Tokýó með um átta starfsmönnum. Þar er unnið að því hörðum höndum að auka ferðamannastraum frá Japan til Íslands. Áhugi Japana á Íslandi hefur aukist mjög á síðustu árum en ekki er síður áhugavert að skoða hvað Tókýó hefur að bjóða ferðamanninum þrátt fyrir að ennþá sé ekki boðið upp á beint flug þangað frá Íslandi.***

Blaðamaður Fréttablaðsins fékk að slást í för með hópi átta hressra flugþjóna og -freyja auk þriggja flugmanna sem flugu til Tókýó til að sækja tæplega tvö hundruð Japana á leið til Íslands í leit að náttúru, hreinu lofti og norðurljósum, eitthvað sem lítið er til af í Japan.

Þegar lítill tími er fyrir hendi þarf góða skipulagningu til að fá sem mest út úr heimsókn sinni. Nokkrir staðir í borginni eru einkennandi og þess verðir að skoða þegar tíminn er knappur.

**Fiskmarkaðurinn Tsukiji**

Nauðsynlegt er að vakna snemma



Akihabara-hverfið í Tókýó er all sérstakt. Þar er hægt að fá rafmagnstæki í miklu úrvali og á góðu verði. Þetta er eini staðurinn í Tókýó þar sem leyfist að prútta.

til að ná stemningu þessa risastóra fiskmarkaðar. Hann hefst í dögun en klukkan sjö stendur hann sem hæst. Markaðurinn er í stórri vöruskemmu og snemma morguns má sjá þegar túnfiskinum er landað af skipunum og hann boðinn upp. Það er frábær skemmtun að rölta milli sölubása þar sem ægir saman öllu mögulegu og ómögulegu sjávarfangi, bæði spriklandi fersku og þurrkuðu.

Skemmtilegt við þessa upplifun er að ferðamenn eru fáir og maður fær japanska stemningu í æð. Japanar eru yfirmáta hreinlátir og af lyktinni að dæma væri varla hægt að segja að þetta væri fiskmarkaður, sem segir kannski mest um ferskleika vörunnar sem verið er að bjóða.

Í kringum markaðinn eru veitingastaðir og sölubásar sem selja allt frá risastórum og girnilegum engiferrótum til þurrkaðrar loðnu. Tilvalið er eftir heimsókn á markaðinn að setjast á einn af veitingastöðunum og fá sér sushi að hætti Japana þar sem kokkurinn tilreiðir bitana á örskotsstundu með berum höndum og setur fyrir framan þig.

Það er ekki erfitt að fara út að borða í Tókýó því sú merkilega hefð viðgengst þar að hafa útstillingar úr vaxi af öllum réttum matseðilsins í glugga veitingastaðarins.

**Á ferð með Hato Bus**

Þó að almenningssamgöngur í Tókýó séu skilvirkar og alls ekki erfitt að átta sig á þeim getur samt tekið nokkurn tíma að koma sér sjálfur á milli staða. Góð lausn fyrir ferðalanga á hraðferð er að taka túristastrætó um borgina til að sjá það helsta sem hún hefur upp á að bjóða.

Nauðsynlegt er að komast í útsýnisturn til að gera sér grein fyrir gríðarlegri stærð borgarinnar. Tókýó-tower er þar tilvalinn valkostur eða hið glæsilega Roppongi Hills sem státar af íburðar-



Tókýó er gríðarstór borg. 13 milljónir búa í borginni sjálfri en 33 milljónir á svæðinu í kring. Í bakgrunni sést Fuji-fjall sem er vafalaust eitt það þekktasta í heimi.



Það er frábær upplifun að heimsækja fiskmarkaðinn Tsukiji. Hér sést hluti af ótrúlegu magni af túnfiski sem verslað er með á markaðnum.

miklum arkitektúr, dýrum veitingastöðum og verslunum.

Keisarahöllin er ekki opin almenningi, en hins vegar er vel þess virði að doka við og smella mynd af voldugum útveggjum hins keisaralega garðs.

Asakusa Kannon-musterið er elsta búddamusterið í Tókýó. Það er einnig vinsæll ferðamannastaður enda hefur risastór markaður sprottið upp við hlið musterisins þar sem seldir eru minjagripir, allt frá furðulegum musteriskökum til fallegra kímónóa.

**Í verslunarhugleiðingum**

Tókýó þykir dýr borg. Þar er hins vegar hægt að gera reifarakaup á raftækjum. Besti staðurinn til þess arna er Akihabara-hverfið þar sem nánast allar verslanir bjóða upp á raftæki á góðu verði. Þetta er all sérstakt hverfi og það eina í borginni þar sem leyfist að prútta.

Ginza-hverfið er hverfi hinna ríku og fallegu. Þar eru allar merkjavörubúðirnar og líklega er skemmtilegra að skoða en kaupa enda verðið himinhátt. Betri kaup er líklega hægt að gera í hinu erilsama Shibuya-hverfi. Þar má sjá hvernig ungir, hipp og kúl Tókýóbúar klæða sig. Þar er einnig fjöldi veitinga- og skyndibitastaða, allt frá McDonalds til hefðbundinna japanskra súpubara þar sem þú ert boðinn velkominn af öllu starfsfólkinu með hrópum og köllum.

Tókýóbúar eru yfirmáta kurteisir og borgin er mjög hrein og falleg. Stærðin getur verið hálf yfirþyrmandi en vingjarnlegt fólkið og fjölmargir áhugaverðir staðir gera borgina vel þess virði að heimsækja.

*solveig@frettabladid.is*





Vika í Evrópu

Ítalía 16.600
kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.

Spánn 13.200
kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.

Holland 19.400
kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.

Bretland 17.900
kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.

Danmörk 24.200
kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.

Bókaðu bílinn heima - og fáðu 500 Vildarpunkta

Hertz
Sími: 50 50 600 • www.hertz.is

**Notaða bíla má fá á góðu verði** og eru því kjörnir fyrir námsmenn sem ekki nenna að arka snjó og slabb í vetur. Fyrsti bílinn þarf ekki að koma beint úr kassanum, hann þarf bara að koma þér milli A og B.





Fiorano fær hökur flestra ökumanna til að falla niður á bringu.



Vélin er ein öflugasta V12-vél veraldar.

# Kynþokkafullur Ferrari

***Í febrúar síðastliðnum leit Ferrari 599 GTB Fiorano ljós. Nafnið Fiorana er dregið af kappakstursbraut Ferrari, þar sem bæði götu- og formúlubílar Ferrari eru prófaðir, og GTB stendur fyrir Gran Turismo Berlinetta og er tilvísun í sögu Ferrari.***

Hægt er að skipa Ferrari-bílum gróflega í fjóra flokka. Keppnisbíla, sem Schumacher og félagar einir keyra, afturhjóladrifna bíla með vél fram í, afturhjóladrifna bíla með vélina aftarlega fyrir miðjum bíl, og svo ofurbíla.

Almennum borgarum nægir að hafa flokkana tvo. Bíla sem ekki er hægt að kaupa og bíla sem við höfum ekki efni á að kaupa. Fiorano er í síðari flokknum en það er í góðu lagi að láta sig dreyma. Hver veit nema það finnist gull í Grafarvoginum og brátt fyllist Miklabraut af rauðum og rándýrum sjálfrennireiðum.

Ferrari setti sér þrjú megin markmið við hönnun Fiorano. Í fyrsta lagi að auka akstursánægju miðað við eldri gerðir Ferrari en það verður að teljast gríðarlegt afrek takist það. Í öðru lagi að gera bílinn að framúrskarandi akstursbíl og ætti 6 lítra V12 Enzo-vélin sem skilar 620 hestöflum og rúmlega 320 km hámarkshraða að fara langleiðina með það. Í þriðja lagi á bíllinn að bjóða upp á það besta í þægindum og öryggi (sem sést best á því að bíllinn hefur skott).

Fiorano er án efa einn fallegasti bíll sem lengi hefur komið frá Ferrari. Það er eitthvað kynþokkafullt við hann, eitthvað sem segir að eigandinn hafi góðan smekk auk þess að hafa afskaplega gaman af því að keyra hratt... og, að hann eigi peninga. Svo er spurning hvort hann viti að gírkassinn skiptir um gír á 100 millisekúndum, að í bílnum sé Manettino-stöðugleikakerfi og að fjöðrunin sé byggð á segulmagni.

*tryggvi@frettabladid.is*



Ítalir kunna að hanna fallega hluti.



# Bílstjóralaus kappakstur

***Sjálfkeyrandi bílar reyna með sér í þrautabraut.***



Einn af sjálfkeyrandi bílunum sem kepptu í eyðimerkurkappakstrinum 2005.

Í október 2005 fór fram eyðimerkurkappakstur nokkur, ólíkum öðrum fyrir margra hluta sakir. Keppnisbrautin var til dæmis ekki nema 212 kílómetrar en það sem var kannski öllu sérstakara var að engir bílstjórar tóku þátt í keppninni. Þess í stað voru bílarnir sjálfkeyrandi og forritaðir til að bregðast við umhverfi sínu með svipuðum hætti og mennskur bílstjóri mundi gera.

Í nóvember á næsta ári fer fram sjálfstætt framhald þess kappaksturs en nú verður keppt á styttri en flóknari braut. Settur verður upp 96 kílómetra hringur sem bílarnir hafa sex klukkutíma til að klára. Þeir verða að geta farið eftir umferðarmerkjum, keyrt innan um aðra umferð, skipt um akreinar og lagt í stæði.

Það er varnarbúnaðarrannsóknarstofnun varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna sem stendur fyrir keppninni og nú þegar hafa ellefu lið skráð sig til leiks, þar af liðin sem voru í efstu tveimur sætunum í síðustu keppni. Meðal þess sem bílarnir nota til að leysa þrautirnar eru fjarlægðarmælar sem nota leisigeisla, radartæki, þrívíddarmyndavélar og GPS-staðsetningatæki. Að auki eru nokkrar samtengdar tölvur í hverjum bíl sem vinna úr upplýsingunum frá tækjunum.

## 450 hestafla Alfa

BURÐARGRINDIN ÚR GÖMLUM MASERATI.



Ótrúlegt en satt, þessi bíll ratar í framleiðslu nánast óbreyttur frá hugmyndastigi.

Einn þeirra bíla sem sýndir voru á bílasýningunni í París um daginn er Alfa Romeo 8C Competizione. Þó að Alfa Romeo bílar hafi nú aldrei þótt sérlega ljótir hefur aðkoma Maserati að bílnum bætt um betur og margir vilja meina að 8C sé fallegasti Alfa Romeo sem smíðaður hefur verið. Yfirbyggingin er úr koltrefjaefni og skellt ofan á frekar gamalt burðarvirki frá Maserati. Eins og bíllinn allur er hún nánast óbreytt frá hugmyndastigi bílsins.

Vélin í bílnum er samvinnuverkefni Alfa Romeo og Maserati, 450 hestafla, 4,7 lítra V-8 sem togar 470 Nm. Fjöðrunin er úr áli og sex gíra skiptingunni er stjórnað með flipum bakvið stýrið.



Bíllinn kemur á 17 tommu álfelgum með 35 tommu dekkjum

Klippt var úr brettum og nýjum brettaköntum og stigbrettum úr trefjaplasti var komið fyrir á bílnum.

# Mýkri línur og 35“ breyting

***Hekla hefur hafið kynningu á Mitsubishi L-200 pallbílnum breyttum fyrir 35 tommu hjólbarða.***

L-200 var fyrr á þessu ári kynntur á alþjóðavettvangi. Viðbrögð voru góð enda var bíllinn endurhannaður frá grunni með sportlegar, flæðandi línur sem eru óvanalegar fyrir pallbíl.

Innra byrði bílsins var einnig endurhannað. Mælaskífur eru bláar, leðurklætt stýri og efni í mælaborði er orðið mun fágaðra en það var áður í þessum vinnubíl.

L-200 hvílir á sterkri burðargrind og undirvagninn er 25 prósent stífari en í fyrri gerð. Sídrifið er Super-Select og auk þess er í bílnum millikassi fyrir hátt og lágt drif. Vélin er ný af nálinni, 2,5 lítra samrásardísilvél sem uppfyllir Euro IV mengunarstaðla. Vélin er því í senn sparneytin, 7,4 lítrar í blönduðum akstri, og umhverfisvænni en eldri gerðir dísilvéla. Vélin afkastar 136 hestöflum og togið er 314 Nm. L-200 er fáanlegur beinskiptur og sjálfskiptur.

35“ breytingin er framkvæmd hjá Jeppaþjónustunni Breyti ehf., sem hefur sérhæft sig í verkefnum af þessu tagi. Bíllinn er hækkaður upp um 30 mm á gormum og fjöðrum. Klippt er úr brettum og nýir brettakantar og stigbretti úr trefjaplasti er komið fyrir á bílnum. Hvort tveggja er framleitt á Íslandi. Bíllinn kemur á 17 tommu álfelgum með 35 tommu dekkjum. Breytingin felur jafnframt í sér leiðréttingu á hraðamæli sem vegur upp stærri dekk. Bílnum fylgir slökkvitæki og sjúkrakassi og jafnframt er hann sérskoðaður. Auk þess var sett á breyttan bílinn pallhús frá Alpha. Breytingin og allir íhlutir eru íslensk hönnun og framleiðsla að undanskildum álfelgum og dekkjum.




Ytra og innra útlit L-200 var tekið í gegn.

Grunnverð á Mitsubishi L-200 er 2.960.000 kr.

BÍLAFJÁRMÖGNUN
SNIÐIN AÐ ÞÍNUM ÞÖRFUM

Glitnir Fjármögnun býður fjölbreytta
kosti við fjármögnun bíla og atvinnutækja.

**Eigð'ann**

Eignastu bílinn
með hjálp Glitnis

- **Bílalán**
- **Bílasamningur**

**Leigð'ann**

Greiddu aðeins
fyrir afnot af bílnum

- **Einkaleiga**
- **Rekstrarleiga**

Hafðu samband í síma 440 4400 eða
kynntu þér málið á **www.glitnirfjarmognun.is**

GLITNIR
FJÁRMÖGNUN

ALLT Á EINUM STAÐ
• SUMARDEKK • HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
• HEILSÁRSDEKK • RAFGEYMAÞJÓNUSTA
• OLÍS SMURSTÖÐ • BREMSUKLOSSAR
• BÓN OG ÞVOTTUR • PÚSTÞJÓNUSTA
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep CHRYSLER DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

VOLVO • FORD • MAZDA • TOYOTA
BÍLAVIÐGERÐIR BÍLHÚSIÐ www.bilhusid.is
Véla- og hjólastillingar. Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir, smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.
Smiðjuvegi 60 (Rauð gata) • Kópavogi • Sími 557 2540 - 554 6350
CHRYSLER • JEEP • DODGE • SKODA

BÍLAPARTAR
VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ
TOYOTA NOTAÐIR VARAHLUTIR
▪ NÝJIR HLUTIR ▪ VIFTUREIMAR ▪ BREMSUKLOSSAR ▪ TÍMAREIMAR ▪ SMURSÍUR ▪ PERUR ▪ KERTI ▪ HREINSIEFNI ▪ OLÍUR
TOYOTA
GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS

Réttu vélarnar í verkið!
Landini tækin sem þú treystir!
STURLAUGUR & CO
Fiskislóð 14 101 Reykjavík Sími. 551 4680 www.sturlaugur.is

Sendum frítt um land allt!
Jeppadekk
Úrval af stærðum upp í 33"
31" heilsársdekk verð frá kr. 12.900
Við míkróskerum og neglum!
TRIANGLE GT RADIAL
Opið á laugardögum 9-13
ALORKA
www.alorka.is Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080
MIXA • fít • 60497



Í bremsubrautinni á S8, sem má lýsa sem lúxuskerru með fítonskraft og pinnskarpa sportbílaeiginleika. LJÓSMYNDIR: EINAR ELÍ MAGNÚSSON

# Skemmtilegur skóladagur

***Sportbíladagur Audi reyndist lærdómsríkur en umfram allt bráðskemmtilegur.***

Það er þungbúinn rigningarmorgunn á sænsku eyjunni Gotlandi. Fyrir utan móttökuhús, gert úr segldúkum, standa rúmlega tuttugu Audi-bílar og bíða þess eins að verða keyrðir. Við erum stödd á kappakstursbrautinni Gotlandring, þar sem sportbíladagur Audi fer fram.

Sportbíladagurinn er hluti af akstursupplifunardagskrá Audi. Hægt er að kaupa dag, ýmist á kappakstursbraut eða sértilbúinni þrautabraut, og njóta handleiðslu atvinnuakstursleiðbeinenda til að læra að stjórna bílum við aðstæður sem þú kynnist ekki á hverjum degi.

Að þessu sinni standa okkur fjórir bílar til afnota; TT sportbíllinn, RS4, S6 og S8. Allir eru þeir fjórhjóladrifnir, hver öðrum flottari og hver öðrum kraftmeiri. Til glöggvunar fyrir þá sem ekki eru Audi-sérfræðingar heita grunnútgáfur bílanna „A“, til dæmis A6. Kraftmeiri og sportlegri útgáfa hans heitir svo S6 og þegar búið er að bæta enn við aflið og aksturseiginleikana heita þeir orðið „RS“, líkt og RS4 er kraftmesta útgáfa A4.

Það kann að virðast undarlegt en þetta þýðir að TT-bíllinn var sá kraftminnsti á svæðinu svo miklu munaði, „aðeins“ 250 hestöfl.

Dagurinn byrjar á kynningu á starfsfólkinu, bílunum og brautinni og síðan er farið í bílana, tveir þátttakendur í hvern. Við byrjum á S6 með 435 hestafla V-10 mótor og höldum á þann hluta brautarinnar þar sem fyrsta kennslustundin fer fram. Leiðbeinandinn keyrir með okkur í gegnum kaflann og útskýrir hvaða línu sé best að taka til að halda hraða án þess að missa grip.

Síðan var komið að okkur að prófa og þrátt fyrir að keilur hafi verið settar við inn- og útgangspunkta í hverri beygju þurfti nokkrar tilraunir til að ná línunni fumlaust. Ef ekki var bremsað á réttum stöðum eða farið of geyst í kröppustu beygjurnar byrjaði bíllinn að renna á blautu malbikinu og ESP-stöðugleikakerfið greip af manni völdin. Þannig var hægt að komast að því smátt og smátt hversu langt er hægt að ganga.

Fyrir næstu þraut fórum við í TT-bílana. Hún gekk út á að sviga á milli keila og aftur var markmiðið að halda ferð án þess að bíllinn skrikaði. Bragðið reyndist að slá af bensíninu rétt áður en kröppustu beygjurnar voru teknar. Þá flyst þunginn á framhjólin og bíllinn lætur betur að stjórn.

Þriðja þrautin var bremsuæfing. Í henni keyrðum við 450 hestafla S8 með V-10 mótor á fullri ferð að merki þar sem við klossbremsuðum og stýrðum bílnum í gegnum hindrun á meðan ABS-kerfið sá um að hægja á bílnum. Hljómar einfalt, en ákveðni og yfirvegaðar hreyfingar eru frumskylirði þess að ekki fari illa.

Síðasta þrautin var svo að komast í gegnum krappa beygju með því að bremsa niður og gefa aftur í og hér skipta tímasetningar og aksturslínur öllu máli. Fyrir þessa þraut fengum við 420 hestafla RS4 með V-8 mótor, langsportlegasta bílinn sem við prófuðum þann daginn og þann eina beinskipta.

Leiðbeinandinn okkar var ekkert yfir sig hrifinn af frammistöðunni, en um leið og ég fann að hægt var að komast upp með meira hliðarskrið á þessum bíl en hinum án þess að stöðugleikakerfið tæki af manni völdin var mér alveg sama - þetta var of gaman til að fara hægar.

Eftir skemmtilegasta skólamorgun sem ég hef upplifað, og athyglisverðasta hádegismat sem ég hef séð lengi, var komið að því að nýta allt sem við höfðum lært. Þátttakendur skiptu sér niður í fjóra hópa, þrír bílar í hverjum hópi og einn leiðbeinandi á undan. Með smá bili fóru hóparnir inn á brautina og áttu að fylgja sínum leiðbeinanda fast eftir.

Ég bjóst við að aksturinn mundi byrja rólega til að hita fólk upp en þess í stað var allt gefið á fullt og adrenalínið náði strax tökum á manni. Veðrið hafði skánað til muna og eftir nokkra hringi var aksturslínan í brautinni farin að þorna. Þá gafst meira rúm fyrir hraða en um leið og maður fór út fyrir línuna tók ESP af manni völdin.

Í hverjum bíl voru tveir þátttakendur og hver þátttakandi keyrði fjóra hringi í hverri bílategund, alls sextán hringi. Eftir 32 hringi var okkur þakkað fyrir daginn í talstöðinni og þvert á vilja okkar lögðum við bílunum og afhentum lyklana. Fyrsta, og vonandi ekki síðasta, degi mínum á kappakstursbraut var lokið. Ég efast ekki um að ég eigi eftir að búa lengi að þeim ráðum og brögðum sem okkur voru kennd, en minningin um hraðann, bílana og þennan skemmtilega akstur á samt eftir að ylja mér meira á komandi mánuðum.

Ef þú hefur áhuga á að upplifa slíkan dag skaltu skella þér beint á vefslóðina www.audi.de/driving og kanna hvað er í boði þar. Ég á örugglega eftir að gera það fljótlega sjálfur. *einareli@frettabladid.is*



Í upphafi dags. Bílarnir bíða í „pitstoppinu“ eftir ökumönnum. Eins og sjá má er brautin rennandi blaut og sleip.



RS4 lítur við fyrstu sýn út eins og lítill og sætur fjölskyldubíll en er í raun magnaður sportbíll sem stórskemmtilegt er að keyra, mikið öflugri en TT.



S6 í brautinni. Í stuðaranum eru 10 LED-perur sem vísa til jafnmargra strokka undir húddinu.



Tveir TT-bílar í hringakstrinum í lok dags. Hraðinn var frá 70 og upp í 140 kílómetra á klukkustund á beinu köflunum.



Í hringakstrinum í loki dags. Einbeitingin skín úr augunum og hnúarnir hvítna undan dauðahaldinu um stýrið. Hér þýðir ekkert að ætla sér að skipta um útvarpsstöð.

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar
Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 11. október 2006 – 39. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir


**Afkomuspár bankanna**

Nást hundrað milljarðar í hús?



8



**Hagspá bankanna**

Varasamt að fagna of snemma

10-11

**Sjálfsmyndarsköpun Íslendinga**

Eru ekki allir alltaf að?



14

## Minna aðhald í ríkisrekstrinum

Greiningardeild Glitnis segir ákvörðun ríkisstjórnarinnar um breytingar á virðisaukaskatti og vörugjaldi á matvælum, sem kynntar voru á mánudag en taka gildi í mars á næsta ári, draga úr aðhaldi í ríkisrekstrinum á þeim tíma þegar aðhalds er þörf.

Þenslueinkenna er sagt gæta víða í þjóðarbúskapnum, þau sjáist meðal annars í mikilli verðbólgu og viðskiptahalla. Þótt hagspár gefi til kynna mjúka lendingu hagkerfisins á næsta ári þá byggi þær á aðhaldssamri hagstjórn á tímabilinu.

Sérfræðingar efnahagsmála vara við því að sigri sé fagnað of snemma í baráttunni við þensluna og telja aðhalds enn vera þörf í ríkisrekstrinum.

- jab / Sjá einnig síðu 10

## Sækja sér bresk innlán

Landsbankinn kynnti í gær nýja innlánsvöru í Bretlandi undir nafninu Icesave. Um er að ræða sérsniðna sparnaðarleið ætlaða breskum almenningi sem eingöngu er aðgengileg á netinu. Lágmarksinnistæða á Icesave-reikningi verður 250 pund og hámarksinnistæða ein milljón punda.



SIGURJÓN Þ. ÁRNASON, BANKASTJÓRI.

Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, segir þetta lið í því markmiði bankans að breyta samsetningu heildarfjármögnunar bankans og auka vægi innlána þar. „Það sem er sérstakt við Icesave er að við lofum föstum lágmarksviðmiðunum allt til ársins 2009 miðað við ákveðna grunnvexti sem breski seðlabankinn ákvarðar og verðum þar að auki í hærri enda þeirra vaxta sem er verið að bjóða hér."

Landsbankinn hefur verið á breska innlánamarkaðnum í þrjú ár og heildarinnlán þar nema nú rúmum 200 milljörðum króna, bæði frá einstaklingum og fyrirtækjum.

- hhs

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Nýtt fyrirtæki** | Stofnað hefur verið á Akureyri fyrirtækið Saga fjárfestingar hf. Meðal verkefna verður stöðutaka á verðbréfamörkuðum, samrunar og yfirtökur, fjárfestingalán og útlán auk meðfjármögnunar.

**Nær yfirtöku** | Stór hluti eigenda House of Fraser hefur lagt blessun sína yfir tillögur stjórnar um að samþykkja yfirtökutilboð frá Highland Acquisitions en að því standa meðal annars Baugur og FL Group.

**Verð lækkar** | Og fjarskipti hafa gert umfangsmikinn samning við Vodafone Group um nánara samstarf og samnýtingu vörumerkis þess síðarnefnda. Verð á símtölum erlendis ætti að lækka við samninginn.



**Verður stærst** | Marel hf. gæti orðið stærsta fyrirtæki sinnar tegundar í heiminum ef til samruna þess og matvælavinnslukerfahluta Stork-samstæðunnar kæmi, en Marel á stóran hlut í henni.

**Bæta við** | Fjárfestingarfélagið Grettir hefur aukið við hlut sinn í Avion Group og fer nú með 8,25 prósenta hlutafjár. Eigendur Grettis eru Sund, Landsbankinn og Ópera Fjárfestingar sem eru í eigu Björgólfsfeðga.

**Prófun tefst** | DeCode Genetics hefur gert hlé á þriðja fasa prófana á tilraunalyfinu DG031 meðal bandaríska hjartasjúklinga. Hléið kemur til vegna þess að tíminn sem tekur lyfið að losna úr töflunum hefur lengst.

**Nýir eigendur** | FL Group mun vera tilbúið til að selja allan hlut sinn í Icelandair og fyrrverandi eigendur Vátryggingafélags Íslands munu mynda nýja kjölfestu í félaginu og eiga ríflega þriðjungshlut.

# Iceland gæti skilað 30 milljarða arði

## Miðað við rekstrarbata gæti opnast leið til 30 milljarða fjárfestingar eða arðgreiðslu til hluthafa. Skuldir hafa lækkað um fimmtán milljarða á skömmum tíma með betri rekstri.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur tekist að lækka skuldir Iceland-keðjunnar um 120 milljónir punda eða um rúma fimmtán milljarða króna. Það þýðir að sjóðsflæði félagsins hefur styrkst verulega. Að mati sérfræðinga gefur slíkt, miðað við þann gang sem er í félaginu, færi á að endurfjármagna félagið í annað skipti og greiða út arð til hluthafa eða fjárfest frekar í starfseminni fyrir upphæð sem gæti numið um það bil 250 milljónum punda eða þrjátíu milljörðum króna.

Möguleiki er á slíkri aðgerð snemma á næsta ári ef allt fer sem horfir.

Þannig gætu stærstu hluthafarnir, Fons, sem er í eigu stjórnarformannsins Pálma Haraldssonar, og Baugur Group, fengið um tíu milljarða til baka ef greiddur yrði út fyrrnefndur arður. Hlutur hvors nemur 30 prósentum en meðal annarra hluthafa er Karl Wernersson í Milestone og stjórnendateymi Iceland undir forystu forstjórans Malcolms Walker.

Með þessu fengju eigendur Iceland nánast upphaflegt kaupverð allrar Big Food Group-keðjunnar, sem var yfirtekin í skuldsettri yfirtöku síðla árs 2004, til baka og margfalt kaupverð Iceland til baka. Fyrr á árinu var Iceland-keðjan endurfjármögnuð í fyrra skiptið. Þá greiddu fjárfestarnir sér til baka upphaflega fjárfestingu ásamt vöxtum, tíu milljarða króna miðað við núverandi gengi pundsins. Heildarumfang þeirrar fjármögnunar nam tuttugu milljörðum króna. Algengt er að slíkur árangur náist á tveimur til þremur árum.

Iceland og Booker mynduðu að stærstum hluta verslanakeðjuna Big Food Group og var Iceland sett inn í sérfélag. Kaupverð hlutafjár BFG nam 326 milljónum punda.

Grundvöllur þessara hugmynda er sú gjörbreyting sem hefur orðið á rekstri Iceland á síðustu mánuðum. Forstjórinn Malcolm Walker á drjúgan þátt í endurreisn Iceland en hann sneri miklum hallarekstri áranna 2001-2004 í hagnað. Walker taldi að fyrri stjórnendur hefðu misst sjónar á hvaðan félagið kom: Iceland ætti að vera lágvöruverslanakeðja sem byði upp á frosin matvæli á lægsta verði. Gripið var til mikilla hagræðingaaðgerða til að stöðva taprekstur með því að loka fjölda verslana, draga úr yfirbyggingu, fækka birgjum og einblína á lágvöruverðsverslun.

# Hagnaðarmet í uppsiglingu

## Kaupþing skilar yfir þrjátíu milljarða hagnaði á þriðja ársfjórðungi. Jafnframt er því spáð að Íslandsmet í hagnaði á einu ári falli.

Kaupþingi er spáð 35 milljarða króna hagnaði á þriðja ársfjórðungi samkvæmt meðaltalsspá greiningardeilda Glitnis og Landsbankans. Verði þetta niðurstaðan yrði ekki einungis um hagnaðarmet á einum ársfjórðungi að ræða heldur myndi einnig Íslandsmet fyrir hagnað á einu ári falla því heildarhagnaður Kaupþings næmi þá 67 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins.

Ársfjórðungsmetið er í eigu gamla Burðaráss, sett á öðrum ársfjórðungi í fyrra, eftir að félagið seldi Eimskip til Avion Group með miklum söluhagnaði. Exista á svo Íslandsmetið í hagnaði á einu ári en félagið, sem þá var óskráð, skilaði rúmlega fimmtíu milljarða króna hagnaði í fyrra.

Þennan mikla væntanlega hagnað er að stórum hluta hægt að þakka 23,8 milljarða hagnaði Kaupþings af skráningu og sölu hlutabréfa í Existu. Bankinn seldi tíu prósent hlutafjár í Existu til fagfjárfesta og almennra fjárfesta auk þess sem tíu prósenta hlutur var færður til markaðsvirðis. Stór hluti af bréfum bankans í Existu verður greiddur út sem aukaarður til hluthafa á næstunni.

Til samanburðar nam allur hagnaður fjögurra fjármálafyrirtækja, Glitnis, Landsbankans, Kaupþings og Straums-Burðaráss, 31 milljarði króna á öðrum ársfjórðungi. Sömu fyrirtæki högnuðust um 61 milljarð á fyrsta árshluta og ef Existu er bætt við þennan hóp verður heildarhagnaður þeirra yfir 76 milljarðar á þriðja ársfjórðungi.

Þótt Kaupþing verði líklega í sérflokki munu allmörg félög sýna góðar afkomutölur á næstu vikum. Exista er spáð um tuttugu milljarða hagnaði og Glitnir, Landsbankinn, Straumur og FL Group koma til með að skila yfir fimm milljörðum króna fyrir nýliðinn fjórðung.

- eþa / Sjá bls. 8


120 1886 2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

ISK 13,9%*

GBP 5,6%*

USD 6,2%*

EUR 3,6%*

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. september - 2. október 2006.

GOTT FÓLK McCANN

### GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | 3% | 39% |
| Alfesca | -1% | 24% |
| Atlantic Petroleum | -4% | 33% |
| Atorka Group | 1% | 2% |
| Avion Group | 1% | -32% |
| Bakkavör | 2% | 15% |
| Dagsbrún | 1% | -15% |
| FL Group | 0% | 19% |
| Glitnir | 3% | 21% |
| KB banki | 6% | 19% |
| Landsbankinn | 0% | 6% |
| Marel | 5% | 23% |
| Mosaic Fashions | -3% | -9% |
| Straumur | -2% | 7% |
| Össur | 0% | 9% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Metverð á skötusel

Sala var góð á fiskmörkuðum í síðustu viku en þá seldust 2,6 tonn af fiski. Meðalverð var 147,98 krónur á kíló og nam söluverðmæti 387 milljónum króna í vikunni sem er ríflega 64 milljóna króna aukning á milli vikna.

Þetta er nokkuð betra en vikuna á undan en þá seldust tæp 2,3 tonn af fiski og var meðalverðið 142,33 krónur á kíló.

Ýsa heldur sæti sínu sem mest selda tegundin líkt og fyrri vikur og þorskur situr fast í öðru sæti.

Verð fyrir slægða ýsu og þorsk lækkaði nokkuð á milli vikna. Ýsan fór á 132,64 krónur á kílóið í síðustu viku, sem er 6 krónum minna en fengust vikuna á undan. Þá fengust 235,28 krónur fyrir slægðan þorsk en það er 5 króna lækkun á milli vikna.

Hæsta meðalverð fékkst fyrir skötuskel í síðustu viku og hefur hann sætaskipti við sandhverfu og lúðu sem voru dýrustu tegundir vikuna á undan. Athygli vekur hins vegar að í síðustu viku voru 67 tonn af skötusel í boði á fiskmörkuðum en þegar sandhverfa og lúða voru boðin upp vikuna á undan var talsvert minna magn í boði eða einungis 6 kíló af sandhverfu og um 5 tonn af lúðu. - jab

# Verslanir áfram í Holtagörðum

Ikea opnar nýja verslun í Kauptúni í Garðabæ á morgun og flytur úr húsnæði sínu í Holtagörðum. Rými Ikea í Holtagörðum mun að líkindum standa autt fram á næsta ár en skipulagsbreytingar eru fyrirhugaðar á húsinu.

Búast má við að nýja húsnæðið muni rúma Ikea betur enda talsverður munur á húsunum. Húsnæðið sem Ikea hefur verið í síðastliðin 12 ár í Holtagörðum er rétt rúmir 9.000 fermetrar að stærð en nýja húsnæðið, sem sérstaklega er byggt fyrir starfsemi fyrirtækisins, er rúmir 20.000 fermetrar.

Enn hefur ekki verið ákveðið hvaða verslanir verði í húsnæði Ikea í Holtagörðum. Örn V. Kjartansson, hjá eignaumsýslu fasteignafélagsins Stoða hf., sem á húsnæðið, segir Ikea hafa gert leigusamning um húsnæðið í Holtagörðum fram á mitt næsta ár. Líkur séu á að húsnæðið verði autt í einhvern tíma eða þar til nýir aðilar taka við.

Örn segir endurskipulagningu fyrirhugaða á Holtagörðum enda sé staðsetningin góð og vilji menn hafa verslanarekstur áfram í húsinu. Viðræður séu langt komnar við nokkur fyrirtæki um rekstur í húsinu og megi búast við að nýir aðilar verði komnir í það rými sem Ikea skilur eftir sig á næsta ári, að sögn Arnar. - jab

# Bloomberg setur Kepler í fyrsta sæti

Bloomberg hefur valið Kepler Equities, dótturfélag Landsbankans í París, sem besta greiningaraðilann í að velja hlutabréf í Evrópu.

Skaut Kepler stórlöxum á borð við Merrill Lynch, Morgan Stanley og UBS, sem komu í næstu sætum, ref fyrir rass. Horft var til þess hvernig verð hlutabréfa þróaðist út frá kaup og sölu ráðleggingum.

Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, segir að útnefning Bloomberg sé mikill heiður fyrir Kepler og bankann í heild og beini augum fjárfesta að Kepler. „Það er dropinn sem holar steininn. Því oftar sem þú sýnir að þér gangi vel þá skilar það sér til baka jafnt og þétt.“ - eþa



**KEPLER Í PARÍS** Besti greiningaraðilinn í hlutabréfum í Evrópu samkvæmt Bloomberg.

# Stefna að afgerandi markaðshlutdeild

Byggingavörufyrirtækið MEST, sem nýlega sameinaðist Súperbygg, hefur í byggingu nýja 3.600 fermetra verslun í Norðlingaholti sem stefnt er á að verði opnuð í vetur. Þar að auki eru áætlanir uppi um að reisa 2.000 fermetra verslunar- og þjónustuhúsnæði á Malarhöfða. Fyrir eru þrjár verslanir reknar undir nafni MEST á höfuðborgarsvæðinu.

Þórður Birgir Bogason, forstjóri MEST, segir félagið stefna að því að ná afgerandi stöðu á byggingavörumarkaðnum. Fyrirtækið hafi þegar yfir helmings markaðshlutdeild í múr- og steypuvörum á markaði fagaðila og stefni að því að ná sambærilegri hlutdeild í öðrum vörum. „Við erum að víkka okkar vöruframboð og færa okkur frekar inn á byggingavöruhluta markaðarins. Nú erum við komin með allar vörur til húsbygginga og höfum klárlega mikla sérstöðu á markaðnum þar sem við höfum mun breiðara vöruúrval en aðrar byggingavöruverslanir.“

Áætluð ársvelta MEST eftir sameininguna, sem gekk formlega í gegn síðastliðinn mánudag, er um 6 milljarðar króna og starfsmenn eru um 250. - hhs




**MEST OG SÚPERBYGG SAMEINAST** Þórður Birgir Bogason og Pétur Hans Pétursson handsala samninginn.

# Erlendur skuldabréfaútgefandi stærri en ríkið

## Þýski þróunarsjóðurinn bætti í gær 9 milljörðum króna við jöklabréfaútgáfu sína. Heildarútgáfa sjóðsins er yfir markaðsvirði allra ríkisbréfaflokkanna, bendir Glitnir á.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Þýski þróunarsjóðurinn KfW bætti í gær níu milljörðum króna við útgáfu sína á skuldabréfum í krónum. Slík erlend útgáfa bréfa í krónum hefur ýmist hafa verið nefnd krónu- eða jöklabréf. Í morgunkorni Glitnis er greint frá því að sjóðurinn hafi gefið bréfin út í þremur jafnstórum útgáfum þar sem gjalddögunum er dreift á árin 2008, 2009 og 2010, allir í október.

Bankinn bendir á að með þessari viðbót nemi heildarútgáfa KfW 87 milljörðum króna. „Til samanburðar eru allir ríkisbréfaflokkarnir tæpir 86 milljarðar króna að markaðsvirði,“ segir í morgunkorni bankans. Alls hafa nú verið gefin út krónubréf fyrir tæpa 310 milljarða króna en útistandandi eru tæplega 260 milljarðar. Þar af koma nálægt því 100 milljarðar til innlausnar næsta haust. „Aukinn kraftur í útgáfu krónubréfa á síðustu vikum hefur haft veruleg áhrif á gengi krónunnar sem hefur hækkað um 3,5 prósent síðasta mánuðinn. Áhugavert verður að sjá hvað gerist á gjaldeyrismarkaði þegar draga mun úr áhuga erlendra fjárfesta á frekari útgáfu. Þetta gæti vel átt sér stað með lækkun stýrivaxta á næsta ári og jafnvel fyrr,“ segir bankinn og telur að dragi hratt úr útgáfu krónubréfa að nýju gæti fylgt því snörp lækkun gengis krónunnar.

Það sem af er árinu nemur útgáfa jöklabréfa 141 milljarði króna. Lánasýsla ríkisins greinir frá því að í síðasta mánuði hafi alls bæst við 29,5 milljarðar króna frá Deutsche Bank, HSBC, Rabobank, Rentenbank, Depfa Bank, Toyota og frá KfW. Innlausn jöklabréfa hófst um miðjan síðasta mánuð en hefur ekki haft teljandi áhrif á gengi krónunnar, meðal annars vegna áframhaldandi útgáfu og endurnýjun bréfa sem drifin er áfram af vaxtamun við útlönd.

Þorvarður Tjörvi Ólafsson, hagfræðingur á rannsóknar- og spádeild hagfræðisviðs Seðlabanka Íslands, er sérfróður um útgáfu jöklabréfa. Hann segir erfitt að spá fyrir um hvert framhaldið verði í þessari útgáfu. „Við höfum svo sem sagt að þetta muni halda áfram svo lengi sem þessir drifkraftar eru til staðar. Sérstaklega er það vaxtamunurinn og svo hefur greinilega skapast meiri ró hjá erlendum fjárfestum gagnvart krónunni og íslensku efnahagslífi almennt,“ segir hann og bendir á að krónan sé ekki jafnsterk nú og fyrir ári þegar útgáfa jöklabréfanna fór af stað. „Erlendir fjárfestar telja það því væntanlega ekki jafnáhættusamt og þá að fjárfesta í þessum bréfum þegar ef til vill voru líkur á að krónan myndi gefa meira eftir. Á móti kemur að viðskiptahallinn er verulega hár sem kallar náttúrlega á einhverja gengisaðlögun þannig að fjárfestingin er vissulega áhættusöm.“

Þorvarður Tjörvi segir áframhaldandi útgáfu ráðast af mati erlendu fjárfestanna á hvort vaxtamunur verði hér áfram mikill við útlönd, bæði hver verði peningastefna Seðlabankans og eins vaxtaþróun í útlöndum. „Í Japan þar sem menn hafa verið að fjármagna þessi viðskipti hefur ýmislegt bent til þess að stýrivextir muni ekki hækka jafnhratt og menn töldu í sumar.“



**ÞORVARÐUR TJÖRVI ÓLAFSSON** Þorvarður Tjörvi, hagfræðingur á rannsóknar- og spádeild Seðlabankans sem fyrir rúmu ári síðan skrifaði ritgerð um jöklabréf, fjallaði um þau á fundi Viðskiptaráðs um stöðu krónunnar fyrir skömmu. MARKAÐURINN/GVA


13,6%*
Peningamarkaðssjóður ÍV
*Nafnávöxtun í september 2006 á ársgrundvelli

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!
460 4700 • www.iv.is

Peningamarkaðssjóður ÍV er fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögum en verðbréfasjóðir og geta því verið áhættusamari. Frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfa-sjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins er að finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu sem nálgast má hjá Íslenskum verðbréfum hf. auk upplýsinga á heimasíðu www.iv.is. Peningamarkaðssjóður ÍV er rekinn af Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV.

GEIMSTOFAN

FRÉTTABLAÐIÐ

STEFNUMÓT VIÐ LEIÐTOGA

Landsbankinn



NÓBELSVERÐLAUNAHAFINN
OG MAÐUR NÍUNDA
ÁRATUGARINS AÐ MATI
TIME SNÝR AFTUR
Á SÖGULEGUM TÍMAMÓTUM

# HANN BREYTTI HEIMINUM Í REYKJAVÍK FYRIR 20 ÁRUM

## GORBACHEV Í HÁSKÓLABÍÓI Á FIMMTUDAGINN

FYRIRLESTUR OPINN ÖLLUM OG HEFST KL.17:00
MIÐASALA VIÐ INNGANGINN,
Í SÍMA 511-2255
OG Á CONCERT.IS

## Hagvöxtur minnkar

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) segir flest benda til að hagvöxtur muni minnka á næstunni í helstu hagkerfum heims. Kanada og Brasilía eru þar undanskilin en líkur benda til að hagvöxtur þar muni aukast.

Samanteknir hagvísar sem OECD styðst við benda til að hagvöxtur sjö stærstu hagkerfanna innan OECD hafi dregist saman um 0,1 punkt á milli mánaða í ágúst, samkvæmt staðli sem stofnun notar til útreikninganna. Þetta er fimmti mánuðurinn í röð sem hagvöxtur í löndunum dregst saman. - jab

# Vöxtur hjá 66°Norður

Sjóklæðagerðin 66°Norður opnaði nýlega fjórðu verslun sína í Riga, höfuðborg Lettlands. Fyrirtækið hefur verið að hasla sér völl í Lettlandi en auk verslananna fjögurra rekur það tvær verksmiðjur í landinu. Halldór Eyjólfsson, forstjóri 66°Norður, segir í fréttatilkynningu að vel hafi gengið að komast inn á lettneska markaðinn. Söluaukning hafi orðið um þrjátíu prósent á þessu ári miðað við sama tíma í fyrra.

Í tilkynningunni segir jafnframt að útflutningur á íslenskum útivistarfatnaði hafi að sama skapi aukist mikið. Í dag séu vörur félagsins seldar í tíu löndum og sókn á erlenda markaði sé helsti vaxtarbroddur fyrirtækisins. Rekstur fyrirtækisins hafi gengið vel undanfarin ár og búist við að veltan aukist um tæp þrjátíu prósent frá fyrra ári.

Um þrjú hundruð manns starfa hjá Sjóklæðagerðinni - 66°Norður sem rekur tíu verslanir hér á landi undir nöfnum 66°Norður og Rammagerðarinnar. - hhs



**VERSLUN 66°NORÐUR Í LETTLANDI** Sjóðklæðagerðin 66°Norður opnaði nýlega fjórðu verslun sína í Riga, höfuðborg Lettlands.

## Mk One tapar

Verslanakeðjan Mk One, sem selur tískufatnað á lágvöruverði, tapaði einum milljarði króna fyrir skatta á fyrstu sextán mánuðunum undir stjórn Baugs.

Baugur tók félagið yfir fyrir rétt tæpum tveimur árum.

Mikil samkeppni meðal smásala á ódýrari tískufatnaði hefur leitt til verðlækkunar og mikils vaxtar verslanakeðjunnar Primark sem hefur reynst fyrirtækjum á borð við Mk One óþægur ljár í þúfu. Þá hafa breskir neytendur dregið úr neyslu undanfarin misseri.

Eigendur Mk One hafa brugðist við þessu tapi með því að ráða inn nýtt stjórnendateymi undir forystu Dominic Galvin. - eþa

# Áhersla verður lögð á rafræna þjónustu

**UT-dagurinn verður haldinn í annað sinn 8. mars. Á sama tíma hefst stórsýningin Tækni og vit 2007.**

UT-dagurinn verður haldinn í annað sinn 8. mars næstkomandi. Fyrir deginum standa forsætis- og fjármálaráðuneyti. Samhliða setja AP-sýningar upp stórsýningu í upplýsingatækni undir heitinu Tækni og vit 2007 sem stendur til 11. mars.

UT-dagurinn verður haldinn í Salnum í Kópavogi en sýningin Tækni og vit verður í Fífunni.

Aðaláhersla UT-dagsins verður á rafræna þjónustu, skilríki og innkaup, meðal annars með tilliti til hvernig slík tækni getur aukið sjálfsafgreiðslu í þjónustu opinberra stofnana. „Ýmsar hindranir hafa verið á vegi stofnana sem haft hafa hug á að koma á sjálfsafgreiðslu en unnið er að því að ryðja þeim helstu úr vegi, þannig að framtíðin er björt í þessum efnum," segir forsætisráðuneytið.

Tækni og vit 2007 er svo fagsýning tækni- og þekkingariðnaðar, haldin í samstarfi við forsætis-, fjármála-, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Samtök iðnaðarins, Háskólann í Reykjavík, Orkuveitu Reykjavíkur og TM Software.



**Í FÍFUNNI Í KÓPAVOGI** Upplýsingatæknisýningin Tækni og vit 2007 verður haldin í Fífunni í Kópavogi í mars næstkomandi, en UT-dagurinn, sem forsætisráðuneytið stendur að, verður í Salnum í Kópavogi. MARKAÐURINN/HARI

Lögð verður áhersla á að kynna það sem hátækni- og þekkingarfyrirtæki hafa upp á að bjóða og skapa umræðu um þennan hluta íslensks athafnalífs. Fjöldi fyrirtækja og stofnana tekur þátt í sýningunni, en jafnframt verða í tengslum við hana aðrir viðburðir, svo sem veiting viðurkenninga fyrir framlag fyrirtækja til tækniþróunar og atvinnusköpunar hér á landi. - óká

# Hannes yfir 11 milljörðum ríkari á pappírunum

**Gengishagnaður stærstu hluthafa FL Group hleypur á 35 milljörðum eftir snarpar gengishækkanir. Markaðsvirði FL hefur hækkað um 800 milljónir á dag.**

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Hluthafar í FL Group hafa hagnast vel upp á síðkastið en bréf félagsins hafa stigið upp um 45 prósent frá því í byrjun ágúst. Þetta þýðir að markaðsvirði FL hefur farið úr 125 milljörðum króna í 181 milljarð sem er hækkun um rúmar 800 milljónir króna á dag. Ætla má að óinnleystur gengishagnaður fjögurra stærstu hluthafanna nemi samanlagt yfir 35 milljörðum króna.




**HANNES SMÁRASON** Græðir ellefu milljarða. Sala á Icelandair leikur stórt hlutverk í þeim hækkunum sem hafa orðið á FL.



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON** Baugur, annar stærsti hluthafinn, græðir um tíu milljarða.

Oddaflug, félag í eigu forstjórans Hannesar Smárasonar, hefur hagnast mest eða um rúma ellefu milljarða króna en hagnaður Baugs, annars stærsta eiganda FL, er um rúmir tíu milljarðar króna.

Magnús Kristinsson og Kristinn Björnsson urðu einnig stórir hluthafar í FL Group í sumar þegar FL Group keypti hluti þeirra í Straumi-Burðarási í skiptum fyrir ný hlutabréf í FL á genginu 18,52. Miðað við þau viðskipti er gengishagnaður þeirra félaga rétt tæpir átta milljarðar króna, en hagnaðurinn verður enn meiri ef horft er aftur til ágústbyrjunar.

Gengi Straums er aftur á móti tíu prósentum lægra en það var þegar þeir seldu.

Um miðjan ágúst stóð verðmæti FL í 125 milljörðum króna en eigið fé var þá um 119 milljarðar þannig að félagið var nálægt upplausnarvirði. „Við erum tiltölulega ódýrir miðað við mörg önnur fyrirtæki sem við berum okkur saman við. Við erum nánast að fara á pari," sagði Hannes Smárason þá. Hannes benti á að FL gæti verið áhugavert fyrir marga fjárfesta sökum dulinna verðmæta í dótturfélaginu Icelandair Group og er líklegt að hækkun á gengi FL að undanförnu hafi helst skýrst af væntingum um mikinn söluhagnað á Icelandair. Nú sést að hagnaður FL við sölu og skráningu verður um 26 milljarðar króna.

Aðrir þættir kunna einnig að skýra þá hækkun sem orðið hefur, til dæmis innherjaviðskipti Oddaflugs og Baugs á dögunum. Óinnleystur gengishagnaður af kaupum Hannesar á bréfum fyrr í september nemur um 400 milljónum króna. Þá hafa innlend hlutabréf hækkað mikið á síðustu vikum en FL er einn umsvifamesti fjárfestirinn á innlandsmarkaði og heldur utan um kjölfestuhluti í Glitni og Straumi.

Í þessu sambandi er vert að hafa það í huga að sömu aðilar „töpuðu" einnig gríðarlegum fjárhæðum fyrr á árinu þegar gengi FL lækkaði um 30-40 prósent. Gróði og tap í öllu þessu samhengi er því bara á pappírunum þegar allt kemur til alls.



**MAGNÚS KRISTINSSON** Hann og Kristinn Björnsson hafa hagnast vel eftir að þeir seldu FL bréf sín í Straumi.



Afar vönduð borðstofuhúsgögn

skovby® Excellent Dining Rooms

# dagar

# 20% afsl.

af sérpöntunum og uppstillingum
**6.-17. október**



Hönnuður: Per Hansbæk



Stækkanlegt borð f.20 manns










Komdu núna og gerðu frábær kaup

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275** ■ **568-5375**
**Opið** Virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16

KORTER.IS

# Markaður með hringitóna mettur



Sala á hringitónum fyrir farsíma mun dragast saman um 20 prósent á þessu ári miðað við síðasta ár og eru blikur á lofti um að sá mikli vöxtur sem verið hefur í þessum geira sé á enda. Þetta kemur fram í skýrslu breska markaðsrannsóknafyrirtækisins MusicAlly í síðustu viku.

Velta á hringitónamarkaðnum nam 177 milljónum punda eða 22,6 milljörðum króna í Bretlandi á síðasta ári. Salan hefur minnkað talsvert á þessu ári og er búist við álíka samdrætti næstu fjögur árin. Verði það niðurstaðan má búast við að samdrátturinn nemi um 100 milljón pundum eða 12,8 milljörðum króna á tímabilinu. Að sögn Steves Myall, talsmanns fyrirtækisins, er ástæðuna fyrir samdrættinum meðal annars að finna í því að ýmsir agnúar fylgja kaupum á hringitónum fyrir farsíma. Þar á meðal eru bakreikningar að áskrift að hringitónum, sem komi illa við suma. En helsta ástæðan fyrir minni sölu á hringitónum eru vinsældir farsíma með mikið innra minni sem geta geymt tónlist á þjöppuðu formi. Þetta hefur gert það að verkum að farsímaeigendur hafa hlaðið tónlist úr tónlistarsafni sínu í heimilistölvunni yfir í farsímann og gert lög úr sarpi sínum að hringitóni. **- jab**

# Japanar bera skarðan hlut frá borði



**SAMNINGARNIR UNDIRRITAÐIR** Hlutur Japana í olíuvinnslu í Azadeganhéraði hefur minnkað verulega frá því skrifað var undir samkomulag þess efnis árið 2001. MARKAÐURINN/AFP

Hlutur japanska olíufélagsins Inpex í olíuvinnslu í Azadeganhéraði í Íran hefur minnkað talsvert frá því sem upphaflega var áætlað. Hlutur olíufélagsins, sem er í eigu japanska ríkisins, átti að vera 75 prósent en nú lítur út fyrir að hann verði einungis 10 prósent.

Þetta er þvert á það sem forsvarsmenn Inpex samþykktu þegar þeir skrifuðu undir samkomulag um olíuvinnslu á svæðinu fyrir fimm árum. Inpex mun engu að síður hafa samþykkt minni sneið af kökunni þar sem fjármögnun verkefnisins hefur ekki gengið sem skyldi.

Kostnaður við uppbyggingu á olíuvinnslusvæðinu í Azadeganhéraði er gríðarhár enda talinn geta numið um 2 milljörðum bandaríkjadala eða tæpum 138 milljörðum íslenskra króna. En talsvert er í húfi því reiknað er með að hægt verði að dæla um 26 milljörðum tunna af hráolíu af svæðinu.

Til greina hefur komið að framkvæmdin færist á hendur þriðja aðila, hugsanlega til Frakka. Þetta mun þó ekki koma í veg fyrir að Japanar geti flutt inn olíu frá Íran þegar olíuvinnsla verður komin á fullt skrið á Azdegansvæðinu. **- jab**

# Nýr álrisi veltir Alcoa úr fyrsta sæti

Stjórnendur rússnesku álfyrirtækjanna Rusal og Sual og forstjóri svissneska álfyrirtækisins Glencore greindu frá því í Moskvu í Rússlandi á mánudag að fyrirtækin hefðu ákveðið að sameinast um álframleiðslu. Með sameiningunni hefur Alcoa verið velt úr sessi sem stærsti álframleiðandi í heimi.

Orðrómur þess efnis heyrðist fyrr í sumar en forstjórar fyrirtækjanna neituðu að tjá sig um hugsanlegan samruna.

Rusal á 66 prósent í sameinuðu félagi en fyrirhugað er að skrá það í kauphöll Lundúna í Bretlandi innan 18 mánaða.

Eftir samninguna verður kanadíska fyrirtækið Alcan þriðja stærsta fyrirtækið í þessum geira í heim. Richard Evans, forstjóri þess, sagði í samtali við breska ríkisútvarpið að þrátt fyrir að sætaskipti hafi orðið á stærstu álfyrirtækjum í heimi þá bæru Alcoa og Alcan enn höfuð og herðar yfir hið nýja sameinaða fyrirtæki á sviði álbræðslu.

Samstarf Rusal og Sual er síður en svo nýtt af nálinni en fyrirtækin hafa um nokkurn tíma unnið saman að álframleiðsluverkefnum í NV-Rússlandi.

Þá er Rusal, sem lengi var þriðja stærsta álfyrirtæki í heimi, eitt þeirra fyrirtækja sem sýnt hefur áhuga á að reisa álver á Norðurlandi. **- jab**



**HÆSTRÁÐENDUR ÁLRISANNA** Viktor Vekselberg, stjórnarformaður Sual, rússneski auðkýfingurinn Oleg Deripaska, stjórnarformaður Rusal, og Ivan Glencore, forstjóri Glencore, tókust í hendur á blaðamannafundi í Moskvu á mánudag þegar samstarfið var innsiglað. MARKAÐURINN/AP

# Fjárfestum líst best á Bretland

## Langflestir erlendir fjárfestar settu fjármagn í verkefni í Bretlandi, sem trónir yfir önnur lönd.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Erlendum fjárfestum líkar best að stunda viðskipti sín í Bretlandi og leggja fjármuni í verkefni þar í landi af öllum löndum í Evrópu. Þetta segir í niðurstöðum nýlegrar skýrslu, sem ráðgjafafyrirtækið Ernst & Young hefur tekið saman um fjárfestingar í Evrópu á fyrri helmingi ársins.

Í skýrslunni kemur fram að erlendir fjárfestar lögðu til fé í 1.432 verkefna í Evrópu á tímabilinu. Þetta er 288 verkefnum meira en á sama tíma í fyrra.

Í skýrslunni segir að erlendir fjárfestar frá öllum heimshornum hafi lagt fjármagn til 315 verkefna í Bretlandi. Þar af voru 133 verkefni í Lundúnum. Fjárfestingarnar voru næstum því helmingi fleiri en verkefni af þessum toga í Evrópu og hæsta hlutfallið í álfunni.

Erlendir fjárfestar settu næstmesta fjármagnið í verkefni í Frakklandi. En talsvert ber á milli því fjármagn var sett í 181 verkefni þar í landi. Þýskaland var þriðja í röðinni, Spánn í fjórða sæti en Belgía í því fimmta en 63 verkefni þar í landi voru fjármögnuð af erlendum fjárfestum.

Á sama tíma drógust fjárfestingar saman í nokkrum löndum á milli ára, meðal annars í Póllandi, Ungverjalandi, Rússlandi og í Tékklandi.

Meirihluti þeirra fjárfesta sem settu fjármagn í verkefni í Bretlandi eru búsettir í Bandaríkjunum. Í skýrslunni kom hins vegar fram að indversk fyrirtæki hafa aukið fjárfestingar sínar í Bretlandi stórum á síðastliðnum árum.



**BRESKA ÞINGHÚSIÐ Í LUNDÚNUM** Fjárfestingar erlendra aðila jukust í Evrópu á milli ára. Mesta aukningin varð í Lundúnum í Bretlandi. MARKAÐURINN/GETTY IMAGES






# Renault og Nissan ræða við Ford

Stjórnir bílaframleiðendanna Renault og Nissan eru sagðar horfa til þess að bjóða bandaríska bílaframleiðandanum Ford til samstarfs um bílaframleiðslu í Bandaríkjunum eftir að slitnaði upp úr viðræðum við General Motors (GM) í síðustu viku.

Ford er í lítið betri stöðu en GM en fyrirtækið skilaði 123 milljóna dala eða rúmu 8,4 milljarða króna tapi á öðrum fjórðungi ársins. Til að bæta afkomuna hefur fyrirtækið ákveðið að segja upp allt að 39.000 starfsmönnum og loka 16 verksmiðjum í Bandaríkjunum fyrir árið 2008. Þá er búist við að fyrirtækið muni tilkynna í næsta mánuði hvort afráðið verði að selja dótturfyrirtæki þess sem framleiða Volvo, Jaguar, Land Rover og Aston Martin í næsta mánuði til þess að snúa rekstrinum til betra horfs.

Stjórn Ford hefur neitað að tjá sig um umleitanir Carlos Ghosn, forstjóra Nissan og Renault, sem telur samstarf þriggja bílaframleiðenda ákjósanlegan kost til að saxa á markaðshlutdeild japanska bílaframleiðandans Toyota í Bandaríkjunum.

Kirk Kerkorian, einn stærsti hluthafinn í GM, lýsti yfir mikilli óánægju með að viðræður við Renault og Nissan runnu út í sandinn í síðustu viku. Hann hefur nú hætt við að auka við hlut sinn í GM og er sagður íhuga að selja hlut sinn í fyrirtækinu. **- jab**



**CARLOS GHOSN** Forstjóri Nissan og Renault, Carlos Ghosn, er sagður hafa boðið stjórn Ford samstarf á sviði bílaframleiðslu í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Langt eftirbragð og fullkomið jafnvægi

GOOD TO THE LAST DROP!®
Maxwell House®

Gott til síðasta dropa



**FRÁ FJÖLMENNUM AFKOMUFUNDI GLITNIS Í SÍÐUSTU VIKU** Samkvæmt spám greiningardeilda verður Kaupþing í sérklassa á þriðja ársfjórðungi og er búist við að hagnaður bankans verði 35 milljarðar króna. Rekstraraðstæður voru almennt fjármálafyrirtækjum hagstæðar á þriðja ársfjórðungi og taka þau mestan hluta hagnaðar til sín. MARKAÐURINN/GVA

# Nást 100 milljarðar króna í hús?

**Fjármálafyrirtæki munu taka mesta hagnaðinn til sín nú þegar afkomutölur fara að birtast á nýjan leik. Kaupþing verður í sérflokki og slær hagnaðarmet Burðaráss og Existu gangi spár markaðsaðila eftir. Eggert Þór Aðalsteinsson rýnir í afkomuspár viðskiptabankanna og telur ekki loku fyrir það skotið að heildarhagnaður verði rúmir 100 milljarðar.**

Greiningardeildir viðskiptabankanna spá almennt góðum hagnaði félaga í Kauphöll Íslands fyrir þriðja ársfjórðung. Tvenn stórtíðindi gætu gerst á ársfjórðungnum; að Kaupþing setji hagnaðarmet á einum ársfjórðungi og heildarhagnaður fyrirtækja í Kauphöll fari yfir eitt hundrað milljarða króna á fjórðungnum í fyrsta sinn.

Við gerð þessarar fréttar er stuðst við afkomuspár Glitnis og Landsbankans en Kaupþing birtir sínar tölur í dag og er því aðeins stuðst við nokkur fyrirtæki úr spá bankans.

### GÓÐ SKILYRÐI FYRIR BANKA

Það er orðin hálfgerð klisja að tala um ofurhagnað fjármálafyrirtækjana en staðreyndin er einfaldlega sú að heildarhagnaður þeirra heldur bara áfram að vaxa og vaxa. Innkoma Existu á hlutabréfamarkað og góð skilyrði hjá fjármálafyrirtækjum veldur því að methagnaður verður á rekstri þeirra á þriðja ársfjórðungi.

Tekjur bankanna koma aðallega úr þremur áttum; hreinar vaxtatekjur, þóknanatekjur og fjárfestingatekjur. Þar sem síðasti ársfjórðungur var einkar góður á hlutabréfamarkaði, eins og sýndi sig í fimmtán prósenta hækkun Úrvalsvísitölunnar, ætti gengishagnaður að vera áberandi í uppgjörum banka og annarra fjármálafyrirtækja.

Glitnir spáir því að heildarhagnaður þeirra fimmtán félaga sem bankinn horfir til verði samanlagður 94 milljarðar króna. Þar af er hagnaður fjármálafyrirtækja áætlaður um 84 milljarðar. Landsbankinn reiknar með minni heildarhagnaði sextán félaga eða rúmum 74 milljörðum króna, þar af nemi hagnaður fjármálafyrirtækja yfir 68 milljörðum króna. Alls auka fyrirtækin hagnað sinn um 70 prósent á milli ára, miðað við spá Landsbankans, en ef Exista er tekið með í reikninginn nemur aukningin 130 prósentum.

Hér sést því berlega að lítið þarf upp á til að hagnaður allra fyrirtækja fari yfir eitt hundrað milljarða króna á þriðja ársfjórðungi. Ef spádómar Glitnismanna rætast þá næst það takmark, enda spáir Glitnir ekki fyrir eigin afkomu.

### MET FALLA

Kaupþing er í sérflokki hvað öll fyrirtæki snertir en meðaltalsspá hinna bankanna fyrir bankann hljóðar upp á 35,2 milljarða. Þegar haft er í huga að Kaupþing, Glitnir, Landsbankinn og Straumur skiluðu samanlagt 31 milljarði króna á öðrum ársfjórðungi þessa árs er um allverulega upphæð að ræða. Að vísu munar miklu á spám Glitnis og Landsbankans gagnvart Kaupþingi, tæpum 8,3 milljörðum króna. Burðarás á hagnaðarmet á einum ársfjórðungi sem var sett á öðrum árshluta árið 2005 þegar félagið skilaði tæplega tuttugu milljarða hagnaði eftir góða sölu á Eimskipafélaginu. Þetta met stendur ekki lengur óhaggað.

Íslandsmetið í hagnaði á einu ári á Exista, sem skilaði fimmtíu milljarða króna hagnaði í fyrra en þá var félagið reyndar óskráð. Víst er að þetta met fellur einnig þar sem hagnaður Kaupþings á fyrstu níu mánuðunum stefnir í það að verða 67 milljarðar króna.

Fyrir árið í heild er bankanum spáð hagnaði upp á 78,4 milljarða króna en til samanburðar liggur hagnaður Glitnis og Landsbankans á bilinu 33-34 milljarðar fyrir sama tímabil.

Gengishagnaður af sölu hlutabréfa í Existu og skráning þess á markað myndar stóran hluta hagnaðar Kaupþings á þriðja ársfjórðungi en einnig ættu hlutabréfamarkaðir hér innanlands og á hinum Norðurlöndunum að gefa vel af sér. Áfram er reiknað með áframhaldandi vexti þóknanatekna hjá bankanum en að vaxtatekjur dragist saman frá öðrum ársfjórðungi sökum minnkandi verðbólgu.

Exista, félag sem hefur verið tengt Kaupþingi sterkum böndum, skilar einnig góðu búi á þriðja ársfjórðungi en tveir af stærstu eignarhlutum félagsins, bréf í Bakkavör og Kaupþingi hækkuðu snarpt á fjórðungnum. Markaðsaðilar spá félaginu 22,2 milljarða hagnaði á þriðja ársfjórðungi en Exista tapaði yfir þremur milljörðum á fyrri hluta ársins.

### DREGUR ÚR HREINUM VAXTATEKJUM

Glitni og Landsbankanum er einnig spáð góðu gengi á þriðja ársfjórðungi en þar sem enginn „óvæntur glaðningur“ fellur til eins og hjá

**MEÐALTALSSPÁR MARKAÐSAÐILA UM AFKOMU FÉLAGA Á 3. ÁRSFJÓRÐUNGI***

| | |
|---|---|
| Kaupþing | 35.203 |
| Exista | 22.245 |
| Glitnir | 7.691 |
| Landsbanki | 6.174 |
| FL Group | 5.634 |
| Straumur | 5.210 |
| Avion Group | 4.658 |
| Actavis | 2.095 |
| Bakkavör | 1.698 |
| Tryggingamiðstöðin | 1.160 |
| Mosaic Fashions | 1.117 |
| Atorka Group | 575 |
| Vinnslustöðin | 394 |
| Össur | 348 |
| Icelandic Group | 188 |
| Marel | -12 |
| Alfesca | -219 |
| Dagsbrún | -1.982 |
| **Heildarhagnaður** | **90.481** |

** Byggt á afkomuspám Glitnis og Landsbankans. Auk þess hefur Kaupþing gefið út spár fyrir Actavis, Alfesca, Bakkavör, Marel, Vinnslustöðina og Össur. Allar tölur í milljónum króna*




Kaupþingi verður hagnaður bankanna nokkuð minni. Hreinar vaxtatekjur munu dragast saman milli annars og þriðja ársfjórðungs sökum lægri verðbólgu og styrkingu á gengi krónunnar. Burtséð frá því gefur grunnstarfsemi beggja banka ágætlega af sér.

Straumi-Burðarási er spáð 5,2 milljarða hagnaði gangi spáin eftir og nýtur góðs af hækkun hlutabréfaverðs og auknum vaxta- og þóknanatekjum. Það er gjörbreyting frá öðrum ársfjórðungi þegar fjárfestingabankinn skilaði lítis háttar hagnaði.

**MESTI HAGNAÐUR KAUPHALLARFÉLAGS Á EINUM ÁRSFJÓRÐUNGI**

| Upphæð | Félag | Tímabil |
|---|---|---|
| 19.881 | Burðarás | 2. ársfj. 2005 |
| 19.593 | Kaupþing | 1. ársfj. 2006 |
| 19.080 | Straumur-Burðarás | 1. ársfj. 2006 |
| 15.463 | Kaupþing | 4. ársfj. 2005 |
| 14.276 | Landsbankinn | 1. ársfj. 2006 |
| 14.113 | Kaupþing | 2. ársfj. 2005 |
| 12.680 | Kaupþing | 2. ársfj. 2006 |
| 12.616 | Straumur-Burðarás | 4. ársfj. 2005 |
| 11.439 | Kaupþing | 1. ársfj. 2005 |
| 11.013 | Glitnir | 2. ársfj. 2006 |
| 10.676 | FL Group | 4. ársfj. 2005 |

Miklu munar á spám bankanna varðandi uppgjör FL Group. Félagið naut góðs af hækkunum á hlutabréfamörkuðum á þriðja ársfjórðungi en nokkur óvissa virðist ríkja um hreyfingar á gjaldeyrisjöfnuði, sem var jákvæður um 93 milljarða króna í lok fyrsta ársfjórðungs. Krónan styrkist talsvert á þriðja ársfjórðungi sem hefur áhrif til lækkunar á þessari eign. Fyrirhuguð sala og skráning Icelandair Group á markað kemur ekki til með að hafa áhrif á afkomu FL fyrr en á fjórða ársfjórðungi en ætla má að hagnaður félagsins á árinu stefni í tæpa þrjátíu milljarða króna.

**SÍSTI ÁRSHLUTI ACTAVIS**

Stóru útrásarfyrirtækin Actavis og Bakkavör Group munu skila ágætum hagnaði. Bakkavör, sem skilaði methagnaði á öðrum hluta ársins, hefur verið að vaxa umfram breska markaðinn en ólíklegt er talið að hagnaður á þriðja ársfjórðungi verði meiri en á öðrum. Félaginu er spáð um 1,7 milljarða hagnaði á tímabilinu.

Þriðji ársfjórðungur er sennilega slakasti hluti ársins í rekstri Actavis sökum árstíðabundinna sveiflna. Bankarnir þrír eru mjög samstiga gagnvart Actavis og spá félaginu um 2.095 milljóna króna hagnaði.

Avion Group hefur valdið fjárfestum vonbrigðum eftir að félagið fór á markað í janúar. Afkoman það sem af er ári hefur verið undir væntingum og leitt til mikillar gengislækkunar frá útboði. Rekstur félagsins er með þeim hætti að allur hagnaður myndast á seinni hluta rekstrarársins en talið er víst að síðasti árshluti verði ekki eins góður og að var stefnt. Glitnir spáir því að Avion hagnist um tæpa sex milljarða króna en Landsbankinn um 3,4 milljörðum. Munurinn felst í því að fyrrnefndi bankinn spáir að söluhagnaður af helmingshlut í Avion Aircraft Trading falli til nú en hinn ekki.

Össur og Mosaic eru önnur stórfyrirtæki sem eru framarlega í útrásinni og er búist við fínum uppgjörum frá þeim. Össur er nú að ljúka við samþættingu á þeim félögum sem voru yfirtekin í fyrra og er Royce Medical nú að fullu inni í reikningum þessa árs. Össuri er spáð um 350 milljóna króna hagnaði á fjórðungnum. Þá kemur Rubicon Retail að fullu inn í rekstur Mosaic Fashion, eykur veltu og rekstrarhagnað fyrir afskriftir (EBITDA).

**DAGSBRÚN MEÐ MIKIÐ TAP**

Þrjú félög, sem markaðsaðilar horfa til, skila tapi á þriðja ársfjórðungi. Dagsbrún mun skila verstri afkomu eða tæplega tveggja milljarða króna tapi til viðbótar við mikið tap sem varð á öðrum ársfjórðungi. „Uppgjör félagsins á 3F mun ... einkennast af tiltekt og stórum gjaldfærslum í tengslum við hana [skipulagsbreytingu hjá Wyndeham],“ segir í afkomuspá Landsbankans og þar er einnig bent á að kostnaður falli til vegna uppskiptingar Dagsbrúnar og stofnkostnaðar Nyhedsavisen.

Uppgjör Marels litast einnig af einskiptiskostnaði af ytri vexti á árinu og verður rekstur félagsins í járnum af þeim sökum á næstunni. Þá er búist við að Alfesca skili slöku uppgjöri, enda var verð á laxi enn hátt á síðasta ársfjórðungi þótt það hafi lækkað verulega að undanförnu.

# Búa til stærstu verkfræðistofu landsins

## Hönnun og VGK sameinast undir einu merki um áramót.



**EYJÓLFUR ÁRNI RAFNSSON, SVAVA BJARNADÓTTIR OG RUNÓLFUR MAACK** Engu starfsfólki verður sagt upp við sameiningu Hönnunar og VGK og fyrirhugað er að bæta við starfsfólki.

Með fyrirhugaðri sameiningu Hönnunar og verkfræðistofu VGK verður stærsta verkfræðistofa Íslands til. Sameiginleg velta fyrirtækjanna er áætluð 2,7 milljarðar á þessu ári og framundan eru verkefni hérlendis og erlendis.

Starfsmenn hins nýja sameinaða fyrirtækis verða 240 talsins og formleg sameining verður 1. janúar 2007. Formlegt samþykki hluthafa liggur ekki fyrir en þeir hafa lýst yfir vilja sínum til sameiningar ásamt stjórnum beggja fyrirtækja.

Starfsemi fyrirtækjanna hefur verið á ólíkum sviðum og telur Runólfur Maack, framkvæmdastjóri VGK (verkfræðistofa Guðmundar Kristjánssonar), að með því að sameina kraftana geti ný verkfræðistofa boðið viðskiptavinum sínum fleiri heildarlausnir og náð betri heildarárangri.

Eyjólfur Árni Rafnsson, framkvæmdastjóri Hönnunar, segir að sameinuð verði fyrirtækin sterkari og öflugri að öllu leyti en kjörorð sameiningarinnar er einmitt „samruni til sóknar“. „Með sameiningunni styrkist einnig fjárhagur fyrirtækisins en áætluð velta Hönnunar og VGK á þessu ári er um 2,7 milljarðar.“

Runólfur segist gera ráð fyrir hægum stíganda í veltu sameinaðs fyrirtækis en gerir ekki ráð fyrir að um stökkbreytingu verið að ræða á allra næstu misserum.

Viðskiptavinir Hönnunar og VGK hafa verið orkufyrirtæki, sveitarfélög, fasteignafélög og einstaklingar svo eitthvað sé nefnt, en ennfremur eiga Hönnun og VGK hlut í Enex sem er stór aðili í orkugeiranum.

Svava Bjarnadóttir, fjármálastjóri Hönnunar, segir engum verða sagt upp við sameininguna og þvert á móti sé fyrirhugað að bæta við starfsfólki. „Það vantar fólk með reynslu á öll svið til að anna þeim verkefnum sem framundan eru á innlendum og erlendum vettvangi.“

Eyjólfur Árni segir að þegar Ísland varð hluti af evrópska efnahagssvæðinu, og skyldur voru lagðar á opinbera aðila að bjóða út á EES-svæðinu, hafi streymt hingað erlendir ráðgjafar. „Með sameiningunni verður fyrirtækið sterkara í samkeppni við þá aðila hérlendis og erlendis.“

Starfsfólki Hönnunar og VGK var tilkynnt um fyrirhugaða sameiningu fyrir nokkrum vikum og segja forstjórar fyrirtækjanna að viðtökur hafi verið mjög góðar. Eyjólfur Árni segir starfsfólkið horfa fram á veginn og með sameiningunni sé verið að búa til öfluga einingu sem byggi á góðu fólki.

Starfsemi fyrirtækjanna er nú á tveimur stöðum í Reykjavík en verður komið fyrir á einum stað sem allra fyrst. hugrun@frettabladid.is






Kannaðu aðstæður. Vinnuaðstöðunni hefur verið breytt til hins betra í nýjum Transit.


Reyndu nýju vélina í Transit: 2,2 l dísil Duratorq TDCi.

Verð frá 2.032.000 kr. án vsk*.
Kynntu þér nýja og sérstaka þjónustu Atvinnubíla Ford hjá Brimborg.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Verð í auglýsingunni er án virðisaukaskatts. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd af Transit er samlitur á stuðara og grilli og þokuljós í framstuðara. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Varasamt er að fagna of s

**Stóru viðskiptabankarnir hafa allir sett fram hagspár sínar. Í spám þeirra er einhver áherslumunur þótt allar hafi þær gert ráð fyrir hraðri hjöðnun þenslu í hagkerfinu á næsta ári. *Óli Kristján Ármannsson* kynnti sér horfurnar og viðhorf forsvarsmanna greiningardeilda til fyrirhugaðra framkvæmda og annarra ákvarðana. Forsætisráðherra segir þenslu á undanhaldi en sérfræðingar vara við of snemmbærum fögnuði.**



**VIRKJAÐ LAND Á HELLISHEIÐI** Hagkerfið þarf ráðrúm til að jafna sig áður en kemur að frekari stórframkvæmdum í ætt við virkjanir eða ný álver að mati sérfræðinga. Þá þykir varhugavert að gefa undir fótinn væntingum um miklar framkvæmdir eða aukin útgjöld hins opinbera á næsta ári því slíkt ýti undir þenslu og grafi undan trúverðugleika hagstjórnarinnar. MARKAÐURINN/GVA

**Geir H. Haarde forsætisráðherra segir helsta verkefni ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans að undanförnu hafa verið að ná niður verðbólgu og útlit sé fyrir að hún verði komin niður að 2,5 prósentum, verðbólgumarkmiði Seðlabankans, um eða fyrir mitt næsta ár.**

Í þjóðhagsspám bankanna og fjármálaráðuneytisins sem gefnar hafa verið út síðustu daga og vikur er gert ráð fyrir snörpum viðsnúningi í viðskiptahalla við útlönd, samdrætti í efnahagslífinu á næsta ári með minni spennu og lokum stóriðjuframkvæmda á Austurlandi og svo vaxandi hagvexti frá og með árinu 2008. Atburðir síðustu daga kunna þó að setja eitthvert strik í síðustu spár, enda boða stjórnvöld að lagt verði í framkvæmdir á vegum hins opinbera auk þess sem aðgerðir til lækkunar matvælaverðs taka gildi í mars.

### ÁHERSLUMUNUR Í SPÁM

Spárnar eru ekki alveg samhljóða og í þeim nokkur áherslumunur. Fjármálaráðuneytið spáir 4,2 prósenta hagvexti á þessu ári, einu prósenti á því næsta og svo 2,6 prósenta hagvexti árið 2008. Ekki er gert ráð fyrir frekari stóriðjuframkvæmdum í spá ráðuneytisins enda ekki búið að negla neitt slíkt niður. Greiningardeild Glitnis er samhljóma ráðuneytinu um hagvöxt þessa árs en gerir ráð fyrir heldur meiri niðursveiflu á því næsta, eða 0,3 prósenta hagvexti. Síðan taki hagkerfið við sér á ný árið 2008 með 2,3 prósenta hagvexti.

**ÓLÍKAR HAGSPÁR GREININGARDEILDA BANKA OG RÁÐUNEYTIS**

| | HAGVAXTARSPÁR | | |
|---|---|---|---|
| | 2006 | 2007 | 2008 |
| Fjármálaráðuneytið | 4,2% | 1,0% | 2,6% |
| Glitnir | 4,2% | 0,3% | 2,3% |
| Kaupþing | 3,5% | -0,2% | 3,1% |
| Landsbankinn | 3,2% | 1,3% | 6,0%* |

**Landsbankinn gerir einn ráð fyrir nýjum stóriðjuframkvæmdum í spá sinni og telur hagvöxt árin 2008-2010 að meðaltali verða 5,0 prósent á ári.*

Kaupþing spáir heldur snarpari samdrætti strax á þessu ári, 3,5 prósenta hagvöxtur nú, neikvæður hagvöxtur um 0,2 prósent á næsta ári, en svo viðsnúningur árið 2008 með 3,1 prósents hagvexti. Landsbankinn sker sig svo nokkuð úr í þessari talnaleikfimi og tekur dálítið annan pól í hæðina, spáir minni hagvexti á þessu ári en hinir, 3,2 prósentum, svo 1,3 prósenta hagvexti á næsta ári og svo uppgangi með nýjum stóriðjuframkvæmdum og 6,0 prósenta hagvexti árið 2008.

Greiningardeild Landsbankans er ein um að gera ráð fyrir frekari slíkum framkvæmdum í spá sinni, en uppi eru fyrirætlanir um slíkt þótt ekkert hafi verið fastsett enn. Bankinn spáir reyndar ámóta hagsveiflu og nú hefur átt sér stað með stóriðjuframkvæmdunum næstu sem standi til ársins 2010 þegar aftur verði samdráttur og gengisfall krónunnar, líkt og á þessu ári.

Óvissuþættir eru nokkrir í spám bankanna, enda hefur engum tekist að spá nákvæmlega fyrir um gengisþróun, en hún er jú lykilatriði þegar kemur að þróun verðbólgu og viðskiptahalla. Allir eru þó sammála um í spám sínum að dragi úr þenslu á næstu misserum.

### FRAMKVÆMT Á NÝJU ÁRI

Í stefnuræðu sinni á Alþingi í byrjun mánaðarins fjallaði Geir H. Haarde forsætisráðherra um þróunina í efnahagsmálum. Hann segir helsta verkefni ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans að undanförnu hafa verið að ná niður verðbólgu og útlit sé fyrir að hún verði komin niður að 2,5 prósentum, verðbólgumarkmiði Seðlabankans, um eða fyrir mitt næsta ár.

Þá segir Geir að heildareftirspurn í hagkerfinu muni minnka þegar dregur úr einkaneyslu og framkvæmdum við virkjanir og stóriðju fyrir austan ljúki. Hann segir því ljóst að þenslan sé á undanhaldi. „Af þessum sökum er nú óhætt að fella úr gildi fyrri ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að setja ekki af stað um ótiltekinn tíma ný útboð á framkvæmdum. Þar með verður haldið áfram með þær samgöngubætur sem hafa verið undirbúnar að undanförnu, sem og aðrar framkvæmdir,“ sagði hann í ræðu sinni og kvað munu verða lagt til við Alþingi að þegar í stað yrði ráðist í sérstakt átak til úrbóta á umferðaræðum út frá höfuðborginni.

Að auki koma til framkvæmda eftir áramót skattalækkanir og í byrjun vikunnar upplýsti ríkisstjórnin svo um aðgerðir til að lækka matvælaverð, en þær felast í lækkun virðisaukaskattsprósentu um helming, í 7,0 prósent, auk lækkunar á tollum og vörugjaldi. Allar ýta þessar aðgerðir fremur undir þenslu.

### AÐHALDS ER ENN ÞÖRF

Kaupþing telur þó að lækkun virðisaukaskattsins muni flýta fyrir verðbólguhjöðnun til skamms tíma. „Ef miðað er við að vísitala lækki um 2,7 prósent á fyrri hluta næsta árs líkt og útreikningar forsætisráðuneytisins gera ráð fyrir mun það leiða til þess að verðbólga verður að meðaltali 3,5 prósent árið 2007 samkvæmt spá greiningardeildar í stað 5,4 prósenta. Auk þess sem Seðlabanki Íslands nær verðbólgumarkmiði undir lok árs 2007 í stað þess að ná því um mitt ár 2008 samkvæmt spá greiningardeildar. Hins vegar gæti þetta leitt til meiri verðbólgu árið 2008 vegna aukinnar einkaneyslu landans,“ segir greiningardeildin.

Landsbankinn tekur í sama streng og segir aukinn kaupmátt heimilanna á næsta ári hljóta að leiða til þess að líkur á minnkandi einkaneyslu séu nú minni en áður og samdráttur þjóðarútgjalda verði hægari en áður var reiknað með. Bankinn segir því ljóst að verðbólguþrýstingur verði meiri, sérstaklega þegar frá líður. „Að okkar mati er líklegast að Seðlabankinn bregðist við þessu með hægari lækkun stýrivaxta en áður var útlit fyrir.“

Ingólfur H. Bender, forstöðumaður greiningardeildar Glitnis, segir ljóst að enn sé talsverð spenna í hagkerfinu og fylgikvillar hennar meðal annars sýnilegir í verðbólgu og viðskiptahalla. „Viðskiptahallinn var um 23 prósent af landsframleiðslu á fyrri hluta

# sendum grýluna heim



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## Komið að Svíum

Í kvöld mætir íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu aftur til leiks á Laugardalsvelli í undankeppni EM 2008. Nú er komið að Svíum, sem mæta hingað kokhraustir til leiks þrátt fyrir að marga af þekktustu leikmönnum liðsins vanti í þeirra hóp. Það hefur ekki komið að sök hingað til enda eru Svíar enn með fullt hús stiga í undankeppninni á meðan Íslendingar hafa ekki náð að fylgja eftir góðum útisigri á Norður-Írum í fyrstu umferð.

Zlatan Ibrahimovic og Fredrik Ljungberg eru báðir fjarri góðu gamni. Sá fyrrnefndi er fjarverandi þar sem honum sinnaðist við landsliðsþjálfara Svía og er í sjálfskipuðu leyfi frá liðinu. Ljungberg meiddist í frækinum 2-0 sigri Svía á Spánverjum um helgina og er farinn til síns heima í Lundúnum til aðhlynningar hjá læknum Arsenal.

Stærsta stjarnan á vellinum í kvöld verður án efa Eiður Smári Guðjohnsen, landsliðsfyrirliði okkar Íslendinga. Það væri einkar viðeigandi ef honum tækist að skora í kvöld og bæta þar með markamet Ríkharðs Jónssonar en báðir hafa þeir skorað sautján mörk fyrir íslenska landsliðið. Ríkharður komst á spjöld sögunnar er hann skoraði öll fjögur mörk Íslands í 4-3 sigri á Svíum á Melavellinum árið 1951. Þó að erfitt verði að leika það afrek eftir væri það feikinóg að skora bara eitt í kvöld ef liðið heldur hreinu.



Eiður Smári Guðjohnsen og félagar hans í íslenska landsliðinu virðast vel stemmdir fyrir leikinn gegn Svíum í kvöld þrátt fyrir slæmt tap í Lettlandi um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Lánstími allt að 40 ár

FASTEIGNALÁN Í MYNTKÖRFU

FRJÁLSI

Nánari upplýsingar hjá lánafulltrúum Frjálsa og á www.frjalsi.is, þar sem einnig er hægt að reikna greiðslubyrði.

VEXTIR FRÁ AÐEINS 3,4%

Miðað við myntkörfu 3, Libor vextir 21.09.2006

Fíton/SÍA

# Miðasala í fullum gangi

Miðasala á leikinn í dag er enn í fullum gangi og enn eru til miðar. Miðasala stendur yfir á heimasíðunni www.midi.is, í verslunum Skífunnar og í verslunum BT. Sætin eru númeruð og getur kaupandi valið sér sæti.

Forsala hefur staðið yfir síðustu daga en miðaverð á leikdegi er frá tvö til fimm þúsund krónum; allt fer það eftir því hvar í stúkunni viðkomandi vill sitja. Rétt er að geta þess að börn 16 ára og yngri fá miðann á hálfvirði. *- dsd*

# Eiður er á gulu spjaldi

Tveir leikmenn íslenska liðsins eru með gult spjald á bakinu fyrir leikinn í dag, sem þýðir að ef þeir fá gult spjald í leiknum í dag þá fara þeir í leikbann og verða ekki með í leiknum gegn Spánverjum 28. mars á næsta ári. Þetta eru þeir Eiður Smári Guðjohnsen sem fékk gult spjald gegn Dönum í síðasta mánuði og Ívar Ingimarsson sem fékk gult spjald á síðustu mínútu í síðasta leik. *- dsd*



Eiður Smári Guðjohnsen fer í leikbann ef hann fær gult spjald og sömu örlög hlýtur Ívar Ingimarsson fái hann gult spjald í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Fyrri viðureignir

**29. júní 1951:**
Ísland-Svíþjóð 4-3
Mörk Íslands: Ríkharður Jónsson 4.

**24. ágúst 1954:**
Svíþjóð-Ísland 3-2
Mörk Íslands: Þórður Þórðarson og Ríkharður Jónsson.

**10. júlí 1973:**
Svíþjóð-Ísland 1-0

**20. júlí 1977:**
Ísland-Svíþjóð 0-1

**17. júlí 1980:**
Svíþjóð-Ísland 1-1
Mark Íslands: Guðmundur Þorbjörnsson.

**17. ágúst 1983:**
Ísland-Svíþjóð 0-4

**18. ágúst 1988:**
Ísland-Svíþjóð 0-1

**7. september 1994:**
Ísland-Svíþjóð 0-1

**1. júní 1995:**
Svíþjóð-Ísland 1-1
Mark Íslands: Arnar Gunnlaugsson.

**16. ágúst 2000:**
Ísland-Svíþjóð 2-1
Mörk Íslands: Ríkharður Daðason og Helgi Sigurðsson.

**13. október 2004:**
Ísland-Svíþjóð 1-4
Mark Íslands: Eiður Smári Guðjohnsen.

**12. október 2005:**
Svíþjóð-Ísland 3-1
Mark Íslands: Kári Árnason.

| | L | U | J | T | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ísland | 12 | 2 | 2 | 8 | 12-24 |
| Svíþjóð | 12 | 8 | 2 | 2 | 24-12 |

# Svíar eru sigurvissir en við vinnum leikinn

Guðmundur Árni Stefánsson, sendiherra Íslands í Svíþjóð, er knattspyrnuáhugamaður mikil. Ósjaldan sést hann á heimaleikjum FH enda fyrrverandi formaður knattspyrnudeildar félagsins. Guðmundur Árni var nokkuð brattur fyrir leikinn í dag og sagði að sigur Svía á Spánverjum gæti alveg eins virkað okkur í hag. „Svíar eru skýjum ofar eftir þennan sigur og tala eins og þeir séu nú þegar komnir í úrslitaleik Evrópukeppninnar,“ sagði Guðmundur Árni og lét fylgja með að Svíar væru nokkuð sigurvissir fyrir leikinn gegn Íslendingum.



Guðmundur Árni Stefánsson, sendiherra Íslands í Svíþjóð, er mikill knattspyrnuáhugamaður og er bjartsýnn fyrir leikinn gegn Svíum í dag.

„Einstaka menn reyna að tala þetta niður en undirtónninn er sá að þeir eigi að vinna þetta örugglega. Það örlar dálítið á þeim anda að þeir séu stóri bróðir sem eigi að vinna litla bróður. Það getur líka virkað okkur í hag. Ég vona að íslensku strákarnir séu alveg kolvitlausir eftir þetta ósanngjarna tap gegn Lettum, sá leikur hefði getað farið á báða vegu,“ sagði Guðmundur Árni og bætti því við að Svíar söknuðu Zlatans Ibrahimovic ekki mikið þessa dagana.

„Þeir gerðu það til að byrja með en þeir hafa nú verið að gera kannanir á meðal íþróttaáhugamanna og það er um það bil helmingur þeirra sem segir það skipta engu hvort Zlatan sé í liðinu. Fyrir mánuði voru það 90% sem töldu að Svíar gætu ekki verið án hans en það er engin spurning að þetta veikir liðið. Svíar unnu hins vegar Spánverjana á samstöðunni og þeir hafa alltaf haft trú á sjálfum sér. Ég tel að við getum komið í bakið á þeim, það er stutt á milli þess að hafa mikla trú á sér og að vera of sigurviss og ég held að Svíar séu alveg við þá línu,“ sagði Guðmundur Árni og þó að Svíar segist ekki vanmeta Íslendinga þá er það ávallt í huga manna.

„Fjölmiðlar virðast nú aðallega hafa áhyggjur af veðrinu sem er mjög undarlegt því þeir eru vanir að spila í harða frosti og snjókomu í Svíþjóð. Veðrið ætti því ekki að koma þeim á óvart. Undirtónninn er samt sem áður að þeir eigi að vinna þetta nokkuð auðveldlega og í því gætu möguleikar okkar legið,“ sagði Guðmundur Árni en hvernig spáir hann leiknum?

„Þrátt fyrir tapið gegn Lettum um daginn þá fannst mér spilið vera ágætt á köflum og við sköpuðum okkur góð færi. Ég held að við vinnum þennan leik 2-1. Það yrði gaman að vera hér í Svíþjóð dagana á eftir ef að það gengur eftir,“ sagði Guðmundur Árni að lokum, sem mun liggja límdur við sjónvarpið í Svíþjóð í dag. *- dsd*

# Fjögur mörk í einum leik gegn Svíum

Ríkharður Jónsson er einn mesti markaskorari sem við Íslendingar höfum átt. Ríkharður skoraði 17 mörk í 33 leikjum og þar af komu fimm þessara marka gegn Svíum. Hann skoraði fjögur mörk í einum og sama leiknum árið 1951.

29. júní árið 1951 skráði Ríkharður Jónsson nafn sitt í sögu íslenskrar knattspyrnu þegar hann skoraði öll mörk Íslands í 4-3 sigri á frændum vorum Svíum. Fréttablaðið náði tali af þessum mikla markaskorara á dögunum. „Barnið mitt sagði fyrir nokkrum árum að þegar Svíar kæmu til Íslands þá væri ég alltaf puntaður upp. Þetta er eins þegar mamma er að fægja silfrið fyrir jólin,“ sagði Ríkharður glaður í bragði í upphafi samtalsins. Hver er hins vegar minning Ríkharðs af þessum leik þar sem hann skoraði fjögur mörk?

„Almennt séð þá er nú litið á Ísland sem lítið land sem á ekki að geta mikið. Í flestum tilfellum þá held ég að svo sé einnig þegar svona sigrar koma, eins og þessi var. Svíar vinna Ólympíutitilinn þremur árum áður í London og voru með mjög gott lið á þessum árum. Maður man bara eftir því sjálfur að þegar stóru liðin hér heima mættu minni liðum í bikarkeppni eða eitthvað þá ætluðu menn að taka þetta nokkuð auðveldlega. Leikmenn segja alltaf að þeir muni ekki vanmeta andstæðinginn en það er einfaldlega komið inn í sálina og það er ekki hægt að losna við það. Þeir voru þarna ellefu eins og við og skoruðu einfaldlega færri mörk en við. Fótboltinn snýst ekki bara um spil, hann snýst um að skora fleiri mörk en andstæðingurinn. Ef lið er með leikmenn sem geta skorað mörk þá er hægt að vinna ótrúlegustu lið,“ sagði Ríkharður Jónsson. Samherji Ríkharðs í framlínunni á þessum árum var Þórður Þórðarson og hann var ekki síður mikill markaskorari en í 18 landsleikjum skoraði hann 9 mörk.

„Ef Ísland væri með leikmann sem skoraði eitthvað líkt og við gerðum í gamla daga þá væri staðan sennilega eitthvað öðruvísi en í dag. Okkur vantar markaskorara. Eiður er yfirburðaspilari og var ótrúlega óheppinn í síðasta leik,“ sagði Ríkharður sem er ekki alveg nógu sáttur við spilamennsku íslenska landsliðsins í dag. „Miðað við það að við erum með 100% atvinnumenn í þessu liði þá finnst mér úrslitin ekki nógu hagstæð. Það var talað um að við værum bara áhugamenn hér áður fyrr en nú erum við að spila með atvinnumenn á móti atvinnumönnum og útkoman er ekkert mikið betri. Að því leytinu er ég ekki alveg nógu sáttur. Það virðist ekki nást út úr þessu liði það sem til er í því, nema alltof sjaldan.“



Ríkharður Jónsson var markaskorari mikill og á markametið með íslenska landsliðinu með Eiði Smára.

„Mér finnst fótboltinn í dag almennt ekki nógu góður. Það er einhver þvingun í honum. Það muna margir eftir Maradona, hann var ekki fimm eða tíu metra með boltann, hann fór fimmtíu metra, plataði alla varnarlínuna og skoraði. Þetta er ekki til í boltanum í dag. Maradona er sá albesti sem uppi hefur verið. Í dag er það þannig að ef einhver ætlar sér að fara af stað og leika á mann, tekst það ekki einu sinni eða tvisvar, þá er honum skipt út af. Leikmenn fá of lítið að reyna sig. Það er of mikið verið að banna leikmönnum að prófa svona hluti. Við erum að kenna tíu og tólf ára gömlum krökkum einhver kerfi. Það á leyfa þessum krökkum að leika sér og plata andstæðinginn alveg eins mikið og þau vilja. Þegar þau verða fimmtán eða sextán ára gömul þá má byrja að kenna þeim að spila saman,“ sagði Ríkharður en hvernig spáir hann að leikurinn móti Svíunum fari?

„Við fengum flengingu úti í Lettlandi og ættum því að berjast eins og ljón í þessum leik og Svíarnir eru í skýjunum eftir sigur gegn Spánverjum. Ég hugsa að þetta verði jafn leikur og ég spái jafntefli, það verður ekki mikið skorað í þessu,“ sagði Ríkharður Jónsson að lokum. *- dsd*

# Á fjórða þúsund meðlimir í Áfram Ísland

Stuðningsmannafélag íslenska landsliðsins ber heitið Áfram Ísland og var stofnað árið 1998. Í dag eru meðlimir í félaginu á fjórða þúsund. Hugsunin með þessu félagi er að virkja sem flesta áhorfendur og auka stuðninginn við íslenska landsliðið. Fréttablaðið náði tali af Kjartani Má Hallkelssyni, formanni félagsins og einum af stofnendum þess.

„Við hittumst alltaf á Ölveri fyrir heimaleikina og það fer dálítið eftir stærð leikjanna og tímasetningu hversu mikið er í gangi. Ef leikurinn er um helgi þá reynum við yfirleitt að hafa einhverja dagskrá, fáum jafnvel einhverja gamla landsliðskempu í heimsókn og förum svo í skrúðgöngu á völlinn. Jafnvel bjóðum við líka stuðningsmönnum andstæðinganna að koma á Ölver,“ sagði Kjartan og tók fram að félagið væri einnig mjög virkt í útileikjunum. „Við höfum farið til fjölda landa; nú síðast vorum við í Belfast, og þá reynum við að hittast fyrir leiki, hafa smá upphitun og búa til íslenska stemningu, það er virkilega gaman,“ sagði Kjartan en félagið er í samstarfi við Icelandair í skipulagningu ferða á útileikina.




Það er oft góð stemning í stúkunni á landsleikjum, hvort sem spilað hér heima eða erlendis. Hér eru Íslendingar í góðum gír í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PÖK

Áfram Ísland stendur fyrir sölu á ýmiss konar varningi á landsleikjum og eru félagsmenn mjög áberandi á leikjum. Meðal þess sem er til sölu eru búningar, treflar, hattar, lúðrar og á Svíaleiknum verður hægt að kaupa sérmerkta trefla, Ísland-Svíþjóð.

Hver er eftirminnilegasti útileikurinn sem Kjartan hefur farið á? „Ég held að verði að segja Frakkland-Ísland, 3-2 leikurinn. Þetta var fyrsti leikurinn sem við förum á og það var ótrúlegt að lenda 2-0 undir og ná svo að jafna. Það sló hreinlega þögn á 80 þúsund manns og það er erfitt að toppa svoleiðis stemningu. Leikurinn í Belfast á dögunum var líka alveg magnaður. Stemningin á honum var alveg einstök. Við vorum um 100 Íslendingar á vellinum og það var sannkölluð þjóðhátíðarstemning hjá okkur þarna,“ sagði Kjartan og bætti því við að stefnt sé á ferð til Spánar á næsta ári.

Þeir sem hafa áhuga á að skrá sig í félagið geta farið á heimasíðuna www.aframisland.is og skráð sig þar og það kostar ekkert að vera í félaginu. Stuðningsmannafélagið Áfram Ísland ætlar að hittast á Ölveri í dag og gera sér glaðan dag en þangað eru allir velkomnir, hvort sem þeir eru meðlimir eða ekki. *- dsd*




UNDANKEPPNI EM 2008

Ísland - Svíþjóð
Laugardalsvelli
Miðvikudaginn 11. okt.
Kl. 18:05

**LEIKUR ÁN FORDÓMA**

# ÍSLAND - SVÍÞJÓÐ

Ísland og Svíþjóð mætast í hörku leik í undankeppni EM 2008 á Laugardalsvelli kl. 18:05 á miðvikudag. Forsala aðgöngumiða er í gegnum glænýtt miðasölukerfi á ksi.is og midi.is þar sem þú getur valið þér besta sætið! Mætum öll, skemmtum okkur og styðjum við bakið á strákunum. ÁFRAM ÍSLAND!

Alltaf í boltanum

*Alltaf í boltanum með KSÍ*

MIÐAVERÐ Á LEIKDAG 11. OKT.
Sæti í rauðu svæði kr. 5.000
Sæti í bláu svæði kr. 4.500
Sæti í grænu svæði kr. 2.000

FORSALA TIL OG MEÐ 10. OKT.
Sæti í rauðu svæði kr. 4.500
Sæti í bláu svæði kr. 4.000
Sæti í grænu svæði kr. 1.500

Athugið að reykingar eru stranglega bannaðar í báðum stúkum. Öll meðferð áfengis er óheimil og eins að fara með drykkjarföng inn á völlinn. • Áhorfendur eru hvattir til að mæta tímanlega því aðgöngumiðar eru skannaðir við aðgönguhlið. Áhorfendur á rauðu og grænu svæði ganga inn um aðgönguhlið í vesturstúku. • Áhorfendur á bláu svæði ganga inn um aðgönguhlið við austurstúku við Valbjarnarvöll.

## Lykilleikmenn



Allbäck er mikill markaskorari og hefur víða komið við á löngum ferli sem knattspyrnumaður.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

## Marcus Allbäck

■ Marcus Allbäck heitir fullu nafni Marcus Christian Allbäck og er fæddur 5. júlí árið 1973 í Gautaborg. Allbäck er sóknarmaður og hefur víða komið við á löngum ferli en leikur nú með FC Kaupmannahöfn í Danmörku.

Þau lið sem Allbäck hefur leikið fyrir á ferlinum eru Örgryte í Svíþjóð, Lyngby í Danmörku, Heerenveen í Hollandi, Bari á Ítalíu, Aston Villa á Englandi og Hansa Rostock í Þýskalandi. Allbäck hefur spilað á mörgum stórmótum fyrir Svía og hefur alls leikið 61 leiki fyrir Svía og skorað 25 mörk en fyrsti landsleikur hans var gegn Suður-Afríku í nóvember árið 1999.

Allbäck skoraði jöfnunarmark Svía gegn Englendingum á HM í sumar og það var jafnframt 2000. markið sem skorað hefur verið í lokakeppni HM í knattspyrnu. Allbäck skoraði tvö mörk fyrir Svía í 3-1 sigri þeirra á Liechtenstein í síðasta mánuði og síðara mark Svía gegn Spánverjum á laugardaginn og hefur því skorað þrjú mörk í þremur leikjum til þessa í undankeppni EM 2008.

## Leikreyndur varnarmaður

■ Olof Mellberg, leikmaður Aston Villa á Englandi, heitir réttu nafni Erik Olof Mellberg og er fæddur 3. september árið 1977 í Amnehärad. Mellberg er mjög leikreyndur leikmaður og var fyrirliði sænska landsliðsins þar til í ágúst þegar Fredrik Ljungberg tók við fyrirliðabandinu af honum. Mellberg hefur einnig verið fyrirliði Aston Villa í nokkurn tíma en eftir að Martin O‘Neill tók við Villa-liðinu hefur Gareth Barry gegnt stöðu fyrirliða.



Olof Mellberg er gríðarlega vinsæll leikmaður enda harður í horn að taka og leikreyndur varnarmaður.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Olaf Mellberg hefur leikið 75 landsleiki fyrir Svía og skorað í þeim tvö mörk. Mellberg hefur spilað með Svíum í tveimur lokakeppnum EM og í tveimur lokakeppnum HM og því er ljóst að þar er á ferðinni gríðarlega reyndur leikmaður.

Árið 2003 hlaut Mellberg viðurkenninguna Besti leikmaður Svíþjóðar og í ágúst á þessu ári varð hann fyrsti leikmaðurinn til að skora á hinum nýja heimavelli Arsenal, Emirates-leikvanginum, í 1-1 jafntefli Arsenal og Aston Villa.

Mellberg er gríðarlega vinsæll hjá stuðningsmönnum Aston Villa enda mjög harður í horn að taka og mjög fastur fyrir í vörn liðsins. Mellberg er nokkuð áberandi á velli enda með mikið skegg og minnir oft meira á skógarhöggsmann en knattspyrnumann. *- dsd*

# Svíar sakna ekki Ibrahimovic

Svíar eiga sér glæsta sögu á knattspyrnuvellinum og þeir mæta með sterkt lið gegn Íslandi í dag. Svíar eru brattir fyrir leikinn eftir sigurinn á Spánverjum á dögunum.

Það þarf vart að taka það fram að sænska landsliðið sem Íslendingar etja kappi við í dag er firnasterkt. Margir vilja halda því fram að Svíar hafi ekki á jafn sterku liði að skipa nú og oft áður. Benda menn á að í liði þeirra nú sé enginn Zlatan Ibrahimovic, Henrik Larsson hættur og Andreas Isaksson meiddur. Það var þó ekki að sjá á leik liðsins gegn Spánverjum á dögunum að þarna væri vængbrotið lið á ferðinni.

Svíar hafa náð besta árangri allra Norðurlandaþjóðanna á stórmótum, ef frá er talinn eftirminnilegur sigur Dana á EM árið 1992 þegar keppnin var haldin í Svíþjóð. Svíar hafa að vísu aðeins þrisvar komist í lokakeppni EM og þar af einu sinni sem gestgjafar. Besta árangri sínum á EM náðu Svíar einmitt á heimavelli þegar þeir komust í undanúrslit. Árangur þeirra í lokakeppni HM er öllu glæsilegri. Svíar hafa ellefu sinnum komist í lokakeppni HM og besti árangur þeirra kom á heimavelli árið 1958 þegar Svíar töpuðu úrslitaleiknum gegn Brasilíu, 5-2. Svíar hafa tvisvar endað í þriðja sæti á HM og einu sinni í fjórða sæti. Svíar tóku þátt á HM í Þýskalandi í sumar og það var fjórða stórmótið í röð sem þeir komust á.

Færum okkur nú nær nútímanum. Svíar hafa leikið þrjá leiki í undankeppni EM til þessa. Fyrsti leikur liðsins var gegn Lettum á útivelli þar sem Svíar fóru með sigur af hólmi, 1-0, með marki frá Kim Källström. Í næsta leik tóku Svíar á móti Liechtenstein á heimavelli og unnu þann leik 3-1. Marcus Allbäck skoraði tvö mörk fyrir Svía í leiknum og Markus Rosenberg, leikmaður Ajax, skoraði eitt. Í síðustu umferð tóku Svíar, sem léku á heimavelli, Spánverja í bakaríið og fjölmiðlar í Svíþjóð tala um að sá leikur hafi verið einn sá besti í sögu þjóðarinnar. Svíar unnu leikinn 2-0 þar sem Johan Elmander og Marcus Allbäck skoruðu mörkin.

Leiðindaatvik kom upp í sænska landsliðshópnum í síðasta mánuði þegar þrír leikmenn liðsins brutu útivistarreglu og voru fyrir vikið reknir úr hópnum. Leikmennirnir þrír voru þeir Olof Mellberg, Christian Wilhelmsson og Zlatan Ibrahimovic. Þeir báðust allir afsökunar og sögðust allir vera tilbúnir að spila fyrir landsliðið á nýjan leik ef þeir yrðu kallaðir í hópinn að nýju. Svo fór að Olaf Mellberg og Christian Wilhelmsson voru valdir í hópinn að nýju en Zlatan Ibrahimovic bað um að fá frí í þessa tvo leiki sem hópurinn átti að taka þátt í, gegn Spánverjum og Íslendingum. Ibrahimovic hefur látið hafa það eftir sér að hann sé tilbúinn að spila fyrir hönd Svía á nýjan leik ef kallið kemur. Þeir eru þó ekki margir sem sakna hans eftir sigurinn á Spánverjum um síðustu helgi og Svíar eru brattir fyrir leikinn í dag.

*dagur@frettabladid.is*



Svíar eru hér á æfingu á Laugardalsvellinum á mánudaginn. Þeir mæta með gott lið til leiks og eru með sjálfstraustið á sínum stað eftir góðan sigur á Spánverjum í síðasta leik.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# „Kongo“ Kim Källström

Kim Källström er fæddur 24. ágúst 1982 í Sandviken en gælunafn hans er „Kongo“ Kim. Þessi örvfætti miðjumaður leikur með stórliði Lyon í Frakklandi, en þangað var hann keyptur í sumar frá franska liðinu Rennes. Källström er mjög skotfastur leikmaður og frægt var í sumar þegar hann skaut í hausinn á markverði sænska landsliðsins, Andreas Isaksson, á æfingu á HM í sumar með þeim afleiðingum að Isaksson rotaðist.

Källström getur spilað jafnt á miðjunni sem og á vinstri kantinum. Hann er fljótur og hefur góðan leikskilning auk þess sem hann er gjarn á að taka af skarið þegar mest liggur við.

Fyrsta félagið sem bauð Källström atvinnumannasamning var BK Häcken þar sem faðir hans var aðstoðarþjálfari. Stóra tækifærið fékk hann árið 2002 þegar hann var keyptur til Djurgården. Um vorið árið 2004 flutti Källström sig um set og hóf að leika með Rennes í Frakklandi þar sem hann lék m.a. með Andreas Isaksson. Í sumar keypti Gerard Houllier svo kappann til franska meistaraliðsins Lyon.

Källström lék sinn fyrsta landsleik árið 2001 gegn Finnum en alls hefur hann leikið 36 leiki og skorað 5 mörk fyrir Svía. Källström var einn besti leikmaður Svía á HM í sumar. Hann byrjaði keppnina á bekknum en kom inn í liðið fyrir Anders Svensson og var í byrjunarliðinu í þremur leikjum eftir það. Källström skoraði sigurmark Svía í 1-0 sigri þeirra á Lettum í síðasta mánuði með glæsilegu skoti. *- dsd*



Källström er öflugur miðjumaður sem leikur með Lyon í Frakklandi.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



Thomas Ravelli varð þjóðhetja á svipstundu í Svíþjóð er hann varði síðustu spyrnu Rúmena í vítaspyrnukeppninni í leik liðanna í fjórðungsúrslitum á HM í Bandaríkjunum. Hér óskar Magnus Hedman honum til hamingju.
NORDIC PHOTOS/GETTY

## Sannkölluð stórþjóð

Svíþjóð hefur náð langt á alþjóðavettvangi í knattspyrnu. Því er ekki hægt að neita. Landið er eitt af fáum sem hafa fengið að halda heimsmeistaramót í knattspyrnu og á heimavelli komst sænska landsliðið alla leið í úrslitaleikinn þar sem það tapaði fyrir Brasilíu og 17 ára ungstirninu Pelé.

Samtals hefur Svíþjóð ellefu sinnum komist í úrslitakeppni HM og þrívegis hefur liðið unnið til verðlauna.

### 1934 - HM á Ítalíu

Svíar tóku þátt í fyrstu heimsmeistarakeppninni sem haldin var í Evrópu. Þetta var einnig fyrsta keppnin þar sem undankeppni var haldin. Sextán lið tóku þátt og var keppt samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi. Svíar unnu Argentínu í sextán liða úrslitum en töpuðu fyrir Þjóðverjum í fjórðungsúrslitum.

### 1938 - HM í Frakklandi

Sama fyrirkomulag var í keppninni og þeirri á undan og komust Svíar nú alla leið í undanúrslit þar sem þeir töpuðu fyrir frábæru liði Ungverja. Í leik um þriðja sætið tapaði Svíþjóð fyrir Brasilíu.

### 1950 - HM í Brasilíu

Engar keppnir voru haldnar á stríðsárunum og komst Svíþjóð því á sitt þriðja mót í röð. Nú var keppt í riðlum og unnu Svíar sinn riðil með því að vinna Ítali og gera jafntefli við Paragvæ. Fjögur lið komust í sérstakan úrslitariðil þar sem Svíþjóð náði þriðja sæti og þar með sínum fyrstu verðlaunapeningum.

### 1958 - HM í Svíþjóð

Svíar komust ekki á HM fjórum árum fyrr en fengu nú að halda keppnina og taka þátt sem gestgjafar. Nú var keppnisfyrirkomulagið líkara því sem gerist í dag - fyrst riðlakeppni, svo útsláttarkeppni. Svíar unnu sinn riðil og lögðu svo Sovétmenn og Vestur-Þýskaland á leið sinni í úrslitin. Þeir þóttu líklegri til sigurs en Brasilía í úrslitaleiknum en þá tók 17 ára gutti að nafni Pelé til sinna ráða og skoraði tvö mörk í 5-2 sigri. Svíþjóð komst þó yfir í leiknum.

### 1994 - HM í Bandaríkjunum

Í Bandaríkjunum létu Svíar fyrst almennilega til sín taka síðan þeir héldu keppnina sjálfir. Þeir komust upp úr sínum riðli ásamt Brasilíu en skildu Rússa og Kamerúna eftir. Í sextán liða úrslitum lagði liðið Sádi-Arabíu og svo Rúmeníu í fjórðungsúrslitum. Í undanúrslitum var svo aftur komið að Brasilíu og maður mótsins, Romario, skoraði sigurmarkið seint í leiknum. Svíar rúlluðu svo yfir Búlgari í leiknum um þriðja sætið.

### Aðrar keppnir

Síðan 1970 hefur Svíþjóð tekið þátt í öllum úrslitakeppnum HM nema þremur. Í fjögur skipti af þeim sjö hefur liðið komist áfram úr fyrstu umferðinni og er það einnig tilfellið um síðustu tvær keppnir.




# Nú getur þú fengið íslenskt símanúmer til að nota í útlöndum...

## ...og getur hringt heim til Íslands fyrir 0 kr. - símtalið

**0 kr.** í alla fastlínusíma á Íslandi
**0 kr.** innan kerfis
**0 kr.** í smartsíma erlendis
**14,90 kr.** í GSM, sama verð í alla
**70%-90%** ódýrara til útlanda – alltaf

### Pantaðu áskrift!

Það eina sem þú þarft að gera er að hringja í síma **582 2000** og panta þjónustuna eða fá nánari upplýsingar á **www.smartsimi.is**

Mánaðargjald aðeins
**kr. 1.350,-**

Atlassími býður nú Íslendingum búsettum erlendis **Smartsíma** til notkunar erlendis. Smartsími samanstendur af **Smartboxi**, sem tengist bæði í síma og í internet router og **Smartnúmeri** sem er íslenskt símanúmer. Smartsímann er hægt að nota um allan heim svo lengi sem áskrifendur hafa aðgang að interneti (ADSL eða hraðara).

Áskrifendur Smartsíma fá ótakmarkaðar mínútur í íslenska fastlínusíma fyrir einungis 1.350 kr./mán, og þar sem Smartnúmerið er íslenskt þurfa vinir og vandamenn einungis að borga innanlands mínútuverð þegar þeir hringja í númerið.

**Smartsími er því tilvalin og ódýr lausn fyrir Íslendinga búsetta erlendis sem vilja vera í nánu sambandi við ástvini sína heima á Íslandi.**

**smartsími.is**

**Atlassími** · Ármúla 19 · 108 Reykjavík · Sími 582 2000

*Með smartsíma eru allir vinir!*









Pétur Marteinsson fagnar marki sem hann skoraði gegn Færeyingum. Pétur getur því miður ekki tekið þátt í leiknum í dag vegna meiðsla.

# Svíar eru hræddir

**Pétur Hafliði Marteinsson hefur leikið í Svíþjóð í nokkur ár en missir af þessum leik vegna meiðsla.**

Pétur Hafliði Marteinsson var valinn í íslenska landsliðshópinn fyrir leikina tvo gegn Lettum og Svíum en þurfti því miður að draga sig út úr hópnum vegna meiðsla. Fréttablaðið náði tali af Pétri og spurði hann um íþróttamenninguna í Svíþjóð. „Svíþjóð er mikil íþróttaþjóð. Fótboltinn er vinsælasta íþróttin en Svíar eiga heimsmeistara í ótrúlega mörgum íþróttum. Íþróttamenningin er eiginlega mögnuð og það er mikil mótsögn í henni hér í Svíþjóð, það má enginn standa upp úr í Svíþjóð en hins vegar eru þeir góðir í öllum íþróttum. Ég held að það sé svo rík hefð hér í Svíþjóð að krakkar eru aldir upp í íþróttum og þeir hafa haft fyrirmyndir í svo mörgum íþróttum um árin.“

„Svíar tala töluvert um að það muni vanta ákveðna lykilmenn í leiknum, Ljungberg er meiddur, Linderoth á von á barni og verður bara á fæðingardeildinni og svo er Ibrahimovic ekki með, eins og frægt er orðið. Fjölmiðlar segja einnig að Íslendingar séu mjög misjafnir og að Svíar eigi að vinna þennan leik en aðrir hræðast leikinn,“ sagði Pétur og hann var alveg klár á því hver helsti styrkleiki sænska liðsins væri.

„Það er geysileg breidd í sænska liðinu, t.d. kom Johan Elmander inn í sænska liðið fyrir Ibrahimovic í síðasta leik og stóð sig frábærlega. Elmander er allt öðruvísi leikmaður og það verður allt öðruvísi spil hjá liðinu. Sænska liðið spilar mjög vel sem lið og menn leggja sig mikið fram hver fyrir annan. Vissulega er ekki sami glans yfir liðinu þegar stjörnur þess eru ekki með en samt sem áður eru þetta allt strákar sem hafa verið í hópnum lengi og þekkja þetta leikkerfi. Þó að Svíar spili ekkert rosalega vel þá lenda þeir sjaldan í vandræðum vegna þess að þeir eru svo stöðugir,“ sagði Pétur um sænska liðið.



Pétur Hafliði Marteinsson var í liði Hammarby sem sigraði Malmö. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Eiður er okkar stærsta stjarna en við erum með mjög góða leikmenn í flestu stöðum. Við erum t.d. með tvo miðverði sem spila í ensku úrvalsdeildinni í hverri viku, svo erum við með Brynjar Björn sem hefur bæði spilað í ensku úrvalsdeildinni og í fyrstu deildinni og svo erum við með stráka sem hafa verið að spila mikið í Skandinavíu. Það sem hefur vantað er kannski bara það að við höfum meiri trú á því sem við erum að gera og finnum okkar takt. Ég vil meina að ef við tökum leikmann fyrir leikmann þá eru Svíarnir ekkert mikið betri einstaklingar heldur en við en hins vegar eru þeir mikið betri liðsheild og hafa sýnt það í gegnum tíðina,“ sagði Pétur um íslenska liðið.

Pétur sagði að vissulega væri leiðinlegt að missa af þessum leik. „Þessi leikur hefur kannski sérstaka þýðingu fyrir mig þar sem ég hef spilað í Svíþjóð og búinn að búa lengi hérna en þetta er bara eitthvað sem maður verður að taka. Að sjálfsögðu hefði ég viljað taka þátt í þessum leik,“ sagði Pétur sem spáir Íslendingum 2-1 sigri í dag. „Ég held að íslensku strákarnir hljóti að mæta í þennan leik eins og grenjandi ljón og mæta Svíunum af hörku. Svíar koma í þennan leik fullir sjálfstrausts en ég held að þeir séu samt sem áður hræddir við að mæta Íslendingum.“ *- dsd*

# Yfirvegaður þjálfari

Lars Lagerbäck er fæddur 16. júlí 1948. Hann tók við stjórn sænska landsliðsins eftir EM 2004. Árið 1997 var Lagerbäck ráðinn sem aðstoðarmaður Tommy Söderberg og frá árinu 2000 og fram yfir EM 2004 stýrðu þeir Lagerbäck og Söderberg liðinu í sameiningu. Söderberg hætti sem landsliðsþjálfari eftir EM 2004 og tók við ungmennaliði Svía og eftir það hefur Lagerbäck stýrt liðinu einn.



Lars Lagerbäck þykir mjög snall þjálfari og hefur náð góðum árangri með landsliðið.

Lagerbäck þykir mjög rólegur maður og oft á tíðum full rólegur að margra mati. Hann mátti t.d. sæta töluverði gagnrýni á HM í sumar fyrir að bregðast ekki nógu skjótt við þegar illa gekk. Fjölmiðlar í Svíþjóð gagnrýndu Lagerbäck töluvert fyrir að nota Christian Wilhelmsson lítið og þá sérstaklega í leiknum gegn Þjóðverjum, þar sem Svíar töpuðu 2-0, en þá kom Wilhelmsson ekki inn á fyrr en á 68. mínútu.

Lagerbäck hefur tilkynnt að hann muni hætta sem landsliðsþjálfari Svía eftir EM 2008. *- dsd*







# Það besta í ítalskri matargerð



## Ekta ítalskur veitingastaður í hjarta borgarinnar

**ROSSOPOMODORO** ER EKTA ÍTALSKUR VEITINGASTAÐUR STAÐSETTUR Í HJARTA REYKJAVÍKUR. ÞAR GETURÐU NOTIÐ ÍTALSKRAR STEMNINGAR Í NOTALEGU UMHVERFI OG BRAGÐAÐ Á LJÚFFENGUM ÍTÖLSKUM MAT OG VÍNI Á MJÖG GÓÐU VERÐI.

**RÚMGÓÐUR VEITINGASALURINN HENTAR EINSTAKLEGA VEL FYRIR HÓPA.**

KOMDU Í HEIMSÓKN!

ROSSOPOMODORO

LAUGAVEGUR 40A SÍMI 5610500 WWW.ROSSOPOMODORO.IS

# Á fætur!



Kynntu þér það allra nýjasta frá Asics. Fjölbreytt úrval af íþróttaskóm þar sem leitast er við að nota nýjustu tækni til að veita góðan stuðning og aukin þægindi.

## //Hlaupaskór



**Gel Kinsei** TN609-0190 (karla) TN659-0177 (kvenna)
Tæknilegustu skór Asics á markaðnum í dag.



**Nimbus VIII** TN635-0190 (karla) TN685-0197 (kvenna)
Topp dempunarskór með nýjum miðsóla, Solyte™ – 30% léttari og 30% sterkari heldur en Speva miðsóli.



**Kayano 12** TQ600-9090 (karla)
Alltaf á toppnum. Nú svartur á litinn.



**Cardio** QL630-9075 (karla)
Nýjasta tækni. Sérhannaður skór fyrir sykursjúka, einstaklega þægilegur með góða dempun.

## //Handbolta- og blakskór



**Block** BY302-9093 (karla og kvenna)
Topp skór með góða dempun í hæl og á tábergi. Skórinn er með stýringu í hæl sem réttir af skakkt niðurstig og stýrir fætinum í eðlilegt niðurstig.



**Beyond** BN601-2293 (karla og kvenna)
Með nýjustu tækninýjungina frá Asics, Solyte tækni sem er notuð í topp hlaupaskóm. Þú finnur muninn á dempun og léttleika.

## //Badmintonskór



**Blade squash og badminton**
RN604-0156 (karla) RN654-0193 (kvenna)
Tæknilega góður skór með topp dempun.

## //Negldir skór



**Gel-Artic WR** TN6B0-6175
Það nýjasta fyrir hálkuna. Nelgdir skór með vatnsvörn. Nauðsynleg eign fyrir mjög áhugasama hlaupara sem vilja hlaupa allt árið.

*Útilíf // Intersport // Sportver - Akureyri // Flexor - Suðurlandsbraut // Axel Ó. - Vestmannaeyjum // Sportbær - Selfossi // Hafnarbúðin - Ísafirði // S.Ú.N - Neskaupstað og Reyðarfirði // Tákn - Húsavík // Maraþon - Kringlunni // Fitnessport - World Class // Sportbúð Óskars - Keflavík // Hlaup.is // Stoð - Hafnarfirði*

asics®

# nemma



þessa árs og verðbólgan stendur í 7,6 prósentum. Hagkerfið er þannig langt frá því að vera í jafnvægi og því fullsnemmt að fagna sigri í baráttunni við þensluna,“ segir hann og telur að við ríkjandi aðstæður sé nauðsynlegt að bæði ríkið og Seðlabankinn beiti aðhaldi. „Það gildir bæði í orði og á borði. Það eitt að boða á næsta ári lækkun skatta og auknar fjárfestingar og þar með minna aðhald í ríkisfjármálum er til þess fallið að auka á spennuna í hagkerfinu í ár sem og á næsta ári. Því er ekki heppilegt að boða slíkar aðgerðir við núverandi aðstæður þó svo að hagspár segi að talsvert muni draga úr spennunni á næsta ári.“

## AÐGERÐIRNAR AUKA NEYSLU

Ingólfur segir eina hættuna við að fara út í ótímabærar aðgerðir til lækkunar skatta og auknar framkvæmda hins opinbera vera að með því sé grafið undan því trausti sem stöðugleikinn hvíli á að stórum hluta. „Mikið hefur verið lagt í það á undanförnum mánuðum að sýna, ekki síst erlendum aðilum, fram á að hér á landi sé hagstjórnin skynsöm og laus við taumleysi. Nokkuð hefur áunnist í því og ber gengisþróun undanfarinna vikna ásamt viðsnúningi á hlutabréfamarkaði og lánskjörum bankanna erlendis meðal annars merki um það. Með því að gefa lausan tauminn nú er verið að bjóða heim hættunni á að fórna að minnsta kosti hluta þess ávinnings sem unnist hefur. Meðal annars er þarna ógnað stöðu krónunnar.“

Boðaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar segir Ingólfur til þess fallnar að auka kaupmátt almennings í bráð. „Þær auka því neyslu og koma þau áhrif fram bæði í ár og á næsta ári þó svo að bæði skattalækkanirnar og þær aðgerðir í framkvæmdum sem um hefur verið rætt komi ekki til fyrr en á næsta ári. Þetta mun gera það að verkum að hægar og minna mun vinda ofan af þeirri spennu sem nú er í hagkerfinu,“ segir hann og telur að undirliggjandi stærðir sem lýsi ójafnvæginu í hagkerfinu, svo sem viðskiptahalli og verðbólga, komi til með að vara lengur en ella.

Þó að hratt dragi úr innlendri eftirspurn á næstunni samhliða því að úr stóriðjuframkvæmdum dregur telur Ingólfur þann samdrátt í innlendri eftirspurn ekki verða nægan til að vinda alfarið ofan af þenslunni sem sé í hagkerfinu. „Aðhalds í fjármálum ríkissjóðs er því þörf á næsta ári til að ná hagkerfinu í jafnvægi og mynda grundvöll fyrir hjöðnun verðbólgunnar, viðunandi viðskiptahalla og lækkun stýrivaxta Seðlabankans.“ Hann segir áhrif af mögulegum frekari stóriðjuframkvæmdum svo alfarið fara eftir tímasetningum þeirra og umfangi. „Ljóst er að ekki er rými fyrir frekari framkvæmdir í bráð. Hagkerfið þarf einfaldlega tíma til að ná sér eftir hið mikla framkvæmdaskeið sem verð hefur undanfarið. Frekari framkvæmdir verður síðan að skoða í ljósi reynslunnar sem við nú höfum. Miklar framkvæmdir á skömmum tíma eru ekki heppilegar fyrir svona lítið hagkerfi. Þær valda mikilli röskun í framleiðsluskilyrðum, á eignaverði og gera mikla kröfu til hagstjórnarinnar.“ Ingólfur segir betra að dreifa framkvæmdunum yfir lengri tíma og færast minna í fang.

## HEILDARMYNDINA VANTAR STUNDUM

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbanka Íslands, segir ljóst að ákveðin aðlögun þurfi að fá að eiga sér stað í hagkerfinu, en væntingar um rýmri kjör og þensluhvetjandi aðgerðir hægi á þeirri aðlögun. „Þarna skiptir máli hvort við erum að fara inn í stóriðjuframkvæmdir eða ekki. Ef við erum líka að fara inn í þær þá gæti þetta verið mjög óheppilegt, en ef ekki þá er skaðinn ekki sá sami. Stundum er eins og heildarmyndina vanti, en hún er gríðarlega mikilvæg inni í svona litlu hagkerfi þar sem allar aðgerðir vega svo þungt.“

Edda Rós segir Landsbankann hafa metið það svo að líklegra væri en ekki að ráðist verði í stóriðjuframkvæmdir strax á þarnæsta ári. „Við lögðum í töluverða vinnu við þetta mat á aðstæðum, töluðum við stjórnmálamenn úr öllum flokkum, við ál- og orkufyrirtækin. Við reyndum að átta okkur á hvernig leyfismálum væri háttað og þar fram eftir götunum. Niðurstaða okkar var því að eðlilegra væri að gera ráð fyrir þessu en ekki,“ segir hún en áréttar um leið að í spá greiningardeildar bankans sé þó gert ráð fyrir mun minni framkvæmdum en til dæmis Kaupþing hafi spáð.

Þannig segir Edda Rós ljóst að fari þær framkvæmdir í gang sem greiningardeildin geri ráð fyrir sé ekki skynsamlegt að þenja kerfið mikið meira. „En auðvitað er þarna óvissa á öllum stöðum og svo sem ekki hlutverk bankanna að segja mönnum til heldur fremur að átta sig á afleiðingum ákvarðananna fyrir fjárfesta. Við erum ekki í hagstjórn.“ Hún segir svo virðast að sú ályktun bankans, að hvorki ríkisstjórn né sveitarfélögin verði virk í að tempra þenslu í hagkerfinu fari þjóðin inn í annað þensluskeið, ætli að ganga eftir og því hvíli það líklega aftur á herðum Seðlabankans og peningastefnunnar að vera á bremsunni.



**INGÓLFUR H. BENDER** Ingólfur, sem er yfir greiningu Glitnis, telur að á næsta ári sé þörf á aðhaldi í fjármálum ríkisins til að ná hagkerfinu í jafnvægi og mynda grundvöll fyrir hjöðnun verðbólgunnar. MARKAÐURINN/GVA

## STYRKING KRÓNU SKEKKIR JÓLIN

„Það er meðal annars út af þessu sem við í spá okkar gerum ráð fyrir að í lok næstu hagsveiflu fari þetta ekkert óskaplega vel. Við gerum bæði ráð fyrir verðbólguskoti og falli krónunnar.“ Þannig segir Edda Rós að þróun mála sé í takt við væntingar bankans sem geri ekki ráð fyrir því, hver sem væri við völd, að pólitískur vilji verði til aðhalds. „Við viljum fulla atvinnu, lága verðbólgu, litla vexti, stöðugt gengi og mikinn vöxt. Við viljum vera í svakalegum fjárfestingum þrátt fyrir að hér sé full atvinna og viljum að stjórnvöld greiði fyrir slíkum fjárfestingum. Meðal annars viljum við tryggja vinnu um landið þó að full atvinna sé á landsvísu. Svona eru hlutirnir bara og eitthvað verður undan að láta.“



**EDDA RÓS KARLSDÓTTIR** „Við viljum fulla atvinnu, lága verðbólgu, litla vexti, stöðugt gengi og mikinn vöxt,“ segir Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbanka Íslands og bendir á að stefnan samrýmist ekki endilega kröfum um stöðugleika. MARKAÐURINN/GVA

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, segir sömuleiðis of snemmt sé að hrósa sigri í slagnum við þensluna. Hann segir þá aðlögun í hagkerfinu sem komið hafi fram á þessu ári að stórum hluta skýrast af viðsnúningi í væntingum við gengisfall krónunnar og umræðu sem farið hafi í gang um efnahagslífið. „Áhrifin voru þá mjög jákvæð á einkaneysluna. En við viljum sjá aðlögun og við viljum sjá einkaneysluna ganga niður,“ segir hann, en bendir um leið á að burtséð frá öðru sé ljóst að gríðarleg þörf sé á fjárfestingum í umferðarmannvirkjum í kring um Reykjavík. „Þær framkvæmdir eru ábyggilega gríðarlega arðsamar. Svo er líka ljóst að á einhverjum tímapunkti þurfum við líka á þessum framkvæmdum að halda til að halda stöðugleikanum. En síðan, ef stóriðjan kæmi til skjalanna, þá myndi það náttúrulega þýða að ríkið þyrfti að fresta framkvæmdum enn frekar.“ Ásgeir segir að í síðustu hagspá sé ekki gert ráð fyrir stóriðju strax heldur að ríkið verði virkt í framkvæmdum á árinu 2008.



**ÁSGEIR JÓNSSON** Ásgeir, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, segir aðlögun í hagkerfinu sem komið hafi fram á þessu ári að stórum hluta skýrast af viðsnúningi í væntingum við fall krónunnar og erfiðrar umræðu um efnahagslífið. MARKAÐURINN/GVA

Ásgeir segir vandamálin hins vegar felast í því að hagkerfið sé í raun samsafn af væntingum þar sem einkaneysla vegi þyngst og sé langstærsti hlutinn í landsframleiðslunni. „Það er aldrei hægt að sjá nákvæmlega fyrir hvernig hún muni þróast. Það er nú samt miðað við stöðuna nú frekar líklegt að þrengst hafi um lántökumöguleika með hærri vöxtum. Þannig er varla hægt fyrir fólk að halda mikið lengur áfram í skuldsettri neyslu, en maður veit það þó aldrei nákvæmlega. Einkaneysla gæti eins dregist hraðar saman en við gerum ráð fyrir.“ Hann segir þó ákveðnar blikur á lofti í því að gengi krónunnar hafi styrkst nokkuð að undanförnu. „Það er ekki sérstaklega heppilegt. Helst hefðum við viljað hafa gengisvísitöluna þar sem hún var, í kring um 125, hvorki veikari né sterkari. Ef gengið styrkist þá þýðir það að innflutningur verður ódýrari og jólin gætu orðið meiri neyslupakki en ráð er gert fyrir. Ég held því að veturinn verði tiltölulega viðburðaríkur,“ segir Ásgeir og ekki ólíklegt að þar verði hann sannspár.



**FRAMKVÆMDIR Á MÓTUM SUÐURLANDS- OG VESTURLANDSVEGAR** Forsætisráðherra boðaði nýverið í stefnuræðu sinni á Alþingi að opnað yrði á ný fyrir útboð á vegum hins opinbera og meðal annars yrði ráðist í langþráðar vegabætur við höfuðborgina. Sérfræðingar í efnahagsmálum vara við að ríkið fari of skarpt af stað í útgjöldum. MARKAÐURINN/GVA

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Þenslueinkennin enn í fullum gangi þegar kosningagleðin tekur völdin.

# *Þegar kokkarnir eru þagnaðir*

**Hafliði Helgason**

„Það munu allir kokkar í eldhúsum Íslands gleðjast,“ voru orð landbúnaðarráðherra þegar kynntar voru tillögur til lækkunar matarverðs. Það er væntanlega rétt, en kyndarar efnahagslífsins kætast einnig og munu væntalega moka kolum sínum sem aldrei fyrr og er þó suðumarkinu þegar náð.

Skattalækkanir á matvöru sem kynntar voru eru í sjálfu sér jákvæðar. Boðun þeirra nú er það hins vegar ekki og fyrri skattalækkanir voru í meira lagi varasamar við núverandi kringumstæður. Með vexti efnahagslífsins opnast ýmsir möguleikar fyrir stjórnmálamenn til endurskoðunar skattkerfisins og margt sem bendir til að einfaldara og skilvirkara skattkerfi skili jafn miklu eða meira til samneyslunnar. Liður í því væri til að mynda flatur skattur. Með því að fara með matvöru í sjö prósenta skatt getur reynst erfitt að fara í flatan skatt. Það myndi þýða að hækka þyrfti matarskatt á ný ef halda á í einfalt kerfi. Slíkt er pólitískt afar erfitt.

Viðskiptaráð kynnti á sínum tíma hugmyndir um fimmtán prósenta flatan skatt. Þær hugmyndir eru allrar athygli verðar. Ekki er óhugsandi að sátt næðist um slíkar tillögur, enda þótt skattprósentan yrði eitthvað hærri. Átján prósent eru ekki fjarri lagi. Það myndi þýða að skattur á matvöru þyrfti að fara úr sjö prósentum í átján. Fjármagnstekjuskattur færi úr tíu í átján. Það yrði erfitt fyrir stjórnmálamenn að réttlæta fyrri hækkunina, en auðvelt með þá seinni. Hins vegar þarf að gæta að því að þeir sem mestan hag eiga undir fjármagnstekjum eru jafnframt í bestri aðstöðu til að greiða atkvæði með fótunum og flytja eignir sínar úr landi.

**Til skamms tíma dregur úr verðbólgu, en síðan leitar þrýstingurinn útgöngu annars staðar í hagkerfinu. Tímasetningin er á engan hátt miðuð við hagsveifluna, heldur við kosningarnar framundan. Með þessum ákvörðunum tökum við mikla áhættu og gætum misst hagkerfið úr böndunum þegar hilla tekur undir að við náum tökum á því á ný. Það er ekki ábyrg stjórnun efnahagsmála.**

Það eru í sjálfu sér allir sammála um að það þarf að lækka matarverð. Afnám og einföldun tolla er sennilega besta og varanlegasta meðalið til þess. 24,5 prósenta virðisaukaskattur er líka hár skattur á nauðsynjavöru. Hins vegar verður ekki undir það tekið að tímasetningarnar séu góðar. Ákvörðunar um skattalækkun fer þegar að gæta í væntingum á markaði og í kauphegðun fólks. Til skamms tíma dregur úr verðbólgu, en síðan leitar þrýstingurinn útgöngu annars staðar í hagkerfinu. Tímasetningin er á engan hátt miðuð við hagsveifluna, heldur við kosningarnar framundan. Með þessum ákvörðunum tökum við mikla áhættu og gætum misst hagkerfið úr böndunum þegar hilla tekur undir að við náum tökum á því á ný. Það er ekki ábyrg stjórnun efnahagsmála.

Við teflum á tæpasta vað og hætt er við að kæti kokkanna minnki eitthvað þegar fer að sjóða upp úr pottunum hvað þá ef einhver brennir sig, en slíkt hendir stundum þegar farið er óvarlega með eld.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markaðurinn.is | olikr@markadurinn.is




# Litríkt ár vogunarsjóðanna

ORÐ Í BELG



**Brynjar Agnarsson,** sölu og markaðsstjóri Asset Alliance í London

Þó árið 2006 sé enn ekki liðið, hefur það verið áhugavert fyrir vogunarsjóði. Eftir fremur litlaust ár 2005, var upphaf þessa árs gott, og byrjaði reyndar með sprengikrafti en í maí gekk vogunarsjóðum illa ásamt markaðnum í heild þegar mikið fall varð á verðbréfamörkuðum. Með nokkrum sanni má segja að upphaf erfiðleikanna megi rekja til gengisfalls íslensku krónunnar, en þegar svokallaðir hávaxtagjaldmiðlar eins og krónan og nýsjálenski dollarinn snarlækkuðu fór að bera á merkjum þess að fjárfestar væru að missa „lystina“ á áhættu. Í maí sl. kom svo skellurinn, þegar markaðir féllu mikið og vaxtamarkaðir (e. emerging markets) snarféllu. Nærtækasta dæmið er Tyrkland, sem féll um 25 prósent og ofan á lækkun markaða kom 10 prósenta gengisfall tyrknesku lírunnar, þannig að í einu vetfangi misstu erlendir fjárfestar 35 prósent af tyrkneskum eignum sínum.

Þessar hræringar leiddu til þess að fjárfestar í vogunarsjóðum töpuðu á fjárfestingum sínum í þeim og þá heyrðust raddir þess efnis að vogunarsjóðir ættu ekki að falla svona með mörkuðunum heldur geta verndað gegn slíkum áföllum. En málið er ekki svona einfalt. Ef vogunarsjóðir hefðu viljað hagnast á slíku falli, hefðu þeir þurft að setja skortstöðu á markaðinn fyrr á árinu, sem hefði þýtt minni hagnað þeirra í uppsveiflunni sem undan gekk. Flestir þeirra komu sér í skortstöðu er markaðurinn byrjaði að hreyfast niður á við. Þessi tímasetning er ansi erfið og hefur verið líkt við að reyna að grípa hárbeittan hníf í frjálsu falli. Þessar skyndilegu markaðshreyfingar leiddu til nokkurs taps hjá vogunarsjóðum. Við hér hjá Asset Alliance rekum sjóðasjóð, sem er með fjárfestingar í sjóðum í Austur-Evrópu, sem m.a. fjárfesta í Tyrklandi. Á meðan markaðurinn féll um rúmlega 20 prósent í maí náðum við að vernda fjárfesta frá 80 prósentum af fallinu, þannig að lækkun sjóðasjóðs okkar var ekki nema 4 prósent í mánuðinum. Þessi lágmörkun taps í fallandi markaði er gott dæmi um það meginhlutverk vogunarsjóða að vernda fjárfesta gegn áhrifum slíkra sveiflna og græða í hækkandi sem lækkandi mörkuðum yfir lengri tíma litið, en með sanni má segja að erfitt er að vernda fjárfesta algjörlega þegar svona snöggar leiðréttingar verða.

Nýliðið sumnar var frekar flatt og flestir bjuggust við betri tíð í haustbyrjun. En þá komu nýjar slæmar fréttir, er einn vogunarsjóður, Amaranth, tapaði á stuttum tíma nær helmingi eigna sinna, um 200 milljörðum íslenskra króna, vegna stórra og illa verndaðra stöðutekna í gasi, en þessi eignalækkun nemur um fimmföldu verðmati á Icelandair Group samkvæmt fréttum. Amaranth er svokallaður multi-strategy sjóður, sem fjárfestir í öllum mörkuðum, með það að markmiði á ná stórri og góðri áhættudreifingu fyrir fjárfesta. Eftir langt tímabil mikils hagnaðar sjóðsins, tókst illa til með áhættudreifinguna, þar sem áhættumörkin sem sjóðurinn þurfti að takmarka sig við voru hækkuð jafnt og þétt, og yfirmenn leyfðu sjóðateyminu að taka stórar stöður sem í raun var ekki hægt að vernda. Þegar markaðurinn fór á móti stöðum þeirra þurfti Amaranth að selja inn í fallandi markað, en vegna stærðar þeirra dró það markaðinn enn frekar niður. Keppinautar þeirra notuðu tækifærið og tóku stöður á móti þeim og skortuðu markaðinn sem enn frekar flýtti falli Amaranth, á meðan keppinautarnir græddu. Nú er verið að loka sjóðnum þar sem fjárfestar vilja út og þar með er rúmlega 400 milljarða króna sjóður allur og er það mesti skellur meðal vogunarsjóða síðan Long Term Capital Management féll fyrir rúmum átta árum. Þegar Long Term Capital Management féll féllu markaðir með þar sem stöður þeirra sem þeir þurftu að losna úr drógu markaði alls staðar með sér. Það að þetta gerðist ekki núna, heldur tók JP Morgan fjárfestingarbankinn og vogunarsjóðurinn Citadel á sig allar stöður Amaranths, er dæmi um það hversu fjármálamarkaðir eru mun stöðugri nú til dags en fyrir átta árum. Þrátt fyrir þetta fall Amaranth og erfitt ár stendur vogunarsjóðageirinn sig vel innan fjármála og er orðinn að viðurkenndum fjárfestingarkosti sem stærstu fjárfestar heims fjárfesta í til þess að fá áhættudreifingu og afköst af fjármagni sínu umfram afköst markaðarins, eða svo kallað alpha. Það sem fjárfestar geta þó lært af þessari sögu Amaranth sjóðsins er að þeir þurfa að horfa á marga markaði samtímis til að vega og meta hvar hættan gæti falist og gæta vel að þeirri áhættu, sem vogunarsjóðir taka, áður en þeir ákveða að fjárfesta í þeim beint eða í gegnum sjóðasjóði. Amaranth dæmið gefur ekki tilefni fyrir fjárfesta að hætta fjárfestingum í vogunarsjóðum, þær eru mikils virði fyrir eignasöfn vegna áhættudreifingar, og þá sérstaklega til að minnka áhrif frá snöggum sveiflum, líkt og gerðist í maí síðastliðnum.



**Með nokkrum sanni má segja að upphaf erfiðleikanna megi rekja til gengisfalls íslensku krónunnar, en þegar svokallaðir hávaxtagjaldmiðlar eins og krónan og nýsjálenski dollarinn snarlækkuðu fór að bera á merkjum þess að fjárfestar væru að missa „lystina“ á áhættu.**

UM VÍÐA VERÖLD

## Umsagnir um starfsmenn

Margir atvinnurekendur nýta þann kost að fá umsagnir um umsækjendur starfa og algengt er að hringt sé í fyrrverandi vinnuveitendur til að fá upplýsingar. Umsagnir geta þjónað ágætum tilgangi en nauðsynlegt er að fá leyfi umsækjanda til að hringja í umsagnaraðila og fyrrverandi vinnuveitendur því oft eru þeir ekki búnir að segja upp stöðu sinni og málið því á viðkvæmu stigi.

Margir atvinnurekendur í Bretlandi og Bandaríkjunum eru hræddir við að gefa umsagnir eða meðmæli um fyrrverandi starfsmenn, nema helstu upplýsingar um starf þeirra og vinnutíma, vegna hættu á að vera lögsóttir. Samkvæmt lögum í Bandaríkjunum þarf fyrrverandi atvinnuveitandi aðeins að gefa upp upplýsingar um daginn sem starfsmaður var ráðinn, daginn sem hann varð viðskila við fyrirtækið, hvaða stöðu hann gegndi og síðustu mánaðarlaun hans. Þá ráðleggja lögfræðingar fyrirtækjum þar að halda sig við þá lýsingu.

Í tímaritinu *Personnel Journal* er tekið dæmi af starfsmanni sem réði sér einkaspæjara til þess að finna út hvað fyrrverandi atvinnuveitandi hefði um hann að segja. Atvinnuveitandinn sagði hann vera gagnslausan, siðgæðisvitund hans væri ábótavant og að hann væri fjandsamlegur umhverfi sínu. Ekki þarf að spyrja að leikslokum, en starfsmaðurinn kærði atvinnuveitandann fyrrverandi fyrir ærumeiðingar og róg og fékk greiddar 1,9 milljónir dala í sinn hlut.

Réttmæti og áreiðanleiki umsagna eru ekki mikil. Þrátt fyrir það eru umsagnir mikið notaðar og í tímaritinu *HR Focus* völdu starfsmannastjórar umsagnir og meðmæli sem aðra besta aðferð af níu aðferðum við að velja starfsmenn. Á Íslandi hafa ekki verið sett lög um hvað atvinnurekandi má eða má ekki gefa upp í umsögnum um starfsmenn en auðvelt er að auka áreiðanleika og réttmæti umsagna með því að búa til form. Með stöðluðu formi með upplýsingum um starfsmenn er hægt að einblína á persónueinkenni sem nauðsynleg eru fyrir starfið þar sem áhersla er lögð á staðreyndir frekar en huglægt mat á aðilum.



**Sif Sigfúsdóttir**
**MA í mannauðsstjórnun.**

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elínborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Öryggi gagna

Flestir gera sér grein fyrir því að þeir geta lent í verulegu fjárhagslegu tjóni ef fyrirtækið þeirra verður fyrir eignatjóni. Slíkt tjón getur raskað rekstri fyrirtækja umtalsvert og jafnvel leitt til rekstrarstöðvunar. Stjórnendur fyrirtæka vita þetta og gera það sem þeir geta til að koma í veg fyrir slíkt tjón, með tilheyrandi forvörnum og vátryggingum. En þeir eru færri sem leiða hugann að því hvað gerist ef tölvugögn fyrirtækisins og hugbúnaður hverfur eða eyðileggst í tjóni.

Fyrirtæki hafa í síauknum mæli komist að raun um mikilvægi tölvugagna sinna og að alvarlegt gagnatjón er raunveruleg ógn við reksturinn. Ef mikilvæg gögn tapast getur verið mjög erfitt að vinna það upp sem glatast hefur og það sem meira er, að vinna aftur trúverðugleika fyrirtækisins. Fyrir utan kostnaðinn sem af þessu hlýst getur þetta haft veruleg áhrif á tekjur og gengi hlutabréfa. Breska viðskiptaráðuneytið staðhæfir að um 90% þeirra fyrirtækja sem glata rekstrargögnum sínum hætta rekstri innan tveggja ára. Til að draga sem mest úr áhættu við gagnatap, verða fyrirtæki og stofnanir að koma sér upp áætlun um órofinn rekstur. Slíkar áætlanir geta verið allt frá því að tryggja eingöngu örugga afritun og endurheimt gagna yfir í að uppfylla alþjóðlega öryggisstaðla fyrir upplýsingakerfi.

Árlega verður fjöldi fyrirtækja að þola fjárhagstjón vegna skemmda eða bilana á rafeindatækjum sem m.a. leiða til þess að verðmæt gögn glatast. Í mörgum tilfellum telja forsvarsmenn fyrirtækja sig vera vátryggða gegn slíkum áföllum, sem sjaldnast er raunin. Það er hægt að tryggja sig fyrir gagnatapi, þ.e. það er hægt að tryggja sig fyrir þeim kostnaði sem fer í það að endurheimta gögnin eða að vinna þau aftur, en til að takmarka tjónið er best að tryggja að gögnin séu til afrituð á öruggum stað og að gott sé að komast í þau.

Skjót endurheimt á gögnum er lykilatriði í því að halda órofnum rekstri. Sé ekki hægt að ná aftur gögnum sem tapast hafa með skjótvirkum hætti eru líkur á að markmiðum um órofinn rekstur verði ekki náð.

En þá kemur að spurningunni um hvaða kröfur fyrirtæki þurfa að gera til afritunarkerfa. Mikilvægt er að hafa í huga sex eftirfarandi þætti:

- Að afrituð gögn séu tekin úr húsi jafnóðum. Reglugerðir og tilskipanir bæði í Evrópu og Bandaríkjunum gera kröfu um að afrit fari úr húsi. Það sama ætti að gilda hér á landi enda eru kröfur til rekstrar þær sömu.
- Að öll mikilvæg gögn séu afrituð, sama hvar þau liggja. Mikilvæg gögn geta til dæmis legið á útstöðvum. Rannsóknir sýna að um 80% af viðskiptagögnum eru vistuð á einkatölvum sem fæstar eru afritaðar.
- Að hægt séð að afrita fartölvur utan netkerfis fyrirtækisins. Stóraukin notkun fartölva og notkun þeirra á ferðalögum erlendis bendir til þess að mikilvæg gögn liggja í fartölvum sem verður að vernda.
- Að tíðni afritunar mæti kröfum rekstrarins. Suma gagnagrunna er nóg að afrita einu sinni á dag. En stundum má hámarksgagnatap ekki vera meira en einhverjar klukkustundir.
- Að endurheimtun gagna sé skjótvirk og auðveld. Ef endurheimtun gagna er ekki skjótvirk getur kostnaðurinn orðið gríðarlegur. Mörg dæmi eru um að það hafi tekið margar vikur að endurheimta gagnagrunna með tilheyrandi kostnaði vegna tæknimanna og töpuðum vinnustundum starfsmanna.
- Að prófanir á endurheimtum gögnum séu gerðar með reglubundnum hætti á vélbúnaði hjá þriðja aðila.

Það hefur lengi verið vandamál við afritatöku hvað hún hefur verið óþjál og óáreiðanleg.

Í einkasölu glæsil. íbúðir í 12 íbúða lyftuhúsi ásamt st. í bílskýli. 3ja herb.íb. eru 110 fm og 4ra herb. frá 140 fm. Suðursvalir. Afh. fullb. án gólfefna m. vönd. innrétt. og flísal. baðherb. Sérinng. af svölum. Afh. í sept. 2006. Eignir á mjög góðu verði. Búið að taka lán frá Íls j. 10 millj. á hluta íbúðanna. Uppl. á Valhöll eða á www.nmedia.is/baugakor 4600

## Goðakór - Tilb. til innrétt-inga eða fullb. m. frág. lóð.



Glæsileg raðhús/einb. á frábærum útsýnisstað. Samt. 228 fm að stærð með innb. bílsk. Húsin afh. tilb. til innrétt. m grófj. lóð á 48-49 millj. eða fullb. án gólfefna m. vönduðum innrétt. og flísal. baðherb. Lóð og bílastæði fullfrág. Vönduð hús á einstaklega góðum stað. V. milli hús 56,0 m og endahús 57,0 millj. Uppl. á skrifstofu Valhallar eða á www.nybyggingar.is 7105

## Brekkubyggð - Garðabæ.
### Lítið raðhús á einni hæð.



Nýkomið í einkasölu fallegt 76 fm 2-3ja herbergja raðhús á einni hæð. Sérinngangur, verönd og lítill bakgarður. Gott skipulag. 1-2 svefnh. Fallegt norður útsýni. **Örstutt í verslun, skóla og þjónustu. Laust fljótlega. Verð 18 millj.** 7168

## Selvogsgrunn - jarðh. mikið endurn.



Í einkasölu glæsileg 130,5 fm íb. á jarðh. í þessu fallega nýl. klædda húsi á fráb. stað í Austurborginni. Nýl. gólfefni, fataskápar, innihurðir loft íbúðar og fl. Sólstofa. Flísar og parket. **Eign í mjög góðu standi. V. 29,9 m.** 7185

## Haukalind - stórglæsilegt hús á útsýnisstað



Í einkasölu glæsil. 220 fm raðh. á 2. hæðum. Sérhannað af Finni Fróðasyni arkitekt. 4 svefnherb. Vand. sérsm. innréttingar. Rúmgóðar stofur. Glæsil. baðherb. Fataherb. o.fl. V. 53,9 millj.

## Kleifakór - glæsilegt einbýli




Á frábærum útsýnisstað 315 fm einbýlishús með innb. bílskúr. Húsið verður afhent fullbúið að utan og fokhelt að innan. Frábært skipulag. Verð 57 m. 7170

## Hamravík - fyrir vandláta



Vorum að fá í einkasölu glæsilega 158,6 fm íbúð með sér inngani á 3. hæð í litlu fjölbýli. Íbúð er sérlega vel skipulögð og allar innréttingar og gólfefni eru mjög vönduð. Stórar svalir, glæsilegt útsýni er úr íbúð. Gott verð. V.36,5 m. 7183

## Engjasel - glæsilegt útsýni.



Glæsilegar sérh. (3 íbúðir eftir)á mjög góðum stað innst í lok. götu við Krókavað. Bílsk. fylgir efri hæð. Seljast fullb. án gólfefna m. gólfhita og vönduðum innr. Stórar svalir fylgja efri hæð ofan á bílskúr. 4413

## Látraströnd - á fráb. útsýnisstað.



Talsv. endurn. hús. Húsið er samt. 163,5 fm með bílskúr sem er 41,2 fm. Parket, nýl. vandað eldhús með Granít borðpl. Einstakt verð eða aðeins 39,9 m. 7030

## Ólafsgeisli - eign í sérflokki



Glæsilegar nýjar íbúðir í nýlegu lyftuhúsi á mjög góðum stað í Norðlingaholti ásamt stæði í bílskýli. Íbúðirnar eru til afhendingar fullbúnar án gólfefna og flísalagnar á baðherb. Flott hús. **V. frá 25,4 millj. Seljandi lánar hluta kaupverðs ef kaupandi þarf á því að halda!** 4120

## Stærri eignir



**Hrauntunga - glæsil. útsýni** Fallegt 262,5 fm einb. í suðurhl. Kópav. . . Nýl. viðg. að utan og málað. Glæsil. útsýni, nýl. þak og skólp. V. 53,0 m. 6848



**Hvannalundur Garðabæ - verð aðeins 39,9 millj.** Talsv. endurn. hús. Húsið er samt. 163,5 fm með bílskúr sem er 41,2 fm. Parket, nýl. vandað eldhús með Granít borðpl. Einstakt verð eða aðeins 39,9 m. 7030



**Laugalækur - glæsilegt hús** Vandað 215 fm raðh. ásamt 25 fm bílsk. á góðum stað rétt við Laugardalinn. Húsið er arkitektateiknað, vel hannað. Vand. innrétt. og gólfefni. Eign í sérfl. V. 49,0 7121



**Brekkuás - Garðabæ** Nýtt glæsilegt 303 fm einbýli á frábærum útsýnisstað í Garðabæ. Húsið er rúmlega fokhelt að innan. Frágengið að utan og steinað og til afhendingar strax. V. 65,0 m. 6971



**Austurgerði - glæsil. einb. m. 2 aukaíb.** Glæsil. 333 fm einb. á 2. h. og innb. bílsk. Húsið er sérl. velskipul, glæsil. stofur, nýtt eldhús og gólfefni. Tvær 2ja herb. aukaíb. m. sérinng. eru á jarðh. V.72 millj. 6963

**Breiðavík - endahús á einni hæð.** Glæsil. mjög velskipul. 152,2 fm endaraðh. á einni hæð. Vand. innrétt., parket og flísar á gólfum, fallegur suðurgarður með góðri timburverönd. Hiti í plani og stéttum. Góð staðs. V. 41,0 m. 7062

**Marbakkabraut - Kópavogi.** Í einkasölu glæsil. nýl. parh. á tveimur hæðum. Í dag er eignin nýtt sem tvær íb. lítið mál að br. aftur. Allar innrétt., tæki og gólfefni eru sérl. vönduð, innb. lýsing. V. 38,5 m. 7122

**Strandvegur - glæsil. útsýni.** Stórglæsil.160 fm íb. á 3.h/efstu í nýl. vönd. húsi ásamt stæði í bílsk. íb. er glæsil. innrétt. m. vönd. sérsm. innrétt. glæsil. flísal. baðherb. Granít borðplötur. 7001

**Mosfellsdalur - glæsieign á 1 hektara eignarlands.** Valhöll fasteignasala kynnir glæsil. 500 fm eign á eins hekt. eignarl. sem staðs. er á jaðri skipul. byggðar í Mosfellsdal í nágr. Gljúfrasteins m. útsýni yfir allan dalinn og nál. góðum göngu og reiðleiðum. Húsið er mjög glæsil. 344,7 fm einbýli á 2. h. 64.4 fm tvöf. bílsk. og 91 fm hesth. Húsið er sérlega reisul. og það sem einkennir það er mikil lofth, fráb. skipul., lítið mál að vera með 3ja herb. aukaíb. í syðri endanum, glæsil. þak, fráb. útsýni út Mosfellsdalinn og glæsil. fjallasýn og fl. Ekkert hefur verið til sparað við byggingu húss. og allt haft eins vandað og hægt er, t.d. Þakefni, gluggar og hurðir. Húsinu verður skilað rúml. fokh. Búið er að jafna alla lóðina, raða holtagrjóti meðfr. lóð, leggja vegi að húsi og hesthúsi, útbúa manir, gróðursetja uþb. 30 stk. 8m aspir á norður og austur hlið lóðar. Þ Óskað er eftir tilboðum í eignina. Bárður sölustjóri veitir upplýsingar. 6846

## Í smíðum



**Sérhæðir við Andarhvarf í Kópavogi.** Sérhæðir á fínum útsýnisstað við Andarhvarf í Kópavogi. Um er að ræða 134,3 fm sérh. ásamt bílsk. sem eru 25,1 fm og 26,9 fm. Íb. afh. fullfrág. án gólfefna. Frábært skipulag með tveimur baðherbergjum, sérlóð með íbúðum neðri hæðar og svalir með íbúðum efri hæðar. Ein íbúð til afhendingar í apríl 2006 og hinar afh. í haust. V. 35,9 m. 3722



**Selvað - nýtt lyftuhús m.bílskýli - Skipti mögul. á ód. eign eða mjög góð lánakjör.** Glæsilegar nýjar íbúðir í nýlegu lyftuhúsi á mjög góðum stað í Norðlingaholti ásamt stæði í bílskýli. Íbúðirnar eru til afhendingar fullbúnar án gólfefna og flísalagnar á baðherb. Flott hús. **V. frá 25,4 millj. Seljandi lánar hluta kaupverðs ef kaupandi þarf á því að halda!** 4120



**Rauðavað 4ra herb. til afh. strax - Möguleg allt að 90 % lánakjör.** Í einkasölu nýjar glæsilegar 119 fm 4ra herb. íb. á 2. hæð. Afh. við kaupsamn. fullb.án gólfefna. Sérinngangur af svölum. Stæði í fullb. glæsil. bílskýli fylgir eigninni Verðið gerist varla betra en þetta! **V. 26,9 m.** 3747



**Krókavað. -Glæsil. sérh. á fráb. stað. - skipti mögul. á óð. eign.** Glæsilegar sérh. (3 íbúðir eftir)á mjög góðum stað innst í lok. götu við Krókavað. Bílsk. fylgir efri hæð. Seljast fullb. án gólfefna m. gólfhita og vönduðum innr. Stórar svalir fylgja efri hæð ofan á bílskúr. Verð 37,4 m. efri hæð og 30,9 neðri hæð. 4413

## Sérhæðir og 5-6 herb.



**Básbryggja - m. bílskúr - ein glæsil. íb. á svæðinu.** Í einkasölu stórglæsil. íb, á efstu hæð og risi Innang. í góðan endabílsk m.glugga. Vand. sérsm. innrétt og flott tæki, innb. ísskáp. og uppþv.vél fylgja. 2 stórglæsil. flísal. baðherb. Parket og flísar V. 38,2 m. 6856

**Kambsvegur - Afh. fljótlega.** Glæsil. velskipul. efri sérh. og ris ásamt bílskúr samt. 219,4 fm í tvíb.húsi sem staðs. er á mjög góðum útsýnisst. Glæsil. útsýni. Eignin getur losnað mjög fljótl v.tilboð. 4513



**Borgargerði. Smáíbúðahverfi.** Í einkasölu góð velskipul. ca 135 fm efri hæð ásamt 34,7 fm góðum nýl.bílsk. Parket á fl. gólfum, góð sérverönd. V. 38,5 m. 4665



**Krókavað efri hæð með bílskúr.** Í einkasölu glæsil. ca 140 fm efri hæð + 28,7 fm góður bílsk. Allar innrétt. mjög vand. og gólfefni. Parket og flísar. Gard. fyrir gluggum sem fylgja. V. 39,9 m. 7119



**Garðhús - með bílskúr.** Góð 132,3 fm fimm til sex herbergja íbúð á jarðh. m. sérinng. í vel staðs. húsi. Íb. fylgir 26,2 fm góður bílsk. Sér verönd, parket og flísar. V. 32,5 m. 7095



**Hólmgarður - glæsil. eign** Í einkasölu sérl. glæsil. efri sérh. ásamt nýb. risi, samt. ca 150 fm. Hæðin er um 103 fm og hefur verið endurn. öll á síð. 5 árum, eldhús,baðherb, innihurðir, skápar, parket, rafl. o.fl. Risið er rúml. fokh að innan. Nýjar 15 fm suðursv. V. 29,9 m. 7098

**Álfhólsvegur - neðri sérhæð.** Í einkasölu mjög velskipul. 4ra herb. neðri sérh í nýl. fráb. velstaðs. tvíb. innst á Álfhólsv. rétt við grunnsk. og aðra góða þjónustu. Sérinng. 3 herb. Sérverönd til suðurs. Góðar innrétt. V. 23,5 m. 7079

**Súluhöfði - Mos.** 295 efri hæð ásamt 40 fm jeppabílsk. á fráb. stað innst í botnl. Glæsil. útsýni. Frág. garður og stéttar. 5-6 svefnherb. Mahogný hurðar og gluggar. V. 45 m. 7049

**Digranesheiði - Kópav. Falleg sérh. á útsýnisst.** Í einkasölu mjög góð og velskipul. 4ra herb. 85 fm miðh. í góðu þríb. Hús nýl. viðgert+máláð og nýl. á þaki. Sérinng. (beint inn), 3 svefnherb., parket, og fl. Áhv: ca 14,5 m. langt. sparisj.lán. V. 19,8 m. Bein sala eða skipti á sérb. í Kópav. 30-40 m. 7024

**Melabraut -laus strax - gott verð aðeins 25,9 m** Mjög góð efri hæð og ris í fallegu fjórb. á ról. og góðum stað á Seltjarnarn. 3 herb. og stofa. Endurn. glæsil. baðherb.Endurn. þak, nýl. forhitari. Mjög rúmg. eign. V. 25,9 m. til afh. við kaupsamn. 7080

## 4ra-6 herb. íb.

**Breiðavík - laus strax.** Mjög góð velskipulögð 4ra herb. 100 fm íb. á jarðhæð í fallegu fjölbýli. Sérinngangur. Sérverönd. Parket, góðar innréttingar. Hér er hægt að flytja inn við kaupsamn. V. 23,9 m. 7156



**Hraunbær - falleg búð** Í einkasölu falleg og rúmgóð íbúð á 2. h. 3 svefnherb. á sérg., stór stofa með suðursv. Parket. Fráb. skipulag, hús klætt utan sunnanmegin. V. 18,8 m. 7117



**Gvendargeisli m/stæði í bílskýli** Glæsil. íbúð á 3.h. ásamt stæði í bílsk. Sér inng. af svölum. Parket. Glæsil. innrétt. mikið skápapláss. Stórar svalir. Fallegt útsýni. V. 24,6 m. 7088



**Þorláksgeisli - m. bílskúr - mjög gott verð.** Í einkasölu glæsil. fullb. íb. á 2. h. (jarðh. að ofanv) í flottu litlu fjölb. á mjög góðum stað. Sérinng. af svalag. Maghony innrétt. Parket, sérþvottah, Mjög góður 27,7 fm bílsk. m. góðri geymslu. V. 29,9 m. Áhvílandi lán við Landsbanka á góðum vöxtum getur fylgt allt að 16 m. 6815

**Núpalind. 6.hæð í lyftuh.** Glæsileg fullbúin 4ra herb. 114,0 fm íb. á 6.hæð í álklæddu lyftuhúsi á fráb. stað í Lindarhverfi í Kópavogi. Parket, flísar. Góðar svalir. V. 27,5 millj. 7171

**Efstaland - falleg íbúð** Í einkasölu falleg íbúð á 2 hæð í vönduðu húsi á eftirsóttum stað. Nýtt vandað baðherb. Kirsuberjaparket. Stórar suðursvalir. Frábær staðsetning. V. 19,3 m. 7157

**Sæviðarsund - fráb. staðs.** Í einkasölu góð vel skipul. ca 95 efri h. í mjög velstaðs. fjórb. Stórar suðursv. Parket og flísar á gólfum. V. 22,3 m. 6977

**Skúlagata 40 m. bílsk. f. 50 ára og eldri.** Í einkasölu falleg 99,5 fm íbúð á 7. hæð m. glæsil. útsýni til suðurs ásamt stæði í góðu bílskýli/bílskúr og mikilli sameign. Parket. Suðursv. Mjög opin og björt íbúð m. glugga á 3 vegu. Laus fljótl. V.29,9 millj. 6996

**Klapparstígur -með bílskýli.** Mjög góð ca 135 fm útsýnisíb. í mjög vel staðs. lyftuh. Gott stæði í lok. bílsk. Sér verönd í suður. Húsvörður er í húsinu, öll sameign til fyrirm. bæði úti og inni. V. 34,8 m. 6926

**Ifaland Fossv. - m. bílskúr.** Í einkasölu mjög góð ca 100 fm íb. á 2. h. í mjög vel staðs. húsi neðarl. í Fossvogi. Suðursvalir. 27,3 fm bílsk. m. góðri lofth. 7072

**Jörfabakki. með aukaherb. í kj.** í einkasölu góð velskipul. ca 115 fm 4ra til 5 herb. endaíb. á 3.h.(efstu hæð) í góðu fjölb.Sérþvottahús. V. 19,9 m. 7068

**Hlíðarhjalli - m. bílskúr** Rúmgóð og falleg íb. á 3. h. m. 29 fm bílsk. Glæsil. útsýni. Stór stofa og góð 3 svefnherb. Parket. Sérþvottahús. Fullb. innb. bílsk. m. öllu. V. 27,9 m. Laus strax. 6914

**Grýtubakki - mikið endurn.** Í einkasölu mikið endurn. ca 105 fm íb. á 3.h. í mjög velstaðs. húsi, suðursvalir, parket og flísar. Allt nýtt á baði. V.18,5m. 3283

## 3ja herb. íbúðir.



**Engihjalli - glæsilegt útsýni.** Í einkasölu mjög góð velskipulögð 85 fm íbúð á 4 hæð í góðu lyftuhúsi. Íbúðin er með fallegu útsýni og stórum suðvestursvölum. Parket. Þvottahús á hæð. V. 16,2 m. 7154



**Berjarimi - bílskýli - mjög gott verð.** Í einkasölu falleg og einstakl.velskipul. 3ja herb. íb. á jarðh. ásamt bílskýli. Vand. innréttingar. Flísal. baðherb. Parket. Stór sérverönd. Sérinng. Laus í des.06. Gott verð 20,3 m. 7155



**Lyngmóar - bílskúr** Glæsil. 89 fm íb. á 3. h. ásamt bílsk. í glæsil. fjölbýli á besta stað í Garðabæ. Nýl. baðherb. Hús klætt að utan. Yfirb. svalir. Stutt í skóla og þjónustu. V. 20,9 m. 7118



**Tröllaborgir - með bílskúr.** Í einkasölu mjög góð íbúð á 2. hæð í vel staðs. húsi. Góður innb. bílsk. Parket og flísar á gólfum. Snyrtil. sameign. V. 21,7m. 7081



**Dynsalir - Kópav. Glæsileg íb. m. sérinng.** Nýl. glæsil. 111 fm íb. á 3.h. í litlu fjölb. rétt við nýju sundl, skóla og þjón. Sérinng., vand. kirsuberjainnr., parket, stórar suðvestur svalir, þvottaherb.+ geymsla í íb. Getur losnað fljótlega. V. 25,8 m. 3962

**Kríuhólar -klædd blokk að mestu.** Í einkasölu ca 80 fm íb. á 6. h. í mjög góðri klæddri blokk. Glæsil. útsýni. Velskipul. íbúð. Stutt í skóla,leikskóla og Hólagarð. V. 15,9 m. 7100

**Tröllaborgir - m. bílskýli** Í einkasölu mjög góð efri hæð í þessu fallega húsi. Fráb. staðs. í ról. botnlanga. Stórar svalir. Parket. 2 svefnherb. og góð stofa. Sérþvottahús í íbúð. Einstaklega gott útsýni. V.18,9 m. 6973

**Ný íbúð í Gvendargeisla m. bílskýli.** Í einkasölu glæsil 3ja herb. 121,3 fm sérhæð/íbúð á jarðh. í fallegu nýju fjölb. ásamt stæði í bílag. Vand. eikarinnr. Íb. er til afh. strax fullb. án gólfefna. Lyklar á Valhöll 6946

**Eskihlíð - góð 3ja + aukaherb. Laus fljótl.** Í einkasölu rúmg. 3ja herb. íb. á 3.h. ásamt aukaherb. í risi m. símat. og aðg. að wc., alls 104 fm. Hús nýstands. að utan ,nýtt þak. Ágætt eldhús og bað, tvö mjög stór herb. og rúmg. stofa m. vestursv., fallegt útsýni. Áhv. ca 12 m. íb.lánasj. V. 18,9 m. Laus. 6813

**Dalsel - bílskýli.** Mjög glæsil. 95 fm á 3.h. m/stæði í lok. bílsk. Hús klætt að utan á 3 hliðar. Glæsil. útsýni yfir borgina. Nýl. eldhús. Stór stofa Stutt í skóla. Barnvænt umhverfi, góð leiktæki. Gott verð 17,5 m. 7090

**Heiðargerði- Vatnsleysuströnd.** Í einkasölu ca 80 fm 3ja herb. íb. á efstu hæð í klæddri blokk að Vogum Vatnsleysuströnd. Sérinng. af svölum. Vandað parket og flísar á gólfum. Glæsil. útsýni, stórar svalir. V. 15,6 m. 7033

**Æsufell - falleg íbúð -laus -nýl. klætt hús.** Mjög falleg 93 fm íb. á 7. h. í lyftuh. Húsið er nýl. klætt að utan með nýjum gluggum. Allar framkv. greiddar af selj. Nýl. parket, gott eldhús. Falleg íbúð m. glæsil. útsýni. V. aðeins 15,9 m. 7015

**Austurberg - bílskúr** Falleg 81 fm íbúð á 2 hæð ásamt bílskúr. Nýtt fallegt eldhús. Parket. Stórar suðursvalir. Frábær eign. V. 18,0 m. 6970

**Krummahólar - klætt hús.** Góð 91 fm íbúð á 2. h. í góðu fjölb. sem hefur verið klætt að utan. 2 góð herb. Yfirb. svalir. Nýtt eldh. Stutt í skóla og alla þjónustu. Bílskúrsplata. V. 16,8 m. 4652

**Gvendargeisli- stórglæsil. íbúð.** Stórglæsil. 130 fm íb. á 2.h. m. sérinng. Stæði í bílskýli. Allt sér. Parket. Gott og vel innr. þvottah. Glæsil. eldh. og baðherb. Stórar suðursv. Stutt í skóla og alla þjónustu. Eign í algjörum sérfl. V. 28,9 m. 6932

**Kaplaskjólsvegur - laus strax fráb. staðsetn.** Gullfalleg 80 fm íb. á 1. hæð í nýl. viðgerðu fjölbýli. Parket. Góð stofa. Frábær staðsetning. V. 18,8 m. 6897

**Möðrufell - 2-3ja herb. íb. talsv.endurn.** Í einkasölu falleg talsv. endurn. 2-3ja herb. (er með 2 svefnherb) í góðu húsi á fínum stað efst í Breiðholti. Nýl. gólfefni, flísal. baðherb. V.12,1 m 6850

**Þórðarsveigur - lyftuhús.** Stórglæsileg 3ja herb. endaíbúð á 3 hæð í nýju glæsil. lyftuhúsi. Sérþvottahús. Stæði í bílskýli. Tvö svefnherb. Suðursvalir. V. 21,9 m 6823

**Álfkonuhvarf. - Sérinng.** Vönduð ca 100 fm íbúð með sérinng. af svölum. Suðursv., þvottahús í íbúð. Vandað parket á flestum gólfum. Gott stæði í lok. bílsk. fylgir íbúð. V. 24,9 4584

**Sólvallagata - laus strax.** Í einkasölu endurn. 3ja herb. íbúð í kj. m. sérinng. í velstaðs. húsi. Íbúð er nýl. innrétt. m. vönd. innrétt. og parketi og flísum á gólfum. V. 15,9 m 3956

## 2ja herb.íbúðir.



**Klapparstígur.m bílskýli** Í einkasölu glæsil. 71,2 fm íb. í mjög góðu lyftuhúsi. Parket og flísar á gólfum. Suður svalir. V. 23,9 m. 6989



**Brattakinn -Hafnarfirði** Í einkasölu góð lítil ca 40 fm íbúð á jarðhæð í mjög vel staðsettu tvíbýli. Sér inngangur,góður garður. V.9,8 m. 6987



**Álfaskeið - 2ja á hæð ásamt bílskúr.** Í einkasölu falleg mjög velskipul. 57,3 fm íb. á 3. h. í fallegu velstaðs. fjölb. ásamt 23,7 fm bílsk. Góðar innrétt. Rúmg stofa og herb. Parket og flísar. Mikið skápapl. V. 15,8 m. 6948

**Torfufell - laus strax. gott verð.** Í einkasölu mjög góð íbúð á 2. h. í góðu velstaðs. fjölb. Stutt í góða þjónustu. Nýl. innrétt. í eldhúsi og nýl. parket á gólfum. V. 11,9 m. Áhv. hagst lán ca 9,7 m. 7077

**Garðhús - stór 2ja** Í einkasölu mjög góð 75,4 fm íb. á jarðh. m. sérverönd í suðvestur. Flísar á flestum gólfum. Vel skipul. íb. Snyrtil. sameign bæði úti og inni. V. 15,9 m. 6961

**Skipholt - 2ja herb.** Snyrtileg 46 fm íb..í kj. á fráb. stað. Nýl. eldhús og plastparket. V. 12,9 m. 6875

**Álfhólsvegur - laus.** Falleg nýstandsett 72 fm íb. á 1. h. m. sérinng. í steinkl. húsi. Sérinng. Nýl. glæsil. eldhús, baðherb, gólfefni lagnir og fl. 50 fm glæsil. sólpallur sem er afgirtur. Laus strax. V. 15,5 m. 7021



# TOPP5: SEAN CONNERY

Sir Sean Connery er sjálfsagt þekktastur fyrir hlutverk sitt í kvikmyndum um njósnarann James Bond, þótt hann hafi komið víða við á löngum og farsælum ferli. Connery vann margvísleg störf áður en hann sneri sér að leiklistinni, fægði meðal annars líkkistur, vann sem mjólkurpóstur og síðast en ekki síst fyrirsæta sem átti þátt í að ryðja fyrir hann brautina inn í kvikmyndirnar. Hann var þó lengi að vinna sig upp í áliti og átti erfitt með að fóta sig í kvikmyndaheiminum eftir áralanga velgengni sem njósnari hennar hátignar. Um miðjan níunda áratuginn hlaut Connery hins vegar uppreisn æru með leik í myndum á borð við The Name of the Rose (1986), Highlander (1986) og The Untouchables (1987), en fyrir hana hlaut hann Óskarsverðlaun fyrir aukahlutverk karla.

**1. The Untouchables (1987).** Lítil sveit innan alríkislögreglunnar einsetur sér að ráða niðurlögum glæpaforingjans Al Capone. Connery er feikisterkur í hlutverki hins heiðvirða Jim Malones. Hreimur hans í myndinni var reyndar seinna valinn sá versti í kvikmyndasögunni af tímaritinu Empire.

**2. From Russia With Love (1963).** Í annarri myndinni um 007 þarf Bond að kljást við rússnesku leyniþjónustuna. Margt af því sem er kynnt í myndinni, eins og sérstök saga áður en sjálf aðalsagan hefst, átti eftir að liggja til grundvallar seinni myndum. Af mörgum talin sú besta í seríunni og Connery eitilharður sem Bond.

**3. The Hunt for Red October (1990).** Rússneskur kafbátur stefnir inn í bandaríska lögsögu og setur samband heimsveldanna í hættu. Fyrsta myndin af fjórum um leyniþjónustumanninn Jack Ryan er sú besta og Connery kemur sterkur inn sem sovéskur skipstjóri þrátt fyrir skoska hreiminn og dularfulla hárkollu. Þess má geta að Connery er nánast ætíð með hártopp í kvikmyndum sínum.

**4. The Name of the Rose (1986).** Munkur og aðstoðarmaður hans eru fengnir til að rannsaka dularfull dauðsföll í einangruðu klaustri. Sumum þykir þessi aðlögun á samnefndri skáldsögu Umbertos Eco hafa elst illa, en hún þótti stórgóð á sínum tíma og hvað svo sem hverjum þykir stendur Connery sig vel.

**5. Highlander (1986).** Ódauðlegur maður og erkifjandi hans keppast um að verða dauðlegir. Sé horft framhjá fjarstæðukenndum söguþræði, frönskum hreim Christophers Lambert í hlutverki Skota og aftur skoskum hreim Connerys sem Spánverja er myndin hin besta skemmtun. Hún gat hins vegar af sér afleitar framhaldsmyndir.

## VISSIR ÞÚ...

að söngvarinn Sir Elton John heitir réttu nafni Reginald Kenneth Dwight?

að hann fæddist 25. mars 1947 í Pinner á Englandi?

að hann var að mestu alinn upp af móður sinni og kvenkyns ættingjum?

að hann hóf að spila á píanó fjögurra ára gamall?

að hann hlaut skólastyrk í virtan tónlistarskóla ellefu ára gamall?

að fyrsta hljómsveit Dwights hét Bluesology?

að árið 1967 breytti hann nafni sínu í Elton John?

að það sama ár hófst samstarf hans við textahöfundinn Bernie Taupin?

að hann hefur selt yfir 250 milljónir hljómplatna og diska?

að yfir fimmtíu lög hans hafa komist á topp-40 listann?

að þetta gerir hann einn af farsælustu tónlistarmönnum allra tíma?

að hann var mjög áberandi og hafði mikil áhrif á heim rokktónlistar á áttunda áratugnum?

að Elton John var kvæntur en lét hafa eftir sér í Rolling Stones árið 1976 að hann væri tvíkynhneigður?

að hann hefur dregið þá staðhæfingu til baka og lítur nú á sig sem samkynhneigðan?

að árið 1997 var ár mikilla andstæðna hjá Elton?

að það ár hélt hann upp á fimmtíu ára afmæli sitt með pompi og prakt en síðar sama ár missti hann tvo góða vini?

að það voru Gianni Versace og Díana prinsessa?

að í kjölfar láts Díönu gaf Elton út lagið Candle in the wind með nýjum texta?

að lagið rokseldist?

að Elton hefur í gegnum árin átt í miklum vandræðum með að takast á við frægðina?

að hann hefur átt við fíkniefnavanda að stríða svo og þunglyndi og búlimíu?

að hann hefur verið stutt baráttu gegn alnæmi í fjöldamörg ár?

að hann var sleginn til riddara árið 1998?

Upplýsingar, viðburðir, afþreying og fréttir

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG






**Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?**

Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.444 **+0,41%** **Fjöldi viðskipta:** 413 **Velta:** 6.618 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Icelandic Gr.** | +1,26% | **Avion** | -1,62% |
| **Landsb.** | +1,12% | **Alfesca** | -1,39% |
| **Atlantic Petroleum** | +1,05 | **Atorka** | -0,61% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 69,70 +1,02% ... Alfesca 4,97 -1,39% ... Atlantic Petroleum 580,00 +1,05% ... Atorka 6,50 -0,61% ... Avion 30,30 -1,62% ... Bakkavör 58,40 -0,17% ... Dagsbrún 5,08 +0,00% ... FL Group 22,90 +0,44% ... Glitnir 20,90 +0,97% ... Kaupþing 884,00 -0,34% ... Landsbankinn 27,00 +1,12% ... Marel 80,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,20 +0,59% ... Straumur-Burðarás 17,00 +0,00% ... Össur 124,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Hagrætt hjá Airbus

Evrópska samstæðan EADS, móðurfélag evrópska flugvélaframleiðandans Airbus, er sögð ætla að segja upp allt að 10.000 manns sem starfa hjá Airbus og loka verksmiðjum í hagræðingarskyni á næstu fjórum árum.

Hvorki liggur fyrir hvar starfsmönnum verður sagt upp né hvaða verksmiðjum, sem eru 16 talsins í Evrópu, verður lokað.

Ákvarðanirnar eru liður í endurskipulagningu á rekstri Airbus í kjölfar forstjóraskipta hjá félaginu í fyrradag en þá sagði Christian Streiff, forstjóri félagsins, upp starfi sínu eftir að sló í brýnu á milli hans og stjórnar EADS. Louis Gallois, aðstoðarforstjóri EADS, hefur tekið við starfi hans. **- jab**



**FORSTJÓRI AIRBUS** Stjórn EADS, móðurfélags Airbus, er sagt horfa til mikillar endurskipulagningar í rekstri félagsins eftir að Louis Gallois, nýráðinn forstjóri Airbus, tók til starfa í fyrradag.
FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Frumkvöðull látinn

Bandaríski verkfræðingurinn og frumkvöðullinn Ray Noorda lést á heimili sínu í Salt Lake City í Utah í Bandaríkjunum á mánudag, 82 ára að aldri.

Noorda stofnaði hugbúnaðarfyrirtækið Novell árið 1983 og er helst minnst fyrir ritvinnsluforritið WordPerfect, sem Novell setti á markað á níunda áratug síðustu aldar en laut í lægra haldi í samkeppninni við ritvinnsluforritið Word frá Microsoft.

Þótt Bill Gates hafi kallað Noorda hinn „fúllynda afa tölvuheimsins“ var hann mjög í hávegum hafður innan tölvugeirans. **- jab**



**RAY NOORDA**










**SVANHILDUR HÓLM VALSDÓTTIR ER 32 ÁRA**



*„Íslenskar konur eru mjög sjálfstæðar, þær bíða ekki eftir að þeim sé boðið út heldur taka þær sjálfar upp tólið.“*

***Sjónvarpskonan vaska veit hvað hún syngur þegar kemur að sjálfstæðum konum.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 11. OKTÓBER 1975

## Bill og Hillary láta pússa sig saman

Á þessum degi árið 1975 gengu William Jefferson Clinton og Hillary Rodham í hjónaband í Little Rock í Arkansas. Þau kynntust árið 1972 þegar þau lögðu bæði stund á laganám við Yale-háskóla en það sama ár unnu þau bæði að forsetaframboði George McGovern.

Hjónakornin settust að í Little Rock þar sem Bill sökkti sér í pólitíkina og starfaði sem lögfræðingur þar til hann ákvað að bjóða sig fram í ríkisstjórakosningunum árið 1978. Hann vann kosningarnar og varð þar með yngsti maðurinn til að gegna embætti ríkisstjóra í Bandaríkjunum. Clinton hélt síðan sigurgöngunni áfram og lagði George Bush eldri í forsetakosningum árið 1992. Þá var Clinton 46 ára og varð yngsti maðurinn til að setjast í húsbóndastólinn í Hvíta húsinu frá því John Kennedy tók við embættinu 43 ára gamall.



BILL OG HILLARY CLINTON

Hillary sat ekki auðum höndum á meðan bóndinn brölti til áhrifa en sjálf orðaði hún það svo að hún ætlaði sér ekki að „hanga heima og baka kökur“. Hillary lét því óspart til sín taka á opinberum vettvangi og lét sig heilbrigðismál sérstaklega varða. Clinton hafði ekki gegnt forsetaembættinu lengi þegar sú kenning kom upp að Hillary héldi í raun um stjórnartaumana í Hvíta húsinu og uppnefnin Hill og Billary skutu upp kollinum. Hjónabandið steytti á skeri þegar upp komst um samband Clintons og lærlingsins Monicu Lewinsky en forsetahjónin stóðu það fárviðri af sér og búa nú í New York en Hillary er þingmaður þess ríkis.

### MERKISATBURÐIR

**1886** Thomas Edison sækir um einkaleyfi fyrir fyrstu uppfinningunni sinni, aðeins 19 ára gamall, en hann hafði hannað atkvæðatalningavél.

**1984** Kathryn D. Sullivan verður fyrsta konan sem fer í geimgöngu en hún var í leiðangri með geimskutlunni Challenger þegar hún brá sér út fyrir.

**1986** Leiðtogafundur þeirra Ronalds Reagans, forseta Bandaríkjanna, og Mikhails Gorbatsjov, leiðtoga Sovétríkjanna.

**1994** Írakskir hermenn hverfa frá landamærum Kúvæt.

---

ÁGÚST BORGÞÓR SVERRISSON: Á TÍMAMÓTABÓKMENNTAHÁTÍÐ Í MANCHESTER

# Sögur af evrópskum borgum

Ágúst Borgþór Sverrisson rithöfundur stendur á sannkölluðum tímamótum. Senn kemur saga eftir hann út á Englandi í fyrsta sinn, í fyrstu bók sinnar tegundar. Í tilefni af útgáfu bókarinnar er honum enn fremur boðið að taka þátt í bókmenntahátíð í fyrsta skipti en svo vill til að það er á fyrstu alþjóðlegu bókmenntahátíðinni sem haldin er í Manchester.

„Breska forlagið Comma Press hafði samband við fólk hér á landi og spurðist fyrir um smásagnahöfunda sem skrifuðu um Reykjavík,“ segir Ágúst Borgþór um upphafið að ævintýrinu. „Erindið var að setja saman bók með tíu evrópskum smásögum sem voru taldar lýsa viðkomandi borg á sérstakan hátt. Ekki þeirri hlið sem túristar eru vanir að sjá, heldur var hugmyndin að sagan fangaði einhvern anda borgarinnar. Markmiðið með þessu var að búa til í bókinni eina nafnlausa stórborg eða eitthvað í þá áttina með tíu ólíkum sögum.“

Forlagið komst á snoðir um verk Ágústar Borgþórs og valdi smásögu hans Fyrsti dagur fjórðu viku í bókina. Sú saga kom út í smásagnasafninu Tvisvar á ævinni árið 2004. „Hún er um mann sem hefur verið sagt upp eftir að hafa verið lengi í góðu starfi. Sagan gerist á fyrsta degi fjórðu viku atvinnuleysisins og segir frá því hvernig hann lítur borgina allt öðrum augum eftir að hann missti vinnuna. Hann hafði ekki tekið strætó frá því vagnarnir voru grænir á litinn og fullir af fólki og hafði aldrei áður velt fólkinu á Hlemmi fyrir sér.“

Bókin ber nafnið Decapolis - Tales from 10 Cities og kemur út 12. nóvember. Hún verður kynnt á Bókmenntahátíðinni í Manchester 21. október og hefur Ágústi verið boðið að koma og lesa upp.

Ágúst er einn ötulasti talsmaður smásöguformsins hér á landi, eins og fjölmargir lesendur bloggsíðu hans - agustborgthor.blogspot.com - hafa komist að raun um. „Á sinum tíma, þegar ég fór að ná tökum á einhverju sem var þess virði að birta, varð ég heltekinn af því að lesa smásögur og þar með skrifa þær,“ segir hann. „Uppáhaldshöfundarnir mínir voru fyrst og fremst smásagnahöfundar og allt sem ég gerði leystist smám saman upp í smásögur.“ Hann grunar þó að nú sé að verða breyting á. „Um þessar mundir er ég að skrifa verk sem ég hugsa að eigi eftir að enda sem skáldsaga. Vonandi kemur hún út næsta haust.“



**ÁGÚST BORGÞÓR SVERRISSON** Breska forlagið Comma Press leitaði tíu smásagna sem lýstu jafnmörgum evrópskum borgum á sérstakan hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**bergsteinn@frettabladid.is**

---



†

**Anna Jakobína Guðjónsdóttir**

fyrrum húsmóðir á Dröngum á Ströndum

**lést að Dvalarheimilinu Höfða 4. október. Jarðarförin verður auglýst síðar. Fyrir hönd aðstandenda**

**Þorbjörg Samúelsdóttir** — **Stígur Herlufsen**
**Ágústa G. Samúelsdóttir**
**Sigurvina G. Samúelsdóttir** — **Erlingur Guðmundsson**
**Bjarnveig Samúelsdóttir** — **Magnús Jakobsson**
**Selma J. Samúelsdóttir** — **Ágúst Gíslason**
**Jón Kristinsson** — **Úrsúla E Sonnenfeld**
**Sveinn Kristinsson** — **Borghildur Jósúadóttir**
**Sólveig S. Kristinsdóttir** — **Þórir Þórhallsson**
**Arngrímur Kristinsson** — **Margrét Hannesdóttir**
**Elías S. Kristinsson** — **Ingibj. Guðrún Viggósdóttir**
**Guðmundur Óli Kristinsson** — **Jóhanna Jóhannsdóttir**
**Guðjón S. Kristinsson** — **Jóna Sveinsdóttir**
**Benjamín Kristinsson** — **Lára Jónsdóttir**
**Óskar Kristinsson** — **Fríða Ingimarsdóttir**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi*

**Valdimar Jónsson**

skipstjóri, Vesturgötu 15a Keflavík

verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 13. október kl. 14.00 Blóm og kransar afþakkaðir en þeir sem vildu minnast hans láti Heilbrigðisstofnun Suðurnesja njóta þess.

**Árnína Jónsdóttir**
**börn, tengsasonur og afabörnin.**

---

†

*Þakka frænkum, frændum og vinum*

**Ólafs Eyjólfssonar**

Bólstaðarhlíð 9, Reykjavík,

sem með hlýhug og virðingu heiðruðu minningu hans.

**Sigríður Alexanders.**

---



†

*Bróðir minn og mágur,*

**Páll Ingvi Guðmundsson**

lést fimmtudaginn 28. september. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum auðsýnda samúð.

**Kristjana Margrét Guðmundsdóttir Ástráður Valdimarsson og fjölskylda.**

---


FÉLAG ÍSLENSKRA ÚTFARARSTJÓRA

FJARÐARÁSI 25

STJORN@FIU.IS
WWW.FIU.IS



LEGSTEINAR

**Kynningarafsláttur á völdum tegundum**
- Fjölbreitt úrval
- Stuttur afgreiðslufrestur
- Úrval ljóskera, vasa og skrautfugla

REIN

Viðarhöfða 1 : 110 Reykjavík : Sími 566 7878 : Fax 566 8787
rein@rein.is : **www.rein.is**




**Þegar andlát ber að**
**Alhliða útfararþjónusta í 16 ár**
**Símar: 567 9110 & 893 8638**
**www.utfarir.is • utfarir@utfarir.is**
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990



Fallegir legsteinar á góðu verði

*Englasteinar*

*Helluhrauni 10 Hafnarfirði*
*Sími: 565-2566*
www.englasteinar.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma **550 5000.**

2 Tvöfaldur pottur

# 280 MILLJÓNIR

100 + 180

1. vinningur

Bónus-vinningur 5 milljónir

## MILLJÓNIR Á LAUSU!

Potturinn stefnir í 100 milljónir, Ofurpotturinn stefnir í 180 milljónir og Bónusvinningurinn í 5 milljónir.

Fáðu þér miða fyrir kl. 16 í dag eða taktu séns á að missa af þessu!

VÍKINGA LOTTÓ

Alltaf á miðvikudögum!

ENNEMM / SIA / NM23906




## STUÐ MILLI STRÍÐA: Batnandi engill

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** TEKUR STÖKKBREYTINGUM



Það fylgja því ekki margir kostir að vera syndaselur og gallagripur en sá stærsti og mikilvægasti er að maður getur endalaust barið í brestina og reynt að bæta sig. Það er þó ekki heiglum hent að standa í stöðugri baráttu við sjálfan sig en atið herðir mann óneitanlega og fullkomna fólkinu hlýtur að leiðast ferlega þar sem það þarf aldrei að skoða sinn gang og endurskoða stöðu sína. Tíminn sem það hefur til þess að glápa á sjónvarpið og láta mig og mína líka ganga fram af sér og hneyksla er mikill en að sama skapi illa varið. Daltón bræður komust að því, tímabundið að vísu, í gamalli Lukku Láka bók að batnandi englum er best að lifa og svipaða sögu er að segja af hinum „reglulega vonda“ Láka jarðálfi sem uppgötvaði að það er betra að vera góður en vondur og varð svo góður að hann missti halann og varð normal.

Þessi augljósu sannindi sem ættu að vera hverju mannsbarni morgunljós hafa einhverra hluta farið fyrir ofan garð og neðan hjá mér þangað til ég fór að stunda hreyfingu nýlega. Allt hangir þetta saman og eftir tveggja vikna sprikl hvarf tóbakslöngunin.

Þegar sá óþverri var úr sögunni varð nýtt og gott líf enn betra og þessi þróun er svo spennandi að ég get ekki stillt mig um að skera lestina enn frekar niður. Það eina sem heldur aftur af mér er óttinn við að verða alveg venjulegur eins og Láki. Maður hefur auðvitað skilgreint sig sem andstæðu „góða“ fólksins og lagt sig fram um að breyta rangt til þess eins að líkjast því ekki. Hætti ég að vera ég ef ég missi halann?

Ég ætla að taka sjensinn enda bendir flest til þess að hamingjan sé fólgin í því að vera smáborgari þannig að næsta skref er að blúnduleggja og blómumprýða heimili mitt.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




VERKUÐ MEÐ GAMLA LAGINU!
Einu sinnar tegundar á landinu!
SÉRVERKUÐ SVIÐ
kílóverð nú:
479 KR.
Merkt verð 599KR.
Handverkuð, skoluð og hreinsuð í köldu vatni (ekki burstuð) og sviðin eingöngu með kósangasi (án súrs). Vopnfirsk framleiðsla.
Bónus kjúklingabitar
KJÚKLINGABITAR blandaðir kílóverð nú:
293 KR.
Merkt verð 419KR.
30% afsláttur við kassann
BÓNUS KJÚKLINGUR
Ferskir bitar
bonus.is
SVEITABJÚGUN
-norðlensk og kofareykt
KJARNAFÆÐI
KOFAREYKT SVEITABJÚGU
SVEITABJÚGU
299 KR.
KÍLÓVERÐ
Komdu í Bónus!
Ítalskt buff með sólþurrkuðum tómötum og basil og grísa laukbuff
ÍSLANDS GRÍS
ÍTALSKT BUFF
GRÍSA LAUKBUFF
ÍTALSKT BUFF kílóverð nú:
239 KR.
Merkt verð 398KR.
ÍSL. LAUKBUFF kílóverð nú:
239 KR.
Merkt verð 398KR.
40% afsláttur við kassann
Rúgbrauðskubbur 500g
MYLLAN
RÚGBRAUÐSKUBBUR
RÚGBRAUÐSKUBBUR
98 KR.
500g
SKÚFFUKAKA
198 KR.
400g
Bónus skúffukaka, 400g
LAMBAHJARTASNITSEL
í raspi frá Kjarnafæði
LAMBAHJARTASNITSEL kílóverð nú:
299 KR.
Merkt verð 541KR.
45% afsláttur við kassann
Lambasaltkjöt blandað
EKKERT BRUÐL
Ferskt ungnautahakk
FERSKAR KJÖTVÖRUR
UNGNAUTAHAKK 8-12% FITA
898 KR.
KÍLÓVERÐ
LAMBASALTKJÖT blandað
kílóverð nú:
299 KR.
Merkt verð 499KR.
REYKT MEDISTERPYLSA
frá Kjarnafæði
40% afsláttur við kassann
MEDISTERPYLSA REYKT kílóverð nú:
419 KR.
Merkt verð 699KR.
www.bonus.is
BÓNUS

**Kl. 11.00**
*Í Galleríi húnoghún, Skólavörðustíg 17b, standa yfir tvær sýningar. Manuela Gudrun Rozvitarsdottir sýnir skartgripi úr gulli, silfri og eðalsteinum en Þuríður Helga Jónasdóttir og Sif Ægisdóttir sýna ljósmyndir og silfurgripi. Sýningunum lýkur 15. október.*

menning
menning@frettabladid.is

# Póstberar djassa Megas upp

Djasssveitin Póstberararnir leikur í tónleikaröðinni „Tónar við hafið“ í Þorlákshöfn í kvöld. Sveitin flytur tónlist Megasar í djassútsetningum undir yfirskriftinni „Tóneyra Megasar“ þar sem lögð er áhersla á tónsmíðar hans en ekki texta eins og oft áður. Textunum verða þó einnig gerð skil því þeim verður, ásamt teikningum listamannsins, varpað á tjald á meðan á tónleikunum stendur. Sveitina skipa Andrés Þór Gunnlaugsson gítarleikari, Eyjólfur Þorleifsson sem leikur á tenorsaxófón og Ólafur Stolzenwald sem leikur á kontrabassa. Með þeim spila á tónleikunum Agnar Már Magnússon á orgel og Erik Qvick á trommur.
Aðrir tónleikar í tónleikaröðinni Tónar við hafið verða í Þorlákshöfn miðvikudaginn 11. október. Tónleikarnir verða haldnir í Versölum, Ráðhúsi Ölfuss, og hefjast kl. 20. Nánari upplýsingar um tónleikana og tónleikröðina er að finna á heimasíðunni www.olfus.is


**TÆKLAR TÓNSMÍÐAR MEGASAR** Andrés Þór Gunnlaugsson og félagar hans í djasssveitinni Póstberunum leika Megasarlög.



## > Dustaðu rykið af...

ljóðum pólsku skáldkonunnar **Wislawa Szymborska**. Þegar fólk bíður eftirvæntingarfullt eftir Nóbelsverðlaunaúthlutun ársins er vert að glugga í ljóðabókina **Endir og upphaf** sem út kom hjá **Bjarti** árið 1999, þremur árum eftir að Szymborska hreppti hnossið. **Geirlaugur Magnússon** þýddi.

# Óskirnar rætast

Ólíkindatólin Skoppa og Skrýtla eru góðkunningjar yngstu kynslóðarinnar en nýverið var frumsýnd óvenjuleg barnasýning um þær skottur í Þjóðleikhúsinu. Þessar furðuverur úr Ævintýralandi syngja og dansa af hjartans list en eiga að líka til að láta óskir barna rætast enda leitast þær við að vera glaðar, góðar, guðdómlegar og auðvitað yfirmáta hjálpsamar.
Sýning þeirra tekur aðeins 40 mínútur í flutningi og er ætluð áhugasömum leikhúsgestum frá níu mánaða aldri. Í henni er farið í gegnum mörg viðfangsefni barna á leikskólaaldri eins og liti, tölustafi, rím og ýmsar þrautir auk þess sem gestir fá fræðslu um leikhúsið.
Höfundar og leikarar í sýningunni eru leikkonurnar Linda Ásgeirsdóttir og Hrefna Hallgrímsdóttir en leikstjóri er Þórhallur Sigurðsson. Katrín Þorvaldsdóttir gerði leikmynd og búninga en Hallur Ingólfsson samdi tónlist. Lýsingu annaðist Ásmundur Karlsson og myndbrot í sýningu gerði Davíð Guðjónsson.


**HINAR ÓBORGANLEGU ÆVINTÝRAVERUR** Skoppa og Skrýtla skemmta og fræða börnin. MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

# Norræn list til sölu

Alþjóðlega uppboðshúsið Christie´s birtir nú á vef sínum uppboðsskrá fyrir norræna listmuni sem haldið verður í húsakynnum þess í King Street hinn 31. október. Alls verða 133 uppboðsgripir slegnir hæstbjóðendum en nokkuð er liðið síðan Christie´s hefur staðið fyrir uppboði helguðu norrænum gripum.
Úrvalið er afar fjölbreytt: húsgögn frá blómatíma danskrar húsgagnagerðar, finnskt gler, sænskur vefnaður. Uppboðsgripirnir koma víða að en eru flestir úr eigu einstaklinga á Bretlandseyjum en líka frá Skandinavíu.
Það þykir nokkur heiður að efnt skuli til uppboðs af þessu tagi á vegum Christie´s. Uppboðsmarkaðir hafa tilhneiginu til að vera staðbundnir, fáum listamönnum tekst að ná þeim stalli að verk þeirra þyki eftirsóknarverð á alþjóðlegum listaverkamarkaði: Íslendingar sem eiga verk á uppboðinu eru fjórir: eftir Ólaf Elíasson er þrjú stök ljósmyndaverk og stóra myndröðin hans Glacier frá 1999, 42 myndir í samstæðu og er verðmat á þeim grip 120 til 180 þúsund pund eða milli fimmtán og tuttugu og þrjár miljónir. Jóhannes Kjarval á olíumálverk sem málað er á síðari hluta fjórða áratugsins og er það metið á 35 til 45 þúsund pund eða rúmlega fjórar til fimm miljónir og sjö hundruð þúsund. Louisa Matthíasdóttir á verk á uppboðinu og er metin á 20 til 30 þúsund pund, en vinkona hennar Nína Tryggvadóttir er metin á 18 til 25 þúsund pund. Hennar málverk er frá 1959.
Aðrir norrænir listamenn á uppboðinu eru misjafnlega verðlagðir: þarna er að finna gott úrval aldamótamálara og þeir eru býsna hátt metnir enda verkin flest vönduð.
Athygli vekur hversu lítið er af dönskum módernistum, en þeir eru alla jafna fyrirferðarmiklir á uppboðum sem þessum, einkum þeir sem tilheyrðu COBRA-hópnum. Hér verður þó selt stórt verk eftir Asger Jorn, félaga þeirra Halldórs Laxness og Svavars Guðnasonar. Það er málað 1945 þegar þeir Svavar voru samtíða í Kaupmannahöfn og er eitt verka úr syrpu sem Jorn kallaði Didaska og er upphaflega úr eigu Elnu Fonnesbech-Sanberg sem var bakhjarl málarans á þeim tíma. Verkið hefur síðan verið í eigu tveggja og var síðast selt á uppboði 1989. Nú er það metið býsna rúmt, milli 200 til 300 þúsund pund, eða milli 26 og 38 miljónir. Það er málað rétt fyrir stofnun COBRA og þykir því hafa sérstaka þýðingu á ferli Jorn.
Utan þessara verka gefur uppboðið góða mynd af formskynjun og verklagi norrænna listamanna á löngu tímabili. Þar kallast á Carl Larson hinn sænski og Ólafur Elíasson og verður fróðlegt fyrir eigendur gripa eftir þessa listamenn að sjá hvernig uppboðið þróast. Vefsíðan fyrir uppboðið er http://www.christies.com/LotFinder/search/lotsummary.asp?intSaleID=20300. - pbb


**KUNNUGLEGUR VASI EFTIR ALTO** Vasinn er hannaður 1936 en blásinn og klipptur 1937. Verð er áætlað milli 15 til 20 þúsund pund eða um tvær til tvær og hálf miljón. MYND/CHRISTIE´S

# List hins óafturkræfa

**Íslenski dansflokkurinn frumsýnir verk á morgun í samstarfi við Norræna músíkdaga sem nú standa yfir í Reykjavík. Ólöf Ingólfsdóttir danshöfundur ræðir um möguleika mannsraddarinnar og þá óumflýjanlegu þörf mannsins að halda alltaf áfram.**


**TVÖ NÝ VERK Á FJÖLUNUM HJÁ ÍSLENSKA DANSFLOKKINUM** Dansverk eftir Ólöfu Ingólfsdóttur og dúóið Vaðal verða frumsýnd í Borgarleikhúsinu á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Verkið „Við erum komin“ gerir Ólöf í samstarfi við tvö tónskáld, Áskel Másson og raddlistamanninum Maju Ratkje auk þess sem dansarar Íslenska dansflokkssins hafa lagt sitt af mörkum í þróun þess. „Frumkvæðið að samstarfinu er komin frá Íslenska dansflokknum og Norrænum músíkdöum sem stefndu okkur saman. Þetta er búin að vera náin samvinna hópsins, við hittumst í vor og svo hefur verkið að miklu leyti orðið til í samstarfi við dansarana, sem hafa verið mjög virkir í ferlinu. Tónskáldin hafa síðan unnið sínar smíðar út frá æfingaferlinu - séð hvert verkið er að stefna og mátað sínar hugmyndir við dansinn.“
Ólöf hefur oft starfað náið með tónskáldum áður en segir það nýbreytni að vinna með tveimur ólíkum skáldum. „Það var líka mjög gaman að vinna með hópnum enda er hann sérstaklega frjór.“
Tíu dansarar taka þátt í sýningunni auk Maju sem fremur sína list á staðnum auk kontrabassaleikarans Borgars Magnasonar. Slagverkstónlist Áskels Mássonar og óvenjulegur raddflutningur Maju skapa undarlegan hljóðheim sýningarinnar. „Hún notar söngröddina eins og rytmahljóðfæri og tekur upp hljóð jafnóðum og vinnur þau á sviðinu eins og raftónlist, samplar og býr til lög. Hún notar röddina eins og alls konar hljóð því þetta er ekki beinlínis ómfögur balletttónlist,“ útskýrir Ólöf.
Ólöf útskýrir að upprunalega hugmyndin hafi leitað á sig sem mynd af fólki á sífelldum þönum. „Ég sá fyrir mér fólk á ferðinni en það fer samt alltaf í sömu átt - einskonar sístreymi af fólki.“ Hugmyndin hverfist síðan um hið óafturkallanlega og eilífa framrás lífsins. „Það er engin leið til baka, frá því augnabliki að maðurinn fæðist er eini valkosturinn að halda áfram. Það er ekki hægt að snúa við því fæðing er óafturkræfur verknaður. Þetta má yfirfæra á allt sem við gerum því það er aldrei hægt að gera annað en halda áfram og af því leyti mætti segja að verkið fjallaði um sjálft lífshlaupið.“
Íslenski dansflokkurinn sýnir einnig nýtt verk eftir dansarana og danshöfundana Aðalheiði Halldórsdóttur og Valgerði Rúnarsdóttur annað kvöld en saman kalla þær sig Vaðal. Verkið er afrakstur vinnur þeirra í Danssmiðju Íd síðastliðið vor og ber heitið „Hver um sig“. Tónlistin í verkinu er frumsamin af Valdimar og Jóhanni Jóhannssyni auk þess sem harðkjarnarokkararnir í ísfirsku hljómsveitinni Nine Elevens leggja sitt af mörkum.
Íslenski dansflokkurinn sýnir í Borgarleikhúsinu en aðeins sex sýningar verða á verkunum tveimur. kristrun@frettabladid.is

# Ævisaga með vængi í kilinum

Í gær var dreift til fjölmiðla væntanlegri ævisögu Matthíasar Jochumssonar, Upp á Sigurhæðir, sem Þórunn Valdimarsdóttir, skáldkona og sagnfræðingur, hefur unnið að um nokkurra ára skeið. Verður verkinu dreift í verslanir hinn 19. október.
Upp á Sigurhæðir er stór bók, 672 síður að stærð með heimildaskrám og nafnaskrám. Hún er ríkulega myndskreytt og hafa margar myndanna ekki birst áður, og sumar þeirra hafa ekki komið fyrir almenningssjónir um áratuga skeið. Er þetta fyrsta verkið sem rekur á ítarlegan hátt ævi skáldjöfursins, ef frá eru taldir Sögukaflar af sjálfum mér sem Matthías tók saman sjálfur á efri árum. Þórunn hóf verkið fyrir sex árum og var fyrirhugað að bókin kæmi út á liðnu hausti en ástæða þótti til að dvelja frekar við útgáfuna.
Matthías átti ævintýraríkan og fjölskrúðugan feril, enda var hann engin smásmíð, afkastamikill með eindæmum sem skáld og bréfritari og skildi eftir sig gríðarlegt safn þýðinga, greina, ljóðmæla og bréfa. Nútímamönnum kann að þykja skáldið sem orti þjóðsönginn vera full hátíðlegur maður, en Matthías var líka skáldið sem setti saman leikinn um Skugga-Svein og örlög hans, eitt vinsælasta leikrit síðustu aldar. Þá var hann gáskafullur maður með meyra lund og á tíðum barnslega sál.


**ÞÓRUNN VALDIMARSDÓTTIR** Hefði getað skrifað þrisvar sinnum stærra verk.

Þórunn var við steikingar þegar Fréttablaðið truflaði hana: „Ég er búin að vera fimm ár að þessu og skammast mín eiginlega fyrir að segja frá því. Það var óvinnandi vegur að skrifa þessa bók án þess að fá til þess góðan tíma og styrki til framfærslu. Verð ég ævinlega þakklát Kristnihátíðarsjóði og öðrum sjóðum fyrir styrki til verksins. Það er svo mikið til af heimildum. Hinir strákarnir eru fljótari að þessu. Þeir hafa annað vinnulag en ég. Ég veit að þetta er stór bók, en ég hefði getað skrifað þrisvar sinnum stærra verk um Matthías. Þetta var svo stór maður. En bókin er prentuð á náttúruvænan pappír og sem er mjúkur viðkomu og hún er ekki eins þung og bók Halldórs um Laxness. Það eru vængir í kilinum.“
Aðspurð hvort henni væri ekki létt núna þegar hún getur handfjatlað bókina sjálfa, segir hún snöggt: „Nei, mér er ekki létt. Þetta var svo gaman. En það er gaman að sjá þetta á bók.“
Matthías Jochumsson lifði það að vera þjóðskáld en lengi framan af ferli hans bjó hann við lök kjör. Frá honum er kominn mikill ættbogi og hann var í tengslum við ótölulegan fjölda manna á sinni tíð. Má því vænta að í ævisögu hans kenni ýmissa grasa og verkið sæti tíðindum í íslenskri menningarsögu. Upp á Sigurhæðir - sögu Matthíasar Jochumssonar verður dreift í verslanir hinn 19. október. - pbb



**ORGELTÓNAR Á MÚSÍKDÖGUM** Nýsmíðar hljóma í kvöld.

# Kantorshugi

Nú standa Norrænir músíkdagar sem hæst í Reykjavík og gefst gestum þeirra kostur á fjölbreyttri tónlist víða um borgina. Í kvöld verða haldnir orgeltónleikar í Hallgrímskirkju þar sem danski orgelleikarinn Christian Præstholm leikur verk eftir Ivar Frounberg Jukka Koskinen auk verks sem ber titilinn „Kantorshugi“ eftir landa sinn Jens Hørsving. Tónleikarnir hefjast kl. 20.

Nánari upplýsingar um dagskrá hátíðarinnar er að finna á heimasíðunni, www.listir.is.



**VERK EFTIR KRISTJÁN DAVÍÐSSON** Yfirlitssýning á verkum frá 1948-2001 stendur yfir í Gallerí Turpentine.

# Sjaldséð verk

Sýning á verkum málarans Kristjáns Davíðssonar stendur nú yfir í Gallerí Turpentine í Ingólfsstræti. Sölusýning þessi stendur aðeins í nokkra daga en um er að ræða verk frá árinu 1948 til 2001 og hafa margar myndanna ekki sést oft áður.

Sýningin verður opin 12-18 fram til föstudagsins 13. október.

# Áhrif tónlistarsmekks

Samkvæmt nýrri rannsókn sem gerð var við Háskólann í Leicester getur tónlistarsmekkur fólks sagt til um ýmislegt. Adrian North, sem er í forsvari fyrir rannsóknina, sagði tónlistarsmekk segja betur til um lífsstíl og gildismat fólks en þjóðfræðilegur bakgrunnur þess.

Samkvæmt rannsókninni stunda hiphop- og teknóaðdáendur mest kynlíf, fara síst með rusl í endurvinnslu og eru ólíklegastir til að vera trúaðir. Tuttugu og fimm prósent þeirra viðurkenndu einnig að hafa brotið lög. Einn fjórði þeirra sem sögðust hlusta á klassíska tónlist reykir hass, en tólf prósent óperuunnenda hafa prófað ofskynjunarsveppi.

Þar segir enn fremur að söngleikjaaðdáendur séu löghlýðnastir allra. - sun



**FORDÆMISGEFANDI?** Rapparinn og dillibossinn Snoop Dogg hefur mögulega mótað óharðnaða hlustendur sína.

MYND/GETTY IMAGES

# Dönsk kvikmyndagerð styrkt enn frekar

Dönsk kvikmyndagerð hefur verið í miklum blóma undanfarin ár og hefur nú danska ríkisstjórnin heitið því að styðja enn frekar við kvikmyndagerð í landinu. Danski menningarmálaráðherrann Brian Mikkelsen upplýsti í gær að Kvikmyndastofnun Danmerkur myndi styrkja gerð 80 til 100 leikinna kvikmynda næstu fjögur árin. Þá sagði hann að ríkisstöðvarnar DR og TV2 myndu leggja sitt af mörkum til danskrar kvikmyndagerðar og þegar hefðu 145 milljónir danskra króna verið eyrnamerktar kvikmyndum, stuttmyndum og heimildarmyndum en það samsvarar rúmum einum og hálfum milljarði íslenskra króna.

Danski menningarmálaráðherrann hrósaði kvikmyndagerðarfólki og sagði mikilvægt að viðhalda grósku kvikmyndaiðnaðarins og stefna jafnvel hærra en undanfarin ár.

Þess má geta að danskar kvikmyndir skipuðu sérstakan sess á nýafstaðinni kvikmyndahátíð í Reykjavík og gerðu gestir hennar góðan róm að verkum frænda okkar. - fgg



**ÚR KVIKMYNDINNI ADAM'S ÆBLER** Kvikmyndin sló í gegn, líkt og svo margar aðrar danskar kvikmyndir, og nú ætlar danska ríkið að styðja enn frekar við þetta stolt landsins.




Brottnámið úr kvennabúrinu
W. A. Mozart
ATH! Aðeins sýnt í október

BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart
25 ára og yngri: 50% afsl.
5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20 - NOKKUR SÆTI LAUS - 6. sýn. sun. 15. okt. kl. 20
7.sýn. fös.20. okt. kl. 20 - 8. sýn. sun. 22. okt. kl. 20 - NOKKUR SÆTI LAUS
9. sýn. fös. 27. okt. kl. 20 - 10. sýn. sun. 29. okt. kl. 20 - ALLRA SÍÐASTA SÝNING
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ kl.19.15
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN






AFGANGAR
Fim. 12. okt. kl. 21.00
Fim. 19. okt. kl. 21.00
HAFIÐ BLÁA
Sun. 15. okt. kl. 13.30 sæti laus
Sun. 22. okt. kl. 13.30 sæti laus
Sun. 5. nóv. kl. 13.30 sæti laus
Miðasala Austurbæjar opinn 13 - 17 alla daga sími : 551 4700



„SKYLDI HÆNA HAFA SÁL?“ MEIN KAMPF

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 15/10 kl. 14 Sun 22/10 kl. 20
Lau 28/10 kl. 14 Sun 29/10 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?
Fös 13/10 kl. 20 Sun 15/10 kl. 20
Fös 20/10 kl. 20 Sun 29/10 kl. 20

FOOTLOOSE
Fim 12/10 kl. 20 Lau 14/10 kl. 20
Sun 22/10 kl. 20 Fös 27/10 kl. 20

HVÍT KANÍNA
Nemendaleikhúsið sýnir nýtt verk eftir hópinn.
Fim 12/10 kl. 20 Fös 13/10 kl. 20
Lau 14/10 kl. 20 Allra síðustu sýningar
Bannað innan 16 ára.

BRILLJANT SKILNAÐUR
Fim 26/10 kl. 20 Fim 2/11 kl. 20
Fim 9/11 kl. 20 Fim 16/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar.

MANNTAFL
Sun 29/10 kl. 20 Fös 3/11 kl. 20
Fös 10/11 kl. 20 Sun 19/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar.

MEIN KAMPF
Lau 14/10 kl. 20 Lau 21/10 kl. 20
Fös 27/10 kl. 20 Lau 28/10 kl. 20
Lau 4/11 kl. 20

LEIKHÚSSPJALL
Leikhúsumræður á Borgarbókasafninu í Kringlunni. Rætt veður um leikverkið Mein Kampf.
Fim 12/10 kl. 20 Allir velkomnir.

AMADEUS
Fim 19/10 kl. 20 forsýning 1000 kr.
Fös 20/10 kl. 13 forsýning 1000. kr.

Lau 21/10 kl. 20 frums. UPPS. Bleik kort.
Fim 26/10 kl. 20 2.sýning Gul kort.
Lau 4/11 kl. 20 3.sýning Rauð kort.
Sun 12/11 kl. 20 4.sýning Græn kort
Lau 18/11 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 19/11 kl. 20 6.sýning

VIÐ ERUM KOMIN-Íd
Októbersýning Íd, 2 ný verk:
Við erum komin e. Ólöfu Ingólfsdóttur og Hver um sig e. Vaðal.
Fim 12/10 kl. 20 frumsýning UPPS.
Fös 13/10 kl. 20 Sun 15/10 kl. 20
Fim 19/10 kl. 20 Fös 20/10 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ



allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga


# Frieze í Konungsgarði

Frieze-listastefnan í London hefst á morgun. Þar verða 150 listagallerí með bása og selja samtímalist eftir þúsundir listamanna frá öllum heimshornum. Bandarísk gallerí verða æ fyrirferðarmeiri á þessari söluhátíð sem kennd er við listatímaritið Frieze, en það tók nafn sitt af frægri myndlistarsýningu sem Damien Hirst stóð fyrir seint á níunda áratugnum sem setti verk ungra breskra myndlistarmanna í sviðsljósið.

Frieze-sölusýningin hefur vaxið ár frá ári og er langt komin með að skáka Basel-sýningunum í Sviss og Florida og Dokumenta-sýningunni þýsku. Hinar stærri sölumessur í Evrópu eru teknar að bera æ meiri svip af venjulegum verslunarsýningum. Frieze hefur til þessa haft þá sérstöðu að þar hefur almenningur ekki aðeins sótt sölubásana heim heldur hefur fólk af götunni keypt sér myndlist í ríkari mæli en áður hefur þekkst.



**ÓLAFUR ELÍASSON** Eini íslenski listamaðurinn sem á verk á listamessunni í London.

Ekkert íslenskt gallerí tekur þátt í messunni og ef rennt er augum yfir þann fjölda listamanna sem þáttökugalleríin hafa á sínum snærum kemur í ljós að þar er enginn íslenskur myndlistarmaður á skrá nema Ólafur Elíasson. Hljóta það að vera nokkur vonbrigði íslenskum myndlistarmönnum en úrval þeirra fékk viðamikla kynningu á alþjóðavettvangi með Listahátíð 2005.

Gallerí i8 hefur tekið þátt í Basel-messunni og verður með í amerísku Basel-sýningunni sem haldin er í Miami í desember. Þá er i8 með aðstöðu í fyrsta sinn á Photo Paris þar sem áhersla er lögð á verk Hrafnkels Sigurðssonar. Að sögn Auðar Jörundsdóttur hjá I8 hafa Edda Jónsdóttir og stöllur hennar þar á bæ sótt um þátttöku í Frieze en ekki komist að, sökum þrengsla á sýningarsvæðinu sem er þegar sprungið. Auður sagði að haldið yrði áfram að sækja á Frieze-menn og á endanum myndi það ganga. i8 legði áherslu á þátttöku í sýningunum í Basel og Miami, auk Brusselmessunnar. Auður sagði árangur ótvíræðan af þáttöku í þessum messum: „Það skiptir okkur öllu máli að vera með, bæði upp á kontakta og varðandi kynningu á íslenskum listamönnum.“

Frieze Art er með aðstöðu í Regent Park, en messan heldur úti vef: Friezeartfair.com. Sýningin heldur úti fyrirlestrum, fjölskyldunámskeiðum, kynningum og gefur katalóga og sérrit. Henni lýkur á sunnudag.

pbb@frettabladid.is

# Margmynduð mikilmenni

Ljósmyndasýningin „Leiðtogafundurinn í Reykjavík 1986” stendur nú yfir í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur. Þar gefur að líta rúmlega fjörutíu myndir sem flestar voru teknar af ljósmyndurum Morgunblaðsins og DV, sem voru tvö stærstu dagblöðin árið 1986.

Þar eru þó einnig myndir frá Rússlandi, annars vegar frá Itar-Tass fréttastofunni og hins vegar frá Yuri A. Lizunov einkaljósmyndara Gorbachev en myndir hans hafa ekki komið fyrir sjónir almennings áður. Einnig eru myndir á sýningunni frá ljósmyndurum Hvíta hússins sem Ronald Reagan-safnið hefur lánað.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur hefur veg og vanda af uppsetningu sýningarinnar en Guðmundur Magnússon sagnfræðingur valdi myndir og samdi skýringartexta við myndirnar. Sýningin er opin á þjónustutíma Ráðhússins og stendur til 18. október.

- khh



**LÖGÐU SPILIN Á BORÐIÐ** Sjaldséðar myndir frá leiðtogafundinum í Höfða 1986 eru nú til sýnis í Ráðhúsinu. MYND/AP




**ENSKAR LJÓÐAÞÝÐINGAR** Ellefta ljóðabók Önnu B. Björnsdóttur.

# Ljóð við strönd

Ljóðabókin By the Seaside er ellefta ljóðabók Önnu S. Björnsdóttur en sú fyrsta sem út kemur á ensku. Fyrsta ljóðabók hennar, Örugglega ég, kom út árið 1988 en hún hefur síðan verið iðin við kolann. Verk hennar hafa aukinheldur birst í fjölmörgum safnritum bæði hér heima og erlendis.

Þýðendur ljóðanna eru Hallberg Hallmundsson og Karl J. Guðmundsson, sem báðir hafa hlotið fjölmargar vegtyllur fyrir ljóðaþýðingar sínar.

Kápuna prýðir myndverk eftir Kristján Davíðsson.

- khh

# Fljótandi merking

Kviksaga, heimildarmyndastöð ReykjavíkurAkademíunnar, efnir til samstarfs við Menningarmiðstöðina Gerðuberg og sýnir heimildarmyndina „In and Out of Africa“ eftir Ilisa Barbash og Lucian Taylor í akademíunni annað kvöld kl. 20.

Myndin er sýnd í tengslum við sýninguna „Flóðhestar og framakonur: Afrískir minjagripir á Íslandi“ í Gerðubergi sem mannfræðingurinn Ólöf Gerður Sigfúsdóttir tók saman en á henni má finna fjölbreytta minjagripi frá Afríku.

Mynd Barbash og Taylor fjallar í hnotskurn um fljótandi merkingu afrískra lista og veltir upp áleitnum spurningum um samband Vesturlandabúa við afríska menningu. Hún sýnir á skoplegan og oft kaldhæðnislegan hátt hvernig gildi listmuna breytist eftir því í hvaða samhengi þeir eru settir. Höfundar myndarinnar vefa saman á skemmtilegan hátt sögur af vestrænum listaverkasöfnurum, íslömskum kaupmönnum og afrískum listamönnum og fræðimönnum.

Myndin byggir meðal annars á rannsóknum mannfræðingsins Christopher Steiners, sem gerði viðamiklar vettvangsrannsóknir á afrísku handverki á Fílabeinsströndinni en kvikmyndamiðillinn þykir henta afar vel til þess að koma rannsóknarniðurstöðum hans og gögnum til skila til áhorfandans.



**Á FERÐ UM AFRÍKU** Heimildarmynd um merkingu afrískra lista verður sýnd í ReykjavíkurAkademíunni annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR

Katla Kjartansdóttir þjóðfræðingur kynnir myndina, sem tekur um klukkustund í sýningu, en hún er sýnd með enskum texta. Aðgangur er ókeypis.

Þess má geta að sýningin „Flóðhestar og framakonur“ er opin virka daga frá kl. 11-17 og um helgar frá 13-16 en sýningin stendur til 12. nóvember.

# Afbragðskúltúr frá Kanada

Kópavogsbær skipuleggur kanadíska menningarhátíð sem hefst um næstu helgi og er dagskráin unnin í samvinnu við lista- og menningarstofnanir í Kópavog og kanadíska sendiráðið.

Þetta er í þriðja sinn sem Kópavogsbær stendur fyrir viðlíka menningarhátíð en Björn Þorsteinsson, framkvæmdastjóri tómstunda- og menningarsviðs Kópavogsbæjar, útskýrir að áður hafi verið leitað til Suður-Evrópu og lengst norður til Rússlands en nú sé komið að frændum okkar í Vesturheimi. „Þar er jú stærsta þjóðarbrotið og fjöldi íslenskra afkomenda sem við höfum verið í góðum tengslum við.“

Von er á fjölda góðra gesta í tengslum við hátíðina, sem hefst næstkomandi föstudag og stendur til 22. október. „Hátíðin hefst á opnun þriggja sýninga í Gerðarsafni en þar verða þrjár glæsilegar myndlistarsýningar á list frumbyggja eins og hún er séð í nútímanum,“ útskýrir hann og bendir á að þær sýningar standi reyndar fram í desember.


**ANGELA HEWITT PÍANÓLEIKARI** Heldur tvenna ólíka tónleika í Salnum í tilefni af Kanadískri menningarhátíð.


**HÖFUNDUR THE ENGLISH PATIENT** Michael Ondaatje er sérstakur gestur Kópavogsbæjar á hátíðinni.

Fjölbreytt tónlistardagskrá verður í Salnum á komandi dögum en hinn heimskunni píanóleikari Angela Hewitt heldur þar tvenna tónleika eftir helgi fyrir íslenska áheyrendur. Þar skemmtir enn fremur fjöllistahópurinn Red Sky og flytur ævintýri úr sagnaheimi Cree-indíána í dansi, leik og tónum. Þeim til fulltingis eru tveir barkasöngvarar. Einnig er von á óperusöngkonunni Mary Lou Fallis og meðleikara hennar, Peter Tiefenbach, sem eignuðust marga aðdáendur hér á landi í heimsókn sinni í fyrra en Björn útskýrir að þau muni nú flytja sannkallaða skopóperu.

Kanadískar kvikmyndir og bókmenntir verða í brennidepli í Bókasafni Kópavogs á meðan á hátíðinni en einn af gestum hennar er rithöfundurinn Michael Ondaatje en þekktast verka hans er skáldsagan The English Patient sem seinna var kvikmynduð og vann til fjölda Óskarsverðlauna.

Auk alls þessa verður efnt til sérstaks málþings um kanadíska menningu frumbyggja og landnema með þáttöku íslenskra og erlendra fræðimanna. Undir lok hátíðarinnar verður síðan haldin kanadísk fjölskylduhátíð í Vetrargarðinum í Smáralind þar sem fjölbreytt dagskrá verður skipulögð fyrir listunnendur á öllum aldri.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsvæði Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is.

# Tónahátíð á Suðurlandi

Félagsheimilið Þjórsárver stendur fyrir árvissri Tónahátíð nú um helgina og gefst Sunnlendingum og öðrum gestum tækifæri á að hlýða á fjölbreytta tónlist í flutningi víðfrægra listamanna.

Á morgun leikur harmonikkuleikarinn Tatu Kantomaa en á föstudaginn er von á stórsöngvurunum Óskari Péturssyni og Jóhanni Friðgeiri Valdimarssyni, sem syngja við undirleik Jónasar Þóris. Strengjatríóið Guitar Islancio leikur síðan listir sínar á laugardaginn.

Félagsheimilið Þjórsárver er á vesturbakka Þjórsár sunnan þjóðvegar númer eitt. Allir tónleikarnir hefjast kl. 21 en húsið verður opnað hálftíma fyrr. Miðar eru seldir við innganginn en einnig er hægt að kaupa þá í forsölu, annaðhvort hjá umsjónarmanni félagsheimilisins eða í Hljóðhúsinu í Kjarnanum á Selfossi. - khh


**SUNNLENDINGAR FRÁ GÓÐA GESTI** Nú brestur á með Tónahátíð í félagsheimilinu Þjórsárveri.

# Flóttamenn á tvennum tímum

Stutt ágrip af sögu traktorsins á úkraínsku hefur náð miklum vinsældum í Bretlandi og víðar. Nú er þessi stutta en skemmtilega skáldsaga Marinu Lewycka komin út í kilju á forlagi Máls og menningar í ágætri þýðingu Guðmundar Andra Thorssonar.

Hér segir af flóttafólki sem hefur frá stríðslokum haft búsetu í Bretlandi. Við andlát móður þurfa tvær systur að takast á við föður sinn sem vill kvænast á nýjan leik og sækir brúður sína til Úkraínu og fylgir stálpaður sonur með í ráðahagnum. Daturnar fá ekki spornað við ráðahagnum og sambúð aldraðs föður þeirra og talsvert yngri brúðar hans fer brátt að skekja líf þeirra allra.

Sagan er grátbroslег í háðslegri lýsingu á gerólíkum gildum þeirra sem hafa alla sína tíð lifað spart og hinna sem hungrar eftir öllum lífsins gæðum sem vestrænir hættir geta veitt þeim sem hafa auraráð. Stjúpan vill koma höndum yfir allt. Gamli maðurinn fórnar sparifé sínu fyrir ný brjóst. Ráðahagurinn er sprottinn af brýnni þörf til að koma brúðinni upp nýju ríkisfangi.

Í raun fer þremur sögum fram innan gamansögunnar: gamli maðurinn er verkfræðingur og dundar sér við að skrifa sögu dráttarvélanna í heimalandi sínu og bregður þannig upp í leiftrum sögu heillar aldar í austurvegi. Sögumaðurinn, yngri systirin, rifjar síðan hægt og rólega í gegnum alla söguna skelfilegt lífshlaup fjölskyldu sinnar fyrir útlegðina í Bretlandi. Forsaga foreldra og systur skýrist smátt og smátt og varpar ljósi á persónugerð þeirra og örlög.




Gráglettin sagan er því annað og meira: þroskasaga nokkurra einstaklinga á liðinni öld sem vísar langt út fyrir einkahagi þeirra. Stutt ágrip er í látlausri og skondinni frásögn saga stórra atburða í lífi þjóða, vísar á stærri og grimmari örlög en virðist við fyrstu sýn. Hún er haganlega hugsuð og lesanda er stöðugt komið á óvart. Fyndnin er stórkarlaleg en einkennist af mildri hlýju.

Þýðandinn hefur unnið textann af natni. Stundum örlar á kunnuglegri tilgerð stílsnilli Guðmundar en það er meir til gamns en lýta. Stutt ágrip er því holl áminning um hildarleikinn sem skók austurveg alla síðustu öld, sterk og bráðskemmtileg lýsing á ólíkum gildum og breyskleika sem býr með okkur flestum.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

8 9 10 **11** 12 13 14

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

12.30 Á fyrstu hádegistónleikum **Háskóla Íslands** í vetur flytja **Auður Gunnarsdóttir** sópransöngkona og **Jónas Ingimundarson** píanóleikari íslensk sönglög í hátíðarsal skólans í **Aðalbyggingu**. Aðgangur er ókeypis fyrir nemendur skólans.

20.00 Fimmtíu ára afmæli **rokksins** er fagnað með tónleikum í **Salnum** í **Kópavogi**. Söngvarar á tónleikunum eru **Anna Vilhjálms, Berta Biering, Einar Júlíusson, Fjóla Ólafsdóttir, Garðar Guðmundsson, Rúnar Guðjónsson, Sigurður Johnie, Stefán Jónsson í Lúdó, Þorsteinn Eggertsson og Mjöll Hólm, Helena Eyjólfsdóttir** og **Ragnar Bjarnason**.

### SKEMMTANIR

20.00 **Rokktóberfest** á **Gauknum**. Kvöldvaka Capone hefst kl. 22 en húsið opnar kl. 20.

### FYRIRLESTRAR

12.00 **Kristín Guðmundsdóttir** aðjúnkt við **Félagsvísinda- og lagadeild** Háskólans á Akureyri fjallar um hlutverk atferlisgreiningar á **Félagsvísindatorgi** HA í stofu L101 á Sólborg við **Norðurslóð.**

### FUNDIR

20.00 **Blaðamannafélag Íslands** fjallar um leiðtogafundinn í Reykjavík árið 1986 á opnum fundi í Tjarnarsal **Ráðhúss Reykjavíkur. Guðmundur Magnússon** sagnfræðingur, **Karl Blöndal**, aðstoðarritstjóri Morgunblaðsins, **Katrín Pálsdóttir** fréttamaður Sjónvarpsins, **Þórir Guðmundsson**, varafréttastóri á NFS og **Jón Hákon Magnússon** almannatengill flytja erindi. Fundarstjóri verður Þóra **Kristín Ásgeirsdóttir,** varaformaður Blaðamannafélags Íslands.

### SÝNINGAR

10.00 Myndlistarkonan **Þórdís Aðalsteinsdóttir** sýnir verk sín í **Listasafni Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum**. Sýningin ber yfirskriftina **Því heyrist þó hvíslað að einhverjir muni hækka** af og geymir málverk og vídeóverk.

11.00 Í Gallerí **húnoghún, Skólavörðustíg 17b**, standa yfir tvær sýningar. **Manuela Gudrun Rozvitarsdottir** sýnir skartgripi úr gulli, silfri og eðalsteinum en **Þuríður Helga Jónasdóttir** og **Sif Ægisdóttir** sýna ljósmyndir og silfurgripi. Sýningunum lýkur 15. október.





**Sýningar í október í Landnámssetri**

Fimmtudagur 12. október kl. 20 Uppselt
Föstudagur 13. október kl. 20 Uppselt
Laugardagur 14. október kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 15. október kl. 20 Uppselt
Fimmtudagur 19. október kl. 20 Uppselt
Föstudagur 20. október kl. 20 Uppselt
Laugardagur 21. október kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 22. október kl. 20 Uppselt
Fimmtudagur 26. október kl. 20
**Síðasta sýning - Uppselt**

**LEIKHÚSTILBOÐ: Tvíréttaður kvöldverður og leikhúsmiði frá kr. 4300 - 4800**

**TEKIÐ Á MÓTI PÖNTUNUM frá kl. 10 til 16 mánudaga - fimmtudaga í síma 437 1600 Staðfesta þarf miða með greiðslu viku fyrir sýningardag**

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS

**allt heilsa**

**Alla þriðjudaga og fimmtudaga**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ **Þjóðleikhúsið fyrir alla!**

**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00**

**ELDHÚS EFTIR MÁLI** eftir Völu Þórsdóttur byggt á sögum Svövu Jakobsdóttur. Fös. 13/10 **örfá sæti laus**, lau. 14/10, fös. 20/10 **örfá sæti laus.** Þrjár sýningar eftir!

**FAGNAÐUR** eftir Harold Pinter. Sun. 15/10 **kl. 21:00.** Allra síðasta sýning!

**SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ PINTER** Fyrirlestur um verk Nóbelsskáldsins fyrir sýningu í Leikhúskjallaranum kl. 20:00, leikhúsgestum að kostnaðarlausu. Boðið er upp á kvöldverð í anda leiksýningarinnar kl. 19:00. Upplýsingar og pantanir í miðasölu s: 551 1200.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson. Lau. 14/10 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 15/10 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, lau. 21/10 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 22/10 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 29/10 **örfá sæti laus**, sun. 5/11 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 12/11 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 19/11 kl. 14:00 **uppselt.**

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur. Fim. 2/11 **örfá sæti laus**, fös. 3/11 **örfá sæti laus**, fim. 9/11, fös. 10/11 **örfá sæti laus.**

**KASSINN KL. 20:00**

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur. Í kvöld mið. 11/10 **örfá sæti laus**, fim. 12/10 **örfá sæti laus**, fös. 13/10 **uppselt**, lau. 14/10 **uppselt**, sun. 15/10 **kl. 17:00 uppselt**, fim. 19/10 **uppselt**, fös. 20/10 **uppselt**, lau. 21/10 **uppselt**, sun. 22/10 **kl. 17:00 uppselt.**

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00**

**SUMARDAGUR** eftir Jon Fosse. Sun. 15/10 **kl. 17:00**, sun. 22/10 **kl. 17:00**.

**SUZANNAH** eftir Jon Fosse – gestaleikur frá Cinnober leikhúsinu í Gautaborg. Fim. 19/10, fös. 20/10.

**LEIKHÚSLOFTIÐ KL. 11:00 og 12:15**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur. Lau. 14/10 **kl. 11:00 uppselt** og **kl. 12:15 örfá sæti laus**, sun. 15/10 **kl. 11:00 uppselt** og **kl. 12:15 örfá sæti laus**, lau. 21/10 **kl. 11:00 uppselt** og **kl. 12:15 örfá sæti laus**, sun. 22/10 **kl. 11:00 uppselt**, lau. 28/10 **kl. 11:00** og **kl. 12:15**, sun. 29/10 **kl. 11:00.**

*Farandleiksýning í framhaldsskólum landsins í október*

**PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker**
Menntaskólanum að Laugarvatni í kvöld mið. 11/10 kl. 20:30.

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Segir Hasselhoff líta út eins og nauðgara

Grínistinn David Walliams, sem þekktastur er fyrir súrt skopskyn sitt í þáttunum Little Britain, varpaði heldur betur sprengju nýverið þegar hann sagði að David Hasselhoff liti út fyrir að vera nauðgari. Walliams vísaði þarna til nýjasta myndbands hans en þar sést hvar Hasselhoff tekur mismunandi konur á löpp og býður þeim í bíltúr.

Vinsældir Hasselhoff hafa greinilega ekkert dvínað þrátt fyrir að aldurinn sé farinn að færast yfir þessa fyrrum hetju Strandvarðanna, því lagið sem ber það skemmtilega heiti Jump in My Car er komið í þriðja sætið á breskum vinsældalistum.

Hasselhoff hikar ekki við að nota slöngusæti þegar stúlkurnar vilja ekki verða við bónum hans um nánari kynni. „Mér finnst eins og Hasselhoff ætli að nauðga stúlkunum í þessu myndbandi,“ sagði Walliams. Hasselhoff hefur margoft lýst því yfir að hann vilji eignast kærustu en ekki er víst að þessi yfirlýsing Walliams eigi eftir að auðvelda honum leitina.



**EINS OG NAUÐGARI** Hasselhoff hefur hingað til verið þekktur fyrir prúðmennsku en er sagður líta út eins og nauðgari í nýjasta myndbandi sínu.



**EKKI HRIFINN** Walliams telur Hasselhoff líta út fyrir að hafa eitthvað illt í huga í nýjasta myndbandi sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**HJÓNABANDSHUGLEIÐINGAR** Leikarinn Johnny Depp og franski söngfuglinn Vanessa Paradis ætla loks að ganga í það heilaga eftir átta ára samband. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

# Íhuga giftingu

Kærustuparið Vanessa Paradis og leikarinn vinsæli Johnny Depp íhuga að ganga í það heilaga næsta sumar, samkvæmt bandaríska blaðinu Daily Express. Athöfnin á að fara fram í góðra vina hópi í einbýlishúsi þeirra í Suður-Frakklandi. Margir hafa velt vöngum yfir því af hverju parið, sem eru búin að vera saman í átta ár og eiga tvö börn saman, er ekki gengið í hnapphelduna fyrir löngu síðan, en Depp mun hafa orðið afhuga giftingu eftir að hjónaband hans við tónlistarkonuna Lori Ann gekk ekki upp og hefur þangað til núna sagst vantrúaður á hjónaband. En nú hefur honum snúist hugur og er víst hamingjusamri sem aldrei fyrr og ástfanginn upp fyrir haus af franska söngfuglinum Vanessu Paradis.

# Ótrúlegar vinsældir Kæra Jóns

**Eitt vinsælasta lag landsins um þessar mundir er Kæri Jón með Sniglabandinu. Lagið var samið á hálftíma í beinni útsendingu í Kastljósinu.**

Glöggir útvarpshlustendur hafa eflaust rekið upp stór eyru þegar lag Sniglabandsins, Kæri Jón, byrjar að hljóma enda vísar titillinn og textinn í mál sjónvarpsstöðvarinnar sálugu NFS. Lagið var samið á hálftíma fyrir sjónvarpsþáttinn Kastljós en það voru aðstendendur þáttarins sem komu með hugmynd sem þeir félagar þurftu að vinna úr.

„Okkur grunaði aldrei að lagið yrði svona vinsælt,“ segir Pálmi Hjartarson, hljómborðsleikari Sniglabandsins, en meðlimir þess hafa verið með útvarpsþátt í allt sumar þar sem hljómsveitin býr til lög út frá hugmyndum hlustenda.

„Við vorum nú svolítið stressaðir í byrjun að gera lag um þetta viðkvæma mál enda er Kastljós þáttur með mikið áhorf og það varð að gera þetta almennilega og án þess að styggja neinn,“ segir Pálmi en lagið var samið aðeins hálftíma áður en bein útsending Kastljóss hófst.

„Eftir þáttinn lá leið okkar beinustu leið upp í stúdíó þar sem við ákváðum að taka lagið upp og fínpússa það aðeins. Það er því sú útgáfa sem fólk heyrir í útvarpinu,“ segir Pálmi og útilokar ekki að lagið muni koma út á fyrirhugaðri plötu næsta vor.

Sniglabandið fagnar útkomu nýjustu plötu sinnar, Rúv tops, um þessar mundir en hún kom út í síðustu viku. alfrun@frettabladid.is



**SNIGLABANDIÐ** Nýbúið að gefa út plötu og fagnar nú vinsældum lagsins sem var samið á hálftíma.



**PÁLMI SIGURHJARTARSON** Hljómborðsleikara Sniglabandsins grunaði aldrei að lagið Kæri Jón mundi ná vinsældum meðal landsmanna og segir að hljómsveitarmeðlimir hafi verið svolítið stressaðir að semja lag um þetta viðkvæma mál. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## *Kæri Jón*

*Fögur var hlíðin er Lídó ég leit,*
*seinna í Tónabæ hlustaði á Slade*
*Þó að ég sé ekki svipur hjá sjón,*
*þá sest ég hér niður og skrifa þér Jón.*

*Þú ætlar að lát'ana fara í burtu,*
*flautana útaf og senda í sturtu.*
*Hver á að metta munnana svanga,*
*Hún er bara tíu mánaða rétt farin að ganga.*

*(Viðlag:)*
*Kæri Jón,*
*í þig vantar bæði líf og grúf*
*Þú er ekkert flón,*
*Ertu kannski að spekúlera að kaupa RÚV*

*Í Kastljósi á kvöldin þeir karpa út í eitt,*
*Tala og mala og segja ekki neitt*
*Ímyndið ykkur þá ferlegu kvöð,*
*Ef hér væri bara ein fréttastöð*

*(Viðlag:)*
*Kæri Jón,*
*í þig vantar bæði líf og grúf*
*Þú er ekkert flón*
*Ertu kannski að spekúlera að kaupa RÚV*

*(Outro:)*
*NCB, CNN, BBC,*
*MBL, FÍH,*
*LSD,*
*Vertu bless, NFS.*



**JAMES BLUNT** Popparinn heimsfrægi er að undirbúa nýja hljóðversplötu um þessar mundir.

# Blunt endurútgefinn

Metsöluplata James Blunt, Back to Bedlam, verður endurútgefin hinn 7. nóvember með nýjum tónleikadisk í kaupbæti. Tónleikarnir voru teknir upp á Írlandi á síðasta ári. Á meðal laga eru útgáfu Blunt af lagið Crowded House, Fall at Your Feet, og Pixies-laginu Where Is My Mind? Næsta smáskífa Blunt, Goodbye My Lover, kemur út um svipað leyti. Blunt er um þessar mundir að undirbúa nýja plötu. „Á fyrstu plötunni samdi ég allt sjálfur og hugsaði bara um sjálfan mig sem lagahöfund sem gæti spilað á gítar og píanó,“ sagði Blunt. „Núna hef ég tækifæri til að vinna með hljómsveitinni minni og þess vegna sé ég betur hvaða hlutverk hljómsveitin getur spilað í lagasmíðunum. Hún bætir við dálítilli fjölbreytni.“

# Öll dýrin í skóginum...

Stjörnurnar virðast hafa gefist upp á hefðbundnu hjónabandi því nú hafa tvær virtar leikkonur lýst því yfir að einkvæni stríði gegn eðli mannsins.

Sienna Miller reið fyrst á vaðið þegar hún sagði við fjölmiðla að einkvæni væri ekki í samræmi við dýrslegar hvatir mannsins. Sienna komst á forsíður blaðanna þegar hún og Jude Law skildu eftir að upp komst um framhjáhald leikarans með barnfóstrunni. Skömmu síðar var það upplýst að Sienna hefði einnig haldið framhjá með mótleikara sínum Daniel Craig þegar þau léku í kvikmyndinni Layer Cake. Líkur sækir líkan heim, eins og þar segir.

Nú hefur hin sænskættaða Scarlett Johansson tekið undir orð Miller og sagði nýlega, orðrétt, að einkvæni, stríddi gegn eðli mannsins. Þessu lýsti leikkonan yfir þegar hún sagðist fara í HIV-próf tvisvar á ári, ekki vegna þess að hún væri lauslát heldur af því að hún vildi vera ábyrg. Einhverjir kunna þó að segja að þarna séu þessar tvær kvenkynsstjörnur að fría sig allri ábyrgð ef þær gerast „sekar“ um framhjáhald í sínum samböndum.

Svo virðist sem stjörnurnar ætli því að gefa hjónabandinu langt nef og taka upp kenningar Darwins, sem taldi manneskjuna jú vera komna af öpum. Ef að líkum lætur líður ekki á löngu þar til fleiri stjörnur lýsa því yfir að þær séu dýr enda duglegar við að grípa það á lofti sem þykir flott. - fgg

**BESTA DÆMIÐ?** Paris Hilton hefur ekki verið við eina fjölina felld en samkvæmt kenningum Miller og Johansson getur hún ekkert gert að því, Hilton er jú bara dýr.



**FYRSTA DÝRIÐ** Sienna Miller var fyrsta stjarnan til að lýsa því yfir að maðurinn væri dýr og því væri einkvæni ekki í samræmi við eðli hans.



**EKKERT EINKVÆNI** Scarlett Johannson tók málstað Miller upp og sagði að hún teldi einkvæni hefta hinar dýrslegu hvatir sem maðurinn hefði.



**PÉTUR BEN** Tónlistarmaðurinn Pétur Ben spilar á Rokktóberfestival annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Rokkhátíð að hefjast

Rokktóberfestival hefst í kvöld á Gauki á Stöng og stendur yfir til laugardags.

Í kvöld verður kvöldvaka Capone sem ku ekki vera fyrir viðkvæma og annað kvöld verða tónleikar með Pétri Ben, Lay Low, Shadow Parade, Togga og Kalla. Á föstudagskvöld spila síðan Leaves, Ske, Wulfgang, Dikta, Telepathetics og Múgsefjun.

Loks verður slegið upp sveitaballi á laugardagskvöld með Jet Black Joe á laugardagskvöld. Weapons sjá um upphitun.


Da Vinci Code
er komin í BT
TVO DISC SPECIAL EDITION
TOM HANKS
A RON HOWARD FILM
THE DA VINCI CODE
UNCOVER THE SECRET
16
DVD VIDEO
THE DA VINCI CODE
•FYLGIR
•2.499
* Pepsi Max
og Lays snakkpoki
fylgja með,
á meðan birgðir endast.
DA VINCI
LYKILLINN
Ein vinsælasta mynd ársins!
2faldur diskur troðfullur
af aukaefni!
Kominn í verslanir BT
BT
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444







# Brúðkaup í janúar

Nú eru ofurfyrirsætan Kate Moss og rokkarinn Pete Doherty búin að ákveða brúðkaupsdaginn. Brúðkaupið mun fara fram á partíeyjunni Ibiza 16. janúar á næsta ári, en þann dag verður Moss 33 ára. Frá þessu greinir breska götublaðið Daily Star samkvæmt samtali við frænda Dohertys sem segir rokkarann aldrei hafa verið jafn hamingjusaman og ánægðan með lífið.

Brúðkaupið átti að fara fram á þessu ári en þurfti að frestast vegna meðferðar Petes en hann er búin að lofa Kate að hann muni ekki nota heróín aftur.

Besta vinkona Kate og fyrrverandi eiginkona Jude Law, Sadie Frost, verður brúðarmær ásamt dóttur Moss Lila Grace.



**MOSS OG DOHERTY** Ætla að gifta sig í janúar á partíeyjunni Ibiza.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES






# Frábært að vera í hjónadúett

**Hljómsveitin Mates of State hefur vakið mikla athygli tónlistarmiðla á þessu ári fyrir plötuna Bring it Back. Sveitin er væntanleg á Airwaves og af því tilefni ræddi Steinþór Helgi Arnsteinsson við annan helming sveitarinnar, Jason Hammel.**

Jason var að vonum ákaflega spenntur fyrir því að koma til Íslands. „Ekki spurning, Reykjavík er ein af þessum borgum sem þú vonast alltaf eftir að heimsækja vegna þess að þú heyrir svo góða hluti um hana.“

**Sjaldan hjónaerjur**

Jason skipar sveitina ásamt eiginkonu sinni Kori Gardner en hvernig finnst Jason að vera í hljómsveit með eiginkonunni? „Það er frábært. Að vinna með sínum besta vini er frekar ótrúlegt og samskiptin eru afar opinská. Auðvitað koma samt tímar þar sem okkur lendir saman og þá færist það yfir í einkalífið en þessi skörun er óhjákvæmileg,“ svarar Jason en aðspurður segir hann að það fari yfirleitt eftir því hvort sé þrjóskara eða í pirraðra skapi hverníg deilumál endi. Jason og Kori eiga auk þess litla stelpu sem ferðast með þeim hvert sem þau fara. „Hún virðist vera nokkuð klár krakki en þetta veldur okkur stöðugum áhyggjum samt sem áður.“



**HJÓNARKORN** Jason Hammel og Kori Gardner skipa sveitina Mates of State sem spilar einstaklega skemmtilegt og kröftug hljóðgervlapopp.

**Oft erfitt að tromma og syngja í einu**

Árið 2000 kom út fyrsta breiðskífa Mates of State, My Solo Project, en í ár kom út fjórða breiðskífa sveitarinnar, Bring it Back, og er án efa sú plata sveitarinnar sem hlotið hefur mesta hylli gagnrýnenda. „Við ákváðum að kasta öllum formúlum út um gluggann og förum í staðin að búa til góð lög. Við unnum mjög hart að þessari plötu en við teljum að við getum gert betur.“

Jason spilar á trommur auk þess að syngja og segir hann að í fyrstu hafi verið erfitt að samræma þessa tvo þætti. „Við þurftum að æfa mikið en núna er þetta aðeins einfaldara.“ Að lokum lofar Jason miklu stuði á Airwaves enda hefur Mates of State sjaldan verið þekkt fyrir annað.

# Grúvið mikilvægara en melódían

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

The Whitest Boy Alive er ein af þeim sveitum sem koma fram á Iceland Airwaves-hátíðinni í ár. Hún er skipuð Norðmanninum Erlend Øye sem er þekktastur fyrir að vera annar meðlimur dúósins Kings of Convenience og þremur Þjóðverjum, en The Whitest Boy Alive var stofnuð í Berlín þar sem Erlend hefur búið að undanförnu. Dreams er fyrsta plata sveitarinnar.

The Whitest Boy Alive var stofnuð sem danstónlistarsveit, en þróaðist út í hljómsveit sem notast aðeins við hefðbundin hljóðfæri. Hljóðfæraskipanin er gítar, bassi, trommur og hljómborð, en Erlend syngur auk þess sem hann spilar á gítarinn.

Það fyrsta sem kom upp í hugann þegar ég setti plötuna í spilarann og upphafslagið, hið frábæra Burning, fór að hljóma var New Order. Það er eitthvað við þetta lag sem minnir mig mikið á New Order og hún hljómaði snemma á ferlinum. Seventeen Seconds með The Cure kemur líka upp í hugann þegar maður hlustar á þessa plötu. Tónlistin á Dreams er frekar einföld og næstum því lágstemmd. Það er mikið um endurtekningar og takturinn er áberandi í hljóðblönduninni eins og í danstónlist. Þó að lögin séu sungin, er söngurinn oft ekki nema fáeinar hendingar sem heyrast af og til í laginu. Í þessari tónlist er grúvið greinilega mikilvægara en melódían.

Dreams er fín plata. Þó að hún sé kannski ekki byltingarkennd þá hljómar þetta einfalda, afslappaða og næstum naumhyggjulega sambland af grúvi og rokktónlist mjög ferskt og nærandi í dag. Það verður gaman að tékka á sveitinni á Airwaves, en hún verður á Gauknum fimmtudagskvöldið 19. október næstkomandi.

**Trausti Júlíusson**




**THE WHITEST BOY ALIVE**

DREAMS

**Niðurstaða:** Þessi lágstemmda og afslappaða plata frá nýju hljómsveitinni hans Erlends Øye hefur að geyma ferska blöndu af grúvi og rokktónlist.




## SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| WORLD TRADE CENTER | kl. 5:50 - 8 - 10:40 | B.i. 12 |
| WORLD TRADE CENTER VIP | kl. 4 - 8 - 10:40 | |
| BEERFEST | kl. 5:50 - 8 - 10:15 | B.i. 12 |
| HARSH TIMES | kl. 10:40 | B.i. 16 |
| NACHO LIBRE | kl. 3:45 - 8 | B.i. 7 |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 4 - 6 | Leyfð |
| THE WILD M/- ensku tal | kl. 4 | Leyfð |
| BÖRN | kl. 5:50 - 8:30 | B.i.12 |
| STEP UP | kl.3:45-5:50-8-10:15 | B.i. 7 |
| MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal | kl. 3:45 | Leyfð |
| THE PROPOSITION | kl. 10:40 | B.i. 16 |

## SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| BEERFEST | kl. 5:45 - 8 -10:10 | B.i. 12 |
| HARSH TIMES | kl. 8 - 10:20 | B.i. 16 |
| BÖRN | kl. 8 - 10:10 | B.i.12 |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| UNITED 93 | kl. 5:45 | B.i.14 |

Munið afsláttinn

## SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BEERFEST | kl. 8 - 10:15 | B.i. 12 |
| AN INCONVENIENT TRUTH | kl. 10 | |
| NACHO LIBRE | kl. 8 | B.i. 7 |

## SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| WORLD TRADE CENTER | kl. 8 - 10:20 | B.i. 12 |
| THE ALIBI | kl. 8 - 10 | B.i. 12 |

www.sambioin.is 575 8900 www.sambioin.is




| | | |
|---|---|---|
| WORLD TRADE CENTER | kl. 6 - 8:30 - 10:10 | B.i. 12 |
| ZIDANE | kl. 8 | |
| THE ROAD TO GUANTANAMO | kl. 6 - 8 - 10:10 | B.i. 16 |
| THE QUEEN | kl. 6 - 8 - 10:10 | B.i. 12 |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| BJÓLFSKVIÐA | kl. 6 | B.i.16 |
| PIRATES OF CARIBBEAN 2 tilboð 400 kr | kl. 8:15 | B.i. 12 |

HAGATORGI • S. 530 1919


## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan bandaríska **Kate Hudson** mun eflaust ganga nokkrum krónum fátækari út úr skilnaði sínum við eiginmanninn **Chris Robinson**. Hann mun vera ævareiður út í Hudson þar sem hún átti í leynilegu sambandi við leikarann **Owen Wilson** og hófst það aðeins viku eftir að fregnir bárust um að hjónakornin ætluðu að skilja. Robinson er búinn að ráða lögmanninn sem **Brad Pitt** var með þegar hann skildi við **Jennifer Aniston** og þykir hann harður í horn að taka.



Hin fjölhæfa **Jennifer Lopez** lenti í rifridi við flugfreyju um daginn. Rifrildið snerist um að flugfreyjan gat ómögulega gert fyrir leik-og söngkonuna tvöfaldan expresso þar sem kaffivélin var biluð. Lopez hreytti þá ónotum í flugfreyjuna og bætti því við í lokin að skórnir hennar virtust ódýrir. Flugfreyjan ónafngreinda varð sármóðguð og greinir frá þessu á vefsíðunni www.airlinecrew.net.



Þó að vinsældir leikarans **Tom Cruise** hafi dalað vestanhafs er leikarinn mjög vinsæll í Japan. Japanska þjóðin hefur meira að segja ákveðið að Cruise fái einn dag tileinkaðan og nefndan eftir sér á ári. Cruise eyddi miklum tíma í Japan þegar hann var við upptökur á myndinni „The Last Samurai“ og halaði myndin inn 100 milljónum meira þar en í heimalandi kappans, Bandaríkjunum.







SKILGREINING Á VALKVÍÐA: ICELAND AIRWAVES. YFIR 180 GIGG.

Farðu á www.icelandair.is/airwaves, halaðu niður podcast og hlustaðu á leiðsögn þriggja tónlistarmanna um tónlistarhátíðina. Leyfðu Bóasi úr Reykjavík!, Mr. Silla og Úlfi úr Apparat Organ Quartet að leiða þig um hátíðina. Það verður valið kannski auðveldara.

PODCAST TÓNLIST

+ Farðu á www.icelandair.is/airwaves fyrir auðveldara líf

Icelandair er aðal styrktaraðili Airwaves tónlistarhátíðarinnar.

WWW.ICELANDAIR.IS

## > Hvað verður um Jónas Grana?

Húsvíkingurinn Jónas Grani Garðarsson er með lausan samning hjá Fram og hefur enn ekki framlengt samning sinn við félagið. Aðspurður sagði Jónas Grani óvíst hvort hann yrði áfram í herbúðum Framara. Ekki væri búið að skrifa undir neinn samning og hann væri að skoða sín mál í rólegheitum. Það yrði klárlega mikið áfall fyrir Framara að missa Jónas Grana, sem var í lykilhlutverki hjá Fram í sumar, lék alla leiki liðsins og skoraði í þeim átta mörk. Þar að auki býr Jónas Grani yfir mikilli reynslu sem gæti nýst hvaða liði sem er vel.



# sport

sport@frettabladid.is

BRÆÐURNIR JÓN TORFI OG ÓSKAR: VERÐA Í HÓPI ÞEIRRA SEM LEIÐA TOTTENHAM OG LIVERPOOL INN Á WHITE HART LANE

## *Jermain Defoe og Aaron Lennon eru í mestu uppáhaldi*

Bræðurnir Jón Torfi og Óskar Jónssynir verða í hópi þeirra krakka sem leiða lið Tottenham og Liverpool inn á White Hart Lane, heimavöll Tottenham, í lok þessa árs. Hefð er fyrir því að krakkar gangi inn á völlinn með liðunum í ensku úrvalsdeildinni og það er rétt hægt að ímynda sér að þetta sé draumur allra krakka sem eitthvað fylgjast með fótbolta.

Jón Torfi er ellefu ára gamall og heldur með Tottenham. Uppáhaldsleikmaður Jóns Torfa er Aaron Lennon og það er því draumur hans að fá að ganga inn á völlinn við hlið Lennons. Óskar heldur sömuleiðis með Tottenham en hans eftirlætisleikmaður er hins vegar Jermain Defoe og Óskar á sér þá ósk heitasta að leiða hann inn á völlinn. Báðir æfa þeir knattspyrnu með Breiðablik og eru miklir áhugamenn um enska boltann. Það er því ekki nema von að þeir bræður séu spenntir fyrir ferðinni en biðin er löng þar sem leikurinn er ekki fyrr en 30. desember.

Faðir drengjanna er Jón Berg Torfason og það þarf vart að taka það fram að hann er einnig Tottenham-aðdáandi. „Ég skráði strákana í klúbbinn úti og á heimasíðunni rak ég augun í þetta, að þeir ættu möguleika á að skrá sig í pott og vera dregnir út til að leiða liðið inn á völlinn. Það er líka annar pottur sem hægt er að skrá þá í en þá geta foreldrarnir borgað klúbbnum fyrir að velja sín börn,“ sagði Jón Torfi og það er augljóst hvaðan strákarnir fengu sinn áhuga á Tottenham. „Strákarnir hafa verið aldir upp við þetta og ég gerði þeim fljótlega grein fyrir því að þeir yrðu að finna sér annað heimili ef þeir styddu ekki Tottenham. Það var mikil pressa á þeim í skólanum um tíma að halda með Manchester United en hún er gengin yfir,“ sagði Jón Berg og hló.



Strákarnir þurfa að mæta á White Hart Lane tveimur og hálfum klukkutíma fyrir leikinn og þar fá þeir búninga og fá svo að hitta leikmennina áður en þeir fara inn í klefa. Þar gefst strákunum tækifæri á að fá eiginhandaráritanir og spjalla aðeins við leikmennina. Jón Berg sagði að strákarnir gætu komið með einhverjar óskir og það kemur í ljós hvort félagið getur orðið við þeim en ár er síðan Jón Berg sendi inn umsóknina.

### ALMENNINGUR SPÁIR



**SVANUR FREYR ÁRNASON, 20 ÁRA, NEMI**
2-1 fyrir Íslendinga, af því að þeir gerðu í sig í síðasta leik.



**SÖREN, 35 ÁRA, FLUGMAÐUR**
1-2 fyrir Svía. Ég er Dani og Svíar gera ekki betur en Danir.



**ERLA KRISTINSDÓTTIR, 27 ÁRA, KENNARI**
Bíddu, það fór 0-4 síðast, ég held að við töpum þessu 0-2.



**GUNNAR INGI JÓNSSON, 69 ÁRA, SKRIFSTOFUMAÐUR**
Þetta verður erfitt og fer 0-2 fyrir Svía.



**BERGLIND HÁLFDÁNSDÓTTIR, 33 ÁRA, NEMI**
Fyrir manneskju eins og mig þá eru einu fótboltatölurnar 14-2.

# Veigar Páll fluttur á sjúkrahús vegna svimakasts

**Veigar Páll Gunnarsson var fluttur á sjúkrahús eftir æfingu íslenska landsliðsins í gær. Fann hann fyrir miklum svima og var færður til rannsóknar. Ástandið er ekki talið alvarlegt en betra þótti að hvíla hann í leiknum í kvöld.**

**FÓTBOLTI** Veigar Páll Gunnarsson var í gær fluttur á sjúkrahús eftir að hann fékk svimakast. Átti það sér stað eftir æfingu íslenska landsliðsins í knattspyrnu. Ástandið er þó ekki talið alvarlegt en læknum þótti betra að hann hvíldi næstu daga og missir hann því af leiknum gegn Svíum í kvöld. Hann fékk að fara heim til sín eftir skoðun.

Er þetta mikið áfall fyrir íslenska landsliðið því víst mátti telja að hann fengi að spreyta sig í byrjunarliði Íslands í kvöld eftir að hann átti góða innkomu í síðari hálfleik gegn Lettum um helgina.

Helgi Valur Daníelsson meiddist um helgina og reyndi að æfa í gær en nú er ljóst að hann verður frá í kvöld vegna bakmeiðsla. Auk þess er Kári Árnason frá en Helgi Valur kom inn á sem varamaður fyrir Kára gegn Lettum.

Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari kallaði á þá Ásgeir Gunnar Ásgeirsson, leikmann FH, og Jónas Guðna Sævarsson, leikmann Keflavíkur, í íslenska landsliðið og komu þeir upp á hótel liðsins seint í gærkvöldi. Þeir eru báðir miðvallarleikmenn sem stóðu sig vel með sínum liðum í sumar.



**VEIGAR PÁLL GUNNARSSON** Á æfingu íslenska landsliðsins í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**EIÐUR KANN ÞETTA** Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari lítur á Eið Smára Guðjohnsen á blaðamannafundi íslenska landsliðsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eyjólfur sagði að þrátt fyrir mikið brottfall sóknarmanna úr íslenska liðinu væri liðið vel sett. „Ég er nú ekki búinn að sjá fyrir hvernig ég mun stilla upp liðinu, það geri ég í fyrsta lagi kvöldið fyrir leik. En það er ljóst að ég þarf að koma með áherslubreytingar í okkar leik. Það gekk illa að verjast gegn Lettum og misstum við einbeitinguna í fimmtán mínútur, sem má ekki gerast í landsleik. Við vorum alls ekki sáttir við þessa útkomu.“

Lið Íslands lék samkvæmt 4-5-1 leikkerfinu um helgina og útilokar Eyjólfur ekki að gera það einnig gegn Svíum. „Það skiptir minna máli hvað þessi leikkerfi heita og meira hvernig áherslur eru í okkar leik. Það er klárt að við ætlum að standa okkur og gera betur en gegn Lettlandi. Það er mikill hugur í leikmönnum og við verðum svo að sjá hversu sterkir Svíarnir verða.“

Mörkin sem Ísland fékk á sig um helgina má fyrst og fremst skrifa á einstaklingsmistök og segir Eyjólfur mikilvægt að fara vandlega yfir þau og ræða úrbætur. „Í fótbolta er það alltaf þannig að mistök eiga sér stað. Það sem er mikilvægt er að næsti leikmaður sé tilbúinn að bæta fyrir þau. Til þess þarf liðið að vera mjög þétt og menn að standa saman.“

Jónas Guðni sagði við Fréttablaðið í gærkvöldi að símtalið frá Eyjólfi hefði komið sér í opna skjöldu. „Ég var í skólanum og þurfti að bruna heim til Keflavíkur til að ná í það sem ég þurfti og svo upp á hótel. Auðvitað er gamall draumur að rætast með þessu og er ég hreint alveg í skýjunum. Ég veit nú ekki hvort ég fái að spila á morgun en auðvitað væri frábært að fá tækifærið.“

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

Eiður Smári Guðjohnsen segir að leikgleði verði að vera við völd gegn Svíum:

# Þurfum að bretta upp ermarnar

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen landsliðsfyrirliði sat eins og vanalega fyrir svörum á blaðamannafundi KSÍ í gær. Hann sagði að sínir menn ættu að nota þetta tækifæri eftir slæma útreið í Lettlandi og rétta úr kútnum gegn Svíum.

„Við þurfum að gera það sem okkur finnst skemmtilegasta að gera og bretta einfaldlega upp ermarnar. Það er auðvitað skemmtilegra að koma heim með sigur á bakinu en það fylgir líka í fótbolta að tapa. En það er einnig ljóst að í þessum leik spiluðum við langt undir getu og vonandi náum við að spila okkar leik gegn Svíum.“

Landsliðsfyrirliðinn var einn í fremstu víglínu gegn Lettum lengst af og náði sér ekki á strik, alla vega ekki fyrir framan mark andstæðingsins. „Við náðum að skapa okkur mörg færi og það mátti litlu muna að við næðum að nýta þau. Að sama skapi fengum við á okkur ódýr mörk sem við verðum að laga. Auðvitað verður maður pirraður í svona leikjum enda ekki gaman að tapa. Gott dæmi er þegar ég er búinn að koma mér í ágæta stöðu, kominn framhjá tveimur mönnum og á skot að marki sem markvörðurinn les vel. Hann kemur boltanum fram og nokkrum sekúndum síðar er staðan orðin 2-0.“



**BRUGÐIÐ Á LEIK** Eiður Smári Guðjohnsen gantast á æfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Eiður segir að þrátt fyrir allt reyni menn til þrautar, sama hver staðan í leiknum er. „En það virtist sem við hefðum getað spilað sólarhring lengur, boltinn var einfaldlega ekki á leiðinni í netið - alla vega ekki hjá mér. Ég vona að ég hafi tekið út öll þessi færi sem ég klikka á og skilið það eftir í Lettlandi.“

- esá

### ALMENNINGUR SPÁIR



**ÁRNI FREYR SNORRASON, 15 ÁRA, NEMI**
Svíþjóð tekur þetta 3-1.



**HEIÐA, 14 ÁRA, NEMI**
Svíþjóð vinnur 0-2.



**STEINUNN, 15 ÁRA, NEMI**
1-3 fyrir Svíþjóð, nei ég veit það ekki.



**GEIR, 17 ÁRA, NEMI**
Ég segi 1-1 eða að Ísland taki þetta. Maður verður að hafa smá trú.



**HREINN ÓLAFUR INGÓLFSSON, 17 ÁRA, NEMI**
0-1 fyrir Svía. Ég held að þeir séu betri en við.



**SALIH HEIMIR PORCA** Er hér á ferðinni í bikarúrslitaleik KR og Grindavíkur árið 1994. FRÉTTABLAÐIÐ/BRYNJAR

Knattspyrnudeild Keflavíkur:

# Porca þjálfar kvennaliðið

**FÓTBOLTI** Salih Heimir Porca hefur verið ráðinn þjálfari kvennaliðs Keflavíkur í knattspyrnu. Porca þjálfaði áður kvennalið Hauka en hefur nú gert þriggja ára samning við Keflavík. Porca lék hér á árum áður með nokkrum liðum í efstu deild í knattspyrnu við góðan orðstír. - dsd

Nýi Króatinn hjá Fylki:

# Frá fram yfir áramót

**HANDBOLTI Króatíski landsliðsmaðurinn Tomislav Broz, sem kom til Fylkis rétt fyrir tímabilið, mun ekki nýtast Fylki sérstaklega vel í upphafi móts því hann er illa meiddur í nára og verður frá að minnsta kosti fram yfir áramót.**

**Þetta er mikið áfall fyrir Fylki en miklar væntingar voru gerðar til Króatans fyrir tímabilið. Ekki er ólíklegt að Fylkir taki upp veskið af þessu tilefni og styrki liðið enn frekar. - hbg**

Enska landsliðið:

# King ekki með gegn Króötum

**FÓTBOLTI** Ledley King verður ekki með enska landsliðinu sem mætir Króötum í dag vegna hnémeiðsla. King var ekki með á æfingu liðsins í mánudaginn og eftir fund með læknum enska liðsins var ákveðið að King færi ekki með liðinu til Króatíu. „Það var ljóst að King yrði mjög tæpur fyrir leikinn og við ákváðum að taka enga áhættu með hann,“ sagði talsmaður enska landsliðsins.

Þetta er töluvert áfall fyrir King, sem þótti leika vel í fjarveru Rio Ferdinand, en Rio fór með liðinu til Króatíu og búist er við því að hann verði í byrjunarliðinu. Englendingar eru á toppi riðilsins en Króatar geta jafnað þá að stigum ef þeim tekst að vinna Englendinga í dag. - dsd



**Á LEIÐ TIL FRAKKLANDS** Kári Kristjánsson og félagar í Haukum mæta Paris Handball.

Evrópukeppnin í handbolta:

# Haukar fara til Parísar

**HANDBOLTI Í gær var dregið í Evrópukeppnunum í handbolta en íslensku félögin Fylkir og Haukar eru enn meðal þátttakenda.**

**Haukar drógust gegn franska félaginu Paris Handball í þriðju umferð Evrópukeppni félagsliða en Fylkir dróst á móti svissneska liðinu St. Ottmar, sem er frá St. Gallen, í Áskorendakeppni Evrópu.**

**Fyrri leikirnir eru 4. og 5. nóvember og síðari leikirnir viku síðar. - hbg**

Joey Barton sleppur með sekt og aðvörun:

# Sektaður um 250 þúsund fyrir að sýna afturendann

**FÓTBOLTI** Hinn skrautlegi og skemmtilegi leikmaður Manchester City, Joey Barton, var í gær sektaður um 250 þúsund krónur og gefin aðvörun fyrir athæfi sitt eftir leikinn gegn Everton á dögunum.

Þegar Barton var að ganga af velli eftir leikinn fékk hann það óþvegið frá stuðningsmönnum Everton sem hrópuðu að honum. Barton, sem var þegar kominn úr að ofan, gerði sér lítið fyrir og dró stuttbuxurnar sínar niður að aftan er hann labbaði framhjá stuðningsmönnunum. Hann sem sagt „múnaði“ stuðningsmennina, sem höfðu lítinn húmor fyrir uppátæki Bartons.

„Ég fékk sanngjörn réttarhöld og ég get ekki beðið um meira,“ sagði Barton þegar úrskurðurinn var ljós. „Ég vil þakka leikmannasamtökunum, félaginu mínu og enska knattspyrnusambandinu fyrir að hlusta á mig og stuðningsmönnunum sem skrifuðu mér bréf og sýndu þar með stuðning sinn í verki. Bréfin voru ekki bara frá stuðningsmönnum Man. City heldur líka frá stuðningsmönnum annarra liða.

Ég er mjög þakklátur og vonandi endar málið hér og er grafið og gleymt. Ég fékk sekt og einnig sanngjörn réttarhöld þannig að ég kvarta ekki yfir neinu.“

Barton sagði að aganefndin hefði tekið mark á að honum hefði verið ögrað og fyrir vikið hefði úrskurðurinn ekki verið eins harður og margir bjuggust við. Atvikið náðist á myndband og hefur vakið mikla lukku úti um um allan heim enda klárlega um einstakan atburð að ræða. - hbg



**JOEY BARTON** Fagnar hér einu marka sinna fyrir Manchester City. Hér er hann þó fullklæddur. NORDIC PHOTOS/AFP



**VAN NISTELROOY** Sáttur við Alex Ferguson. NORDIC PHOTOS/AFP

Van Nistelrooy og Ferguson:

# Búnir að grafa stríðsöxina

**FÓTBOLTI Hollenski framherjinn Ruud van Nistelrooy sagðist í gær vera búinn að sættast við gamla stjórann sinn, Sir Alex Ferguson, og að allt væri í góðu þeirra á milli.**

**„Ég skulda Ferguson mikið og ber mikla virðingu fyrir honum,“ sagði van Nistelrooy, sem sakaði Ferguson fyrir skömmu síðan um að hafa svikið sig og stungið sig í bakið. „Það sem gerðist er liðin tíð og við verðum að halda áfram. Margir frábærir leikmenn hafa yfirgefið United og farið til annarra liða,“ sagði van Nistelrooy, sem hefur byrjað tímabilið frábærlega með Real og skorað líkt og áður væri. - hbg**


Hyundai hefur gæðin

Hefur gæðin



Hyundai er í 3. sæti í nýjustu IQS gæðakönnun J.D. Power, næst á eftir Porsche og Lexus. Þetta er jafnframt þriðja árið í röð sem Hyundai er meðal fremstu bílaframleiðanda heims. IQS könnunin er ein virtasta könnun sinnar tegundar, byggð á svörum rúmlega 63.000 bifreiðareigenda. Það eru því orð að sönnu að Hyundai hafi gæðin.






Frá kr. 3.460.000

SANTA FE

Hyundai kynnir nýja kynslóð sportjeppa, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíll í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Þitt er valið. Þá er Santa Fe glæsilegur fararkostur sem vekur hvarvetna eftirtekt fyrir fágaða hönnun og áræðna eiginleika.



Frá kr. 2.590.000

TUCSON

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublöð
- 16” álfelgur
- Verðlaunabíll í sínum flokki

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Með bílinn handa þér




Mikael Nilsson, leikmaður Panathinaikos, býst við erfiðum leik í kvöld:

# Sjálfstraustið er mikið í liðinu

**FÓTBOLTI** „Okkur hefur gengið vel. Við unnum Spán á laugardaginn, erum með fullt hús stiga og sjálfstraustið er mikið,“ sagði Mikael Nilsson, leikmaður Panathinaikos og sænska landsliðsins, í samtali við Fréttablaðið á blaðamannafundi Svíanna í gær. Hann, eins og allir aðrir leikmenn sænska liðsins, segist búast við erfiðum leik í kvöld. „Ísland er gott lið og með duglega leikmenn. Við þurfum einnig að vera duglegir og einbeittir að verkefninu í kvöld ef við ætlum okkur sigur, rétt eins og í öllum okkar leikjum.“

Spurður hvort sænsku landsliðsmennirnir vanmeti ekki íslenska liðið örlítið segist hann vona að svo sé ekki. „Auðvitað búast bæði leikmenn og stuðningsmenn liðsins við því að við vinnum þennan leik. En þetta er fótboltaleikur eins og hver annar og fyrst við gátum unnið Spánverja tel ég allt eins líklegt að Ísland geti unnið Svíþjóð. Og ef við ætlum okkur eitthvað úr þessum leik verðum við að spila jafn vel og við gerðum á laugardag. Og það er alveg ljóst að ef við vinnum ekki í dag verður sigurinn á Spánverjum fyrir vikið ekki alveg eins sætur.“

Nilsson segir að riðillinn sé skipaður mörgum sterkum liðum sem séu sérstaklega erfið við að eiga á sínum heimavelli og það sé tilfellið með lið eins og það íslenska og norður-írska. „Fyrir vikið verða allir leikir mikilvægir.“ Hann segir að sú neikvæða umfjöllun sem verið hefur um sænska liðið undanfarið hafi ekki áhrif á liðsandann. „Það hefur verið mikið skrifað í blöðunum og flest neikvætt. En við látum það ekki hafa áhrif á okkur og það sást á laugardaginn. Það er allt í góðu lagi í okkar hópi.“ - esá


**MIKAEL NILSSON** Tekur á Antonio Puerta í leiknum gegn Spáni um helgina. NORDIC PHOTOS/AFP

# Eiður Smári og Hannes yrðu gott sóknarpar

**Lars Lagerbäck, landsliðsþjálfari Svía, segir að forföll íslenskra sóknarmanna í leiknum á morgun geri það að verkum að sóknarleikur íslenska liðsins geti orðið óútreiknanlegur. Sænska vörnin verði að vera á tánum í kvöld.**

**FÓTBOLTI** Þó nokkur skörð hafa verið höggvin í bæði íslenska og sænska leikmannahópinn fyrir leik liðanna á Laugardalsvelli í kvöld. Lars Lagerbäck, landsliðsþjálfari Svía, hefur þó ekki áhyggjur af forföllum þriggja miðvallarleikmanna úr sínum hópi.

„Ég myndi auðvitað vilja hafa alla mína menn heila en ég á góða leikmenn sem koma í liðið í staðinn,“ sagði Lagerbäck við Fréttablaðið í gær.

Hann segir að íslenska liðið hafi á að skipa góðum leikmönnum og að sigur Letta um síðustu helgi hafi verið of stór.

„Kannski eins marks sigur hefði verið réttlát úrslit. En það er samt staðreynd að varnarleiknum hefur verið ábótavant. Danir skoruðu tvö mörk úr skyndisóknum rétt eins og við gerðum hér í fyrra. Í Lettlandi fengu Íslendingar á sig mörk eftir einstaklingsmistök.“

Spurður um sóknarleikinn segir Lagerbäck að hann hafi skoðað þann þátt vel en nú sé nokkur óvissa um hvernig Eyjólfur Sverrisson muni stilla sínu liði upp.

„Það er ómögulegt að segja hverjir munu spila þar sem margir eru frá vegna meiðsla. Til að mynda hvort þeir spili með einn eða tvo framherja. En í íslenska liðinu eru margir góðir leikmenn og finnst mér Hannes Þ. Sigurðsson og Veigar Páll Gunnarsson sterkir leikmenn sem myndu sóma sér vel í fremstu víglínu með Eiði Smára.“

Þegar viðtalið var tekið var enn óvitað að Veigar yrði frá vegna veikinda. Lagerbäck segir að sama hver spili leikinn þurfi sænska vörnin að vera á tánum.

„Íslendingar eru þekktir fyrir að berjast vel hver fyrir annan og við þurfum að vera mjög einbeittir allan leikinn.“

Það var svo tilkynnt í gær að Niclas Alexandersson, leikmaður IFK Gautaborgar, yrði fyrirliði Svíþjóðar á morgun en hann leikur sinn 95. landsleik í kvöld. Hann verður 35 ára í desember en Lagerbäck líkti honum við gott vín sem batnaði aðeins með aldrinum.

Alexandersson verður væntanlega við hlið Christian Wilhelmsson á miðjunni í kvöld og sagði „Chippen“, eins og hann er kallaður, að hann hlakkaði til leiksins í kvöld.

„Ég er klár í slaginn og mjög spenntur. Það var ekki erfitt að gíra sig upp í þennan leik eftir leikinn um helgina og við hugsum ekki mikið um sigurinn gegn Spáni. Nú er nýr leikur á dagskrá.“

Chippen skoraði glæsilegt mark í 4-1 sigri Svía á Íslandi í fyrra og segir að hann verði ánægður ef honum takist að skora aftur. „Ég er alltaf ánægður þegar ég skora en markið í fyrra var vissulega fallegt.“

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is


**MEÐ FYRIRLIÐANUM** Lars Lagerbäck og Niclas Alexandersson, fyrirliði Svía í kvöld, á blaðamannafundi Svía í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VIHELM

Rami Shaaban, markvörður Svía, er í sinni fyrstu Íslandsferð:

# Erum undirbúnir fyrir veðrið

**FÓTBOLTI** Rami Shaaban er markvörður sænska landsliðsins í fjarveru Andreas Isaksson sem á við meiðsli að stríða. Hann átti stórleik gegn Spánverjum um helgina þegar Svíar unnu 2-0.

„Margir hafa spurt mig hvort þetta hafi verið stærsti leikur ferilsins en ég held að fyrsti leikur okkar á HM í sumar, gegn Trínidad og Tóbagó, hafi verið stærri hvað alla umgjörð varðar. Ég hef líka spilað nokkra stóra leiki með Arsenal, suma í Meistaradeildinni. En leikurinn á laugardag kemst á topp fimm,“ sagði Shaaban sem leikur nú með Frederikstad í norsku úrvalsdeildinni.

Hann er nú í fyrsta sinn á Íslandi en hann segir að sínir menn séu undirbúnir fyrir hvers kyns veðráttu. „Það verður ekkert vandamál,“ sagði hann glaðbeittur.

Shaaban þekkir nokkra leikmenn íslenska liðsins úr norsku deildinni, þeirra á meðal Árna Gaut Arason, enda hafa þeir margsinnis mæst á vellinum.

„Annars er ég ekki þessi dæmigerði fótboltafíkill sem þekkir leikmenn um allar trissur. En við förum vel yfir leikmenn íslenska liðsins í kvöld.“ - esá


**RAMI SHAABAN** Grípur boltann á HM í sumar. NORDIC PHOTOS/AFP

Tobias Linderoth:

## Missir líklega af Man. United

**FÓTBOLTI** Það er ekki nóg með að Tobias Linderoth missi af landsleiknum í dag vegna fæðingar barns síns heldur gæti einnig farið svo að leikmaðurinn missi af leik FC Kaupmannahafnar og Manchester United sem fram fer á þriðjudaginn í næstu viku ef barnið verður ekki komið í heiminn fyrir þann tíma. Maria, eiginkona Linderoth, var skráð 10. október og þjálfari Kaupmannahafnarliðsins bíður og vonar að barnið fari nú að koma í heiminn, en liðið fer til Manchester á mánudaginn.

„Ef ekkert verður búið að gerast fyrir þriðjudaginn spilum við án Linderoth. Það er ekkert öruggt í þessu en ég reikna frekar með því að hann verði ekki með,“ sagði Ståle Solbakken. - dsd

Króatíska landsliðið:

## Getu fengið þunga refsingu

**FÓTBOLTI Knattspyrnusamband Evrópu, UEFA, hefur hótað Króötum því að ef áhorfendur liðsins láti ekki af kynþáttafordómum í garð andstæðingana muni sambandið grípa til róttækra aðgerða. UEFA gæti gengið svo langt að reka landsliðið úr undankeppni Evrópumótsins en Króatar fengu sekt á dögunum fyrir hegðun sína í vináttuleik gegn Ítalíu.**

**„Það eru nýjar reglur sem segja til um að hægt sé að reka lið úr keppnum og draga stig af liðum. Við munum fylgjast grant með hverju atviki,“ sagði talsmaður UEFA.** - dsd

Framtíð Skagamannsins Hafþórs Ægis Vilhjálmssonar að skýrast:

# Næsti áfangastaður verður Norrköping eða Valur

**FÓTBOLTI** Það styttist í að framtíð Skagamannsins spræka Hafþórs Ægis Vilhjálmssonar fari að skýrast. Samningur Hafþórs Ægis við ÍA rennur út í lok mánaðarins og það er ljóst að hann mun ekki leika áfram með félaginu.

Hafþór fór til reynslu hjá sænska félaginu Norrköping á dögunum en þar eru fyrir sveitungar hans Garðar Gunnlaugsson og Stefán Þórðarson.

„Mér leist mjög vel á þetta félag og ef ég fæ ágætis samningstilboð frá þeim er líklegt að ég stökkvi á það,“ sagði Hafþór Ægir en hann er ekki alveg búinn að landa samningi við félagið. „Þeir vilja fá mig aftur út og skoða mig betur. Þeim leist greinilega eitthvað á mig og ég fæ annað tækifæri, væntanlega um helgina, til að sýna mig og sanna.“

Hafþór Ægir staðfesti við Fréttablaðið í gær að hann myndi ekki spila áfram með ÍA. Ef ekkert verður af því að hann fari til Norrköping mun Hafþór skrifa undir samning við Val samkvæmt mjög áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins en samningur þess efnis ku liggja klár til undirskriftar, fari svo að hann fái ekki samning hjá Norrköping.

„Ég get ekki staðfest neitt slíkt. Vissulega eru nokkur lið sem koma til greina en ég get ekkert tjáð mig um þau mál á þessu stigi,“ sagði Hafþór Ægir aðspurður um hvort hann væri búinn að ná samkomulagi við Val.

Vængmaðurinn ungi vakti verulega athygli undir lok tímabilsins þegar hann fór á kostum með ÍA en hann átti erfitt uppdráttar framan af sumri þegar tækifærin voru af skornum skammti.

Leikkerfið sem bræðurnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir létu ÍA spila átti greinilega vel við Hafþór því hann lék við hvurn sinn fingur eftir að þeir tóku við og fyrir vikið jókst áhugi stóru félaganna verulega á honum. - hbg



**SJÁUMST SÍÐAR** Hafþór Ægir veifar hér hinni gulu treyju ÍA í lokaleik sínum með félaginu, í bili að minnsta kosti. Hann mun annað hvort spila með Norrköping eða Val á næstu leiktíð. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR



**GEKK FRÁ ROONEY** Dave Whelan sparar ekki stóru orðin í garð Erikssons. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Stjórnarformaður Wigan:

## Eriksson er hálfviti

**FÓTBOLTI** Dave Whelan, stjórnarformaður Wigan, er allt annað en sáttur við Sven-Göran Eriksson, fyrrverandi landsliðeinvald Englendinga, og gengur svo langt að kalla Svíann hálfvita. Whelan kennir Eriksson um þá lægð sem Wayne Rooney er í þessa dagana, en Eriksson lét Rooney spila einan í framlínu Englands þegar hann var rekinn af velli gegn Portúgal á HM.

„Eriksson gekk alveg frá drengnum. Ég vona bara að þessi hálfviti hafi ekki drepið keppnisskapið hjá Rooney. Ég horfði á leikinn gegn Portúgal í sumar og vorkenndi Rooney, hann vildi standa sig vel en það var erfitt fyrir hann að vera einn frammi. Rooney barðist eins og ljón í leiknum en komst lítið áleiðis. Eriksson gjörsamlega gekk frá honum í þessum leik,“ sagði Whelan. - dsd



**REYNIR LEÓSSON** Nánast búinn að ganga frá samningi við Fram en mál Helga Sigurðssonar gæti haft áhrif á ákvörðun hans. Hann sést hér á góðri stundu með Ólafi Þórðarsyni, sem verður væntanlega aftur þjálfarinn hans. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Ekki alveg öruggt að Reynir Leósson fari til Fram:

# Brá þegar ég heyrði um Helga Sigurðsson

**FÓTBOLTI** Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær er Reynir Leósson að öllum líkindum á leið til Fram. Hann sagði við Fréttablaðið á dögunum, þegar ljóst var að hann myndi koma heim, að hann væri nánast búinn að ganga frá samningiviðákveðiðúrvalsdeildarfélag. Flestir töldu hann vera að tala um sitt uppeldisfélag, ÍA. Reynir staðfesti í gær að þetta félag hefði allan tímann verið Fram.

„Við erum nánast búnir að ganga frá öllu en það er aldrei neitt öruggt fyrr en búið er að skrifa undir. Síðan verð ég reyndar að játa að mér brá svolítið í dag þegar ég heyrði tíðindin af Helga Sigurðssyni,“ sagði Reynir og mátti heyra á honum að þær fréttir gætu hugsanlega haft áhrif á ákvörðun hans um hvort hann færi í Fram.

„Það er slæmt þegar fyrirliðinn talar um að það sé botnbaráttta fram undan. Þetta kom mér mjög á óvart og það er verulega slæmt ef liðið er að missa sterka leikmenn. Framararnir hafa sannfært mig um að þeir ætli sér stóra hluti og því bregður manni óneitanlega þegar það berast fréttir af því að besti maður liðsins sé á förum. Ég er metnaðarfullur og vil vera að spila í efri hlutanum. Þessar fréttir voru ekki það sem maður vildi heyra núna. Þetta þarf samt ekkert að eyðileggja samninginn við félagið.“ - hbg

Jólabolti í Barcelona

Þann 8. - 11. desember verður íþróttadeild Úrvals Útsýnar með spennandi ferð á leik Barcelona og Real Sociadad.

Síðasta ferð seldist upp á 2 dögum, hlökkum til að heyra frá ykkur.

Verð 74.900,-

Innifalið í verði er: Flug, skattar, gisting í 3 nætur m/morgunverði, miði á völlinn og íslensk fararstjórn.

Nánari upplýsingar og bókanir hjá íþróttadeild Úrvals Útsýnar í síma 585-4000 eða á tölvupósti silja@uu.is

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„You never say, „I'm gonna fight you, Steve“. You just smile and act natural, and then you sucker-punch him.“**

**Svar:** Steve Sizzou (Bill Murray) úr myndinni The Life Aquatic With Steve Sizzou frá 2004.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON SÁ TVO ÁHUGAVERÐA VIÐTALSÞÆTTI Í RÖÐ

# *Góð tvenna en önnur allt of löng*

Viðtalsþættirnir tveir í Ríkissjónvarpinu á sunnudagskvöldið voru afar áhugaverðir þó svo að sá síðari hafi verið allt of langur.

Fyrst spjallaði Eva María Jónsdóttir við leikstjórann Baltasar Kormák og var viðtalið mjög skemmtilegt. Það virkaði aldrei formlegt heldur náðu þau tvö vel saman. Frásagnir af sveitamennsku Baltasars, stjórnmálaáhuga hans, væntanlegu kvikmyndahlutverki og næstu mynd hans Mýrinni var gaman að hlusta á og ljóst að þáttur Evu Maríu er kominn á flug eftir nokkuð rólega byrjun.

Eftir að viðtalinu við Baltasar lauk var komið að öðrum færum spyrli, Jónasi Sen, að ræða við fiðluleikarann Sigrúnu Eðvaldsdóttur í þættinum Tíu fingur. Jónas sýndi góða takta og spurði eins og hann vildi virkilega vita um lífshlaup Sigrúnar. Það slæma við þáttinn var aftur á móti að hann var mun lengri en hann þurfti að vera. Var hann eiginlega meira í ætt við heimildarmynd heldur en nokkru sinni viðtalsþátt.

Eftir hálftíma var ég eiginlega búinn að fá nóg og gekk í burtu. Þegar ég sneri aftur að sjónvarpinu löngu síðar var Sigrún ennþá í tækinu, núna að spila á fiðluna af sinni alkunnu snilld. Býst ég við því að einungis hörðustu aðdáendur hennar hafi enn nennt að sitja og fylgjast með af einhverri athygli.



**EVA MARÍA** Eva María Jónsdóttir átti gott spjall við Baltasar Kormák.



20.45 *Drama*

BRÁÐAVAKTIN



20.05 *Lífsstíll*

VEGGFÓÐUR



20.30 *Gaman*

SOUTH PARK



22.00 *Drama*

THE L WORD



20.00 *Knattspyrna*

KRÓATÍA - ENGLAND

### SJÓNVARPIÐ

**16.35** Disneystundin **16.36** Lílo og Stitch (32:39) **17.00** Sígildar teiknimyndir (4:42) **17.05** Herkúles (4:28) **17.30** Táknmálsfréttir **17.40** Upphitun fyrir landsleik **18.00** Landsleikur í fótbolta

**19.00 Fréttayfirlit**
**19.05 Landsleikur í fótbolta** Seinni hálfleikur
**20.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**20.35 Víkingalottó**
▶ **20.45 Bráðavaktin (8:22)** (ER XII) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**21.30 Litla-Bretland (8:8)** (Little Britain I) Bresk gamanþáttaröð þar sem grínistarnir Matt Lucas og David Walliams bregða sér í ýmissa kvikinda líki og kynna áhorfendum Bretland og furður þess. e.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Mín Kúba** (Cuba Mia)

**23.20** Landsleikur í fótbolta **1.20** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah (106:145) **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.05** Derren Brown: Live Seance (e)

**12.00** Hádegisfréttir **12.40** Neighbours **13.05** Í fínu formi 2005 **13.20** Mr. Bean **13.45** Las Vegas (19:24) **14.30** The Apprentice (14:14) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The Simpsons (18:22)** (Simpson fjölskyldan)
▶ **20.05 Veggfóður (5:7)**
**20.50 Oprah (108:145)** (Why I Hate Myself: Mothers Confess) Spánnýir þættir með hinni einu sönnu Opruh.
**21.35 The Inside (6:13)** (Nýliðinn) (6:13) Morðingi er laus sem stelur hjörtum fórnarlamba sinna. Rannsókn málsins flækist mjög þegar fleiri morð í sama anda eru framin og ljóst er að einhver er að herma eftir „hjartaþjófnum“. Stranglega bönnuð börnum.
**22.20 Strong Medicine (6:22)** (Samvkæmt læknisráði)

**23.05** Big Love (Bönnuð börnum) **23.55** Crossing Jordan (Bönnuð börnum) **0.40** Cleopatra **4.40** The Inside (Str. bönnuð börnum) **5.25** Fréttir og Ísland í dag **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS TV

**18.00** Insider (e)

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld (3:24)** (The Maestro)
**20.00 Entertainment Tonight**
▶ **20.30 South Park**
**21.00 Blowin/ Up** Grínistinn Jamie Kennedy og félagi hans Stu Stone eru ákveðnir í að reyna fyrir sér í tónlistarbransanum sem rapparar.
**21.30 Ghost Whisperer**
**22.20 Smallville** (Vessel) Fimmta þáttaröðin um Ofurmennið í Smallville.

**23.10** Insider **23.35** Rescue Me (e) **0.25** Seinfeld (3:24) **0.50** Entertainment Tonight (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Dýravinir (e)

**15.25** Innlit / útlit (e) **16.20** Beverly Hills 90210 **17.05** Dr. Phil

**18.00 6 til sjö**
**19.00 Melrose Place**
**19.45 The King of Queens (e)** B
**20.10 Love, Inc – NÝTT!** Gamanþáttur um stefnumótaþjónustu sem gengur alla leið. Stúlkurnar í Love, Inc. hjálpa lánlausum gaurum, og jafnvel einstaka stúlkum, að fínpússa stefnumótatæknina fyrir stóru stundina en þótt sérfræðingarnir viti hvað er best fyrir viðskiptavininn er ástarlíf þeirra sjálfra oft í mikilli flækju.
**20.35 Out of Practice – NÝTT!**
**21.00 America's Next Top Model VI**
▶ **22.00 The L Word**

**23.00** Jay Leno **23.45** Conviction (e) **0.35** Da Vinci's Inquest (e) **1.20** Beverly Hills 90210 (e) **2.05** Melrose Place (e) **2.50** Óstöðvandi tónlist

### SÝN besta sætið

**18.30 Ameríski fótboltinn** (Upphitun fyrir helgina)
**19.00 Íþróttahetjur** Íþróttahetjur eru af öllum stærðum og gerðum. Í þættinum er fjallað um fólk sem æfir og keppir í ólíkum íþróttagreinum en allt er það íþróttahetjur á sinn hátt. Skák, skylmingar og borðtennis eru aðeins nokkrar íþróttagreinar sem koma við sögu.
**19.30 Arnold Schwarzenegger mótið**
▶ **20.00 Undankeppni EM 2008** (Króatía – England)
**21.40 Undankeppni EM 2008** (Írland – Tékkland)

**23.20** Meistaradeild Evrópu

### SKJÁR SPORT

**19.30 Upphitun Frá 06.10 (e)** Knattspyrnustjórar, leikmenn og aðstandendur úrvalsdeildarliðanna spá og spekúlera í leiki helgarinnar.
**20.00 Wigan – Watford (e) Frá 23.09**
**22.00 Portsmouth – Bolton (e) Frá 25.09**
**0.00** Dagskrárlok

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**17.00** Nýtt í vikunni **18.00** Spánareignir

**19.00 Fjölbýli og hæðir (e)**
**20.00 Nýtt í vikunni**
**21.00 Einbýlishús**
**22.00 Fjölbýli og hæðir**

**23.00** Nýtt í vikunni (e) **0.00** SMS eignir

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **14.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **15.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **16.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns **17.00** Sexiest Red Carpet Divas **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** Tyra Banks THS **20.00** 101 Guiltiest Guilty Pleasures **21.00** Girls of the Playboy Mansion **21.30** Girls of the Playboy Mansion **22.00** Naked Wild On **22.30** Naked Wild On **23.00** Sexiest Supermodels **0.00** Tyra Banks THS **1.00** 101 Guiltiest Guilty Pleasures **2.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion!

### N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15


BÍÓ SIRKUS SIRKUSTV+




SIRKUS PLÚS
NÚ Á DIGITAL ÍSLANDI
STÆRSTA DREIFIKERFIÐ | EINFALDASTA UPPSETNINGIN LANG FLESTAR STÖÐVAR
Sirkus plús er á rás 6
OG VODAFONE / 515 6100 / DIGITALISLAND.IS
digital ísland

## VIÐ MÆLUM MEÐ

**SJÓNVARPIÐ KL. 18.00**

### Ísland - Svíþjóð



Það fór ekki vel síðast þegar við spiluðum við Svía. Einungis norræn frændsemi kom í veg fyrir niðurlægingu okkar manna. Það fór heldur ekki vel í síðasta leik í undankeppninni en þá voru við kjöldregnir af Lettum. Sá leikur fór 4-0, sem verður að teljast döpur úrslit. Ef leikurinn í dag tapast erum við orðin áhorfendur í riðlinum. Kannski er til of mikils ætlast að vinna Svía, sem í síðasta leik lögðu Spánverja sannfærandi 2-0, en það er í lagi að vona. Nú er eins gott að Eiður eigi stjörnuleik, Hermann loki vörninni og kuldinn leggist illa í Svíana. Það er alltaf von.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 3 | | | | |
| 8 | | | 2 | | 7 | | | 1 |
| | 7 | 4 | 1 | | 8 | 5 | 2 | |
| | | 6 | | | | 8 | | |
| 4 | | | | | | | | 9 |
| | | 8 | | | | 2 | | |
| | 4 | 7 | 8 | | 5 | 9 | 1 | |
| 2 | | | 9 | | 4 | | | 6 |
| | | | | 7 | | | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 5 | 1 | 8 | 4 | 3 | 6 | 2 | 9 |
| 4 | 6 | 9 | 7 | 1 | 2 | 3 | 8 | 5 |
| 2 | 8 | 3 | 5 | 9 | 6 | 7 | 1 | 4 |
| 1 | 2 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 | 3 | 8 |
| 9 | 7 | 8 | 4 | 3 | 1 | 5 | 6 | 2 |
| 6 | 3 | 5 | 2 | 8 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 3 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 | 2 | 9 | 6 |
| 8 | 9 | 2 | 3 | 6 | 4 | 1 | 5 | 7 |
| 5 | 1 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 | 4 | 3 |



**20.00**

*Gaman*

THERE IS SOMETING ABOUT MARY

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Mighty Morphin Power Rangers (e) **8.00** Interstate 60 **10.00** The Curse of the Pink Panther **12.00** There's Something About Mary **14.00** Mighty Morphin Power Rangers (e)

**16.00** Interstate 60 **18.00** The Curse of the Pink Panther

**20.00 There's Something About Mary**

**22.00** **Scary Movie 3** (Hryllingsmyndin 3) Grín-hryllingsmynd þar sem margar af vinsælustu stórmyndum síðari ára fá það óþvegið. Allt frá Lord of the Rings til 8 Mile. 2003. Bönnuð börnum.

**0.00** Comic Book Villian (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Extreme Ops (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Scary Movie 3 (Bönnuð börnum)

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan: Lygasaga **14.30** Miðdegistónar **15.03** Sögur af sjó og landi **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Stelpulitir **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Jazzhátíð Reykjavíkur 2006

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.45** Morgunútvarp Rásar 2 **9.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Fréttir **18.03** Fótboltarásin **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert með Magtens korridorer **22.10** Geymt en ekki gleymt

## BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður


HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7306




Haustpakki

Sjálfskiptur Picanto á 20.953 kr. á mánuði, engin útborgun*

**KIA Picanto** er lipur, fallegur, nútímalegur og sparneytinn smábíll með skynsamlegri rýmisnýtingu. **Sjálfskiptur Picanto býðst nú með veglegum haustpakka** sem inniheldur m.a. sumardekk á álfelgum og vetrardekk á stálfelgum á aðeins **1.385.000 kr.**

**Picanto** er einnig fáanlegur beinskiptur á frábæru verði, aðeins **1.198.000 kr.**

**KIA** er sá bílaframleiðandi sem er í mestum vexti í heiminum í dag. Það er ekkert skrítið þegar hægt er að bjóða þessi gæði á svona verði.

*M.v. 100% fjármögnun í bílasamningi til 84 mánaða SJÓVÁ FJÁRMÖGNUN í erlendri mynt frá Sjóvá Fjármögnun.

KIA MOTORS *The Power to Suprise™*

HEKLA KIA *umboðið* á Íslandi er í eigu Heklu hf.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

## HRÓSIÐ …



*…fær Jón Gnarr fyrir að leggja sitt af mörkum við að lífga upp á starfsandann á fjölmörgum vinnustöðum með fyrirlestrum sínum um íslenskan húmor.*



**LÁRÉTT**
**2** örugglega **6** hlutafélag **8** haf **9** illæri **11** golf áhald **12** flækja **14** vera í vafa **16** í röð **17** yfirgaf **18** kúgun **20** þreyta **21** lipurð.
**LÓÐRÉTT**
**1** ofneysla **3** klaka **4** öryggisbelti **5** þrí **7** óvild **10** röð **13** kóf **15** tryggur **16** guðshús **19** ryk.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** víst, **6** hf, **8** sær, **9** óár, **11** tí, **12** flóki, **14** efast, **16** hi, **17** fór, **18** oki, **20** lú, **21** fimi.
**LÓÐRÉTT: 1** óhóf, **3** ís, **4** sætisól, **5** trí, **7** fáleiki, **10** róf, **13** kaf, **15** trúr, **16** hof, **19** im.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Michelle og Yesterday.
2. 1. mars 2007.
3. Forgarður helvítis.

**Gítarkennari**

Tónskóli Hörpunnar leitar að gítarkennara. Stundakennsla. s. 822 0398




# Hrafninn flýgur til Suður-Ameríku

„Ég er á leiðinni, er staddur á Kúbu núna en flýg síðan til Argentínu," segir Hrafn Gunnlaugsson, sem verður heiðursgestur kvikmyndahátíðarinnar í Mar Del Plata í Argentínu. Hátíðin sýnir fimm kvikmyndir hans á svokallaðri yfirlitssýningu eða retrospective en þetta eru Hrafninn flýgur, Í skugga hrafnsins, Hvíti víkingurinn, Myrkrahöfðinginn og Hin helgu vé. Hrafn hefur verið á miklu ferðalagi, fór fyrst til Panama og þaðan til Kúbu, flýgur síðan til höfuðborgar Argentínu en þaðan liggur leiðin til Mar Del Plata. „Mér þykir voðalega vænt um að einhverjir í Suður-Ameríku skuli vilja sýna myndirnar mínar, það gleður mitt gamla hjarta," bætir leikstjórinn við.



**HRAFN GUNNLAUGSSON** Var á Kúbu en heldur áleiðis til Argentínu þar sem hann verður heiðursgestur á kvikmyndahátíði í Mar Del Plata.

Hrafn verður í Argentínu í tólf daga þar sem hann kynnir myndirnar og ræðir við áhorfendur um þær en leikstjórinn sagðist ætla að ræða við þá á spænsku enda nýbúinn að ljúka námi í tungumálinu við Háskólann í Havana. Hrafninn flýgur hefur verið talsett á spænsku og víkingamyndir Hrafns hafa notið töluverðra vinsælda í heimsálfunni, þykja exótískar og víkingarnir framandi og spennandi persónur. „Mér finnst Hrafninn flýgur eiginlega betri á spænsku en íslensku, talsetningin er alveg meistaralega gerð," segir Hrafn og hlær, hermir í kjölfarið eftir persónu Flosa Ólafssonar, Eiríki, sem er víst mun djúpraddaðri í spænsku útgáfunni en í þeirri íslensku. Hrafn segist ekki vera mikið fyrir að fara á kvikmyndahátíðir, leiðist að leika leikstjóra. „En þegar allt er borgað fyrir mig og komið fram við mig eins og höfðingja get ég ekki sagt nei við slíku boði," segir Hrafn. **- fgg**



**ÞUNGUR HNÍFUR** Hrafninn flýgur verður sýndur með spænsku tali en talsetningin þykir einstaklega vel gerð.



**FRIÐRIK WEISSHAPPEL** Ánægður með stemninguna meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn og sérstaklega Nyhedsavisen. Íhugar sjálfur að opna fleiri kaffihús í Köben og jafnvel í Osló. FRÉTTABLAÐIÐ/KS

**FRIÐRIK WEISSHAPPEL:** SKOÐAR OPNUN KAFFIHÚSA Í OSLÓ OG KÖBEN

# Fleiri kaffihús áformuð

„Við erum að fara að skoða tvö húsnæði í Kaupmannahöfn í næstu viku með lögfræðingi. Það er hins vegar algerlega óvíst hvort eitthvað kemur út úr því, kannski opnum við fleiri kaffihús en kannski ákveðum við líka að slaka á næstu mánuðina," segir Friðrik Weisshappel, athafnamaður í Kaupmannahöfn.

Rúm tvö ár eru síðan Friðrik og þrír félagar hans opnuðu The Laundromat Café á Norðurbrú. Kaffihúsið þótti bæði smekklega hannað og skemmtilegt, enda gefst gestum kostur á því að þvo þvottinn sinn á meðan drukkið er kaffi. Fyrir tveimur mánuðum opnuðu þeir félagar svo annað kaffihús með sama nafni, en að þessu sinni á Austurbrú. Friðrik segir að nýi staðurinn hafi sömuleiðis gengið mjög vel.

„Þetta hefur allt gengið mjög vel og við erum mjög ánægðir. Það verður hins vegar að segjast eins og er að þetta eru tvö gerólík hverfi, ekki ósvipað og 101 og Kópavogur. Bæði hverfin eru mjög fín en þau eru gríðarlega ólík. Það er því ekki sjálfgefið að sami hlutur gangi upp í báðum hverfum, en við kvörtum alls ekki."

Þegar Fréttablaðið ræddi við Friðrik í gær var hann staddur í Osló. Hann fékkst ekki til að segja nákvæmlega hvaða erindi hann ætti þangað. „Ég er bara að skoða hvaða tækifæri eru hér, svona miðað við efni og aðstæður," segir Friðrik. Hann viðurkennir að það kitli vissulega að fjölga kaffihúsunum, enda séu það alþekkt vísindi að það sé auðveldast að eiga eitt, erfiðast að eiga tvö en eftir því sem þeim fjölgi minnki álagið en hagkvæmi og samnýting aukist. „En góðir hlutir gerast hægt," segir Friðrik.

Aðspurður segir Friðrik að stemningin sé góð meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn, ekki síst eftir að íslenska Fréttablaðið, Nyhedsavisen, leit dagsins ljós fyrir helgi. „Ég er ákaflega stoltur af Nyhedsavisen enda tekur það öðrum fríblöðum fram að öllu leyti. Bæði útlit og innihald er betra, svo ekki sé minnst á nöfnin á hinum blöðunum. Það mætti til dæmis halda að Dato hafi verið fiskað upp úr gömlum Miami Vice-þætti. Það er með þetta eins og annað, ég er stoltur af löndum mínum í Kaupmannahöfn. Þeir eru að flestu leyti hugmyndaríkari og framtakssamari en Bauninn. Með fullri virðingu er Danaveldi mjög flatt miðað við jarðskjálftalínurit Íslendinga." **hdm@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Skjár einn ætlar að rétta þeim hjálparhönd sem fastir eru í viðjum níkótínfíknarinnar. Sjónvarpsstöðin hefur fengið **Valgeir Skagfjörð** til liðs við sig en hann mun í dægurmálaþættinum 6 til 7 aðstoða nokkra þjóðþekkta Íslendinga við að losna við sígarettuna. Meðal þeirra eru **Magnús Ragnarsson**, sjónvarpsstjóri Skjás eins, og **Elísabet Jökulsdóttir** rithöfundur.



Sitt sýnist hverjum um friðarsúlu **Yoko Ono** enda hefur þessi ekkja John Lennon verið ákaflega umdeild og vilja hörðustu Bítlaaðdáendur skella skuldinni á hana fyrir að hafa leyst upp samstarf einhverrar bestu rokkhljómsveitar heims. **Davíð Þór Jónsson** lætur sér hins vegar nægja að semja stutta vísu um Yoko og birtir hana á heimasíðu sinni:



*Að allir þrái alheimsfrið*
*er engin tímaskekkja.*
*En hvernig er að vinna við*
*að vera ekkja?*

Hollywood-leikarinn **Ryan Philippe** heldur enn tryggð við Ísland þó að rúmt ár sé síðan hann var hér síðast. Eins og kunnugt er var Philippe hér við tökur á stórmyndinni Flags of Our Fathers og fjölmiðlar birtu mikið af fréttum af skemmtanahaldi leikarans. Var hann meira að segja orðaður við íslenskar yngismeyjar, þrátt fyrir að hann sé kvæntur leikkonunni **Reese Witherspoon.** Ein þeirra stúlkna sem Philippe var orðaður við var fegurðardrottningin **Unnur Birna Vilhjálmsdóttir** þó hún hafi aldrei viljað kannast við að nokkuð hafi verið á milli þeirra. Kunnugir segja að leikarinn hafi hrifist svo af Unni Birnu að hann reyni enn að halda sambandi við hana með því að senda gjafir og fleira til að vinna hug hennar. Ekki fer þó sögum af viðbrögðum fegurðardrottningarinnar. **- fgg/hdm**



# Fjögur þúsund kílómetrar að baki

Einar Örn Benediktsson og Curver Thoroddsen í Ghostigital eru komnir til Boston en þeir hafa á undanförnum vikum þeyst yfir Bandaríkin á Ford Fusion bifreið sinni og lagt fjögur þúsund kílómetra að baki. „Þetta hefur gengið áfallalaust fyrir sig og okkur verið tekið mjög vel. Fólkið hérna heldur að svona hljómi öll tónlist á Íslandi, rétt eins og þeir héldu að Sykurmolarnir væru þverskurður af íslenskri tónlist á sínum tíma," segir Einar Örn og hlær en þeir félagar hafa nú lokið við að spila á þrettán af tuttugum tónleikum sínum þar vestra.

Orðrómur þess efnis að Sykurmolarnir hyggi á enn frekara tónleikahald eftir fjáröflunartónleika sína í Laugardalshöll hefur verið á kreiki eftir að erlendir fjölmiðlar sýndu endurkomu hljómsveitarinnar mikinn áhuga. Þegar Fréttablaðið bar þessar sögusagnir upp á Einar þvertók hann fyrir allar slíkar bollaleggingar. „Þetta hefur ekkert verið rætt innan hljómsveitarinnar og eftir því sem ég best veit verða þetta einu tónleikarnir," sagði Einar. „Einhver er því farinn að skipuleggja næstu skref Sykurmolanna og eflaust verðum við síðasta fólkið sem fær að vita af einhverju hugsanlegu ferðalagi okkar," bætir hann við og segir að upplýsingar um miðasölu á tónleikana ættu að berast á næstu dögum en reiknar með að rúmlega fimm þúsund miðar verði í boði enda engin gestalisti. „Þetta eru jú einu sinni fjáröflunartónleikar," sagði Einar. **- fgg**



**FERÐALANGARNIR** Þeir Einar og Curver hafa lagt að baki fjögur þúsund kílómetra og eru þessa stundina í Boston. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**HONDA**
The Power of Dreams



H:N markaðssamskipti / SÍA

# Skemmtilega **stór** Jazz
# á Honda-litlu verði

Miðað við bílasamning hjá SP-Fjármögnun í 84 mán. og 35% útborgun.



Honda Jazz 1,4 stiglaus sjálfskipting,
83 hestöfl, full búinn, verð aðeins:

**16.080** kr. á mánudi

**1.769.000** kr.



Honda Jazz 1,4 beinskiptur,
83 hestöfl, full búinn, verð aðeins:

**15.171** kr. á mánudi

**1.669.000** kr.

## Honda Jazz er fjölnotabíll með ríkulegan staðalbúnað

Honda Jazz er skemmtilega stór bíll sem býður upp á svo marga möguleika að það er alveg sama hvort þú ert að snattast í innkaupum, ferja fjölskylduna eða flytja vörur – Honda Jazz hentar frábærlega. Honda Jazz er glæsilega hannaður fjölnotabíll á verði smábíls. Honda Jazz býður ríkulegan staðalbúnað og lausnir t.d. töfrasæti, 5 gíra beinskiptingu eða 7 þrepa sjálfskiptingu, tölvustýrða loftkælingu, rafdrifnar rúður og spegla, upphitaða spegla og geislaspilara. Honda Jazz er einn sparneytnasti bíllinn á markaðnum en engu að síður kraftmikill og snöggur. **En umfram allt, Honda Jazz er skemmtilega stór og áreiðanlegur fjölnotabíll á Honda-litlu verði.**

honda.is

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
**www.bernhard.is**

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



Skilagjaldið er
**10 krónur**
ENDURVINNSLAN HF
Knarrarvogi 4, Rvk.




**BAKÞANKAR**
GUÐRÚNAR ÁSMUNDSDÓTTUR

## *Pólverjar og pútnahús*

Við Silla sátum í ljúfri samveru og drukkum kaffi og bleyttum í. Kringlur eru uppáhalds bakkelsið hennar frænku minnar svo framarlega það megi dýfa þeim oní kaffið og er það svolítið hávaðasamt samsæti því mikið slum og pjask fylgir því að koma útbleyttum kringlulufsunum á sinn stað, en Silla segir að ekkert sé varið í kringlur nema hægt sé að „dýfa þeim í“.

**GAMLA** konan var nú orðin furðu hress, hún hafði lagst í rúmið þegar byrjað var að hleypa vatni í Hálsalón, en sá sig um hönd þegar hún varð vör við að ráðamönnum í virkjunarmálum var alveg nákvæmlega sama þótt gömul kona væri grátandi í koddann sinn, vegna hálendis Íslands. Þrem dögum seinna var mín komin á fætur og bauð í kaffi og kringlur.

**ÞEGAR** kringluslafrið stóð sem hæst hjá okkur frænkunum, vatt sér inn vörpulegur maður og spurði Sillu hvort það væri ekki hjá henni sem væri biluð innstunga. „Þetta er Guðmundur alltmúligmann hér á heimilinu,“ sagði Silla, auðsjáanlega ánægð með sinn mann. „Við vorum svo heppin að fá þennan bráðduglega Íslending í starfsmannahópinn hér á hjúkrunarheimilinu. Hann vann á hænsnabúi hér í nágrenni bæjarins, var orðinn yfirmaður í slátrun, þegar hann var kallaður inn á skrifstofu og yfirmaður í gæðastjórnun þar sagði honum að hann yrði lækkaður í launum. Til stæði að hafa hann á sömu launum og Pólverjarnir sem unnu þar á hænsnabúinu.“

**GUÐMUNDUR** tók þessum fréttum ekki nógu vel, og var honum þá sagt að ef hann væri eitthvað óánægður með þessa ráðstöfun þá hefði hann þriggja mánaða uppsagnafrest. „Ég þarf enga þrjá mánuði,“ sagði Guðmundur. „Ég segi upp strax og verið þið sælir, þið getið átt ykkar púddur fyrir mér.“

**„SVONA** eiga menn að vera,“ sagði Silla glöð. „Og við gamlingjarnir njótum góðs af að fá svo frábæran mann til okkar.“ „Og fær hann þá betra kaup hér en á hænsnabúinu?“ spurði ég. „Það veit ég ekki,“ sagði Silla og skellti upp í sig rennblautri kringlu. „Ætli hann fái ekki það sama og Pólverjarnir sem vinna hér.“


MARKAÐURINN



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 34485 10/2006

## Hilux - Enn betur útbúinn!

Nú er tækifæri til að eignast nýjan Hilux Double Cab, fjallkóng, vinnuþjark og borgarbarn sem enginn stenst snúning við íslenskar aðstæður. Nú bjóðum við Toyota Hilux DC með veglegum aukahlutapakka, 31" heilsársdekkjum, dráttar- beisli og þokuljósum að verðmæti 219.000 kr.

Þú færð ekki styrk og öryggi á hagstæðara verði.

Nýr Hilux með 2,5 lítra D-4D samrásainnspýtingar dísilvél er rýmri, hljóðlátari og rennilegri. Togið er einstakt, 260 Nm á 1600–2400 snm (í fjórhjóladrifi). Hilux er byggður á sterkri, sjálfstæðri grind úr sérryðvörðu stáli, er með háan undirvagn og af stöðluðum öryggis- búnaði má nefna t.d. loftpúða hjá báðum framsætum og ABS-hemlakerfi.



31" Heilsársdekk



Dráttarbeisli



Þokuljós á framstuðara

Aukahlutapakki að verðmæti 219.000 kr.*

Verð 2.930.000 kr.*

*Gildir fyrir Toyota Hilux Double Cab

TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi<br>Nýbýlavegi 4<br>Kópavogur<br>Sími: 570-5070 | Toyota Akureyri<br>Baldursnesi 1<br>Akureyri<br>Sími: 460-4300 | Toyota Reykjanesbæ<br>Njarðarbraut 19<br>Reykjanesbær<br>Sími: 420-6600 | Toyota Selfossi<br>Fossnesi 14<br>Selfoss<br>Sími: 480-8000 | Toyota Austurlandi<br>Miðási 2<br>Egilsstaðir<br>Sími: 470-5070 |